**allt**

**KRISTJANA SAMPER**

*Saltfiskur á borðum í laufabrauðsgerð*

matur • tilboð • jól

**Í MIÐJU BLAÐSINS**



**BIRTA**

**RAGNAR S. RAFNSSON**

Á bak við Zolberg leynist Sólberg

Jólabirta • Tíska

**FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. desember 2005 — 333. tölublað — 5. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 550 5000

### Hættir á toppnum



Sigríður Arnardóttir í Fólki er að skipuleggja nýjan þátt á Skjá einum.

**FÓLK 70**

### Aftur til Íslands



Quentin Tarantino stefnir að því að eyða áramótunum á Íslandi en hann mun einnig nota ferðina til þess að halda eins dags kvikmyndahátíð.

**FÓLK 70**

### Kynlíf manna með álfum

Hallgerður Hallgrímsdóttir gefur á næstunni, ásamt fleirum nemendum úr Listaháskólanum, út bók um kynlíf manna með álfum.

**MENNING 52**

### Öll spjót standa á Ferguson



Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, er undir mikilli pressu eftir að liðinu mistókst að komast áfram í Meistaradeildinni. Ferguson segist vera að byggja upp nýtt lið og vildi ekki svara spurningum um framtíðina eftir leikinn.

**ÍÞRÓTTIR 66**

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ OG YFIRLEITT** nokkuð skýjað, síst þó norðaustan til. Hætt við lítils háttar súld með suðurströndinni og stöku skúrum á Vestfjörðum. Fremur milt í veðri.

**VEÐUR 4**



**ANNIR Í ÞVOTTAHÚSUM** Mikið mæðir á starfsfólki þvottahúsa þessa dagana enda láta margir hreinsa lín sitt og klæði fyrir jólin. Jólaösin hófst óvenjusnemma í ár og ber mönnum saman um að landsmenn sýni mikla fyrirhyggju við undirbúning hátíðarinnar að þessu sinni. Samkvæmt úttekt Fréttablaðsins fara um tíu þúsund jakkaföt í hreinsun fyrir þessi jól. **Sjá síðu 22**

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Atli Eðvaldsson opnar sig:

## Páll sveik öll loforð

**FÓTBOLTI** Atli Eðvaldsson, þjálfari knattspyrnuliðs Þróttar, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann greinir frá sinni hlið mála í samskiptum við Pál Einarsson, fyrrverandi fyrirliða Þróttar. Yfirlýsingin er birt í heild sinni í Fréttablaðinu í dag.



ATLI EÐVALDSSON

Páll og Atli gátu ekki starfað saman og lauk ágreiningi þeirra með því að Páll yfirgaf félagið. Sú niðurstaða hefur lagst misvel í stuðningsmenn félagsins.

Atli segir í yfirlýsingunni að síendurtekin agabrot Páls hafi orðið til þess að hann treysti sér ekki lengur til þess að vinna með honum. Atli segist hafa mátt þola harða og óvægna gagnrýni síðustu daga og því sjái hann sig knúinn til að leysa frá skjóðunni en hann heldur því fram að Páll hafi svikið öll loforð við sig.

- hbg/sjá síður 64 og 65

# Síminn sækir 35 milljarða

**Starfsheimildir Símans verða rýmkaðar á hluthafafundi. Forstjóri Orkuveitunnar telur Símann undirbúa sölu á raforku. Stjórnendur Símans staðfesta ekkert en ætla að auka hlutafé og fara inn á nýja markaði.**

**VIÐSKIPTI** Á hluthafafundi Símans 20. desember verður samþykkt heimild til stjórnar til að auka hlutafé félagsins um að minnsta kosti 35 milljarða króna að markaðsvirði. Jafnframt verður samþykktum Símans breytt þannig að fyrirtækinu verður heimilt að veita aðra þjónustu en snýr eingöngu að fjarskipta- og upplýsingatækni. Til samanburðar var Síminn seldur á tæpa 67 milljarða í lok síðasta sumars.

„Við gefum ekki upp að hvaða verkefnum við vinnum,“ sagði Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans, um hvaða verkefni væru fram undan sem nota ætti milljarðana í.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segist hafa heyrt af því að Síminn sé að skoða möguleika á að selja raforku í smásölu. Eftir áramót taka ný lög gildi sem heimila fyrirtækjum, sem hafa leyfi stjórnvalda, að selja raforku beint til fyrirtækja og einstaklinga.

Spurður um þetta ítrekaði Brynjólfur að ekki væri gefið upp að hvaða verkefnum væri unnið innan fyrirtækisins. Síminn væri þjónustufyrirtæki sem hygðist vinna á fleiri mörkuðum en þeim sem sneru eingöngu að fjarskiptum, upplýsingatækni og afþreyingu.

Erlendur Hjaltason, stjórnarformaður Skipta, sem á tæp 99 prósent hlutafjár Símans, vildi heldur ekki gefa upp áform fyrirtækisins.

„Við erum að sækja nýtt hlutafé til að stjórnin hafi rými til athafna,“ sagði Erlendur. Báðir sögðu ýmis verkefni í skoðun, bæði hérlendis og erlendis.

„Við munum setja mark okkar á fyrirtækið í framhaldinu og því má búast við breytingum,“ sagði Lýður Guðmundsson eftir að hann var kjörinn nýr stjórnarformaður Símans í september.

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri segir aðeins Hitaveitu Suðurnesja hafa fengið formlegt leyfi til að selja raforku utan dreifisvæðis síns. Dreifiveitur hafi frest til áramóta til að sækja um formlegt leyfi. Aðrir aðilar séu einnig að skoða slíka möguleika. Hún segist ekki vita hvort Síminn sé einn þeirra. Sömu sögu hefur Helgi Bjarnason, skrifstofustjóri orkumála í iðnaðarráðuneytinu, að segja.

Þeir sem hyggjast selja raforku í smásölu án þess að framleiða hana sjálfir verða að gera orkukaupasamning við raforkuframleiðendur. Landsvirkjun er með markaðsráðandi stöðu og á raforku aflögu. Þorsteinn Hilmarsson, upplýsingafulltrúi Landsvirkjunar, segist ekki vita til þess að búið sé að ganga frá neinum slíkum samningum.

- bg

Þjófar stálu fjallabíl fjölskyldu í Breiðholti og skildu eftir strípaðan við Rauðavatn:

# Hirtu allt laust sem fast

**LÖGREGLA** „Sætin og klæðningar úr hurðum ásamt framstuðara, ljósköstrum, toppgrind og raunverulega öllu sem nöfnum tjáir að nefna var rifið úr bílnum,“ segir Sveinbjörn Garðarsson, eigandi Nissan Patrol jeppabifreiðar sem var stolið frá heimili hans í Breiðholti. Lögregla fann bílinn þar sem honum hafði verið ekið út af vegi við Rauðavatn. Þá var búið að hreinsa allt nýtilegt úr bílnum eins og Sveinbjörn lýsir því. Bílnum var stolið í vikunni og fannst hann í fyrradag.



**Á VETTVANGI** Eftir að þjófarnir höfðu rifið bílinn í smátt skildu þeir hann eftir við Rauðavatn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn í Reykjavík, segir svona lagað alltaf koma upp öðru hvoru. „Þá er bílunum stolið til þess að ná úr þeim varahlutunum. Menn hafa slátrað bílum og sameinað þá öðrum. Þetta er þá í hagnaðarskyni,“ segir Geir Jón. Í tilfellum sem þessu geti reynst mjög erfitt að finna sökudólgana. „Það er ekki nema hreinlega að það séu sjónarvottar sem geti komið okkur á sporið.“

Bíllinn sem um ræðir var dekurbíll sem var einvörðungu notaður í fjallaferðir. Björg Stefánsdóttir, eiginkona Sveinbjörns, var miður sín yfir þessari bíræfni þjófanna. Hún segir að þar sem þau hjónin hafi ákveðið að hafa bílinn ekki kaskótryggðan muni þau ekki fá hann bættan.

- saj










## SPURNING DAGSINS

*Guðbjörn, tekur sýningin ekki mikinn toll?*

„Ja, maður verður að gjalda keisaranum það sem keisarans er."

Tollvarðafélag Íslands heldur viðamikla sýningu á góssi í tilefni sjötugs afmælis síns. Guðbjörn Guðbjörnsson er varaformaður félagsins.

Þrjátíu fórust í sjálfsmorðsárás á umferðarmiðstöð í Bagdad í gærmorgun:

# Stökk um borð í rútu með sprengju

**BAGDAD, AP** Að minnsta kosti þrjátíu létust og fjörutíu slösuðust í sjálfsmorðsárás í Bagdad í gær. Japanar hafa ákveðið að framlengja dvöl herliðs síns í Írak um eitt ár.

Árásin var gerð á umferðarmiðstöð í Bagdad en sjálfsmorðsárásarmaðurinn stökk þá um borð í rútu sem var í þann mund að leggja af stað til sjíabæjarins Nasiriyah í suðausturhluta landsins. Öryggiseftirliti var lokið og því gat hann komist um borð gyrtur sprengjubelti. Flestir hinna látnu voru farþegar í rútunni en einnig slösuðust margir sem stóðu við matsölubás við rútuna þar sem gaskútar sprungu í kjölfar sjálfmorðssprengjunnar.

Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, hvatti liðsmenn Herdeilda hinna réttlátu sverða til viðræðna í gær en þeir halda fjórum erlendum hjálparstarfsmönnum, þar af tveimur Bretum, í gíslingu. Þeir höfðu áður sagst ætla að drepa þá 8. desember en í fyrradag framlengdu þeir frestinn til laugardags.

Þá greindi japanska ríkisstjórnin frá því í gær að hún myndi framlengja dvöl hersveita sinna í Írak um eitt ár. **- shg**



**RÚTAN TÆTTIST Í SUNDUR** Árásarmaðurinn komst um borð í rútuna gyrtur sprengjubelti eftir að eftirlitsmenn höfðu lokið við vopnaleit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á SLYSSTAÐ** Björgunarsveitir leita enn 32 verkamanna sem sagðir eru fastir neðanjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn eitt námuslysið í Kína:

## 74 verkamenn eru taldir af

**PEKING, AP** Talið er að í það minnsta 74 námaverkamenn hafi beðið bana þegar sprenging varð í fyrradag í kolanámu í Hebel-héraði, skammt frá Peking. Þetta er þriðja mannskæða námuslysið í Kína á hálfum mánuði.

Xinhua-ríkisfréttastofan sagði að 188 verkamenn hefðu verið neðanjarðar þegar slysið varð. 82 komust út af eigin rammleik en 32 er enn saknað. Eigendur og stjórnendur námunnar hafa verið handteknir, grunaðir um stórfellda vanrækslu. ■

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla. **-ritstj.**

# Hagnaður ríkissjóðs alls 91 milljarður

**Tekjur ríkissjóðs nema rúmlega 408 milljörðum króna þegar tölur í fjárlögum og fjáraukalögum eru lagðar saman. Gjöldin nema 317 milljörðum. Hagnaðurinn er því 91 milljarður króna. Þar spilar sala Landssímans stærsta hlutverkið.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkissjóður skilar óvenjulegri rekstrarniðurstöðu árið 2005 að því leytinu til að tekjujöfnuðurinn á þessu ári nemur 91 milljarði króna. Ríkissjóður skilar með öðrum orðum hagnaði sem þessu nemur og hefur svo mikill hagnaður á rekstri ríkissjóðs ekki sést hér á landi og mun varla sjást aftur.

Ástæðan er einkum hagnaður vegna sölu ríkisins á Landssímanum en tekjufærður söluhagnaður Landssímans nemur 57,5 milljörðum króna. Einnig hafa aukin umsvif í efnahagslífinu og sú aukna neysla sem hefur einkennt árið 2005 áhrif á afkomu ríkissjóðs. Tekjur ríkissjóðs, sem má rekja til einkaneysluútgjalda heimilanna, hafa því aukist verulega frá því sem búist var við, til dæmis tekjur af virðisaukaskatti. Þetta kemur fram þegar skoðuð eru fjárlög og fjáraukalagafrumvarpið árið 2005.

Skatttekjur ríkissjóðs eru samtals 318 milljarðar króna á þessu ári. Virðisaukaskattur og aðrir skattar á vörur og þjónustu skila mestu, 160 milljörðum króna. Fjármagnstekjuskattur skilar meiri tekjum en fjárlög gerðu ráð fyrir, sem nemur um 10,5 milljörðum. Skattar á tekjur fyrirtækja og einstaklinga eru líka stór liður. Þeir nema 98,5 milljörðum króna. Vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu er gert ráð fyrir að tekjuskattur einstaklinga skili ríkissjóði 1,3 milljörðum króna meiri tekjum en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Sala eigna skilar ríkissjóði 59 milljörðum króna. Tekjur ríkissjóðs nema því samtals 408,5 milljörðum króna. Gjöld ríkissjóðs nema 317 milljörðum, sem er 91 milljarði meira en tekjurnar sem eru samtals 408,5 milljarðar.

**ghs@frettabladid.is**



**SALA SÍMANS** Einkavæðingarnefnd kynnir sölu Símans. Salan skilaði ríkissjóði 59 milljarða króna tekjum á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**REKSTRARNIÐURSTAÐA RÍKISSJÓÐS 2005**

| **- að fjáraukalögum 2005 meðtöldum** | |
|---|---|
| Skatttekjur | 318 milljarðar |
| **Skiptist í:** | |
| Skattar á tekjur fyrirtækja og einstaklinga | 98,5 milljarðar |
| Tryggingagjöld | 32 milljarðar |
| Eignaskattar | 14 milljarðar |
| Virðisaukaskattur og aðrir skattar á vörur og þjónustu | 160 milljarðar |
| Aðrar rekstrartekjur | 30 milljarðar |
| Sala eigna | 59 milljarðar |
| Fjárframlög | 1 milljarður |
| Tekjur samtals | 408,5 milljarðar |
| Gjöld samtals | 317 milljarðar |
| Tekjujöfnuður | 91 milljarður |



**CHARLES CLARKE** Dómar verða ekki staðfestir sé pyntingum beitt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vitnisburður eftir pyntingar:

## Slíkur framburður ótækur

**BRETLAND** Sérstakur dómstóll breskra lávarða úrskurðaði í gær að vitnisburð sem fengist hefði með pyntingum væri ekki hægt að nota gegn grunuðum hryðjuverkamönnum.

Úrskurðurinn þýðir að taka verður upp mál átta manna sem sitja í öryggisgæslu og á senn að reka úr landinu á grundvelli framburðar fanga úr Guantanamobúðunum alræmdu. Þeir áfrýjuðu dómi áfrýjunardómstóls frá því í fyrra sem var á þá leið að taka mætti slíkan vitnisburð gildan svo fremi sem bresk stjórnvöld hefðu ekki tekið þátt í pyntingunum.

BBC hefur eftir Charles Clarke innanríkisráðherra að stjórnvöld yndu dómnum enda hefði þau aldrei haft í hyggju að notfæra sér slíkan framburð. **- shg**

## HÆSTIRÉTTUR

**Gæsluvarðhald framlengt** Hæstiréttur staðfesti í gær með dómi sínum framlengingu gæsluvarðhalds yfir albönskum manni sem grunaður er um manndráp í Grikklandi. Maðurinn var handtekinn hér í október eftir að hafa setið af sér dóm fyrir að ferðast með fölsuð skilríki. Grísk stjórnvöld höfðu þá farið fram á framsal mannsins. Maðurinn, sem er grunaður um að hafa skotið mann til bana á jóladag í fyrra, situr í gæsluvarðhaldi til 19. desember eða þar til ákvörðun verður tekin um framsal hans.




Hæstiréttur dæmdi Valgerði H. Bjarnadóttur sex milljónir í skaðabætur:

# Sigur fyrir réttarkerfið í landinu

**DÓMSMÁL** „Þetta er ekki aðeins sigur fyrir mig heldur er þetta sigur fyrir réttarkerfið í landinu vegna þess að þetta er fordæmisgefandi dómur," segir Valgerður H. Bjarnadóttir. Hæstiréttur dæmdi í gær að íslenska ríkinu bæri að greiða Valgerði sex milljónir króna í bætur fyrir að Árni Magnússon félagsmálaráðherra skyldi hafa lagt að henni að láta af störfum sem framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.

Á sama tíma og Valgerður gegndi starfi framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu var hún einnig stjórnarformaður Leikfélags Akureyrar. Hún hafði tekið þátt í ráðningu leikhússtjóra Leikfélagsins en sú ráðning var talin brjóta í bága við jafnréttislög. Í þessu ljósi lýsti ráðherrann því yfir að Valgerður nyti ekki lengur trausts sem starfsmaður Jafnréttisstofu og fór fram á að hún léti af störfum.

Seinna komst Hæstiréttur að því að ráðning leikhússtjórans hefði ekki brotið í bága við lög. Valgerður krafði því íslenska ríkið um bætur í ljósi þess að hafa verið látin hætta störfum án tilefnis.

Rétturinn segir aðferð Árna við úrlausn málsins brjóta í bága við lagaákvæði um meðalhóf við töku stjórnvaldsákvörðunar.

„Ég dreg ekki dul á að þessi niðurstaða hæstaréttar veldur mér vonbrigðum," segir Árni Magnússon í yfirlýsingu. Hann fagnar því að málinu sé lokið og óskar Valgerði velfarnaðar. **- saj**



**VALGERÐUR BJARNADÓTTIR** Valgerður segir niðurstöðuna sigur fyrir réttarkerfið í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/KK




# Kringlan er fjölbreyttari

Kringlan býður skóverslunina **ALDO** velkomna í Kringluna. **ALDO** er leiðandi merki í tískuskóm í heiminum og eru þessar frábæru vörur nú loksins fáanlegar á Íslandi. Verslunin er staðsett við Blómatorgið á fyrstu hæð.

Í Kringlunni eru yfir 150 verslanir, veitingastaðir og þjónustufyrirtæki. Þessa dagana iðar allt af skemmtilegri jólastemningu, tónlist og uppákomum.

ALDO
footwear & accessories

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Opið til 22.00 öll kvöld til jóla!

**Veitingastaðir og Kringlubíó** hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is | upplýsingasími 588 7788 | skrifstofa 568 9200

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 8.12.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,58 | 64,88 |
| Sterlingspund | GBP | 112,59 | 113,13 |
| Evra | EUR | 75,94 | 76,36 |
| Dönsk króna | DKK | 10,194 | 10,254 |
| Norsk króna | NOK | 9,574 | 9,63 |
| Sænsk króna | SEK | 8,065 | 8,113 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5338 | 0,537 |
| | SDR | 91,92 | 92,46 |

*Gengisvísitala krónunnar*
107,3151

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tveir saksóknarar boðaðir í Héraðsdóm Reykjavíkur vegna Baugsmálsins:

# Ekki útkljáð hver sækir málið

**BAUGSMÁL** Þeir átta ákæruliðir Baugsmálsins sem enn eru fyrir dómstólum verða teknir fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag.

Ekki er útkljáð hver sé rétt skipaður og þær saksóknari varðandi ákæruliðina átta og hefur dómari boðað bæði Boga Nilsson ríkissaksóknara og Sigurð Tómas Magnússon til þinghaldsins í dag.

Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í nóvember að Sigurður T. Magnússon hefði ekki verið formlega rétt settur til að saksækja í málinu en Sigurður skaut þeim úrskurði til Hæstaréttar. Hæstiréttur ógilti þann úrskurð í síðustu viku án þess að taka afstöðu til þess hvort Sigurður Tómas væri rétt settur saksóknari.



**SIGURÐUR TÓMAS MAGNÚSSON SETTUR SAKSÓKNARI** Dómarar hafa boðað Sigurð og Boga Nilsson ríkissaksóknara í réttinn.

Bogi Nilsson hefur með bréfi til dómsmálaráðherra í lok nóvember áréttað að hann hafi vikið sæti í öllum ákæruliðum Baugsmálsins svonefnda.

Verjendur hafa óskað þess að málinu verði haldið áfram en standa fast við kröfu um að dómstóllinn skeri úr um hæfi Björns Bjarnasonar dómsmálaráðherra til að setja Sigurð Tómas Magnússon saksóknara yfir ákæruliðunum átta. **- jh**

Baugur Group aftur á ferðinni:

# Kaupir hluti í Woolworths

**VIÐSKIPTI** Baugur Group hefur fest kaup á tæpum þremur prósentum í bresku verslunarkeðjunni Woolworths.

Samkvæmt heimildum eru þessi kaup ólík mörgum kaupum Baugs á breska markaðnum að því leyti að ekki er ætlunin að komast til áhrifa innan fyrirtækisins. Woolworths hefur lækkað á árinu eftir að Apax féll frá yfirtökutilboði í félagið. Þótti það mikið áfall fyrir stjórnendur Woolworths og hefur fyrirtækið átt í tilvistarkreppu síðan.

Woolworths selur matvöru, fatnað og aðra fylgihluti í rúmlega 800 verslunum um Bretlandseyjar. **- eþa**



**ALFREÐ ÞORSTEINSSON** Flokksbræður hans treysta honum til að stýra byggingu nýs spítala í Reykjavík.

Framsóknarmenn í Reykjavík:

# Alfreð víst treystandi

**STJÓRNMÁL** Forkólfar framsóknarfélaganna í Reykjavík fagna því að Alfreð Þorsteinssyni, borgarfulltrúa flokksins, hafi verið falið að stýra byggingu nýs sjúkrahúss í Reykjavík. Í ályktun þess efnis segir að Alfreð hafi stýrt uppbyggingu Orkuveitu Reykjavíkur af miklum myndarbrag og gert hana að einu öflugasta fyrirtæki landsins. „Sú reynsla mun verða gott veganesti í hið ábyrgðarmikla starf,“ segir í ályktun reykvískra framsóknarmanna.

Á dögunum ályktuðu ungir sjálfstæðismenn í borginni á þann veg að Alfreð væri síður en svo treystandi til verksins. Verða orð framsóknarmannanna nú að skoðast sem svar við því. **- bþs**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fékk bolta í höfuðið** Óskað var eftir sjúkrabifreið og lögreglu að íþróttahúsinu í Grindavík laust eftir klukkan tíu á miðvikudagskvöldið, en þar hafði sextán ára piltur á fótboltaæfingu fengið höfuðhögg. Að sögn lögreglu í Keflavík vankaðist hann og var fluttur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til skoðunar. Á miðvikudaginn boðaði lögreglan sautján bíla til skoðunar vegna vanrækslu eigenda þeirra, stöðvaði mann fyrir að aka á 113 þar sem bara mátti aka á 90 kílómetra hraða og tók einn í hádeginu grunaðan um að aka undir áhrifum áfengis.

# Sprengju kastað inn á vinnumarkaðinn

**Formaður Félags leikskólakennara segir að sprengju hafi verið kastað inn á vinnumarkaðinn. Samkvæmt nýjum kjarasamningi Reykjavíkurborgar eru ófaglærðir deildarstjórar á leikskólum með hærri laun en faglærðir.**

**KJARAMÁL** Mikil ólga er meðal leikskólakennara vegna nýs kjarasamnings Reykjavíkurborgar við Eflingu og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Samkvæmt samningnum eru ófaglærðir deildarstjórar á leikskólum með hærri laun en faglærðir. Björg Bjarnadóttir, formaður Félags leikskólakennara, segist þegar hafa óskað eftir viðræðum við launanefnd sveitarfélaga. Brýnt sé að leysa málið strax fyrir áramót.

„Auðvitað er það fagnaðarefni að búið sé að semja við þennan hóp og kjör hans bætt enda hefur mikil mannekla verið á leikskólunum,“ segir Björg. „Það sem kemur hins vegar á óvart, og er í raun alveg ótrúlegt, er að ófaglærðir deildarstjórar skuli vera með hærri laun en faglærðir. Það er í raun óhætt að segja að með þessu hafi sprengju verið kastað inn á vinnumarkaðinn. Ég vil trúa því að um yfirsjón hjá samninganefndunum hafi verið að ræða en þetta er vant fólk og því erfitt að meta það svo.“



**LEIKSKÓLABÖRN AÐ LEIK** Ófaglærðir deildarstjórar í leikskólum hafa nú hærri laun en faglærðir.



**FORMAÐUR FÉLAGS LEIKSKÓLAKENNARA** Björg Bjarnadóttir segir að síminn hafi vart stöðvað á skrifstofu félagsins. Leikskólakennarar séu mjög ósáttir og vilji leiðréttingu sinna kjara. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Björg segir að síminn hafi vart stoppað á skrifstofu Félags leikskólakennara síðan þetta varð ljóst.

„Leikskólakennarar eru eðlilega mjög reiðir. Þeim finnst, sem eðlilegt er, að með þessu sé verið að sýna menntun kennara lítilsvirðingu.“

Tæpt ár er síðan kjarasamningur leikskólakennara var undirritaður. Í bókun með samningnum kemur fram að hægt sé að óska viðræðna um endurskoðun hans ef breytingar verði á launum annarra starfsmanna leikskóla sem sinna sambærilegum störfum og leikskólakennarar og áhrif hafa á launaviðmiðun í kjarasamningum þeirra.

Björg segir að launanefnd sveitarfélaga komi saman í næstu viku.

„Ég reikna með því að þá verði tekin ákvörðun um að hefja viðræður við okkur.“

Félag grunnskólakennara og Skólastjórafélag Íslands sendu í gær frá sér sams konar ósk um endurskoðun á gildandi kjarasamningi með tilvísun í bókun sem honum fylgir.

**trausti@frettabladid.is**

Margaret Thatcher:

# Útskrifuð af sjúkrahúsi

**BRETLAND** Margaret Thatcher, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands, var flutt á sjúkrahús í fyrrakvöld eftir að hún fékk aðsvif á hárgreiðslustofu. Hún var hins vegar útskrifuð í gær og virtist þá hin hressasta.



**JÁRNFRÚIN** Hún fékk aðsvif og þótti því vissara að láta hana gista á sjúkrahúsi.

Thatcher, sem nýlega varð áttræð, var einn öflugasti stjórnmálamaður Bretlands á seinni hluta síðustu aldar. Hún hlaut viðurnefnið Járnfrúin vegna harðdrægni sinnar og var ýmist dáð eða hötuð.

Heilsu Thatcher hefur hrakað nokkuð síðan Denis eiginmaður hennar lést fyrir tveimur árum. ■

Bandarískur gísl í Írak:

# Sagður hafa verið líflátinn

**KAÍRÓ, AP** Íraksi uppreisnarhópurinn Íslamski herinn lýsti því yfir á vefsíðu í gær að hann hefði tekið bandarískan gísl sinn af lífi í gær.

Engar myndir eða frekari upplýsingar fylgdu yfirlýsingunni en af henni mátti þó ráða að átt væri við Ronald Schulz, fertugan starfsmann öryggisþjónustu, en honum var rænt í landinu á dögunum. Á þriðjudaginn birtust myndir af honum á sjónvarpsstöðinni al-Jazeera með hendur bundnar fyrir aftan bak og voru þær sagðar vera frá umræddum hópi.

Rúmt ár er liðið síðan bandarískur gísl var síðast tekinn af lífi í Írak. ■






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**ÞOKKALEGA MILT Í VEÐRI**
Veðrið í dag verður á skaplegu nótunum. Engin sérstök læti. Hins vegar fer veður hægt kólnandi eftir því sem líður á helgina, sem yfir heildina verður fremur vætusöm, einkum á Vesturlandi. Á sunnudaginn gæti veður orðið nokkuð bjart á Austurlandi.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**
Suðvestanátt, fremur stíf. Skýjað en úrkomulítið. Hiti á bilinu 3-6 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Víðast strekkingur en allhvasst með suðurströndinni.

*» sunnudagur*




Stíf vestanátt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 5°C alskýjað | Alicante | 18°C heiðskírt |
| Osló | -4°C hálfskýjað | Berlín | 5°C hálfskýjað | Mílano | 7°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C hálfskýjað | Frankfurt | 5°C hálfskýjað | New York | 2°C snjókoma |
| Helsinki | -5°C alskýjað | Madríd | 12°C heiðskírt | San Francisco | 15°C hálfskýjað |
| London | 9°C alskýjað | Barcelona | 13°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 23°C skúrir |

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Hagkaup bjóða landsins mesta úrval kjötvöru







## LAMBAHRYGGUR AÐ HÆTTI LANDSLIÐS MATREIÐSLUMEISTARA

1 stk. lambahryggur
Oriental kryddblanda í kvörn
Maldon salt

Skerið rendur í fitulagið á hryggnum, eftir endilöngu og svo þvert yfir. Kryddið vel með oriental kryddblöndu og maldon salti. Setjið hrygginn inn í 200°C heitan ofn og steikið í 15 mín. Lækkið hitann niður í 160°C og eldið áfram í um klukkustund.




ÓKEYPIS eintak í næstu verslun Hagkaupa







**Jamie Oliver** mælir með kaldpressaðri Avocado olíunni



**Olivado Extra Virgin Avacado Olían** er einstaklega góð sem salatsósa, sem dýfa fyrir brauð og sem matreiðsluolía.




**Nautalundir** frosnar
- frá Nýja Sjálandi




**Jóa Fel** ísterta
- með Kahlúa sósu og súkkulaði marengsbotni




**Il Boschetto Toscana infused**
- ólífuolíur með hvítlauk, chili, basil og sítrónu

Gildir til 11. desember eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Skemmtilegast að versla



## KJÖRKASSINN

*Er Alfreð Þorsteinssyni treystandi til að hafa yfirumsjón með byggingu hátæknisjúkrahúss?*

| | |
|---|---|
| Já | 27% |
| Nei | 73% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:** *Eiga bankarnir að greiða skaðann komist þjófur í heimabanka fólks?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is — vísir

Hæstiréttur vísar hluta af Dettifossákærum aftur til héraðsdóms:

# Hlutur Tryggva aftur í hérað

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur vísaði í gær sex ára fangelsisdómi yfir Tryggva Lárussyni aftur heim í hérað. Hæstiréttur fjallaði þarna um hlut Tryggva og Óla Hauks Valtýssonar í svokölluðu Dettifossmáli. Við sama tækifæri var sex og hálfs árs fangelsisdómur yfir Óla Hauki mildaður og verður fjögur ár.

Tryggvi neitar sök samkvæmt fyrsta ákærulið, en hann snýr að skipulögðum innflutningi á um 7,7 kílóum af amfetamíni. Tryggva var þarna gefið að sök að hafa annast kaup á efninu í Hollandi en gegn þessu leiddi hann þrjú vitni sem báru að hann hefði verið í Danmörku á þeim tíma sem kaupin áttu að hafa farið fram.

Þannig þykir hæstaréttardómurunum ekki stætt á öðru en að ómerkja dóminn og vísa honum aftur til meðferðar í héraðsdómi.

Ólafur Haukur hafði játað brot sín og áfrýjaði til mildunar á refsingunni. Eftir að hafa litið til þátttöku Óla í málinu sem og hegðunar hans þótti Hæstarétti viðeigandi að milda refsinguna eins og áður segir.

Dettifossmálið er stærsta fíkniefnamál sem komist hefur upp um hér á landi en alls var gerð tilraun til þess að smygla 7,7 kílóum af amfetamíni og 6000 skömmtum af LSD. **- saj**



**Í HÉRAÐSDÓMI** Sakborningar í Dettifossmálinu hylja andlitin. Máli Tryggva Lárussonar var vísað aftur í héraðsdóm. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gæsluvarðhald fellt úr gildi:

# Krafan ekki studd gögnum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur fellt úr gildi gæsluvarðhaldsúrskurð úr héraði yfir manni sem grunaður er um stórfellda fíkniefnasölu á Akureyri.

Þegar maðurinn var handtekinn um mánaðamótin á skemmtistaðnum Sjallanum á Akureyri hafði hann á sér 53.500 krónur sem lögreglu grunaði að væri afrakstur fíkniefnasölu. Þá segir lögregla átta milljóna króna veltu á bankareikningi mannsins, sem er atvinnulaus, vekja grunsemdir.

Hæstiréttur sagði hins vegar ekkert hafa verið lagt fram um ætlaða reikningsveltu og að lausafé eitt nægði ekki til að styðja fullyrðingar um eiturlyfjasölu. **- óká**



**OLÍUFLUTNINGAR Í BYGGÐ** Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði vilja láta meta hættuna af olíuflutningum, sem eru töluverðir um bæinn.

Hafnfirðingar vilja aðgerðir:

# Óttast mengunarslys

**BÆJARSTJÓRNARMÁL** Hafnarfjarðarbær hvetur samgönguyfirvöld til að vinna nú þegar áhættugreiningu vegna olíuflutninga hér á landi.

„Áætluð tíðni olíuóhappa gefur ærið tilefni til að gefa þessum flutningum gaum,“ segir á vef Hafnarfjarðarbæjar. Jafnframt er þeirri skoðun lýst að setja verði fyrir fram skilgreind viðmiðunarmörk um ásættanlega áhættu. „Áhættugreininguna má síðan nýta sem tæki til ákvörðunartöku.“

Fram kemur að um Hafnarfjörð séu í viku hverri flutt mörg þúsund tonn af olíu og slys gætu orðið af ýmsum toga. „Ekki er endilega víst við umferðaróhapp hjá olíuflutningabíl að eldur komi upp, heldur gæti olían einfaldlega lekið ofan í ræsi og hugsanlega valdið olíumengun á viðkvæmu lífríki m.a. Lækjarins í Hafnarfirði eða friðlandsins við Ástjörn.“ **- óká**

## BANDARÍKIN

**Gluggaþvottamenn í mál** Tveir gluggaþvottamenn sem látnir voru hreinsa rúður skýjakljúfs í Denver á dögunum í talsverðu hvassviðri hafa sagt upp störfum og hyggjast lögsækja vinnuveitanda sinn. Vinnupallur þeirra tókst á loft í hviðunum og lamdist ítrekað utan í háhýsið. Mennirnir sluppu þó ómeiddir.

**Móðir skotin á tjaldstæði** Til ósættis kom á milli mæðgina á tjaldstæði í Osceola-sýslu í Flórída og lyktaði snerrunni með því að sonurinn dró upp byssu og skaut móður sína í brjóstið. Hún er illa særð en þó ekki í lífshættu.

# Með hausverk af eiturgufum

**Húsmóðir og ellefu ára sonur hennar hafa glímt við höfuðverk og ógleði frá því að byrjað var að fóðra skólplagnir við götuna. Hún segir þann vandfundinn sem eigi að sinna kvörtunum vegna þessara mála.**

**MENGUN** Húsmóðir með þrjú börn hefur búið við vonda lykt og slaka heilsu frá því síðastliðinn föstudag. Á þeim tíma hafa menn frá fyrirtækinu Hreinsibílum verið að fóðra skólplagnir við Nökkvavog þar sem hún býr.

„Ég er búin að vera með höfuðverk, svima og ógleði síðan á föstudag. Ég hef verið virkilega áhyggjufull vegna þess hvaða áhrif þetta gæti haft á börnin mín,“ segir Anna Rúnarsdóttir. „Sá elsti sem er sex ára hefur aðeins kvartað yfir hausverk, sérstaklega þegar hann er í eldhúsinu en þar er veruleg plaststækja,“ segir hún.

„Ég fór út að ræða við mennina sem voru að fóðra skólplagnirnar fyrir utan og einn þeirra tjáði mér að þetta ætti að vera meinlaust og að lyktin ætti ekki að berast inn til mín en gæti læðst upp þurrar lagnir,“ segir hún. Menn frá Hreinsibílum voru ekki að störfum um síðustu helgi en þá voru aðrir vinnumenn að eiga við niðurfallið og gerði þá einnig mikinn fnyk inni hjá Önnu. Á mánudaginn voru svo menn frá Hreinsibílum komnir aftur til starfa og mengunin hélt áfram.

Fréttablaðið hefur áður sagt frá nokkrum fjölskyldum sem hafa lent í sömu hremmingum vegna fóðrunarinnar. Gunnar Svavarsson, eftirlitsmaður hjá Línuhönnun, sem hefur eftirlit með þessu verki, sagði í Fréttablaðinu í gær að í tilfellum sem þessum væri skólplögnum í og við húsin um að kenna. Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna á umhverfissviði Reykjavíkurborgar, tók í sama streng og sagði að það væri á ábyrgð húseigenda að skólplagnir við hús þeirra væru í lagi en ekki borgarinnar.



**ANNA RÚNARSDÓTTIR OG MARTEINN INGI ÓLAFSSON** Þau mæðgin hafa þurft að glíma við ógleði, höfuðverk og önnur óþægindi í allmarga daga vegna framkvæmda í götunni. Þetta er eitt af mörgum tilfellum sem Fréttablaðið hefur greint frá.

Anna er ekki sátt við þetta. „Ekki geta þessir góðu menn sem vinna við að lagfæra ónýtar lagnir ætlast til þess að allir íbúðareigendur séu búnir að lagfæra skólplagnir í kringum hús sín. Þeir segja í Fréttablaðinu að allir séu látnir vita áður en þeir hefjist handa en ekki fékk ég neina svoleiðis tilkynningu. Svo segja þeir einnig að þeir séu teljandi á fingrum annarar handar sem hafi kvartað en þeir væru eflaust fleiri ef það væri ekki svona erfitt að kvarta því hver vísar á annan og enginn getur sinnt kvörtununum,“ segir Anna.

**jse@frettabladid.is**



**HREINSIBÍLL Á GÖTUM REYKJAVÍKURBORGAR** Verið er að fóðra holræsi borgarinnar með pólýester. Það hefur valdið fjölskyldum erfiðleikum.






Prófessor og ráðherrar í hár saman vegna skýrslu um bága stöðu öryrkja:

# Útúrsnúningur og misskilningur

**ÖRYRKJASKÝRSLA** „Ég tel að tilraun ráðuneytanna til að véfengja niðurstöður rannsóknarinnar sé skiljanleg því niðurstöðurnar eru stjórnvöldum óþægilegar,“ segir Stefán Ólafsson prófessor um þá gagnrýni sem ráðuneyti fjármála og heilbrigðismála sendu frá sér í sameiningu í fyrradag. Þau beindast gegn nýlegri skýrslu Stefáns um málefni öryrkja, en niðurstöður skýrslunnar eru ekki í samræmi við niðurstöðu skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands sem út kom fyrr á árinu.

Í yfirlýsingu frá Stefáni frá því í gær segir að stærstur hluti athugasemda ráðuneytanna séu útúrsnúningar, langlokur um aukaatriði og tilraunir til að fegra útkomuna með vafasamri framsetningu gagna.

Í gagnrýni ráðuneytanna sagði á hinn bóginn að stutt skoðun á samantekt Stefáns um efnið hafi leitt í ljós að hann hafi misskilið efnið í veigamiklum atriðum og notast við ónákvæman og villandi samanburð. Í skýrslunni ber Stefán til að mynda saman stöðu öryrkja á Íslandi við stöðu þeirra á hinum Norðurlöndunum.

Í skýrslu sinni sem birt var í síðustu viku sagði prófessorinn að kjör öryrkja í landinu hefðu dregist aftur úr kjörum annarra þegna, það er að segja að kaupmáttur þeirra hefði ekki aukist jafn ört og vinnandi fólks. Þessu eru yfirvöld ósammála og hafa brugðist við með harðorðri gagnrýni. **- saj**



**STEFÁN ÓLAFSSON PRÓFESSOR** „Útúrsnúningar, langlokur og vafasöm framsetning,“ segir Stefán um gagnrýni stjórnvalda á skýrslu sína.



Einstæð móðir með eitt barn

**13.128 kr.**

endurgreiddar!



Hjón með tvö börn

**29.572 kr.**

endurgreiddar!

# Til hamingju e-korthafar!



Hjón með einn ungling

**67.706 kr.**

endurgreiddar!

Við óskum e-korthöfum sem þessa dagana fá ávísun með endurgreiðslu vegna notkunar e-kortsins til hamingju.

e-kortið er eina greiðslukortið sem endurgreiðir korthöfum peninga. Þeir sem nota e-kortið geta því fengið umtalsverðar fjárhæðir endurgreiddar.

**Ert þú nokkuð að missa af endurgreiðslu?**



Þú getur sótt um e-kortið á ekort.is

e kort

www.ekort.is

Fíton/SÍA FI015330



**KOSNINGAR Í CHILE** Michelle Bachelet er meðal forsetaframbjóðenda í Chile en kosið verður um miðjan janúar. Margir vona að hún verði fyrsti kvenforseti landsins en það er þó talið ólíklegt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír tóku sig saman um vopnað sjoppurán í Reykjavík síðasta vor:

# Ógnaði starfsstúlkum með dúkahnífi

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður og tveir sextán og sautján ára piltar sammæltust í vor um að fremja vopnað rán í söluturninum Póló við Bústaðaveg að kvöldi 2. maí.

Lögregla upplýsti málið og við aðalmeðferð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni játuðu mennirnir sakir að mestu, að sögn saksóknara í málinu. Sá elsti er fæddur árið 1984 en hinir tveir báðir árið 1988.

Ránið var greinilega þaulskipulagt en saman fóru þeir að söluturninum í bíl sem sá elsti ók. Þar fóru piltarnir úr bílnum en sá elsti lagði í nærliggjandi götu og beið. Sá yngsti í hópnum fylgdist svo með sjoppunni úr nálægu strætóskýli og hringdi í hinn strákinn þegar enginn var í sjoppunni og engin umferð við hana. Hann færði sig svo að rafmagnsskúr um 200 metra frá og beið.

Eftir símtalið ruddist hins vegar hinn inn í sjoppuna vopnaður dúkahníf og með andlitið hulið. Hann ógnaði tveimur afgreiðslustúlkum og stal 66 þúsund krónum úr kössum og lottóvél. Þá hljóp hann að skúrnum, þar sem sá yngsti tók við um 42 þúsund krónum og lét sig hverfa. Ránsmaðurinn skipti um föt við skúrinn og hljóp svo yfir í bílinn þar sem sá elsti beið enn og saman óku þeir á brott.

Brot mannanna er talið varða við 252. grein almennra hegningarlaga sem varðar ofbeldisrán, en viðurlög nema frá hálfs árs fangelsi til tíu ára fangelsins. Dóms er að vænta innan tíðar, en málið dæmir Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari. - óká




**VIÐ BÚSTAÐAVEG Í REYKJAVÍK** Þrír ræningjar bíða dóms fyrir að ræna söluturninn Póló í byrjun maí á þessu ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA






# Félagið fór að ráðum lækna

**Framkvæmdastjóri Læknafélagsins segir viðbrögð lækna, en ekki Kára Stefánssonar, hafa ráðið því að ritstjóri Læknablaðsins var leystur frá störfum. Fyrrum ritstjóri segir að orðið hafi verið við öllum kröfum Kára.**




**DEILUR** Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir, segir að hann og ráðherra hafi fallist á það á sínum tíma að veita Kára Stefánssyni lækningaleyfi gegn því að hann gegndi héraðsskyldu þegar hann kæmi til Íslands aftur eftir nám í Bandaríkjunum. Leyfið hafi verið veitt vegna þess að án þess gat Kári ekki fengið stöðu við mjög þekktan háskóla í Banadríkjunum.

„Héraðsskyldan er svo lögð af árið 1985. Það er um svipað leyti og honum er veitt sérfræðingsleyfið, sem hann hefði ekki getað fengið nema hann hefði lækningaleyfi,“ segir Ólafur. Hann telur því ekki að Kári hafi brotið samkomulag þeirra.

Gunnar Ármannsson, framkvæmdastjóri Lækningafélags Íslands, segir að félagið hafi ekki verið að bregðast við kröfum Kára og biðja hann afsökunar með brottrekstri ritstjórans, líkt og Vilhjálmur Rafnsson, fyrrum ritstjóri Læknablaðsins, sagði í Fréttablaðinu í gær. „Málið um grein Jóhanns er tekið upp á stjórnarfundi áður en við vitum nokkuð um skoðun Kára á því. Svo eflist umræðan meðal lækna og við bregðumst við því en ekki kröfum Kára þó hann hafi komið með þær á svipuðum tíma,“ segir Gunnar.

Vilhjálmur Rafnsson segir spurður um orð Gunnars að rekja megi ákveðna atburðarás af dagsetningunum. „Eftir stendur að orðið hefur við öllum kröfum Kára. Ég segi ekki meira en það.“

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að bæði Vilhjálmur og Kári voru ósáttir við þá ákvörðun bráðabirgðaritnefndar að fella tvær setningar úr grein umræddri grein Jóhanns. Örn Bjarnason, sem sæti átti í bráðabirgðaritstjórninni, vildi ekki segja af hverju sú leið var valin en benti á yfirlýsingu bráðabirgðaritstjórnarinnar í síðasta tölublaðið Læknablaðsins. Þar segir að nauðsynlegt hafi verið að fjarlægja ummæli Jóhanns sem gefa til kynna að Kári stundi lækningar án tilskilinna leyfa. Þau ummæli væru röng líkt og landlæknir segði í sama tölublaði.

„Ég lít svo á að þessu máli sé lokið og að ný ritstjórn komi algjörlega að hreinu borði,“ segir Jóhannes Björnsson, nýr ritstjóri Læknablaðsins. Hann segir að nýrrar ritstjórnar bíði það verk að setja ákveðnar verklagsreglur. Þær eiga meðal annars að skerpa á því hvernig beri að meðhöndla innsendar greinar.

jse@frettabladid.is



**JÓHANN TÓMASSON** Grein Jóhanns um Kára Stefánsson í Læknablaðinu hefur dregið dilk á eftir sér. Málinu hefur verið vísað til siðanefndar Læknafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ATBURÐARÁSIN**

| | |
|---|---|
| 1. september | Grein Jóhanns Tómassonar birstist í Læknablaðinu. |
| 12. september | Bréf kemur til ritstjórnarmanna Læknablaðsins frá lögmanni Kára þar sem þeir eru spurðir um aðild að birtingunni og undrun Kára yfir þeirri ákvörðun er lýst. |
| 13. september | Grein Jóhanns er tekin til umræðu á stjórnarfundi Læknafélags Íslands. |
| 20. október | Kári kemur kröfum sínum á framfæri við stjórnina a) að lýst sé yfir að rangt hafi verið að birta greinina, b) greinin sé tekin af vefnum, c) Kári sé beðinn afsökunar og d) að ef þetta verði ekki gert skuli ritstjóri Læknablaðsins látinn fara. |
| 20. október | Kári kærir Vilhjálm til siðanefndar. |
| 25. október | Ákveðið að vísa grein Jóhanns til siðanefndar. |
| 31. október | Ritstjórnarmenn segja af sér að ritstjóra undantöldum. |
| 8. nóvember | Bráðabirgðastjórn tekur til starfa. |
| 22. nóvember | Ný ritstjórn tekur við Læknablaðinu. |





Stjörnu Konfekt
HANDUNNIÐ LÚXUSKONFEKT
Alúð og natni hefur verið lögð í hvern konfektmola. Þeir eru listilega handunnir eða steyptir með ljúffengri fyllingu. Stjörnukonfekt er fullkominn endir á hvaða stjörnumáltíð sem er og frábært til gjafa við sérstök tækifæri. Konfektið er í gullfallegum og eigulegum umbúðum sem öðlast nýtt hlutverk þegar búið er að gæða sér á innihaldinu.
NÓI SÍRÍUS



**RAUÐI TÍGULLINN** 192 aðilar að Genfarsáttmálanum hafa sæst á þriðja merkið sem nota má á hamfara- og átakasvæðum samhliða rauða krossinum og rauða hálfmánanum. Það gerir Ísraelum kleift að taka þátt í hjálparstarfi undir slíkum fána.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Framsóknarþingmenn eru fátækleg jólaskreyting segir þingmaður Frjálslyndra:

# Kvartað yfir niðrandi orðum

**STJÓRNMÁL** Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, kvartaði við forseta Alþingis yfir orðum Magnúsar Þórs Hafsteinssonar, þingmanns Frjálslynda flokksins, að lokinni utandagskrárumræðu um ástand þorskstofnsins í gær.

Kristinn sagði að Magnús hefði á niðrandi hátt vikið að gáfnafari og vitsmunum framsóknarmanna og bað forseta um að leiða orðræðu Magnúsar í málefnalegan farveg.

Tildrög þessa voru þau að Hjálmar Árnason, þingmaður Framsóknarflokksins, hafði sagt í ræðustól að Magnús teldi lítið að marka þá sem tjáðu sig um þorskveiðar. „(Magnús) hóf síðan að deila úr djúpum viskubrunni sínum rétt eins og Messías þorskfræðanna. Staðreyndin er sú að við vitum afskaplega lítið um þessi mál,“ sagði Hjálmar.

Magnús Þór brást hart við. „Það er nú svo að háttvirtur þingmaður Hjálmar Árnason verður seint sakaður um það að vera bjartasta ljósaperan í annars frekar fátæklegri jólaseríu Framsóknarflokksins þegar þingmenn eru annars vegar.“ - jh



**HJÁLMAR ÁRNASON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Þingmaður Frjálslynda flokksins kallar þingflokk Framsóknarflokksins fátæklega jólaseríu.

Póst- og fjarskiptastofnunin:

# ESB endurskoðar reglur

**UPPLÝSINGATÆKNI** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur óskað eftir tillögum um væntanlega endurskoðun á tilskipunum ESB um fjarskipti frá árinu 2002.

Samkvæmt Póst- og fjarskiptastofnun hefur framkvæmdastjórnin lagt fram skjal með helstu álitaefnum. Haldinn verður opinn samráðsfundur um málið í Brussel 24. janúar 2006.

Stofnunin vekur athygli á því að Samtök evrópskra fjarskiptaeftirlitsstofnana hafi endurskoðað skýrslu sína um kvaðir sem leggja megi á fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk með það fyrir augum að efla samkeppni. - óká

Grunnskólakennarar í landinu:

# Tæplega 550 án réttinda

**MENNTAMÁL** Þrátt fyrir umtalsverða fækkun leiðbeinenda í grunnskólum landsins hin síðari ár sinntu 542 slíkir kennslu á síðasta ári. Hafði fjöldi þeirra aukist um tvö prósent frá árinu 1998 en umtalsverð fækkun hefur orðið frá árinu 2002 þegar réttindalausir kennarar voru hvað flestir, 766 talsins. Starfsfólki í skólum landsins hefur fjölgað um 27 prósent frá 1998 en nemendum hefur á sama tíma aðeins fjölgað um fimm prósent. - aöe



**KENNARAR Í KJARABARÁTTU** Kennurum með full réttindi hefur fjölgað. Ríflega fimm hundruð voru án þeirra í fyrra.

Nýir hluthafar til liðs við Stefnu á Akureyri:

# KEA og Þekking eignast meirihluta

**VIÐSKIPTI** Kaupfélag Eyfirðinga og Þekking hafa eignast meirihluta í upplýsingafyrirtækinu Stefnu á Akureyri. Stefna var alfarið í eigu níu starfsmanna fyrirtækisins en í kjölfar hlutafjáraukningar á KEA nú 45 prósent, Þekking 25 prósent og starfsmenn Stefnu 30 prósent. Hvorki Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA, né Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Stefnu, vilja gefa upp hversu miklir fjármunir liggja að baki eignarhluta KEA og Þekkingar í Stefnu.

Fyrirtækið Stefna var stofnað í september 2003 og leggur áherslu á víðtæka þjónustu í upplýsingatækni og hugbúnaðarþróun á sviði veflausna en auk þess er fyrirtækið sölu- og umboðsaðili Opinna kerfa á Norðurlandi.

„Við höfum trú á að Stefna geti orðið öflugt hugbúnaðarhús með aðsetur á Akureyri. Í fyrirtækinu hefur verið unnið að áhugaverðum þróunarverkefnum á hugbúnaðarsviði og markmið KEA með þessari fjárfestingu er meðal annars að efla þann þátt í starfsemi félagsins,“ segir Halldór Jóhannsson, framkvæmdastjóri KEA. - kk



**HALLDÓR JÓHANNSSON**



**RICE OG DE HOOP SCHEFFER** Bandaríski utanríkisráðherrann lauk Evrópuheimsókninni á fundi með starfssystkinum bandamanna Bandaríkjanna í NATO og ESB. Hér ræðir hún við Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóra NATO, í Brussel í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gefur engar tryggingar

**Condoleezza Rice ítrekaði að Bandaríkjamenn virtu alþjóðareglur um meðferð fanga. Hún gæti þó ekki gefið tryggingu fyrir því að reglur yrðu ekki brotnar.**

**BRUSSEL, AP** Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lauk Evrópuheimsókn sinni í gær á blaðamannafundi í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í Brussel. Þar sagðist hún ekki geta gefið neinar tryggingar fyrir því að fangar sem Bandaríkjamenn hefðu í haldi og grunaðir væru um aðild að hryðjuverkum yrðu fyrir illri meðferð, þrátt fyrir það sem hún kallaði afdráttarlausar reglur Bandaríkjamanna gegn pyntingum.

„Mun stefnu verða misbeitt? Það er alveg hugsanlegt,“ sagði Rice. „Þótt Bandaríkin séu lýðræðisríki þýðir það ekki að þau séu fullkomin,“ sagði hún.

Hún hét því hins vegar að hvert einasta tilfelli sem upp kynni að koma þar sem misbeiting ætti sér stað yrði rannsakað til hlítar og þeim sem brytu reglurnar refsað. „Þetta er eina loforðið sem við getum gefið,“ sagði hún.

Rice lét þessi ummæli falla daginn eftir að hún reyndi að útskýra stefnu Bandaríkjastjórnar varðandi leynileg fangelsi og meðferð meintra hryðjuverkamanna.

Utanríkisráðherrar aðildarríkja NATO og Evrópusambandsins, sem á hana hlýddu, virtust móttækilegir fyrir útskýringum hennar. Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri bandalagsins, sagði Rice hafa „hreinsað andrúmsloftið“. Á kvöldverðarfundi sem hún átti með ráðherrunum í Brussel í fyrrakvöld fullyrti hún að Bandaríkin brytu ekki á réttindum meintra hryðjuverkamanna.

Rice endurtók í gær fyrri yfirlýsingar sínar um að engir bandarískir ríkisstarfsmenn mættu beita ómannúðlegum aðferðum, hvort sem er innan eða utan Bandaríkjanna. „Bandarísk stjórnvöld beita ekki pyntingum, líða þær ekki og vilja ekki að starfsmenn þeirra taki þátt í slíkum aðferðum,“ sagði Rice. Að hún skyldi nefna starfsmenn bandarískra stjórnvalda svona sérstaklega í þessu samhengi var túlkað sem svar við ásökunum talsmanna mannréttindasamtaka um að með fyrri almennum yfirlýsingum sínum um að Bandaríkjastjórn hafnaði pyntingum væri ekki loku fyrir það skotið að leyniþjónustan CIA „úthýsti“ yfirheyrslum til einkaaðila, sem ekki væru bundnir af sömu reglum og fulltrúar bandarískra ríkisstofnana.

Þýski utanríkisráðherrann Frank-Walter Steinmeier sagði að Rice hefði „ítrekað að alþjóðaskuldbindingar Bandaríkjanna væru ekki túlkaðar með öðrum hætti en í Evrópu“.

Í Washington reyndi George W. Bush Bandaríkjaforseti einnig að leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að kveða niður orðróm um að CIA reki leynifangelsi í Austur-Evrópu, er hann hitti Wolfgang Schüssel Austurríkiskanslara í Hvíta húsinu. Fullyrti Bush á fundinum með Schüssel að bandarísk stjórnvöld færu að gildandi alþjóðalögum sem bönnuðu pyntingar.

Rétt eins og aðrir talsmenn Bandaríkjastjórnar hingað til vék Rice sér í Evrópuförinni markvisst undan því að svara því efnislega hvort eitthvað væri hæft í orðrómnum um leynifangelsin, en skyldi svo vera væri það brot á ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu. Rannsókn Evrópuráðsins á málinu heldur áfram.

audunn@frettabladid.is



SIMPLY CLEVER

# Verðlaunagripir

Aukabúnaður á mynd: álfelgur



**Skoda**Octavia Combi
**20.800 kr.** á mánuði*
verð frá 2.010.000 kr.

**Skoda**Octavia
**18.800 kr.** á mánuði*
verð frá 1.820.000 kr.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA / 3293

## **Skoda**Octavia

**Skoda**Octavia hefur svo sannarlega slegið í gegn eftir að hann var kynntur í nýrri útfærslu fyrr á árinu. Bíllinn er nú stærri, öruggari og betur búinn en nokkru sinni, enda hefur hann sópað að sér verðlaunum og viðurkenningum.

**Og eins og áður er Octavia á verði sem enginn sambærilegur bíll keppir við.**

**Gullna**Stýrið

**Skoda** Octavia hlaut Gullna stýrið, einhver eftirsóttustu bílaverðlaun heims.

HEKLA

* í 84 mánuði m.v. SP bílasamning og 30% innborgun.

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is



**FJÓRFÖLD HAMINGJA** Tvíburabræðurnir Hasan Mohammed Yusof og Husen Mohammed Yusof gengu að eiga tvíburasysturnar Zeenat Begam Sawai Hamid og Zannat Begam Sawai Hamid í Balakong í Malasíu, síðastliðinn sunnudag. Þau voru að vonum ánægð með daginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kjaramálasvið VR skoðar mál lettnesks starfsmanns starfsmannaleigu:

# Fær 60 þúsund á mánuði

**VINNUMARKAÐUR** Elías Magnússon, forstöðumaður kjaramálasviðs VR, segir að í dag eða eftir helgina verði sent bréf til samráðsnefndar SA og ASÍ og hafin innheimta fyrir lettneskan starfsmann sem kom til landins á vegum starfsmannaleigu til að vinna á lager í Kópavogi.

Ekki er fullkomlega ljóst hjá hvaða fyrirtæki maðurinn vann því hann getur aðeins framvísað ráðningarsamningi við starfsmannaleigu í Lettlandi. Þó er ljóst að hann hefur unnið á lager að Vesturvör 30c í Kópavogi í rúman mánuð. Þar eru fjögur fyrirtæki til húsa.

Maðurinn fær 60 þúsund krónur á mánuði, samkvæmt samningi við starfsmannaleiguna, en lágmarkslaun eru um 100 þúsund krónur samkvæmt taxta VR. „Maðurinn fær lakari kjör en kveður á um í kjarasamningi. Málið snýst um að rukka þennan mismun,“ segir Elías.

Þrír útlendingar starfa á lagernum. Tveir þeirra hafa ekki gefið upp nein gögn varðandi sín kjör og vilja ekki gera það.

Þetta er fyrsta málið af þessu tagi sem berst VR. - ghs



**VESTURVÖR 30C, KÓPAVOGI** VR gengur fljótlega í það að innheimta laun sem upp á vantar hjá lettneskum starfsmanni sem vann á lager í þessu húsnæði.

Heilsugæslan í nýtt húsnæði:

# Sameinar miðbæ Kópavogs

**HEILBRIGÐISMÁL** Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra afhenti Heilsugæslunni í Kópavogi nýtt húsnæði í gær. Verður tekið á móti fyrstu sjúklingunum á mánudaginn.

Heilsugæslustöðin í Kópavogi hefur verið til húsa í Fannborg 7 frá 1980, en það húsnæði er talið mjög óhentugt fyrir starfsemina. Nýja húsnæðið, sem er í Hamraborg 8 í miðbæ Kópavogs, er byggt yfir Gjána, yfir Hafnarfjarðarveginn sem hefur skilið að byggð í vesturbæ og miðbæ Kópavogs.

Benjamín Magnússon arkitekt hannaði húsið. - sk

Laust starf hjá Landlækni:

# Stýra þarf gæðaþróun

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknisembættið hefur auglýst lausa til umsóknar stöðu verkefnisstjóra gæðaþróunar.

Meginhlutverk verkefnisstjórans er sagt vera að efla gæði í heilbrigðisþjónustu út frá eftirlitshlutverki embættisins í samstarfi við aðra.

Í starfslýsingunni er, að því er fram kemur hjá Landlækni, eftirlit með starfsemi stofnana, starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta og mat á árangri heilbrigðisþjónustunnar; samstarf við stofnanir og fagaðila til að stuðla að auknu öryggi sjúklinga og við gerð leiðbeininga um meðferð og þjónustu.

Sækja má um starfið fram til þriðjudagsins 10. janúar næstkomandi, en ráða á í starfið frá 1. febrúar 2006. - óká

Samfélagsáhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi:

# Erfitt að manna verstu störfin

**STÓRIÐJA** Jón Þorvaldur Heiðarsson, hagfræðingur hjá Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri, telur að erfitt kunni að reynast fyrir vinnuveitendur að ráða í sum störf á Austurlandi eftir að álver Alcoa tekur til starfa. „Vegna aukinnar samkeppni um starfskrafta verður erfiðara, og jafnvel ómögulegt, að manna verstu störfin þegar svona stór vinnuveitandi kemur á svæðið. Á ég þá við störf sem eru illa launuð, þykja leiðinleg, eru heilsuspillandi eða annað því um líkt,“ segir Jón Þorvaldur.



**JÓN ÞORVALDUR HEIÐARSSON**

Jón Þorvaldur er aðalhöfundur nýrrar skýrslu um þörf á íbúðarhúsnæði á Austurlandi fram til ársins 2008. Skýrslan er sú fyrsta af mörgum sem unnar verða í tengslum við ítarlega rannsókn á samfélagsáhrifum virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi en rannsóknin hófst í fyrra og lýkur síðla árs 2009.

Að mati skýrsluhöfunda mun störfum í landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu halda áfram að fækka á Austurlandi og gera þeir ráð fyrir um tuttugu prósenta samdrætti í fjölda starfa í fiskvinnslu á árabilinu 2002 til 2008. - kk



**UPPLÝSINGATÆKNI Í NOTKUN** Ráðamönnum hefur á tyllidögum verið tíðrætt um gildi hátækniiðnaðar og um mögulega uppbyggingu þekkingarþorpa í Vatnsmýri og í Garðabæ. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hátækniflóttinn er hafinn

**Erlend ríki bjóða í íslensk fyrirtæki. Tæknifyrirtækið Marorka flytur að hluta til Kanada á næsta ári. Ekkert bólar á opinberum stuðningi við hátækniiðnað.**

**UPPLÝSINGATÆKNI** „Úti í Kanada getum við haft þrjá menn í rannsóknum á sama verði og kostar að halda úti einum hér heima. Þetta þýðir að við getum þrefaldað rannsóknarhraðann,“ segir Jón Ágúst Þorsteinsson, forstjóri Marorku hf. og formaður Samtaka sprotafyrirtækja. Hann upplýsir að á næsta ári standi til að flytja þróunarsvið fyrirtækisins til Halifax.

„Það var gengið frá þessu í vikunni,“ segir hann, en fyrirhugaður flutningur kann að vera vísbending um það sem koma skal hjá fleiri hátæknifyrirtækjum. Nýverið upplýstu forsvarsmenn tölvuleikjaframleiðandans CCP að þar hugleiddu menn í alvöru að flytja starfsemi fyrirtækisins úr landi. „Okkur þykir mjög leiðinlegt að þurfa að flytja og við höfum dregið í lengstu lög að taka þessa ákvörðun,“ segir Jón.

Úti í Halifax segir Jón Ágúst fyrirtækinu í raun bjóðast ótrúleg fríðindi. „Margir styrkir, skattaafslættir og endurgreiðslurfrá skattinum og svo náttúrlega húsnæði fyrir mjög lítið. Að auki stendur okkur til boða opinn aðgangur að háskólanum og möguleikar á enn frekari styrkjum,“ segir hann og bætir við að í Halifax geti fyrirtækið keyrt rannsóknarstarfsemi sína fyrir sáralítið fé. „Í Halifax ætlum við að vera með stóran hluta af rannsóknum okkar og tækniþekkinguna. Við erum bara búin að gefast upp á þessu heima. Maður er búinn að vera núna í þrjú ár að tala um þessi mál, stofnað samtök sprotafyrirtækja og verið að vinna í stjórnmálamönnum til að auka skilning og breyta viðhorfum til hátækniiðnaðarins. En það hefur ákaflega lítinn árangur borið. Ef við ætlum að lifa af í þessu alþjóðlega samfélagi verðum við að fara þangað sem kostnaðurinn er minnstur og mest er gert fyrir okkur.“ Þarna segir Jón Ágúst að aðbúnaður hér heima og gengisþróun vegi álíka þungt.

Ávinningur Halifax við að laða til sín hátækniiðnað felst helst í því, að mati Jóns Ágústs, að halda menntuðu fólki í fylkinu. „Fólkið fer þangað sem störfin bjóðast. Þeir vilja fá til sín hátæknifélög til að byggja upp þekkingarsamfélag og skapa þannig grunn að framtíðinni, því þeir sjá líka að missa frá sér hefðbundinn iðnað sem og eru að fara með til Austur-Evrópu eða Asíu. Í staðinn byggja þeir tæknifyrirtækin sín upp með markvissum hætti.“

Hér heima standa stjórnvöld, í samvinnu við upplýsingatækniiðnaðinn, fyrir UT-deginum 24. janúar. „UT-deginum er ætlað að beina sjónum að þeim tækifærum og möguleikum sem við höfum á sviði upplýsingatækni,“ segir í tilkynningu á vef stjórnarráðsins. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir náðist ekki í Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og formann Vísinda- og tækniráðs, við vinnslu fréttarinnar. olikr@frettabladid.is







JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

# Ólafur Gunnarsson

# „HITTIR Í MARK MEÐ ÞESSARI SKEMMTILEGU BÓK“

FRÉTTABLAÐIÐ




„**Grípandi frásögn …** Ólafur fer geysilega vel með efnið … **skemmtilega margþætt verk.**“
Gunnþórunn Guðmundsdóttir / BOKMENNTIR.IS

„Frábær söguleg skáldsaga … skrifuð af fádæma stílgáfu … ævintýraleg … mjög lífleg …“
Jón Yngvi / KASTLJÓS



„Ólafur fléttar saman skáldskap og sögulegum staðreyndum af sinni alkunnu íþrótt.“
Hávar Sigurjónsson / MORGUNBLAÐIÐ

„Höfuðlausn er **fantafín saga.**“
Halldór Guðmundsson / FRÉTTABLAÐIÐ

„Heilmikil örlagasaga … ég sat fastur í söguneti Ólafs og las og las og **gat ekki lagt frá mér bókina.**“
Illugi Jökulsson / TALSTÖÐIN

„**Áhrifamikil og áhugaverð bók.** Ólafur er frábær rithöfundur og honum bregst ekki bogalistin í **Höfuðlausn.**“
Steingerður Steinarsdóttir / VIKAN

„Ólafur Gunnarsson hittir í mark með þessari skemmtilegu bók sem **fangar strax athygli lesandans og heldur honum þar til yfir lýkur.**“
Bók vikunnar / FRÉTTABLAÐIÐ




Með *Höfuðlausn* slær **Ólafur Gunnarsson** á nýja strengi í sagnagerð sinni en hann hlaut **ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN** fyrir síðustu skáldsögu sína.



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ALI HAMBORGARHRYGGIRNIR BÁÐIR FÁST Í BÓNUS MEÐ 30% AFSLÆTTI VIÐ KASSANN!
Ali
Þú ert á
30% afsláttur við kassann
Ribena
SOLBÆR
SÓLBERJASAFT 358 KR. 1 LÍTRI
C-VITAMIN
íslenskt grænmeti
GULRÆTUR SNAKK 279 KR. 250g
Hátíðar Rauðkál
NIÐURSKORIÐ RAUÐKÁL 259 KR. 350g
Unnin af GESTGJAFANUM fyrir Bónusverslanirnar
KÓKKIPPA og 998 kr. uppskriftabók í KAUPBÆTI!
Coca-Cola
Tröllla tilboð!
FERSK AMERÍSK KALKÚNABRINGA BEINLAUS OG STEIKT
PERDUE
Oven Roasted
Amerískar kalkúnabringur 2184 KR. KÍLÓVERÐ
HEILL KASSI: 349 KR. 2,3 KÍLÓ
ROLLSINN Í KLEMENTÍNUNUM!
Robin

# réttu opnunni!

TAÐREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
1919 KR.
Merkt verð 2399kr.

TAÐREYKT ÚRBEINAÐUR FRAMPARTUR
1439 kg KR.
Merkt verð 1799kr.

20% afsláttur við kassann

Meira að stæltustu vöðvabúnt kikna í hnjánum:

Sykurpúðatenórarnir
1799 KR.
DISKURINN

IL DIVO - tenórarnir
ÓVIÐJAFNANLEG TÓNLIST!

Ave Maria
O holy night
Unchained melody
Feelings
Ti amero
Mama

# IL DIVO í Bónus!

ERAN/Landlist

FETAOSTURINN FRÁ MJÓLKU FÆST Í BÓNUS!

KRYDDFETI
195 KR.
200g

KJÚKLINGUR GRILLAÐUR
798 KR.
KÍLÓVERÐ

Grillaður heill kjúklingur með PEPSI MAX 2ja lítra í kaupbæti!

# Kjúklingatilboðið góða!

FORSOÐNAR ÍSLENSKAR PARÍSARKARTÖFLUR
2x 300grömm
359 KR.
600g

Fullsteiktar fiskibollur
- aðeins 1% fita!

STEIKTAR FISKIBOLLUR
299 KR.
430g

Danskt eðalkaffi
199 KR.
500g

Hangiframpartsbitar með beini frá Kjarnafæði

HANGIFRAMPARTUR MEÐ BEINI
595 kg KR.
Merkt verð 699kr.
15% AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN

EKKERT BRUÐL

Vinsælasta hangikjötið í Bónus!

Danskt eðalkaffi

www.bonus.is

BÓNUS



**ELDUR Á ÍTALÍU** Ólympíueldinum var hampað á Péturstorginu í Róm í gær fyrir Benedikt páfa XVI. Farið verður með hann um allt landið næstu tvo mánuði þar til vetrarólympíuleikarnir verða settir í Tórínó 10. febrúar næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lögregla á Miami-flugvelli skaut geðsjúkan mann til bana:

# Ástandi mannsins var marglýst

**BANDARÍKIN** Eiginkona Rigoberto Alpizar, sem skotinn var til bana á alþjóðaflugvellinum í Miami í fyrrakvöld vegna gruns um að hann væri með sprengju, hrópaði til lögreglumannanna áður en þeir skutu að maður sinn gengi ekki heill til skógar.

Deildar meiningar eru um hvort Alpizar hafi sagst vera með sprengju í handtösku sinni þegar hann gekk um borð í flugvél American Airlines á leið frá Miami til Orlando á Flórída. Lögreglumenn segja Alpizar hafa óhlýðnast skipunum þeirra og lagt á flótta og þegar hann stakk hönd sinni ofan í töskuna hafi þeir því talið sig knúna til að fella hann. Engin sprengja var í farangri mannsins.

Sjónarvottar að þessum hörmulega atburði segja eiginkonu hans hafa ítrekað tjáð lögreglumönnum um veikindi manns síns. „Hann er með geðhvarfasýki, hann hefur ekki tekið lyfin sín,“ sagði einn farþeganna í samtali við CNN að hún hefði hrópað til þeirra áður en skotin riðu af.

Þetta er í fyrsta sinn sem lögreglumenn skjóta á flugfarþega eftir að hertar öryggisreglur voru teknar upp á flugvöllum landsins í kjölfar hryðjuverkaárásanna 11. september 2001. - shg



**VETTVANGUR HARMLEIKSINS** Alpizar-hjónin voru á leið frá Kostaríka til Orlando en þurftu að skipta um flugvél í Miami. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fjáraukalög 2005:

# 750 milljónir í einkavæðingu

**EFNAHAGSMÁL** Lagt er til að veitt verði 750 milljóna króna fjárveiting í fjáraukalögum 2005 vegna kostnaðar við einkavæðingarverkefni á árinu. Áætlað er að heildarkostnaður verði um 777 milljónir króna.

Munar mest um þóknun til ráðgjafafyrirtækisins Morgan Stanley fyrir ráðgjöf við sölu á Landsíma Íslands hf. eða 696 milljónum króna.

Á móti þessum útgjöldum kemur 17,3 milljóna króna fjárveiting í fjárlögum yfirstandandi árs og ónotuð fjárheimild frá fyrra ári. - ghs

# Boðar aukna stjórn á notkun veiðarfæra

**Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra ætlar ekki að fara að tillögu Hafrannsóknastofnunarinnar um frekari takmarkanir á nýtingu fiskistofna með breytingu á aflareglu. Hann beinir sjónum að veiðarfærum við stjórn fiskveiða.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra hyggst beita sér fyrir aukinni veiðarfærastýringu við stjórn fiskveiða.

Í utandagskrárumræðu um ástand þorskstofnsins á Alþingi í gær sagði ráðherrann að ekki væri sama hversu mikið væri veitt heldur skipti einnig máli hvernig fiskurinn væri veiddur. Lýsti hann sérstökum áhyggjum vegna veiða á stórþorski, sem væri verðmætasti hrygningarfiskurinn.

Þá taldi Einar K. Guðfinnsson að einnig þyrfti að hyggja að fæðuframboði þorsksins og lýsti í því sambandi áhyggjum af breyttu göngumynstri loðnunnar og flotvörpuveiðum á loðnu. Nefndi hann að loðnan gengi ekki lengur fyrir Reykjanes og taldi að til greina kæmi að breyta reglum um flotvörpuveiðar á uppsjávarfiski.

Einar kvaðst ekki ætla að breyta svonefndri aflareglu sem kveður á um að leyfilegt sé að veiða allt að 25 prósent af mældri stærð fiskistofna. Þar með ætlar sjávarútvegsráðherra ekki að verða við óskum Hafrannsóknastofnunarinnar um að lækka hlutfallið niður í um tuttugu prósent.

Magnús Þór Hafsteinsson, Frjálslynda flokknum, var málshefjandi umræðnanna og sagði að arfavitlaus nýtingarstefna fiskistofna á íslenskum fiskimiðum væri nú að koma mönnum í koll. „Hér loga allir mælar á rauðu.“ Hann benti sérstaklega á lækkun kynþroskaaldurs og fallandi meðalþyngd en tíu ára þorskur væri nú tuttugu prósentum léttari nú en fyrir þremur árum.

Tíu þingmenn tóku þátt í umræðunni og var samdóma álit þeirra að uppbygging þorskstofnsins hefði mistekist á undanförnum tuttugu árum. Stöldruðu margir þeirra við hugmyndir um að beita veiðarfærastýringu í auknum mæli og takmarka loðnuveiðar sem áhrif kynni að hafa á vöxt og viðgang þorskstofnsins.

Sjávarútvegsráðherra sagði að skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar síðastliðið vor um ástand fiskistofna væri ekki hægt að kalla svarta skýrslu. Meðal annars væri meðalþungi þorsks meiri nú en árið 2004 og viðmiðunarstofninn stærri en þá.

johannh@frettabladid.is



**STÓRÞORSKUR** Talið er að stórþorskurinn sé mikilvægastur í hrygningunni.



**MAGNÚS ÞÓR HAFSTEINSSON ALÞINGISMAÐUR** **EINAR K. GUÐFINNSSON SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA**



**BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ** Starfsmenn bandaríska sendiráðsins á Íslandi hafa opnað nýja og betri heimasíðu.

Sendiráð Bandaríkjanna:

# Opna nýja heimasíðu

**VERALDARVEFURINN** Bandaríska sendiráðið á Íslandi hefur opnað nýja heimasíðu. Á slóðinni reykjavik.usembassy.gov er nú hægt að nálgast upplýsingar um starfsemi og þjónustu sendiráðsins. Einnig geta þeir sem ætla að ferðast til Bandaríkjanna, sækja nám eða starfa þar, fundið nákvæmar upplýsingar um allt sem að því víkur á síðunni.

Þá er hægt að bóka viðtal á heimasíðunni við ræðismann Bandaríkjanna ef viðkomandi vantar vegabréfsáritun til Bandaríkjanna. - sk



**ÁTAKINU HRUNDIÐ AF STAÐ** Á næstu vikum og mánuðum verða íslenskir vegir kortlagðir og þeim gefin einkunn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Félag íslenskra bifreiðaeigenda:

# Úttekt á íslenskum vegum

**SAMGÖNGUMÁL** Félag íslenskra bifreiðareigenda hefur í samvinnu við samgönguráðuneytið og Umferðarstofu formlega hrint af stað öryggisúttekt á íslenskum vegum samkvæmt erlendum staðli.

Er ætlunin að gefa vegum stjörnur út frá öryggisþáttum í hönnun og umhverfi hliðstætt því sem gerist með nýja bíla og er markmiðið að hafa fimm stjörnu bíla á fimm stjörnu vegum í framtíðinni. Mun verkefnið hefjast strax í næstu viku á vegum í nágrenni Reykjavíkur. - aöe



**ALÞINGI VIÐ AUSTURVÖLL** Eldur kom upp í rafmagnstöflu í þinghúsinu í gær og raskaði nokkuð dagskrá Alþingis.

Bilun í rafmagnstöflu:

# Eldur kom upp í þinghúsinu

**LÖGREGLA** Fresta þurfti þingstörfum um stund á Alþingi í gærmorgun þegar eldur kom upp í rafmagnstöflu þinghússins. Þá datt út vefur Alþingis á netinu.

Bæði lögregla og slökkvilið voru kvödd á vettvang, en áður en björgunarlið mætti hafði starfsfólk þingsins slökkt eldinn. Eldurinn kom upp skömmu fyrir klukkan hálf tíu um morguninn.

Núna stendur yfir einn mesti annatími Alþingis, en þinghúsið var nær almyrkvað fram eftir morgni. Þingfundi sem hefjast átti klukkan tíu var frestað, en þingstörf hófust að nýju klukkan eitt eftir hádegi. - óká



**LUKKULEG** Leifur S. Elísson, Örn A. Óskarsson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Norðlendinga, Steinunn Óskarsdóttir vinningshafi og sonur hennar Orri. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Heppinn VISA-korthafi:

# Fékk ferð á Ólympíuleikana

**VINNINGUR** Leifur Steinn Elísson, aðstoðarframkvæmdastjóri VISA, afhenti síðastliðinn miðvikudag Akureyringnum Steinunni Elsu Níelsdóttur farmiða fyrir tvo á vetrarólympíuleikana. Þeir verða haldnir í Tórínó á Ítalíu í febrúar næstkomandi.

Steinunn, sem er í viðskiptum hjá Sparisjóði Norðlendinga, var ein af heppnum VISA-korthöfum sem skráðir eru á póstlista fyrirtækisins en tíu aðrir korthafar fengu í byrjun desember 25.000 króna inneign til kaupa á skíðabúnaði hjá Útilífi eða Skíðaþjónustunni á Akureyri. - kk

Mexíkóskir fíkniefnasalar hafa ráð undir rifi hverju:

# Rækta efnin í Bandaríkjunum

**BANDARÍKIN** Glíman við fíkniefnasmyglara við landamæri Mexíkó og Bandaríkjanna er erfið eins og sjá má af nýjasta uppátæki þeirra.

Komið hefur nefnilega í ljós að heilu breiðurnar af maríjúana og öðrum tegundum fíkniefna eru ræktaðar í þjóðgörðum Arizona, Kaliforníu og Texas af sömu mönnum og hingað til hafa fyrst og fremst staðið fyrir smygli.

Þykjast mexíkósk glæpasamtök hafa komist hjá vandamálinu við að smygla efnunum yfir landamærin sem ætíð er varasamt. Ráða samtökin fátæka innflytjendur til að planta og hirða uppskeruna langt inni í hinum víðáttumiklu þjóðgörðum sem víða er að finna og lítið eftirlit hefur verið haft með hingað til. - aöe



**MARIJÚANARÆKTUN** Bandarísk stjórnvöld hafa komist að því að í afskekktum þjóðgörðum fer fram maríjúanaræktun í stórum stíl. NORDICPHOTOS/AFP

## REYKJANESBÆR

**Fjörstöðin í loftinu** Í Reykjanesbæ er nú starfrækt útvarp félagsmiðstöðvarinnar Fjörheima, Fjörstöðin 97,2 og munu útsendingar standa til 14. desember. Á vef Fjörheima, www.fjorheimar.is, kemur fram að dagskráin sé alfarið í höndum ungmenna sem jafnframt sáu um að fjármagna rekstrinum með auglýsingasöfnun. Þá styrkti tónlistarmaðurinn Rúnar Júlíusson útvarpið með nýjustu geisladiskum Geimsteins til að nota sem verðlaun í leikjum.

## SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

**Prófkjör á Akureyri** Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins á Akureyri hefur ákveðið að efna til prófkjörs vegna vals á framboðslista flokksins fyrir næstu sveitarstjórnarkosningar. Prófkjörið verður haldið 11. febrúar næstkomandi.

www.toyota.is




ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 30168 11/2005

**NÝR YARIS.** Frumsýning um helgina

Það er kominn nýr Yaris. Komdu á frumsýningu á Nýbýlaveginum um helgina og upplifðu nýjan, enn betri Yaris. Hann er risaSMÁR.

- Allir sem reynsluaka nýjum Yaris eiga möguleika á því að vinna glæsilegan vinning
- Bakaralandsliðið býður upp á smákökur og kakó
- Fáðu góð ráð varðandi baksturinn hjá landsliðsbökurum
- Sjáðu fyrsta piparkökubílskúrinn

Opið í öllum deildum laugardag frá kl. 12 til 16 og sunnudag frá kl. 13 til 16.

**risaSMÁR**

risaSMÁR er nýyrði í íslensku.
Lífið er fullt af risaSMÁUM hlutum og augnablikum.
Hugsaðu um smákökurnar fyrir jólin. Ilmurinn. Bragðið.
Hljóðið þegar maður bítur. Heill árstími í einum bita.
Smákökur eru risaSMÁAR.
Þú þekkir tilfinninguna. Við líka.
Nýr Yaris - risaSMÁR.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími 570-5070




Ný þjónusta í sorpflokkun og endurvinnslu!

Nú geta íbúar á höfuðborgarsvæðinu fengið sérmerkta endurvinnslutunnu hjá Gámaþjónustunni hf. sem m.a. tekur við öllum pappír heimilisins, dagblöðum, tímaritum, umslögum, skrifstofupappír og pappa, fernum, plastumbúðum og málmum.

**Einfalt í framkvæmd:**
Allur pappír og bylgjupappi má fara beint í tunnuna en fernur, málmar og plast fari í aðskilda poka í sömu tunnu.

Mánaðargjald fyrir hverja tunnu er 990 kr. og tæmt verður á fjögurra vikna fresti.

**Endurvinnslutunnuna er hægt að panta í síma 535 2510, á netfanginu gamar@gamar.is og einnig á heimasíðu Gámaþjónustunnar hf. www.gamar.is**
**Komið verður með tunnur heim til viðtakenda.**

GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Sími: 535 2500 • gamar@gamar.is • www.gamar.is

EINN, TVEIR OG ÞRÍR 21.345



Sviptingar verða í útgáfu tímarita:

# Tölvuheimur hættir útgáfu

**FJÖLMIÐLAR** Ákveðið hefur verið að hætta útgáfu tímaritsins Tölvuheims á prenti frá og með næstu áramótum, en síðasta tölublaðið er í vinnslu.

Útgáfufélagið Heimur hefur gefið út tímaritið í samstarfi við PC World, eitt útbreiddasta tölvutímarit heims.

Tímaritið Tölvuheimur hefur komið út í tíu ár, síðan í desember 1995. Útgáfunni mun þó verða haldið áfram á netinu, en á vef Heims eiga á hverjum degi að birtast nýjustu fréttir af sviði tölvu- og hugbúnaðar. IDG, sem gefur út PC World, er stærsti útgefandi tímarita um tölvur og upplýsingatækni í heiminum.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims, hefur til að byrja með umsjón með þróun Tölvuheims á netinu. Ritstjóri Tölvuheims, Kristinn Jón Arnarson, hverfur til annarra starfa í lok mánaðarins. **- óká**



**TÍMARITIÐ TÖLVUHEIMUR** Hundraðasta tölublað Tölvuheims kom út í nóvember.

Aðalskipulag Hveragerðis:

# Verður til sýnis fram á nýja árið

**BÆJARSTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti um mánaðamótin að auglýsa aðalskipulag bæjarins fyrir árin 2005 til 2017. Sýning hófst í gær og stendur til 5. janúar en athugasemdafrestur er til 19. sama mánaðar.

Auglýsingin er sett fram með athugasemdum Skipulagsstofnunar og svörum bæjaryfirvalda. Vinna við skipulagið hófst í mars 2004 og hafa síðan þá verið haldnir þrír íbúafundir um málið. „Á fundunum hafa verið fjörugar og skemmtilegar umræður og hafa íbúar komið fram með fjölmargar athyglisverðar skoðanir og hugmyndir,“ segir á vef bæjarins. **- óká**

# Gotovina handtekinn á Kanaríeyjum

**Ante Gotovina, sem stýrði landher Króata í Júgóslavíustríðinu, var handtekinn á Kanaríeyjum í gær. Hann er einn þriggja eftirlýstra manna sem stríðsglæpadómstóllinn í Haag taldi mikilvægast að ná.**

**KRÓATÍA, AP** Ante Gotovina, fyrrverandi hershöfðingi í Króatíuher sem var eftirlýstur af stríðsglæpadómstól SÞ í Haag, var í fyrrakvöld handtekinn á Kanaríeyjum eftir fjögur ár á flótta. Frá þessu greindi Carla del Ponte, aðalsaksóknari dómstólsins.

„Ante Gotovina var handtekinn á Spáni í gær. Hann er nú í haldi,“ sagði del Ponte. Að hennar sögn verður hann fljótlega framseldur til dómstólsins.

Króatísk stjórnvöld hafa setið undir miklum þrýstingi frá Evrópusambandinu að handsama og framselja Gotovina. Hann er sakaður um að hafa stýrt fjöldamorði á að minnsta kosti 150 Serbum og brottflæmingu um 150.000 Serba frá Króatíu í stríðinu 1991-1995.

Hershöfðinginn fyrrverandi er einn þriggja manna sem stríðsglæpadómstóllinn hefur lagt mesta áherslu á að handsama og láta svara til saka fyrir stríðsglæpi í hinu hatramma stríði sem fylgdi í kjölfar upplausnar gömlu Júgóslavíu. Gotovina er hetja í augum margra landa sinna og að króatísk stjórnvöld skyldu reynast ófær um að handtaka hann olli töfum á því að Evrópusambandið féllist á að Króatía fengi að hefja aðildarviðræður. Í október síðastliðnum var loks fallist á að hefja þessar viðræður eftir að Carla del Ponte hafði vottað að Króatíustjórn sýndi stríðsglæpadómstólnum óskoraðan samstarfsvilja.

Á fréttavef dagblaðsins El Dia var greint frá því að Gotovina hefði verið handtekinn á hóteli á sunnanverðri eyjunni Tenerife. Blaðið hafði þetta eftir ónafngreindum fulltrúa spænska innanríkisráðuneytisins á Kanaríeyjum.

Króatíski forsætisráðherrann Ivo Sanader fagnaði handtökunni og sagði að enginn væri undanþeginn réttvísinni. Hershöfðinginn fyrrverandi ætti að svara til saka fyrir rétti í Haag.

Gotovina hafði verið á flótta síðan stríðsglæpadómstóllinn gaf út ákæru á hendur honum árið 2001.

Del Ponte sagði að eftir handtöku Gotovina biði hún þess að takast myndi að hafa hendur í hári Bosníu-Serbanna Radovans Karadzic og Ratkos Mladic sem einnig hafa verið í felum árum saman vegna stríðsglæpaákæru dómstólsins.

**audunn@frettabladid.is**


**ANTE GOTOVINA** Þessa mynd birti spænska innanríkisráðuneytið í gær af Ante Gotovina eftir handtöku hans á hóteli á Tenerife í fyrrakvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


**CARLE DEL PONTE** Saksóknari Stríðsglæpadómstólsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vaxandi gjá í afkomu sveitarfélaga samkvæmt ársreikningum:

# Sjávarbyggðir standa verst

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sívaxandi gjá er í afkomu sveitarfélaga og staðan sýnu verri fyrir mörg þeirra en nokkru sinni áður. Þetta segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Fyrst og fremst er þarna um að ræða sveitarfélög á norðaustan- og austanverðu landinu sem eiga í engin önnur hús að venda,“ segir Vilhjálmur. Sjávarbyggðir koma einna verst út að sögn Vilhjálms. „Þarna er um að ræða lítil byggðarlög sem tapa íbúum jafnt og þétt en geta með engu móti skert frekar alla þjónustu við þá sem eftir eru. Þau tapa því miklum tekjum og skuldir eru háar og ómögulegt fyrir mörg þeirra að ná jöfnu í sínum reikningum. Gjáin er að breikka.“

Vilhjálmur segir þó að ríkið hafi fallist á að veita 700 milljónum til viðbótar inn í jöfnunarsjóð sveitarfélaga á næstu þremur árum og þeir peningar séu eyrnamerktir þeim sveitarfélögum sem verst standi. „Aðrir sjóðir en jöfnunarsjóður standa sveitarfélögum ekki til boða að sækja í þegar harðnar í ári en ég er viss um að þetta viðbótarfjármagn mun gera gæfumuninn fyrir mörg þeirra og gera þeim kleift að veita áfram þá þjónustu sem íbúar þeirra njóta í dag þó fólksfækkun eigi sér stað.“ **- aöe**


**FRÁ KÓPASKERI** Sjávarþorp fyrir norðan land og austan standa hvað höllustum fæti fjárhagslega. Þau sem verst standa munu skipta milli sín 700 milljóna króna aukafjárframlagi á næstu árum.



**Úlfar:** „Virkilega góður hryggur. Bragð og safi í toppi.“

**Eyþór:** „Gott reykbragð, safaríkur og góður.“

**Örn:** „Góður. Aðeins of blautur en gott eftirbragð.“

**Sigmar:** „Gott jafnvægi á milli salts og reykbragðs.“

# SS hamborgarhryggur bestur í bragðkönnun DV




Í árlegri blindsmökkun matgæðinga DV á 13 tegundum hamborgarhryggja fékk SS hamborgarhryggurinn langbestu dómana, eða **19 stjörnur af 20 mögulegum.** SS hamborgarhryggur rýrnar ennfremur mjög lítið við suðu og það var samdóma álit matgæðinganna að hann væri bæði safaríkur og bragðmikill.

Matgæðingar DV eru: Úlfar Eysteinsson matreiðslumeistari á Þremur Frökkum, Eyþór Rúnarsson matreiðslumaður hjá Sigga Hall og hinir valinkunnu áhugamenn um góðan mat, Sigmar B. Hauksson og Örn Árnason leikari.

HAMBORGAR
HRYGGUR

SS fremstir fyrir bragðið

Fiton/SÍA




Byko byggir glerhýsi við verslunina í Breiddinni:

# Ætla að opna garðverslun

**KÓPAVOGUR** Byko ætlar að byggja rúmlega 600 fermetra viðbyggingu við verslunina í Breiddinni. Um glerhýsi er að ræða sem reist verður á norðvesturhorni verslunarinnar við Smiðjuveginn. Glerhýsið verður á einni hæð og lofthæðin mikil. Verslun Byko í Breiddinni er nú 7.000 fermetrar að stærð.

„Við ætlum að leggja sérstaka áherslu á garðinn og garðvöru og árstíðabundna þjónustu. Við höfum áhuga á að taka inn grófari vöru sem tengist útisvæðum. Þennan markað höfum við þjónustað mikið í gegnum timbursöluna en með þessari viðbyggingu ætlum við að þjónusta viðskiptavini enn betur með meira vöruúrvali og tengingu við verslunina,“ segir Ásdís Halla Bragadóttir, forstjóri Byko.



**NÝ GARÐVERSLUN Á DÖFINNI** Bykó hefur óskað eftir leyfi til að fá að byggja 600 fermetra glerhýsi við 7.000 fermetra verslun sína í Breiddinni. Þar er fyrirhugað að vera með garðverslun. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Breyting á deiliskipulagi vegna viðbyggingar Byko hefur verið auglýst og rennur frestur til að skila athugasemdum út í byrjun janúar. Það getur síðan tekið skipulagsyfirvöld Kópavogs nokkra mánuði að afgreiða erindið. Ásdís Halla vill ekkert segja til um hvenær áætlað sé að hefja framkvæmdir eða hvenær garðverslunin verði opnuð. - ghs

# Ráðherrann lætur rannsaka kvótaverð

**Fjármálaráðherra hefur orðið við beiðni Jóhanns Ársælssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að úttekt verði gerð á viðskiptum með aflaheimildir. Jóhann segir kvótaverð óeðlilega hátt og útiloka nýliðun í fiskveiðum.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Árni Mathiesen fjármálaráðherra hefur orðið við beiðni Jóhanns Ársælssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, um að tekin verði saman skýrsla um viðskipti með aflaheimildir.

Jóhann leggur beiðni sína fram í krafti laga um þingsköp og óskar þess að fjármálaráðherra flytji Alþingi skýrslu um kvótaviðskipti á síðustu fjórum árum.

„Það sem rekur mig til þess að biðja um þessa skýrslu er alvarlegt ástand í sjávarbyggðum, sem ég tel standa í sambandi við gríðarlega hátt verðlag á aflaheimildum. Það er lítil sem engin nýliðun í fiskveiðum, sem meðal annars má rekja til þess að búið er að loka öllum götum í smábátaútgerð. Þótt ástandið hafi verið svart áður er það verra nú en nokkru sinni að því er nýliðun varðar.“

Jóhann segir að menn kunni engar skýringar á háu kvótaverði sem í raun komi í veg fyrir að hagkvæmt sé að stofna útgerð og kaupa aflaheimildir. „Ég tel að við getum fengið skýringar á þessu verðlagi og hvort eitthvað sé til í orðrómi um brask og tilfærslur á veiðiheimildum á málamyndaverði milli skyldra og óskyldra fyrirtækja og blöndun á verði aflaheimilda og fiskverðs. Forstjóri Brims sagði á dögunum um miklar kvótatilfærslur á vegum félagsins að hann hefði ekki verið að selja varanlega aflaheimildir frá félaginu heldur vista þær hjá öðrum fyrirtækjum. Spyrja má hvort þetta samrýmist lögum ef þetta eru ekki venjuleg viðskipti.“

Jóhann segir að þetta snúist meðal annars um bókhald og skattskil og fagnar því að fjármálaráðherra ætli að láta taka saman skýrslu um málið.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra kvaðst hafa vissar efasemdir um að erindinu væri beint í rétt ráðuneyti en kvaðst vilja svara því með liðsinni sjávarútvegsráðuneytisins. Skýrslubeiðnin var samþykkt á Alþingi með 47 samhljóða atkvæðum. Gera má ráð fyrir að skýrslan verði tilbúin fyrir þinglok í vor. johannh@frettabladid.is



**SMÁBÁTAÚTGERÐ** Jóhann Ársælsson segir að nær engin leið sé fyrir nýliða að komast í útgerð vegna ofurverðs á kvóta.



**ÁRNI MATHIESEN SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA** Árni vill gera skýrslu um málið með liðsinni sjávarútvegsráðuneytis.



**JÓHANN ÁRSÆLSSON ÞINGMAÐUR** „Spyrja má hvort þetta samrýmist lögum ef þetta eru ekki venjuleg viðskipti.“

HÁGÆÐA SKJÁVARPAR OG FLATSKJÁIR FYRIR HEIMILI OG FYRIRTÆKI



Vönduð vörumerki á einstöku verði



TOSHIBA TDP-S25 skjávarpi
Góður í heimabíóið
- Upplausn: SVGA 800x600.
- Ansi Lumen 1800.
- Myndtækni: DLP.
- Lampaending: 4000 klst.
- Inngangar: 2xVGA, Composite, S-Videomonitor out, Audio out.
- Ábyrgð: Tvö ár/þrír mán. á lampaeiningu.

Tilboðsverð 89.900 kr.
Verð 99.900 kr.



SONY VPL-CX20 skjávarpi
Flottur og nettur
- Upplausn: XGA 1024x768.
- Ansi Lumen: 2000.
- Myndtækni: LCD.
- Lampaending: 3000 klst.
- Inngangar: VGA og hljóðinngangur.
- Þyngd: 1,9 kg.
- Ábyrgð: Tvö ár/þrír mán. á lampaeiningu eða 300 klst.

Tilboðsverð 159.900 kr.
Verð 179.900 kr.

SONY FWD-42PV1S flatskjár
Hagkvæmur fyrir auglýsingakerfi
- 42" plasmaskjár.
- Upplausn: 852x480.
- Inngangar: VGA, Audio in.
- Speaker out 2x7w, RS232, Control-S.

Tilboðsverð 189.900 kr.
Verð 199.900 kr.



NEC PX-42VR5G flatskjár
Fyrir heimabíó og auglýsingakerfi
- 42" plasmaskjár.
- Upplausn: 853x480.
- Inngangar: VGA, DVI, Composite, S-video, Audio in.
- Speaker out 2x12w, RS232, Control-S.

Tilboðsverð 199.900 kr.
Verð 219.900 kr.

NÝHERJI
Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
SPRENGI TILBOÐ!
FÖSTUDAG
LAUGARDAG
SUNNUDAG
99 COCA COLA 2L kr./2L
298 EGILS JÓLAÖL 2,5L kr./2,5L
99 PEPSI MAX 2L kr./2L
99 COCA COLA LIGHT 2L kr./2L
95 EGILS APPELSÍN 2L kr./2L
69 EGILS MALT 0,5L kr./0,5L
49 VÍKING MALT 0,5L kr./0,5L
SPRENGI TILBOÐ
1.990 kr./stk.
ALLAR STÆRÐIR
EITT VERÐ!
Fæst á eftirtöldum stöðum:
Krónunni Bíldshöfða, Skeifunni,
Jafnaseli, Vestmannaeyjum,
Mosfellsbæ, Selfossi og Hafnarfirði.
Normannsþinur
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

„ORÐRÉTT“

### Einmitt

**„Heimabankarnir halda áfram að vera eitthvert öruggasta tæki til fjármálaviðskipta sem menn hafa notað.“**

GUÐJÓN RÚNARSSON, FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA BANKA OG VERÐBRÉFAFYRIRTÆKJA, Í FRÉTTABLAÐINU

### Þá vitum við það

**„Ef þú talar við tónlistarmenn ber þeim öllum saman um að eini vettvangurinn fyrir nýja íslenska tónlist sé Rás 2.“**

PÁLL MAGNÚSSON ÚTVARPSSTJÓRI UM ÁGÆTI RÁSAR 2

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** MAGNÚS H. MAGNÚSSON RAFVIRKI

# *Seldi allt á Hólmavík og flutti til borgarinnar*



„Í ríflega tuttugu ár hef ég verið rafverktaki á Hólmavík. Í gegnum tíðina hefur verið ágætt að gera en í seinni tíð hefur mjög dregist saman. Það var því lítið annað að gera en að flytja á mölina,“ segir Magnús Hans Magnússon rafvirkjameistari. Magnús segir það viðbrigði að breyta svona um lífstíl, en það venjist vel. Á Hólmavík var hann ekki aðeins í rafmagninu heldur rak hann í níu ár, ásamt kona sinni Þorbjörgu Magnúsdóttur, veitingastaðinn Café Riis og gamla samkomuhús staðarins Braggann sem þau seldu síðasta vor. „Það gengur vel að reka veitingastað á Hólmavík yfir ferðamannatímann, en svo er afskaplega rólegt þess á milli. Við getum þó ekki kvartað yfir viðtökunum,“ segir Magnús. Þau hjónin ráku staðinn í elsta húsinu á Hólmavík sem þau höfðu keypt áratug fyrr því þau ætluðu að halda úti saumastofu sem þar var. „Ég hafði fengið loforð fyrir verkefni frá Álafossi, sem þá var stór aðili á þeim markaði, en þegar til kom gat ég fengið verkefni í einn mánuð svo aldrei varð úr því. Við leigðum þá húsið undir hina og þessa starfsemi. Árið 1995 var staðan orðin sú að gera eitthvað við þetta hús eða leigja jarðýtu og ryðja því niður,“ segir Magnús. Húsið var endurgert og veitingastaðurinn opnaður. En nú söðlar hann um: „Ég hef haft áhuga á innflutningi lengi. Tók mig til í vor og fór á vörusýningu til Shanghai í Kína. Ég komst þar í samband við fólk sem framleiðir allt milli himins og jarðar. Eitthvað tengt rafmagni kom helst til greina, þannig að ég fór að flytja inn rafmagnsgolfkerrur, bæði fjarstýrðar- og rafmagnsdrifnar, golfbíla, rafmagnsvespur og annað rafknúið dót. Síðast en ekki síst hef ég flutt inn DVD-spilara í bíla, sem er tilvalin jólagjöf fyrir fjölskylduna,“ segir Magnús sem hefur komið nýja fyrirtækinu sínu MHM ehf. fyrir í Auðbrekku í Kópavogi.

Magnús og Þorbjörg hafa ekki aðeins sagt skilið við veitingabransann. Þau seldu einnig íbúðarhúsið sitt á Hólmavík. „Ég býst ekki við að það verði aftur snúið úr þessu.“

**SJÓNARHÓLL**

**ÖRYGGI HEIMABANKA**



MAGGA MASSI LÍKAMSRÆKTARÞJÁLFARI

### *Smeyk*

„Maður verður auðvitað svolítið smeykur við þetta þegar maður heyrir svona fréttir,“ segir Margrét „Magga massi” Sigurðardóttir líkamsræktarþjálfari um heimabankana, í ljósi frétta af innbrotum og þjófnuðum úr þeim. Fréttirnar komu henni þó ekki algjörlega í opnu skjöldu því hún hafði áður heyrt sögur af heimabankainnbrotum. Sjálf notar Magga heimabanka og hefur gert um skeið. Fréttir af innbrotum í þá hafa þó ekki þau áhrif á hana að hún ætli að hætta að nýta sér slíka þjónustu. „Nei, ég held að ég hætti ekki að nota heimabankann,“ svarar Magga.

# Tíu þúsund jakkaföt í hreinsun

**Margt bendir til að lín og klæði landsmanna verði hreinni þessi jólin en hin fyrri. Starfsmönnum efnalauga ber saman um að aldrei hafi verið jafn mikið að gera á aðventunni og nú.**



**PRESSAÐ Í BAK OG FYRIR** Annir eru í þvottahúsum þessa dagana enda láta margir þvo og hreinsa klæði sín og lín fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Jakkaföt, kjólar, dúkar, sængurver, rúmteppi og gardínur streyma nú í þvottahús og hreinsanir og leiðir athugun Fréttablaðsins í ljós að aldrei hafa fleiri látið fagmönnum eftir að annast jólaþvottinn. Heimildarmenn blaðsins kunna ekki aðra skýringu á þessari staðreynd en þá að almennt góðæri ríki í landinu; fólk hafi meiri peninga milli handanna og geti því keypt sér þjónustu á borð við þvotta.

Athygli vekur líka að landsmenn sýna nú nokkra fyrirhyggju við jólaundirbúninginn; jólaannir þvottahúsanna hófust fyrr en áður. „Þetta byrjaði fyrir mánaðamótin núna en áður kom fólk svona hálfum mánuði fyrir jól,“ segir Þorvarður Helgason hjá Fönn og fagnar um leið þessari auknu fyrirhyggju. „Ég held að fólk sé farið að undirbúa jólin fyrr og þetta er hluti af því,“ bætir hann við.

Af önnunum í Fönn má líka merkja að jólahlaðborð hafi aldrei verið jafn vinsæl og nú. Fyrirtækið leigir út dúka til veitingahúsa og segir Þorvarður að greinilegt sé að sprengja hafi orðið í slíkum veislum því aldrei hefur dúkamagnið verið jafn gríðarlegt.

Ljóst er að margir nota tækifærið fyrir jólin til að láta þvo eitt og annað sem annars er ekki gert. Gardínur eru þar á meðal en mikið er að gera í gardínuþvotti og -hreinsunum. Þá er talsvert um að fólk eigi sérstök jólasængurver sem aðeins eru notuð yfir hátíðirnar. Þau þurfa vitaskuld að vera hrein og fín og vel straujuð þegar þau eru sett á rúmið.

Og til marks um umfangið í hreinsunum landsins má nefna að Fönn berast vel á annað hundrað jakkaföt á viku til hreinsunar. Á þeim bæ einum eru því hátt í eitt þúsund jakkaföt hreinsuð í desembermánuði. Upplýsingar frá öðrum hreinsunum benda til að um tíu þúsund jakkaföt séu hreinsuð sérstaklega fyrir jólin þetta ári.

Samkvæmt lauslegri athugun er algengt verð á hreinsun jakkafata í kringum 1.800 krónur.

**bjorn@frettabladid.is**




Aðdáendur Manchester United eru miður sín eftir fallið úr Meistaradeildinni:

# Tökum líka súru eplunum



**GUÐBJÖRN ÆVARSSON** „Ákveðnir leikmenn skila ekki sínu og það vantar alla grimmd og leikgleði í liðið.“

„Við hlaupum ekkert í burtu þrátt fyrir þetta,“ segir Guðbjörn Ævarsson, pípulagningameistari og formaður Stuðningsmannaklúbbs Manchester United á Íslandi. Félagið féll úr Meistaradeild Evrópu á miðvikudag og er þetta í fyrsta sinn í sögu keppninnar sem það kemst ekki upp úr riðlakeppninni.

Guðbjörn er vitaskuld sár yfir stöðu mála en segir liðið sitt svo sem ekki hafa átt erindi áfram í keppninni. „Þegar liðið spilar eins og það hefur gert í vetur þá höfum við ekkert áfram að gera. Það þýðir ekkert að spila svona fótbolta,“ segir hann.

Guðbjörn hefur velt vöngum yfir þessu slæma gengi í Meistaradeildinni og hefur sínar skýringar. „Ákveðnir leikmenn skila ekki sínu og það vantar alla grimmd og leikgleði í liðið. Van Nistelrooy skoraði bara eitt mark í keppninni og vörnin leikur ekki vel. Svo voru menn sem „karlinn“ virtist treysta í síðasta leiknum, eins og Giggs og Scholes, langt frá sínu besta.“ „Karlinn“ sem Guðbjörn minnist á er auðvitað Alex Ferguson framkvæmdastjóri. Sumir eru þeirrar skoðunar að réttast sé að víkja Ferguson frá störfum en Guðbjörn er ekki á því. „Það má ekki reka hann eftir allt sem hann hefur gert fyrir okkur. Ég vil að hann klári tímabilið.“



Þó Guðbirni finnist sárt að horfa á eftir liðinu út úr keppninni grætur hann helst þær gríðarlegu peningafjárhæðir sem það verður af. „Ég er miður mín yfir peningunum sem eru farnir,“ segir hann en talið er að félagið verði af tæplega tveimur milljörðum króna við það eitt að detta úr keppni.



United-menn á Íslandi ætla ekki að gráta á torgum þrátt fyrir ófarirnar og Guðbjörn bendir á að liðið sé í öðru sæti ensku deildarinnar auk þess sem það sé komið áfram í bikarkeppnunum í Englandi. „Sannir aðdáendur fylgja liðinu sínu áfram, við erum löngu búnir að læra að taka súru eplunum líka og hlaupum ekki í burtu þrátt fyrir þetta. Við getum ennþá unnið titla,“ segir formaðurinn.

„Vorum á klúbbnum á höfðanum, stemningin var undir meðallagi,“ segir hann og hlær.

DV

Auglýsingasími 550 5000

**Loksins býðst þér áskriftarpakki sem gerir lífið litríkara!**




# Áskrifendur fá ekki bara DV heldur líka Hér&Nú og Sirkus á aðeins 2400 kr. á mánuði

Stútfullur sportpakki á mánudögum, viðtöl, lífstíll, viðskipti, sakamál, skoðanaskipti, léttar fréttir, ögrandi fréttir. Á fimmtudögum fylgir Hér og nú DV með glóðvolgar fréttir af fræga fólkinu. Sirkus kemur sterkur inn á föstudögum með allt um menningar- og skemmtanalífið. Helgarblaðið endist þér svo langt fram á sunnudagskvöld!

**Með einu símtali í 550 5000 færðu allt þetta – og miklu meira á aðeins 2400 kr. á mánuði!**

## Svona erum við

> Gúrkuuppskera í tonnum




**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** HEIMABANKAR

# *Hafa skal allan vara á*

Borist hafa af því fregnir að undanförnu að lögregla hérlendis rannsaki þjófnað úr heimabönkum viðskiptavina og eru fjögur slík mál á borði lögreglu eins og sakir standa. Þetta vandamál er þó ekki nýtt af nálinni.

**Hvernig er brotist inn í heimabanka?**
Bíræfnir tölvuþrjótar hafa í gegnum tíðina notað ýmsar útfærslur til að brjótast inn í heimabanka. Vinsælasta aðferðin þessa dagana er að reynt er að koma svokölluðum trójuhesti inn í tölvu viðskiptamanns. Það er lítið forrit sem getur leynst víða bæði á heimasíðum sem heimsóttar eru eða borist með tölvupósti. Forritið situr svo í bakgrunni þangað til notandi fer inn á heimabanka sinn og skráir niður aðgangsnafn og lykilorð það sem notað er og sendir áfram til óprúttinna.




**Hvað er hægt að gera til varnar?**
Fyrst og fremst að gæta þess að vírusvörn tölvunnar sé ætíð virk og uppfærð daglega eða oftar. Það getur stöðvað trójuhesta og annars konar forrit sem reyna að setjast að í tölvum. Gæta skal að því að opna aldrei rafpóst sem viðkomandi kannast ekki við því oft setur það vírusa og forrit af stað. Síðast en ekki síst skal fylgjast vel með breytingum á bankareikningunum og láta bankann vita um leið og eitthvað óeðlilegt á sér stað.

**Eru heimabankar öruggir?**
Tölvuþrjótar reyna ávallt að vera skrefi á undan þeim sem berjast gegn slíku og stöku sinnum koma fram vírusar sem tíma tekur að eiga við og loka fyrir og gera því tölvur og það sem í þeim er berskjaldað á meðan. Öryggi í heimabönkum er gott að jafnaði og íslensku bankarnir hafa hert til muna á öryggisreglum síðustu daga.



**Á HJÓLINU** David Cameron hefur ræktað ímynd sína sem nútímalegs íhaldsmanns.

**DAVID CAMERON**

*Ferill*

Fæddur í Lundúnum 9. október 1966.
Elst upp í Lundúnum og Newbury nærri Berkshire í Englandi. Gengur í Eton-einkaskólann. Nemur sögu, heimspeki og hagfræði í Oxford-háskóla.
Gengur að námi loknu til liðs við rannsóknaþjónustu Íhaldsflokksins. Á þar skjótan frama og er fljótlega farinn að mata ráðherra á upplýsingum fyrir fjölmiðlaviðtöl. Var tekinn í hóp sem undirbjó John Major, þáverandi forsætisráðherra, fyrir hina vikulegu spurningatíma á þingi. Vann þar meðal annars með David Davis, sem þurfti að láta í minni pokann í leiðtogakjörinu.
Gerði hlé á pólitískum ferli á tíunda áratugnum og vann í nokkur ár sem almannatengill Carlton, dótturfyrirtækis sjónvarpsstöðvarinnar ITV.
Fór í framboð í þingkosningunum 1997 en náði ekki kjöri. Reyndi aftur í „öruggu" íhaldskjördæmi árið 2001 og hefur setið á þingi síðan. Var ráðherra menntamála í skuggaráðuneyti Michaels Howard sem Cameron tók nú við af.
Eiginkonan Samantha er af aðalsættum og uppalin í höll í Suður-Englandi. Þau eiga fjölfatlaðan son, eina dóttur og þriðja barnið er á leiðinni. Þau búa í Notting Hill.




Tíu sinnum lengur í bruggun

Hinn margverðlaunaði Budweiser Budvar er heimsþekktur fyrir gæði og natni í framleiðslu.
Budweiser Budvar er bruggaður í 100 daga.
Það er tíu sinnum lengri tími en flestir lagerbjórar!

Budweiser Budvar

LÉTTÖL

UPPÁHALDSBJÓR MARGRA KYNSLÓÐA


# Íhaldsmenn eltast við siguruppskrift Blairs

**David Cameron er fjórði leiðtoginn sem brezkir íhaldsmenn velja sér með því fororði að hann sé fær um að leiða flokkinn til kosningasigurs yfir Tony Blair og „Nýja verkamannaflokknum". Í þetta sinn gera þeir sér betri vonir en áður um að það muni loks ganga eftir.**




**MARKIÐ SETT HÁTT** Bjartsýnin skín úr andlitum Cameron-hjónanna og stuðningsmanna þeirra. Markið sett á kosningasigur árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Val félagsmanna brezka Íhaldsflokksins á flokksleiðtoga var í þetta sinn í nokkru ósamræmi við þá leiðtoga sem þeir hafa valið sér síðustu fjörutíu árin. Forréttindauppruni Davids Cameron stingur í stúf við tiltölulega alþýðlegan bakgrunn leiðtoga síðustu áratuga.

Meðal forfeðra Camerons eru þrír þekktir þingmenn Íhaldsflokksins á 19. öld og í byrjun þeirrar tuttugustu. Hann er fyrsti Eton-skólagengni flokksleiðtoginn síðan Sir Alec Douglas-Home gegndi starfinu snemma á sjöunda áratugnum. Samkvæmt fréttum í brezku pressunni er hann jafnvel fjarskyldur ættingi drottningarinnar.

En þeysandi um götur Lundúna á fjallahjólinu sínu, hlustandi á uppáhalds indí-rokkið í stafræna vasadiskóinu, ber Cameron sig eftir því að vera álitinn maður fólksins sem fylgist með tímanum. Nýlega tjáði hann götublaðinu The Sun að hann drykki frekar ósvikið pöbbaöl en kampavín og að hann reykti Marlboro lights sígarettur (sem hann segir reyndar vera ósið sem hann hafi ítrekað reynt að venja sig af).

### „Næsti Tony Blair"

Frami Camerons innan flokksins hefur verið skjótur. Við upphaf leiðtogakjörsbaráttunnar þótti hann ekki mjög sigurstranglegur, enda ekki búinn að sitja lengi á þingi. Kraftmikil ræða hans á flokksþinginu í Blackpool í haust sneri hins vegar taflinu honum í vil - margir urðu fyrir vonbrigðum með frammistöðu aðalkeppinautarins, David Davis, þar á flokksþinginu. Enda fór svo að er atkvæði flokksfélaga höfðu verið talin kom í ljós að tveir af hverjum þremur treystu Cameron betur til að takast að koma flokknum aftur að valdataumunum.

Flokksmenn binda vonir við að ímynd Camerons sem nútímalegs íhaldsmanns sem fylgist með tímanum og láti sér annt um lítilmagnann hjálpi til að afla flokknum stuðnings í breiðari hópi kjósenda en raunin hefur verið frá því íhaldsmenn lentu í stjórnarandstöðu.

En sumir þykjast greina fals í fari hans. Jeff Randall, sem nú er einn af yfirmönnum The Daily Telegraph en stýrði viðskiptafréttaritstjórn BBC þegar Cameron var almannatengill Carltons, segir um hann: „Samkvæmt minni reynslu gaf Cameron aldrei hreinskilin svör þegar hann gat valið afbakanir, en þar með er hann sennilega einmitt rétti maðurinn í það hlutverk sem hann nú sækist eftir: að verða næsti Tony Blair."

### Lýst eftir stefnu

Cameron hefur sjálfur lagt áherzlu á að það sem skipti máli sé „ekki hvaðan þú kemur heldur hvert þú ætlar þér".

Hvert hann ætlar sér þykir hins vegar mörgum nánast óskrifað blað. Gagnrýnendur hans, og jafnvel sumir stuðningsmannanna, benda á að hann hefur hingað til ekki viljað leggja fram neina nákvæma stefnumörkun fyrir flokkinn. Andstæðingar hans halda því fram að þetta sé veikleiki sem sýni að hann trúi á fátt og drifkraftur metnaðar hans sé engin heildstæð hugmyndafræði heldur frekar einhver illa skilgreind ímynd frjálslyndis og nútímalegra viðhorfa; þetta sé „Létt-Tony Blair"-stimpillinn. Stuðningsmenn hans vísa þessu á bug og fullyrða að það væri galið að leggja fram stefnuskrá svo löngu fyrir kosningar (þær næstu fara væntanlega fram árið 2009). Þeir fullyrða að hann hafi mjög skýrar hugmyndir um framtíð flokks og þjóðar.

Samkvæmt samantekt stjórnmálaskýranda fréttavefjar BBC eru þær vísbendingar um pólitískar áherzlur Camerons sem fram eru komnar frekar brotakenndar. En meðal þeirra eru þessar: Hann er almennt hlynntur lækkun skatta en vill t.d. hækka skattleysismörk launþega. Hann vill auka hlut einkarekstrar í heilbrigðiskerfinu. Hann vill láta byggja fleiri fangelsi og efla löggæzlu, en hefur jafnframt lýst sig fylgjandi auknu frjálsræði í fíkniefnamálum. Hann hefur jafnvel lýst sig samþykkan ýmsum stefnumálum ríkisstjórnar Verkamannaflokksins, svo sem varðandi skólamál. Hann hefur dregið dár að innflytjendastefnu stjórnarinnar og lagt til hert landamæraeftirlit. Í Evrópumálum er hann ekki eins harkalegur andstæðingur Evrópusambandsins og ýmsir flokksfélagar hans, en hann hefur útilokað að Bretar taki upp evruna eða samþykki stjórnarskrársáttmála sambandsins.

Cameron er nú að stokka upp í skuggaráðuneytinu. Væntanlega skýrist stefnan betur þegar hann er búinn að skipa í allar helztu framvarðastöður flokksins og farinn að beita sér markvissar sem nýr leiðtogi stjórnarandstöðunnar. En stjórnmálaskýrendur velta því fyrir sér hvað gæti orðið það tímamótaaugnablik sem sambærilegt væri við það þegar Tony Blair fékk Verkamannaflokkinn til að varpa þjóðnýtingarákvæðinu út úr stefnuskránni, en það var fæðingarstund „Nýja verkamannaflokksins". Ef Íhaldsflokknum á að auðnast að brjótast út úr staðnaðri ímynd sinni og höfða til nógu breiðs kjósendahóps til að eiga möguleika í næstu kosningum veitir honum ekki af að endurtaka þennan leik Blairs með einhverjum hætti.

Þótt íhaldsmönnum þyki þessi stöðuga vísun til uppskriftarinnar að sigurgöngu Blairs þreytandi virðast það þó einmitt vera líkindi Camerons sem stjórnmálamanns og Blairs sem vekja þeim mesta von í brjósti um að hann sé rétti maðurinn til að færa þeim langþráðan sigur í kosningum.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# METSÖLUBÆKUR
# Í FREMSTU RÖÐ!










## Örn Clausen fer á kostum!

Örn Clausen, hæstaréttarlögmaður og fyrrum frjálsíþróttakappi, segir í þessari ***bráðskemmtilegu*** bók sögur af ýmsum samferðamönnum, allt frá rónum upp í ráðherra - en að auki koma æðri máttarvöld við sögu.

Eyrún Ingadóttir tók saman.

29.11. - 5.12.
6. sæti
Metsölulisti Mbl.
Ævisögur & endurminningar

## Heillandi ævisaga!

„... ***lífleg og fróðleg*** frásögn ... ætti að bæta margan manninn."

—Sigríður Albertsdóttir, DV

„***Skyldulesning***."

—Hemmi Gunn, Íslandi í bítið.

„... ***mjög vel lukkuð*** ... ***heillandi*** lýsing á horfnum heimi. ... Auður Eir er frumkvöðull og fyrirmynd sem ***gaman*** er að kynnast í gegnum ***vandaða bók*** þeirra Eddu Andrésdóttur."

– Soffía Auður Birgisdóttir, Morgunblaðinu

29.11. - 5.12.
1. sæti
Metsölulisti Mbl.
Ævisögur & endurminningar

29.11. - 5.12.
5. sæti
Metsölulisti Mbl.
allar bækur

1. prentun uppseld
2. prentun komin

## Væntanleg um allan heim!

„...skilar lesanda ***vel unninni*** og ***hugsaðri glæpasögu***."

— Páll Baldvin Baldvinsson, DV

„***Fersk rödd*** ... ***Hröð*** atburðarás og ***hressilegur stíll***."

— Katrín Jakobsdóttir, gagnrýnandi

„Allt er þetta ***vel gert*** og bókin hefur ***fagmannlegan svip*** ..."

— Halldór Guðmundsson, Fréttablaðinu

„... ***snjöll*** sakamálasaga ... Þóra reynist ***heillandi*** sögumiðja, ráðgátan er flókin en ***afskaplega vel sett saman*** ..."

– Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðinu

„Eitthvað ***alveg sérstakt***"

— Suzie Doore, útgáfustjóri Hodder og Staughton í Bretlandi

„***Frábær frumraun*** - æsispennandi og óvenjuleg."

—David Highfill, útgáfustjóri HarperCollins í Bandaríkjunum

29.11. - 5.12.
2. sæti
Metsölulisti Mbl.
Skáldverk

1. prentun uppseld
2. prentun uppseld
3. prentun komin

30.11. - 6.12.
7. sæti
Metsölulisti Penninn/Eymundsson
allar bækur

Veröld
BÓKAFORLAG

BRÆÐRABORGARSTÍG 9, SÍMI 414 1450
www.verold.is • verold@verold.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS - VER 30600 12/2005



**NÝTT BYGGINGARLAND MEÐ STÓRAR LÓÐIR** Vaðlaskógur nær niður undir fjöruborð og í tengslum við nýtt aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar er verið að skoða möguleika á fjörubyggð í austanverðum Eyjafirði.

Nýtt hverfi í Eyjafjarðarsveit:

## Steinsnar frá Akureyri

Nýstofnað einkahlutafélag, Vaðlabyggð, keypti nýverið jörðina Varðgjá í Eyjafjarðarsveit með það að markmiði að þróa þar íbúðabyggð. Á annan tug tilboða bárust í jörðina en kaupverðið var 87,6 milljónir króna.

Varðgjá stendur í austanverðum Eyjafirði; gegnt brúnni yfir Eyjafjarðarós og liggur að landi Svalbarðsstrandarhrepps. Jörðin er nokkru nær Akureyri en byggðinni á Svalbarðseyri og byggðinni í Reykárhverfi við Hrafnagil í Eyjafjarðarsveit og því vænlegur búsetukostur fyrir Akureyringa sem vilja flytjast úr skarkala bæjarlífsins en sækja áfram vinnu og þjónustu til Akureyrar.

Varðgjá er 190 hektarar að stærð en Sverrir Vilhelm Bernhöft, framkvæmdastjóri Vaðlabyggðar, segir að jörðin verði ekki öll nýtt undir byggingarlóðir þar sem hluti hennar sé í miklum halla. „Fyrstu lóðirnar verða hugsanlega tilbúnar á næsta ári en þarna verður ekki hefðbundið þéttbýli þar sem hús liggja allt að því saman. Þess í stað verða lóðirnar stórar og tekið tillit til legu landsins en skógi vaxin svæði verða á milli afmarkaðra byggðarkjarna,“ segir Sverrir. ■

Engar byggingarlóðir í Hörgárbyggð:

## Mikið spurt um stórar lóðir

Helga Arnheiður Erlingsdóttir, sveitarstjóri Hörgárbyggðar, segist verða vör við mikla eftirspurn eftir byggingarlóðum í sveitarfélaginu.

„Það er mikið hringt og spurt um lóðir og þá aðallega stórar einbýlishúsalóðir. Því miður höfum við engar lóðir sem stendur en vinna við fyrsta aðalskipulags sveitarfélagsins stendur nú yfir og eitt af markmiðunum sem við viljum ná fram með því er nýjar byggingarlóðir,“ segir Helga. ■



**NÝLEG HÚS Í HÖRGÁRBYGGÐ** Sem stendur er engar byggingarlóðir að hafa í Hörgárbyggð en sveitarfélagið hyggst bæta úr því í náinni framtíð.

# Sótt í nýja byggð við bæjardyr Akureyrar

**Sífellt fleiri Akureyringar kjósa að búa í nágrannasveitarfélögum Akureyrar en sækja vinnu, þjónustu og afþreyingu áfram í sínum gamla heimabæ. Íbúar höfuðborgarsvæðisins halda í vaxandi mæli sitt annað heimili í Eyjafirði og aukin ásókn er í byggingarlóðir austan fjarðarins.**



**ARNAR GUÐMUNDSSON** Akureyringar sækjast í auknum mæli eftir búsetu utan bæjarmarkanna og höfuðborgarbúar kjósa margir að halda sitt annað heimili í dreifbýli í nágrenni Akureyrar, segir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Á árinu sem er að líða hefur eftirspurn eftir byggingarlóðum farið ört vaxandi í öllum þeim þremur sveitarfélögum sem næst liggja Akureyri: Í Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppi, og Hörgárbyggð. Útlit er fyrir að eftirspurnin eigi enn eftir að aukast og gangi það eftir mun byggðin við botn Eyjafjarðar þéttast og renna saman í eina heild.

Sveitarstjórnir Hörgárbyggðar og Eyjafjarðarsveitar hafa úthlutað öllum skipulögðum byggingarlóðum á vegum sveitarfélaganna og Svalbarðsstrandahreppur hefur sárafáar byggingarlóðir til úthlutunar. Unnið hefur verið að gerð nýs aðalskipulags á árinu fyrir öll sveitarfélögin þrjú með það fyrir augum að fjölga byggingarlóðum en auk þess hyggjast einkaaðilar bjóða upp á fjölda lóða í Eyjafjarðarsveit og Svalbarðsstrandahreppi.

Arnar Guðmundsson, hjá Eignamiðlun Norðurlands á Akureyri, segir einkum tvær ástæður liggja að baki auknum áhuga á búsetu við bæjardyr Akureyrar. „Annars vegar kjósa sífellt fleiri Akureyringar að halda heimili í kyrrð og ró dreifbýlisins, en sinna áfram störfum sínum á Akureyri, og hins vegar sækjast íbúar höfuðborgarsvæðisins í vaxandi mæli eftir að halda sitt annað heimili fyrir norðan. Þeir íbúar Akureyrar sem flytjast búferlum út fyrir bæjarmörkin eru ekki bara einhverjir ríkisbubbar heldur óskóp venjulegt fólk sem vill hafa rúmt í kringum sig en sækir alla þjónustu til Akureyrar. Þetta fólk selur eignir sínar á Akureyri og margir vinna sjálfir við nýbyggingarnar og byggja sér góð hús í sveitinni,“ segir Arnar.

Ármann Jóhannesson, sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akureyrar, segir bæjaryfirvöld ekki hafa tekið ákvörðun um að bjóða upp á stórar einbýlishúsalóðir fyrir þá sem slíkt kjósa. Bæjarsjóður missir því spón úr aski sínum við búferlaflutninga bæjarbúa til nágrannasveitarfélaganna en Ármann segir það pólitískt álitamál hvort bærinn eigi að svara vaxandi eftirspurn eftir stórum lóðum. „Byggingarland bæjarins er takmarkað en dugar þó að minnsta kosti næstu 20 til 30 árin miðað við hefðbundna lóðastærðir,“ segir Ármann.

Til skamms tíma gat einungis efnafólk leyft sér þann munað að halda tvö heimili en með greiðari leið að fjármagni og hagstæðari lánakjörum hefur sá hópur vaxið. „Annað sem er nýtt núna er aukinn áhugi fólks á búsetu austan megin Eyjafjarðar; í Vaðlaheiði gegnt Akureyri og í Eyjafjarðarsveit, allt inn að Hrafnagili. Þetta fólk vill búa í einbýlishúsum, með stóra lóð og njóta lengri sólargangs en á Akureyri og þeirrar kyrrðar og rólegheita sem dreifbýlið býður upp á en vera samt í seilingarfjarlægð frá þjónustunni og afþreyingunni á Akureyri,“ segir Arnar Guðmundsson, fasteignasali á Akureyri. ■



FRÉTTASKÝRING
KRISTJÁN KRISTJÁNSSON
kk@frettabladid.is

Smásjár á tilboði







Tölvutengjanleg myndavélasmásjá.
Tilboðsverð: 12.796,-

Smásjá með ljósi
Tilboðsverð: 2.396,-

Mikið úrval af þroskandi jólagjöfum.

Vefverslun á www.skola.is

Skólavörubúðin

Smiðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

Vaxtarkippur í Svalbarðsstrandarhreppi:

## Áttatíu nýjar byggingarlóðir

Á þessu ári hafa verið skipulagðar byggingarlóðir fyrir rúmlega 20 einbýlishús og hátt í 60 frístundahús í Svalbarðsstrandahreppi; austan megin Eyjafjarðar. Árni Konráð Bjarnason, sveitarstjóri Svalbarðsstrandahrepps, segir framkvæmdir hafnar, eða þeim lokið, við helminginn af íbúðarhúsunum og hátt í þriðjunginn af frístundahúsunum en hann á von á að byggingaframkvæmdir verði enn umfangsmeiri á næsta ári. „Flestar nýbyggingarnar eru fremur stórar og standa beint á móti Akureyri. Margir af þeim sem eru að byggja nýtt einbýlishús eru að flytja frá Akureyri, en sækja þangað vinnu áfram, en einnig er nokkuð um að fjárfestar byggi hús sem þeir hyggjast selja aftur,“ segir Árni Konráð.

Byggingarsvæðin syðst í Svalbarðsstrandahreppi og nyrst í Eyjafjarðarsveit munu renna saman í eitt en bæði verða þau skipulögð af einkaaðilum. „Þó sveitarfélögin eigi ekki landið þá munu þau mælast til þess að eigendurnir gæti þess við skipulag svæðisins að það myndi eina heild,“ segir Árni Konráð.



**NÝBYGGING Í VAÐLAHEIÐI** Ásókn í byggingarlóðir undir frístunda- og einbýlishús, með yfirsýn yfir Akureyri, hefur vaxið mjög að undanförnu í Svalbarðsstrandarhreppi.



**NÝBYGGING Í EYJAFJARÐARSVEIT** Að baki einbýlishússins standa tvö ný hús en veruleg eftirspurn hefur verið eftir byggingarlóðum í Reykárhverfi við Hrafnagil. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Lóðir í Eyjafjarðarsveit:

## Takmarkað landrými

Bjarni Kristjánsson sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar, segir að nýtt aðalskipulag fyrir Eyjafjarðarsveit verði tilbúið með vorinu og þá geti sveitarfélagið boðið upp á fleiri byggingarlóðir. „Eyjafjarðarsveit hefur hins vegar takmarkað rými undir byggingarland og líklega getum við ekki boðið nema 30 til 40 lóðir til viðbótar á eigin landi,“ segir Bjarni.

Byggingarlóðir undir einbýlishús í Eyjafjarðarsveit kostuðu í haust 1,4 milljónir króna en sveitarfélagið bauð 25 prósenta afslátt ef flutt var í húsin innan 18 mánaða frá því að lóðirnar töldust byggingarhæfar. ■

**Veldu Focus** Nýtt tákn um gæði - www.ford.is

Ford
*Nýtt tákn um gæði*

**Vertu Comfort um jólin. Taktu jólatilboði Brimborgar**

# Í dag: Besta verð á Focus.

**Vertu á nýjum Focus um jólin. Komdu í Brimborg.**
**Jólatilboð: Lægra verð, betri kjör, tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar.**

- Meiri afsláttur - lægra verð
- Lægri vextir
- Lægri mánaðargreiðslur
- Lægri útborgun
- Staðgreiðsla fyrir gamla bílinn**
- Meiri staðalbúnaður
- Upphitanleg framrúða án aukakostnaðar
- Comfort framsæti án aukakostnaðar
- Vetrardekkin undir, sumardekkin í skottið án aukakostnaðar

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



Ford Focus Trend 3 dyra 1,6i 5 gíra*
**Jólaverð 1.790.000 kr.**
**Bílasamningur 21.450 kr.**
**Rekstrarleiga 31.900 kr.**

Ford Focus Trend 5 dyra 1,6i 5 gíra*
**Jólaverð 1.845.000 kr.**
**Bílasamningur 22.110 kr.**
**Rekstrarleiga 32.300 kr.**

Ford Focus Trend 4 dyra 1,6i 5 gíra*
**Jólaverð 1.875.000 kr.**
**Bílasamningur 22.600 kr.**
**Rekstrarleiga 32.550 kr.**

Ford Focus Trend Wagon 1,6i 5 gíra*
**Jólaverð 1.890.000 kr.**
**Bílasamningur 22.640 kr.**
**Rekstrarleiga 32.800 kr.**

*Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti.*

*Þú færð án aukakostnaðar vetrardekkin undir bílinn og sumardekkin í skottið.*

*Þú færð án aukakostnaðar rafdrifna hæðarstillingu á ökumannssæti.*

*Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu.*

*Einnig frábært jólaverð á sjálfskiptum Ford Focus - aukalega aðeins 94.000 kr.*

*Jólatilboð Brimborgar*

**Jólin nálgast**
**Kynntu þér greiðslukjörin**
**Komdu í Brimborg**

Jólatilboð Brimborgar. Lægra verð. Betri kjör. Tugþúsundir í aukabúnað án aukakostnaðar. Verðmæti jólatilboðs Brimborgar allt að 195.000 kr., ásamt frábæru verði á sjálfskiptingu.

LÝSING *Lýsing býður viðskiptavinum Brimborgar betri kjör á Ford Focus í tilefni jólanna.*




Þú færð án aukakostnaðar fjölstillanleg Comfort framsæti með mjóbaksstillingu og rafdrifinni hæðarstillingu á ökumannssæti veljir þú nýjan Focus. Aðgengi um Focus er auðveldara og þægilegra, bæði fyrir ökumann og farþega.

Þú færð án aukakostnaðar upphitanlega framrúðu veljir þú nýjan Focus. Þú þarft ekki að skafa framrúðuna í vetur þar sem framrúðan öll er upphitanleg. Ath. öll upphituð!

**Nú er rétti tíminn til að kaupa nýjan Ford Focus. Fáir bílar á jólatilboði Brimborgar. Tilboðið gildir aðeins til aðfangadags 24. desember eða á meðan birgðir endast. Skoðaðu www.ford.is**



*Jólatilboð Brimborgar*

Samfélagsleg ábyrgð Brimborgar er veruleiki. Við bjóðum þér enn lægra verð á Ford Focus. Bílaframleiðendur og fjármálafyrirtæki þekkja nú orðið kröfur Brimborgar um lægsta verð og bestu kjör fyrir íslenskar fjölskyldur sem velja Ford. **Kynntu þér greiðslukjörin.** Nýttu þér jólatilboð Brimborgar. Komdu á öruggan stað. Veldu Ford.

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.****

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur og þokuljós.



**landslag**
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** PÁLL ÓSKARSSON Í SKÚTUKLÖPP

# Níu báta fækkun á tveimur árum

Sú var tíðin að útgerð og fiskverkun var blómleg á Stöðvarfirði. Nú er aðeins ein lítil fiskverkun eftir; Skútuklöpp í eigu þeirra Guðna Brynjars Ársælssonar, Páls Óskarssonar, Grétars Arnþórssonar og útgerðarinnar Lukku ehf.

Skútuklöpp er fimm ára gamalt fyrirtæki, saltaði lengst af fisk og stundar tilraunaeldi á þorski. Nú er saltfiskverkunin að mestu fyrir bí, vegna gengismála. „Það er ekkert upp úr þessari verkun að hafa lengur,“ segir Páll Óskarsson og dæsir. Nú snýst þetta að mestu um þjónustu við báta og fiskmarkað; tveir bátar leggja upp hjá Skútuklöpp eins og er og fiska alveg þokkalega.



Það kynduga við þennan rekstur er að eigendurnir búa allir á Fáskrúðsfirði og aka daglega þessa 25 kílómetra sem eru milli byggðarlaganna. „Þegar við byrjuðum árið 2000 á Fáskrúðsfirði kom eiginlega allur fiskurinn héðan,“ útskýrir Páll og hlær, „og þegar Stöðvarfjörður fékk úthlutað byggðakvóta 2001 fluttum við alla vinnsluna hingað.“ Síðan hefur reksturinn heldur dregist saman og þeir þurft að fækka fólki; eru sjö í kringum þetta núna en voru tíu þegar best lét.

Og sem dæmi um þann samdrátt í sjávarútvegi sem staður eins og Stöðvarfjörður hefur mátt horfa upp á, nefnir Páll að fyrir tveimur árum lögðu ellefu bátar upp á staðnum en eru nú bara tveir eins og áður er getið. Hann er þó ekkert að berja sér; er bjartsýnn á að Skútuklöpp haldi velli. „Þetta rekur sig,“ segir hann og hlær góðlátlega.

**STAÐURINN**
TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## *Stöðvarfjörður*

**Íbúafjöldi 1. desember 2004:** 257
**Íbúafjöldi 1. desember 2000:** 271
**Íbúafjöldi 1. desember 1987:** 335

**Sveitarfélag:**
Austurbyggð (sameining við Fjarðabyggð var samþykkt 8. október)

**Sveitarstjóri:** Steinþór Pétursson

**Helstu atvinnufyrirtæki:**
Saxa-smiðjufélag
Fiskverkunin Skútuklöpp
Verslunin Brekka
Landatangi

**Skólar:**
Grunnskólinn á Stöðvarfirði
Leikskólinn Balaborg

**Vegalengd frá Reykjavík:** 633 km

# Beðið eftir margboðaðri gósentíð

**Geislar hádegissólarinnar slá rauðgullnum bjarma á fannhvíta tinda egghvassra Austfjarðafjallanna þegar við Sigurður Þór Salvarsson og Gunnar V. Andrésson ökum fyrir Gvendarnes milli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar. Fjöllin standa á haus í spegilsléttum firðinum.**



**STÖÐVARFJÖRÐUR** Á Stöðvarfirði eru tvær kirkjur, gömul og ný. Sú gamla sem hér sést er afhelguð og notuð sem gistiheimili á sumrin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það er einstaklega stórbrotið að aka um suðurfirði Austfjarða á frosthægum vetrardegi í léttskýjuðu veðri; láglendið er að mestu snjólaust en snarbrött fjöllin með þverhnípt klettabelti og tignarlega tinda eru snævi þakin þegar ofar dregur. Austfjarðaþokan alræmda lónar skammt undan landi og skríður lævíslega inn eftir fjörðunum. Skrúðurinn skagar upp úr þokunni líkt og hann svífi í lausu lofti.

Leiðin liggur á Stöðvarfjörð; þorp í samnefndum firði sem stendur undir hlíðum Hellufjalls norðanmegin fjarðarins.

**Mannlausir minnisvarðar**

Yfir bænum er friður og ró; stöku jólasería komin upp en fáir á ferli. Hér er snyrtilegt yfir að líta en stóru fiskvinnsluhúsin á kambinum ofan við höfnina eru einkennilega tómleg að sjá. Þau eru enda flest hver mannlaus; minnisvarðar um nýliðna tíð og til sölu að sögn heimamanna. Óvíst um kaupendur.

**Fólkinu fækkar**

Grunnskólinn stendur við Skólabraut, hvað annað og þar er Björgvin Valur Guðmundsson að kenna unglingspiltum ensku. Menn fara úr skónum í forstofunni eins og vera ber. Á veggjum hanga myndverk barnanna; jólasveinamyndir komnar upp enda jólafasta gengin í garð.

Björgvin Valur hefur búið á Stöðvarfirði í sautján ár og þekkir tímana tvenna í plássinu. „Ætli það hafi ekki fækkað hér um hundrað manns á þessum tíma,“ segir hann með hægð og krosslegur hendur á brjósti. „Það fór að fækka um leið og ég kom,“ bætir hann hlæjandi við.

**Gósentíð í vændum**

Vonir standa þó til að öll sú uppbygging sem á sér stað kringum álverið á Reyðarfirði skili sér að einhverju leyti til Stöðfirðinga, ekki síst fyrir tilstilli hinna nýju Fáskrúðsfjarðarganga. „Okkur er sagt af stjórnvöldum að hér eigi að renna upp gósentíð en maður á alveg eftir að sjá það gerast,“ segir Björgvin Valur og glottir. Hann segir fólk á Stöðvarfirði þó þegar farið að sækja vinnu á Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði. „En það er eingöngu vegna þess að hér er enga vinnu lengur að hafa,“ bætir hann við gleðilaust.

**Rólegheit og afslöppun**

En fátt er svo með öllu illt... Björgvin Valur segir örla á auknum áhuga á húsnæði á Stöðvarfirði þó svo að ekki sé mikla vinnu að hafa í plássinu. Og það sé einkum vegna þess að húsnæðisverð á staðnum sé mun hagstæðara en á Reyðarfirði; þar munar allt að helming. „Það er fínt að búa hérna fyrir þá sem vilja rólegheit og afslöppun, en ef menn eru að sækjast eftir dúndrandi næturlífi og slíku er best að leita annað,“ segir hann pollrólegur.



**BJÖRGVIN VALUR GUÐMUNDSSON** Segir íbúa Stöðvarfjarðar vongóða um að áhrifa álversins í Reyðarfirði gæti líka hjá þeim. Þar skipta Fáskrúðsfjarðargöngin öllu máli.

**Fátæklegt félagslíf**

Talið berst að félagslífi á staðnum en Björgvin Valur segir það heldur fátæklegt. „En það gerðist þó ekki í tengslum við þær breytingar sem nú eru að verða,“ segir hann. „Það var orðið mjög lítið fyrir löngu og gerðist einsog annars staðar með videóvæðingunni og upplýsingtækninni; afþreyingin kom bara heim í stofu,“ heldur hann áfram hálfmæðulega.

Og þessu fylgir að öll klúbbastarfsemi á staðnum er nánast aflögð og Björgvin Valur tekur á sig sinn skerf af þeirri þróun. „Það er nú þannig að nánast öll þau félög þar sem ég hef lent í stjórn, hafa lagt upp laupana skömmu síðar,“ segir hann og hlær.

**Pólitískur ferill á enda**

Og þetta má jafnvel heimfæra á sveitarstjórnina þar sem Björgvin Valur hefur lagt hönd á plóg um langa hríð. Hann sat í sveitarstjórn Stöðvarhrepps sem var lagður af við sameininguna við Búðahrepp 2003 og til varð Austurbyggð. Björgvin Valur tók þá sæti í sveitarstjórn Austurbyggðar en hún var lögð af í sameiningarkosningunum í haust sem leið og rennur saman við Fjarðabyggð á næsta ári.

Og þá ætlar Björgvin Valur að láta gott heita. „Mínum ferli í sveitarstjórnarpólitík mun ljúka í vor, ég er búinn að vera að vasast í þessu í ellefu ár og það er alveg hæfilegur tími, jafnvel í það lengsta, það er ekki laust við að farið sé að slá í menn eftir það,“ segir hann og brosir tvíræðu brosi. ■


**Fyrir heimilið, vinnustaðinn og bílinn**



6.698 kr.
Dufttæki 6kg með mæli og veggfestingu



1.056 kr.
Reykskynjari 9V



6.350 kr.
Duftæki 2kg með mæli og bílfestingu



3.459 kr.
Eldvarnarteppi

**Opnunartími í verslun RV:**
Mánudaga til föstudaga frá kl. 8:00 til 18:00
Laugardaga frá kl. 10:00 til 14:00

TUNGLID RV3037

**Eldvarnartæki á góðu verði**



**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



Mjúkir pakkar
á 999 kr.
OPIÐ til kl. 22
í Skeifu, Smáralind, Kringlu, Spöng og á Akureyri.
Hettubolur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 1.999,-
Hettubolur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 1.699,-
Hettubolur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 1.699,-
Vesti st. 7/8-13 999 kr Verð áður 2.499,-
Flíspeysa st. 130-170 999 kr Verð áður 1.999,-
Bolur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 1.999,-
Buxur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 2.999,-
Poncho 2 stærðir 999 kr Verð áður 2.999,-
Peysa st. 92-122 999 kr Verð áður 2.999,-
Buxur st. 7/8-13 999 kr Verð áður 2.499,-
Flíspeysa st. 92-122 999 kr Verð áður 1.699,-
Úlpa flísfóður m/trefli st. 92-122 999 kr Verð áður 3.499,-
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



hagstæðustu he
allt til alls
1299 kr.ds.
Mackintosh 1,6kg.
999 kr.ds.
Mackintosh plastdós
499 kr.pk.
Mackintosh 480gr.
1499 kr.pk.
Celebration konfekt 1kg.
1799 kr.ds.
Cadbury´s Heroes 1,5kg.
1990 kr.ds.
Roses jólasveinadós 1,5kg.
699 kr.stk.
Celebration 465gr. plastbox
bræðir hjartað!
799 kr.stk.
Celebration í kampavínsflösku
seldist upp í fyrra!
599 kr.pk.
Ferrero Rocher jólatré
899 kr.stk.
Baci kassi
299 kr.stk.
After Eight hoodbox
Ljúfir jólatónar og himneskt konfekt
Nóa Síríus konfektkassi og geisladiskur
Geisladiskur með 10 jólalögum sem gefinn er út af Sigríði Beinteinsdóttur í samstarfi við Nóa Síríus
Nói Síríus á 85 ára afmæli í ár og heldur m.a. upp á það með þessum hætti
Diskurinn inniheldur eitt nýtt jólalag eftir Þorvald Bjarna sem sungið er af Sigríði Beinteinsdóttur – 3 lög sem ekki hafa verið sungin áður á íslensku og 6 þekkt jólalög með þekktum flytjendum og endurútsett
Þekktir flytjendur fyrir utan Sigríði Beinteinsdóttur eru Björgvin Halldórsson, Páll Rósinkrans, Andrea Gylfadóttir, Matthías Matthíasson, Helgi Björnsson, Jóhanna Vigdís og Jónsi
Aðeins er hægt að eignast geisladiskinn með því að kaupa sérstakan hátíðarkonfektkassa frá Nóa Síríus sem er 550gr.
NÓI SÍRÍUS
Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 9. til 11. desember. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

# eildarinnkaupin

## fyrir jólin




netto




**ROUTEMASTERAR Í RÖÐUM** Þessum níu metra löngu og fjögurra metra háu strætisvögnum hefur nú verið gefin langþráð hvíld. Tveggja hæða strætisvagnar eru þó ekki með öllu horfnir af götum Lundúna, en þeir eru þó af annarri og nýrri tegund og jafnvel í öðrum litum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# Táknmyndin horfin á braut

## Eitt helsta kennileiti Lundúnaborgar, rauðu tveggja hæða Routemaster-vagnarnir, óku sínar síðustu áætlunarferðir í gær. Liðvagnar munu leysa þá af.

**LUNDÚNIR** Rétt eins og háu lögregluhjálmarnir og rauðu símaklefarnir heyra nú rauðu, tveggja hæða Routemaster-strætisvagnarnir á götum Lundúnaborgar sögunni til. Þeir fóru í síðustu áætlunarferðir sínar í gær en flestir þeirra verða svo seldir.

Allir sem komið hafa til Lundúna þekkja rauðu tveggja hæða strætisvagnanna sem opnir eru að aftan svo auðvelt er að hoppa um borð. Inni í búri sínu situr vagnsstjórinn en miðasali gengur um vagninn og innheimtir fargjaldið.

Routemaster-vagnarnir voru að sjálfsögðu hannaðir og smíðaðir í Bretlandi. Þeir komu fyrst á sjónarsviðið fyrir rúmum fimmtíu árum og þegar mest var voru tæplega þrjú þúsund slíkir vagnar á götum höfuðborgarinnar. Snemma á níunda áratugnum var hins vegar ákveðið að draga úr notkun þeirra þar sem þeir þóttu óhagkvæmir í rekstri og fyrir nokkrum misserum var ákveðið að leggja þeim alveg, einkum vegna þess að fatlaðir og barnafólk áttu í vandræðum með að ferðast með þeim. Liðvagnar leysa þá flestar af hólmi og vitaskuld verða tveggja hæða vagnar enn á Lundúna, þó af annarri og nýrri tegund.

Ekki eru allir sannfærðir um að skynsamlegt sé að hætta notkun vagnanna. Breska rannsóknarsetrið Policy Exchange sagði í skýrslu sinni sem greint var frá í vefútgáfu BBC á dögunum að þeir væru „besta strætisvagnategund sögunnar“ og að aðgengi að þeim væri auðveldara en að flestum sambærilegum tegundum. Þeir þykja auk þess snarir í snúningum þar sem farþegarnir geta stokkið um borð nánast hvar sem er og ekki þarf að eyða dýrmætum tíma vagnsstjórans í að rukka þá um fargjaldið.

Nokkrir Routemaster-vagnar verða áfram í eigu Lundúnaborgar og munu þeir aka á sérstökum leiðum á milli helstu kennileita borgarinnar. Hinir verða seldir hæstbjóðanda og að því er BBC hermir er enginn hörgull á kaupendum. Fjölmörg fyrirtæki hyggjast nota vagnanna í kynningu og markaðssetningu á vörum sínum og safnarar renna hýru auga til þessara hlýlegu farartækja.

Að sögn Peter Newman, eiganda strætisvagna- og rútusölunnar Ensignbus, hefur fyrirtækið selt einn rauðan tveggja hæða vagn á dag undanfarna mánuði og berast fyrirspurnir alls staðar að úr heiminum, ekki síst frá löndum breska samveldisins eins og Ástralíu og Kanada. Vagnarnir fást fyrir lítinn pening, algengt verð er um það bil ein milljón íslenskra króna en það veltur þó á aldri og ástandi vagnsins. Þeir eru hins vegar dýrir í rekstri. Hérlendis myndi kosta hér um bil 13.800 krónur að fylla 130 lítra tanka þeirra af dísilolíu og þeir eru tómir eftir 500 kílómetra akstur. Það er hins vegar bót í máli að í Bretlandi þarf ekki meirapróf til að aka þeim heldur getur hvaða handhafi hefðbundis ökuskírteinis sest á bak við stýrið, svo fremi sem færri en átta farþegar eru um borð.

sveinn@frettabladid.is





hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

# GÓÐIR JÓLAPAKKAR

## GEFÐU GÓÐA GJÖF SEM GLEÐUR



Aringrind
Verð aðeins 7.255.-
Bakki
Verð aðeins 3.921.-



Aringrindur
Verð frá aðeins 4.432.-



Thermos Eldur og ís ferða-gasgrill með kæliboxi 2500W
Verð áður 39.900.-
Verð nú aðeins 24.900.-



Champingaz gasgrill Expert 2 Woody 7000W
Verð áður 22.900.-
Verð nú aðeins 11.900.-



Vindhani
Verð aðeins 14.720.-



Arinsett
Verð aðeins 4.792.-



Char-Broil gasgrill Sequia 7000/8500W
Verð áður 34.900.-
Verð nú aðeins 24.900.-



Daxara 158 kerra
Verð aðeins 98.900.-



Fánastangir:
6 metra stöng
Verð aðeins 26.900.-
7 metra stöng
Verð aðeins 29.900.-
8 metra stöng
Verð aðeins 32.900.-



Daxara 198 kerra m/loki
Verð aðeins 199.900.-



Champingaz pallahitari Garden Sol 11400W
Verð aðeins 26.098.-



Champingaz pallahitari Sunforce með hallanlegum skermi 4900W
Verð aðeins 29.900.-

**Póstsendum um allt land.**

Opnunartími:
virka daga kl. 08 - 18
laugardag kl. 10 - 18
sunnudag kl. 10 - 16

**ELLINGSEN**

GRANDAGARÐI 2 • REYKJAVÍK • SÍMI 580-8500

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Innbrot í heimabanka eru áminning til okkar um að taka okkur á.

## Verum varari um okkur

Íslendingar eru fremur kærulausir hvað varðar ýmiss konar öryggi og tryggingar. Sumpart er þetta fyrirhyggjuleysi merki um ákveðið sakleysi í samfélaginu sem eftirsjá er af ef hverfur. Sumpart er fyrirhyggjuleysið landlægur „þetta reddast“ hugsunarháttur sem er öllu verri, enda þótt hann hafi sinn sjarma einnig.

Annað einkenni okkar er að við erum fljót að tileinka okkur tækninýjungar og beita þeim til að auðvelda okkur lífið. Eitt af því sem Íslendingar tóku fegins hendi eru heimabankar á netinu. Mikið hagræði og þægindi fylgja þessum fyrirbærum og fjölmargir sem áður stóðu í mánaðamótabiðröðum í bönkunum afgreiða sig sjálfir þegar þeim hentar á netinu. Sparnaðurinn af þessu fyrirkomulagi er umtalsverður fyrir samfélagið, fyrir utan þægindin og tímasparnaðinn fyrir hvern og einn.

Bankarnir hafa sífellt aukið þjónustu sem hægt er að nálgast í gegnum heimabankann og um leið hafa þeir gert afar strangar kröfur til öryggis í þessari þjónustu.

*Enn er það ferli að flytja peninga úr landi tiltölulega flókið og því ólíklegt að erlendir þjófar nái að valda usla með aðgerðum sínum.*

Fréttir um innbrot á heimabanka einstaklinga hafa vakið miklar umræður um tölvuöryggi. Í ljós hefur komið að innbrotin eru ekki vegna veikleika í öryggi bankanna, heldur eiga þjófar greiða leið í gegnum einkatölvur fólks. Þráðlaust net hefur rutt sér til rúms og er mikið framfaraskref. Hins vegar er afar algengt að fólk læsi því ekki og óviðkomandi eigi þar með greiða leið. Þar við bætist kæruleysi varðandi vírusvarnir og varnir gegn njósnaforritum.

Fram hefur komið að enn sem komið er verndar einangrunin okkur frá frekari skaða. Enn er það ferli að flytja peninga úr landi tiltölulega flókið og því ólíklegt að erlendir þjófar nái að valda usla með aðgerðum sínum.

Öðru máli gegnir um kreditkort. Með því að komast inn í heimabanka geta erlendir svikahrappar komist yfir innlend kortanúmer sem þeir nýta til fjársvika. Kreditkortasvindl er algengt og eftir því sem viðskipti á netinu aukast, því meiri er hættan á að fólk verði fyrir barðinu á slíku.

Allt ber þetta að sama brunni. Við lifum ekki lengur í einangruðum og saklausum heimi þar sem fjarlægðin frá umheiminum verndar okkur. Heimurinn minnkar á öllum sviðum og það felur bæði í sér ögranir og tækifæri. Sú breyting sem er orðin á heiminum á að hvetja okkur til eðlilegrar varkárni á mörgum sviðum. Þessi breyting má hins vegar ekki verða til þess að við einangrum okkur af ótta við umheiminn og förum þannig á mis við tækifærin sem alþjóðavæðingin og upplýsingabyltingin skapa okkur.

Sem betur fer er hvorki flókið né dýrt að verja sig fyrir óprúttnum tölvuþrjótum. Einfalt er að sækja sér vírusvarnarforrit á netinu og það eitt að opna ekki ókunnug fylgiskjöl í tölvupóstum getur firrt okkur verulegum óþægindum og tjóni.

Innbrotin í heimabanka ættu að verða okkur víti til varnaðar. Eins og í svo mörgu öðru þarf tiltölulega léttvægar varúðarráðstafnir til að verja sig fyrir miklu tjóni. Þótt kæruleysið sé oft sjarmerandi er það því miður oft ansi dýrkeypt.






## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skýrsla veldur titringi

Skýrsla Stefáns Ólafssonar félagsfræðiprófessors um öryrkja og velferð hefur vakið athygli og sterk viðbrögð, ekki síst meðal stjórnarliða. „Skýrsla Stefáns kemur á óvart og veldur reyndar nokkrum vonbrigðum við fyrstu sýn,“ sagði Árni Mathiesen fjármálaráðherra á Alþingi síðastliðinn þriðjudag. Fyrr þann sama dag hafði Einar Oddur Kristjánsson kallað skýrsluna áróðurskennda. Forsætisráðherra hafði einnig sagt að niðurstöðurnar kæmu á óvart.



Tvö ráðuneyti hafa nú andmælt niðurstöðum Stefáns og Tryggvi Þór Herbertsson hagfræðingur, sem samdi skýrslu um fjölgun öryrkja á Íslandi, hefur einnig gert athugasemdir um tölulegar niðurstöður hans.

### Slagurinn um miðjufylgið

Nú er vitanlega hægt að tapa sér í talnaflóði og þrefa um forsendur. Viðkvæmnin gagnvart skýrslu Stefáns á sér þó líklega einnig aðrar rætur en þær að talnagögn hans og niðurstöður séu véfengjanlegar. Tryggvi Þór heldur fram eigin niðurstöðum í Morgunblaðinu í gær; kaupmáttur raungreiðslna á hvern öryrkja hafi hækkað langt umfram kaupmátt launa andstætt því sem Stefán heldur fram. „Hvatar til að leita örorkubóta hafa aukist,“ segir Tryggvi.



Stefán hefur gert samanburðarathuganir á velferðarþjóðfélögum í meira en aldarfjórðung. Í riti, sem gefið var út á vegum norrænu ráðherranefndarinnar í fyrra, bendir Stefán á að íslenska velferðarkerfið fylgi ekki norrænu fyrirmyndinni nema að litlu leyti en hallist í átt að bandaríska kerfinu. Íslenska kerfið sé umfangsminna, ódýrara, veiti minna öryggi og byggist fremur á neyðaraðstoð en grunnhugmyndum um mannréttindi og jöfnuð. Þegar helstu stjórnmálaflokkar landsins hafa lýst því yfir að þeir ætli að sækja fylgi sitt til miðjunnar fyrir næstu þingkosningar mun skipta máli hvort þeir halda fram norrænni eða bandarískri fyrirmynd um velferð.

johannh@frettabladid.is

# Stórhugur í verki

Í DAG
RAUSNARSKAPUR



SÉRA VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON SÓKNARPRESTUR

Allt frá því að byggingarframkvæmdir hófust við Grafarvogskirkju, já reyndar alveg frá því að söfnuðurinn var stofnaður árið 1989, hefur verið rætt um það hve mikilvægt það væri að eignast orgel sem hæfði hinu glæsilega og fallega guðshúsi, Grafarvogskirkju. Ekki þarf að fjalla um mikilvægi þess, að gott orgel sé til staðar í kirkju sem hefur reynst svo frábært tónlistarhús.

Fyrsti organisti Grafarvogssafnaðar Sigríður Jónsdóttir hafði á sínum tíma mikinn áhuga á að söfnuðurinn eignaðist orgel, vandað að allri gerð. Við andlát hennar, en hún lést fyrir aldur fram, var stofnaður minningarsjóður um hana. Skyldi allt söfnunarfé og vextir renna í orgelsjóð kirkjunnar. Ágóði af tónleikahaldi kirkjukórsins hefur síðan runnið í þennan sjóð sem og þeir peningar sem hefur verið safnað í almennum söfnunum.

Vandað orgel sem oft hefur verið nefnt „drottning“ hljóðfæranna er dýrt.

Kirkjan sjálf á ekki mikið fé aflögu, en leggur á það áherslu að standa ávallt í skilum, en það hefur tekist allt frá því að byggingarframkvæmdir við kirkjuna hófust.

Með því að safna eingöngu í orgelsjóð með almennum söfnunum var ljóst að það tæki marga áratugi að safna fyrir orgeli sem hentar stærð þessarar kirkju. Kostnaður við slíkt orgel sem er 40 raddir er um 40 milljónir króna.

Til að freista þess að það tæki ekki um 40 ár að eignast orgel var kallaður saman áhugahópur sem eru sóknarbörn í Grafarvogssókn, til að ræða um hvernig mætti safna fyrir orgeli á stuttum tíma. Þennan hóp skipa þeir Finnur Ingólfsson forstjóri VÍS, Vátryggingafélags Íslands, Ari Edwald framkvæmdastóri Samtaka atvinnulífsins, Gylfi Arnbjörnsson framkvæmdastjóri ASÍ, Alþýðusambands Íslands, Tryggvi Jónsson forstjóri Heklu, tveir fulltrúar úr Kór Grafarvogskirkju þeir Hákon Hákonarson og Valmundur Pálsson, organistinn Hörður Bragason ásamt undirrituðum.

*Öll höfum við á undanförnum árum veitt því eftirtekt hvernig fyrirtæki ofangreindra aðila hafa styrkt listir, íþróttir, líknarfélög, sjúkrahús, æskulýðsstarf og fleiri mikilvæg svið mannlífsins. Hafi þeir heila þökk fyrir.*

Eftir líflegar og frjóar umræður var niðurstaðan sú að leita til þeirra sem á undanförnum árum hafa skapað með einstökum krafti og atorku, nánast nýtt viðskiptaumhverfi fyrir íslenska þjóð. Þessir eru þeir taldir upp í stafrófsröð: Björgólfur Guðmundsson Landsbanka Íslands, Finnur Ingólfsson forstjóri VÍS, Jóhannes Jónsson í Bónus f.h. Baugs.

Þessir höfðingjar og viðskiptajöfrar komu saman í kirkjunni og áttu þar saman ógleymanlega stund. Í kjölfar fundarins tilkynntu þeir að þeir ætluðu að gefa hina höfðinglegu gjöf, „eitt stykki orgel“ Já, hvílíkur rausnarskapur. Öll höfum við á undanförnum árum veitt því eftirtekt hvernig fyrirtæki ofangreindra aðila hafa styrkt listir, íþróttir, líknarfélög, sjúkrahús, æskulýðsstarf og fleiri mikilvæg svið mannlífsins. Hafi þeir heila þökk fyrir.

Þegar tilkynningin um hina höfðinglegu gjöf lá fyrir var leitað til orgelnefndar þjóðkirkjunnar. Frá henni barst bréf þar sem segir meðal annars:

„Strax þegar gengið er inn í Grafarvogskirkju verða menn fyrir sterkum áhrifum af mikilfengleik byggingarinnar.“ Síðan heldur bréfið áfram og segir: „Fyrsta tillaga nefndarinnar er því sú að í lokuðu útboði nokkurra orgelsmiða verði óskað eftir útlits- og fyrirkomulagsúrlausn orgels af þeirri stærð sem húsið þarfnast þ.e. 40 radda hljóðfæri. Áskilinn yrði réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Undir þetta bréf ritar fyrir hönd orgelnefndar þjóðkirkjunnar, Glúmur Gylfason organisti.

Það eru mikil gleðitíðindi fyrir Grafarvogsöfnuð, Grafarvogskirkju og þjóðkirkjuna að eignast enn eitt vandað orgel, en þau eru sem betur fer mörg góð til staðar í kirkjum landsins.

Við þessi tímamót í lífi Grafarvogssafnaðar koma upp í huga minn úr hinni helgu bók orð er segja: „Fagnið fyrir Guði styrkleika vorum, látið gleðióp gjalla Guði Jakobs. Hefjið lofsöng og berjið bumbur, knýið hinar hugljúfu gígjur og hörpur.“ Ekki aðeins koma þessi hugljúfu orð úr heilagri ritningu upp í hugann heldur og orð frelsarans er segja: „Sælla er að gefa en að þiggja.“

Orgelgjöfinni verður veitt móttaka við undirritun samninga eftir orgelmessu þriðja sunnudag í aðventu þann 11. desember kl. 11.00. Eftir messuna verður hátíðarkaffi og veitingar. Allir eru boðnir velkomnir. Með blessunaróskum,


MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

NÚ ER ÞAÐ ÓDÝRT!

# ÓDÝRAR, ÓSAMSETTAR INNRÉTTINGAR

eldhús • bað • fataskápar • þvottahús



Horizon/3000
VERÐ FRÁ KR.
~~299.400~~
**254.490**

## 15% AFSLÁTTUR

### AF HORIZON/3000 – LÁRÉTT OG LÉTT

Ný hönnun frá HTH sem einkennist af fallegum ávölum gripköntum á skápum og skúffum. Innréttingarnar eru klæddar hvítri slitsterkri filmu og hönnunin undirstrikar fegurðina í einföldu samspili hvítra eininga og viðaráferðar. **Nú er einstakt tækifæri að eignast þessa glæsilegu innréttingu með 15% AFSLÆTTI.**

***Líttu inn í HTH Smáralind og sjáðu úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.***



Dekor Hvid Bøg/0600
VERÐ FRÁ KR.
**91.080**



Dekor Kastanie/0800
VERÐ FRÁ KR.
**186.100**



**FRÍSTANDANDI FATASKÁPAR**
*Settu það saman* línan okkar hefur einnig að geyma frístandandi fataskápa í mörgum breiddum sem auðvelt er að setja saman á margvíslegan hátt. Þannig finnur þú ávallt það sem hentar þér.

Model 0600
VERÐ KR.
**18.811**



Smekklegt og hvítt.
VERÐ FRÁ KR.
**189.900**



VERÐ FRÁ KR.
**156.020**



VERÐ KR.
**68.736**



VERÐ KR.
**59.330**

## BJÓÐUM FRÁBÆRT ÚRVAL AF VÖNDUÐUM INNRÉTTINGUM Í ELDHÚSIÐ OG BAÐHERBERGIÐ ÁSAMT FATASKÁPUM Í SVEFNHERBERGI OG GEYMSLUR.

Enginn (eða mjög stuttur) afhendingarfrestur er á innréttingunum svo þú getur bara tekið þær með þér heim.



Átta gerðir af skápahurðum á lager.
ATH!! Teikniforritið finnur þú á heimasíðu okkar: **www.gds-hth.dk**



Baðinnrétting
**36.696**

Á myndinni er eftirfarandi innifalið í verðinu: Skápar, borðplötur með vaski, spegill, og handföng. Verð á handklæðahengi, blöndunartækjum og ljósum er ekki innifalið. Öll verð eru með vsk.

***Settu það saman*** **og notaðu afganginn í AEG eldhústækin!**
AEG heimilstæki á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI þegar keypt er HTH innrétting.




**SETTU ÞAÐ SAMAN** HTH

**ORMSSON**

ORMSSON · SMÁRALIND

Opið virka daga frá 11-19, laugardaga frá 11–18 og sunnudaga frá 13–18. Sími 530 2900

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# Gerir Bónus þjóðinni gagn?

UMRÆÐAN
ÁSTU MÖLLER SVARAÐ



FINNUR ÁRNASON

*Það er athyglisvert að Ásta notar sömu markaðshlutdeildartölu og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Sjálfstæðisflokksins notaði í viðtali við Egil Helgason í Silfri Egils. Frægt er orðið að Kjartan var þátttakandi í atlögu að fyrirtækinu og markmið hans þar öllum ljóst. Hvort Ásta sækir í sömu heimildir eða hafi sömu markmið, skal ósagt látið.*

Í aprílmánuði árið 1989 opnaði Bónus sína fyrstu verslun. Það ár fór 23,5 prósent af ráðstöfunartekjum heimila í matvöru samkvæmt opinberum gögnum. Í kjölfar opnunar Bónus lækkaði matvöruverð á Íslandi um a.m.k. 15 prósent. Viðskiptavinir voru ánægðir með lægra verð á matvöru og fyrirtækinu óx fiskur um hrygg. Ljóst er að aðilar sem misstu hlutdeild eða tekjur við þessar breytingar á matvörumarkaði voru óánægðir. Í þeim hópi voru áberandi nokkrir heildsalar.

Starfsfólk Bónus, sem nú nálgast sjöunda hundraðið hefur staðið vaktina frá fyrsta degi og boðið lægsta matvöruverð landsins hvern einasta dag. Ekki má gleyma að verðlag matvöru á landsbyggðinni hefur lækkað og er nú það sama og á höfuðborgarsvæðinu þar sem verslanir Haga starfa. Fyrirtækið hefur náð stórkostlegum árangri og nú er svo komið að einungis 15 prósent af ráðstöfunarfé heimilanna fer til kaupa á matvöru. Á þessum árum hefur hið opinbera ekki lækkað álögur á matvöru svo neinu nemi.

Bónus er innan fyrirtækisins Haga, sem áður hér Baugur. En auk Bónus er m.a. Hagkaup og 10-11 innan Haga. Hagkaup býður m.a. lægsta verð landsins á fatnaði, skóm, leikföngum, snyrtivöru og skemmtiefni. Fyrirtæki Haga hafa verið leiðandi á ýmsum sviðum og notið velvildar viðskiptavina í ríkum mæli. Viðskiptavinir þessara fyrirtækja hafa valið að eiga við þau viðskipti vegna þess að þau bjóða ýmist, lægsta verðið, besta vöruúrvalið, bestu þjónustuna, langan opnunartíma eða annað það sem viðskiptavinirnir kjósa. Enginn er þar þvingaður til viðskipta.

**Markmið Ástu**

Ásta Möller er þingmaður sem jafnframt rekur einkafyrirtæki sem selur ríkinu þjónustu. Á þinginu vinnur hún að því að móta lög og reglur um hvernig ríkið skuli kaupa af henni þjónustuna. Ekki virðist hún hafa áhyggjur af því fyrirkomulagi, en þungar áhyggjur hefur hún af því að þjóðin geti gert innkaup sín í Bónus. Í þessu samhengi er rétt að minna á að Ásta er eiginkona fyrrum formanns gamla heildsalafélagsins, sem hefur beitt sér í ræðu og riti gegn Baugi.

Í fyrirspurnartíma á alþingi og í fjölmiðlum sagði Ásta Möller að „hér á landi ríki einhvers konar ribbaldakapitalismi eins og í Rússlandi á frumskeiði markaðsvæðingar. Þetta sagði hún í ljósi þess að hér ríkti einokun á matvörumarkaði þar sem Baugur hefði hér rúmlega 60 prósenta markaðshlutdeild“. Auk þess sagði hún að „ef Bretar kalla markaðshlutdeild Tesco einokun, hvaða orð getum við þá notað um markaðsstöðu Baugs“.

Gífuryrðin í okkar garð, læt ég liggja á milli hluta, en rétt að skoða þær staðreyndir sem fram koma hjá þingkonunni. Í fyrsta lagi væri fróðlegt að Ásta tilgreindi þá Breta sem telja að Tesco sé með einokun. Í öðru lagi væri gott að Ásta staðfesti að hún hefði ekki mismælt sig þegar hún segir að hér ríki einokun á matvörumarkaði. Í þriðja lagi er rétt að Ásta leggi fram gögn sem staðfesti rúmlega 60 prósent markaðshlutdeild Haga á matvörumarkaði á Íslandi. Samkvæmt minni bestu vitund er markaðshlutdeild Haga nokkuð lægri.

Það er athyglisvert að Ásta notar sömu markaðshlutdeildartölu og Kjartan Gunnarsson, framkvæmdarstjóri Sjálfstæðisflokksins notaði í viðtali við Egil Helgason í Silfri Egils. Frægt er orðið að Kjartan var þátttakandi í atlögu að fyrirtækinu og markmið hans þar öllum ljóst. Hvort Ásta sækir í sömu heimildir eða hafi sömu markmið, skal ósagt látið.

**Viðskiptavinirnir velja**

Svar viðskiptaráðherra, að það séu samkeppnislög í landinu er eðlilegt og að mínu viti gott. Ég hef haldið því fram að enginn markaður á Íslandi hafi verið undir jafnmiklu eftirliti undanfarin ár og matvörumarkaðurinn. Yfir honum eru vökul augu samkeppniseftirlits, neytendasamtaka, launþegasamtaka, fjölmiðla, keppinauta og ekki síst viðskiptavina. Afkoma fyrirtækja á matvörumarkaði ber það með sér að verðlækkun verður ekki sótt í álagningu matvöruverslana.

Viðskiptavinir hafa kosið að eiga viðskipti við Haga. Á meðan við höldum vöku okkar getum við áfram átt ánægða viðskiptavini. Ef við hverfum af þeirri braut, fara viðskiptavinirnir einfaldlega annað.

Tesco var ekki stærsta verslunarkeðja Bretlands fyrir 10 árum og Bónus var ekki stórt fyrirtæki fyrir rúmum 10 árum. Skýr stefna Bónus í 16 ár, hefur lagt grunninn að velgengni fyrirtækisins. Þar hafa viðskiptavinir hvern einasta dag fengið lægsta matvöruverði á Íslandi.

Jóhannes Jónsson, stofnandi Bónus hefur ítrekað hlotið viðurkenningar frá óháðum samtökum. Stöðugt berast óskir frá einstaklingum víða um land um að Bónus opni þar verslun. Enda fannst mér skemmtilegt að hugleiða spurninguna sem starfsmaður Bónus spurði mig í dag, hvort hefur þjóðin meira gagn af Ástu Möller eða Bónus?

Ásta Möller ætti að vita að það eru viðskiptavinir okkar sem eiga stærstan þátt í því að fyrirtækið hefur vaxið. Þeir eru vel upplýstir og velja þann kost sem býður best hverju sinni. Fyrirtæki Haga hafa verið trú stefnu sinni og njóta mikils trausts á meðal viðskiptavina sinna. Staðfesting á því er að Bónus hefur verið valið vinsælasta fyrirtæki ársins af þjóðinni nokkur ár í röð.

*Höfundur er forstjóri Haga.*

# „Ekki frétt“ um Goðafoss

UMRÆÐAN
LEITIN AÐ GOÐAFOSSI

JÓN EGGERT GUÐMUNDSSON OG VILHJÁLMUR HALLGRÍMSSON

*Tilgangurinn er ekki að baða sig í sviðsljósi fjölmiðla eða skjóta upp flugeldum til fagnaðar yfir því að hafa tekist eitthvað á undan öðrum. Slíkt er líka óvirðing við þá sem létu lífið í þessari hörmulegu árás. Við hyggjumst setja punkt aftan við þessa hryggilegu sögu. Ljúka henni og setja upp viðeigandi minnisvarða um þá sem þarna hvíla.*

Tómas J. Knútsson sportkafari lýsti því yfir í Víkurfréttum að miklar líkur væru á því að hann hafi á áttunda áratug síðustu aldar fundið Goðafoss. Hann sagði jafnframt að undanfarin ár hafi hann verið í samstarfi við þekktan sjónvarpsmann um gerð heimildarmyndar sem meðal annars á að fjalla um fund Goðafoss.

Frá því síðasta sumar hefur hópur manna, áhugakafara og atvinnukafara, unnið að rannsóknum og undirbúningi leitar af Goðafossi. Hópurinn opnaði spjallrás í haust en á henni hefur verið hægt að fylgjast með framgangi verkefnisins. Stuttu eftir að spjallþráðurinn var opnaður hafði Tómas J. Knútsson samband við aðstandanda leitarinnar og sagði að hópurinn hefði ekki leyfi til að kafa í flakið þar sem það væri í hans eigu. Hann ætti skipið! Við nánari athugun kom í ljós að ekkert sannleikskorn reyndist vera í þessari fullyrðingu hans. Skipið er í eigu manna sem eru búsettir á Suðurnesjum og það fékkst staðfest hjá einum þeirra að Tómas á ekkert í skipinu og hefur aldrei átt. Hinsvegar hafa eigendur flaksins fúslega veitt leitarhópnum heimild til að kafa í skipið ef það finnst.

Næst reyndi Tómas að hindra framvindu leitarinnar með því að krefjast þess að hann fengi frið til að vinna að heimildarmyndinni. Hann sagði jafnframt að hann hefði kafað í skipið árið 1984. Það fylgdi sögunni að hann hefði upplýst sjónvarpsmennina um þetta. Einn meðlima leitarhópsins spurði Tómas hvernig á því stæði að sjónvarpsmennirnir, félagar hans, hefðu farið í fyrirferðamikla og kostnaðarsama leit af skipinu með Landhelgisgæslunni ef hann væri, fyrir rúmum tuttugu árum síðan, búin að finna það? Engin svör fengust við þessari áleitnu spurningu. Það skal tekið fram að framleiðandi þáttarins kannast ekki við að hafa heyrt það frá Tómasi að hann hafi fundið skipið.

Fyrir nokkrum dögum síðan sagði hann síðan í samtali við einn aðstandenda leitarinnar hvort ekki væri ráð að hann hæfi samstarf við hópinn um þetta verkefni. Hvers vegna vill hann aðstoða við leit af skipi sem hann segist vera búin að finna? Þessari málaleitan hans var hafnað. Eftir árangurslausar tilraunir Tómasar til að koma í veg fyrir leitina sendir hann fyrrnefnda frétt sem í raun má kalla „ekki frétt“ um það að hann hafi hugsanlega fundið Goðafoss. Það hafa margir leitað af Goðafossi og oft hafa menn talið sig vera nálægt því að finna hann án þess að lýsa því yfir í fréttum að búið sé hugsanlega að finna skipið. Enn er minnt á það að 21 ár er liðið frá því að Tómas segir að uppgötvunina hans hafi átt sér stað.

Tímasetning þessarar „ekki fréttar“ frá Tómasi er engin tilviljun. Að undanförnu hefur mátt sjá á spjallvef leitarhópsins að mönnum hefur orðið vel ágengt í leitinni. Búið er að útvega sértækan tækjabúnað sem auðvelda mun leitina auk þess sem nokkrir bátar eru tilbúnir í verkefnið. Búið er að þrengja hringinn utan um þann stað sem talinn er líklegur til að vera sá staður sem Goðafoss hvílir á. Það skal þó farið varlega í allar fullyrðingar um væntanlegan árangur. Þetta hefur augljóslega valdið einhverjum taugatitringi sjálfskipaðs samkeppnisaðila sem orsakaði síðan þessi fumkenndu viðbrögð. Það er ekkert sem bendir til þess að búið sé að finna Goðafoss. Engar ljósmyndir, kvikmyndir eða hvað það annað sem fært getur sönnur fyrir því að svo sé. Þess vegna mun leit okkar halda áfram.

Leitarhópurinn hefur aldrei ætlað sér að standa í einhverri keppni um leitina að Goðafossi enda lítum við svo á að slíkt sé vanvirðing við þá sem þarna hvíla í votri gröf. Tilgangurinn er ekki að baða sig í sviðsljósi fjölmiðla eða skjóta upp flugeldum til fagnaðar yfir því að hafa tekist eitthvað á undan öðrum. Slíkt er líka óvirðing við þá sem létu lífið í þessari hörmulegu árás. Við hyggjumst setja punkt aftan við þessa hryggilegu sögu. Ljúka henni og setja upp viðeigandi minnisvarða um þá sem þarna hvíla.

Við óskum þess að öllum þeim sem eiga sér þá von að Goðafoss finnist verði að ósk sinni. Við biðjum um að menn haldi sig við staðreyndir. Beri virðingu fyrir verkum hvers annars svo takast megi að finna skipið og láti ekki sérdrægni og óskir um athygli trufla dómgreind sína.

Það sem hér er ritað er stutt framburði fjölda aðila ásamt netpóstum m.a. frá Tómasi. Við óskum Tómasi og öðrum þeim sem hyggja á leit af Goðafossi alls hins besta.

*Höfundar eru kerfisfræðingar og kafarar.*

Brot
af því besta!



ENNEMM / SIA / NM18835

Dunilin gerir þér kleift að töfra fram glæsilega servíettuskreytingu í takt við tilefnið. Fjölbreytt litaúrval auðveldar þér að ná fram þeirri stemningu sem þú leitar eftir.

Í verslunum liggur frammi bæklingur frá Duni þar sem finna má fjölmargar hugmyndir að servíettubrotum og borðskreytingum.

Duni

NÆR TIL 86% HEIMILA

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMIÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA INNSKOTSBLÖÐUM OG EFNI TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag

Í dag er föstudagurinn 9. desember 343. dagur ársins 2005


KRÍLIN





SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar



SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

vísir




Kristjana er listamaður, meðal annars í matargerð. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Hefur þróað eigin saltfiskuppskrift

***Hjónin Kristjana og Baltasar Samper bera fram saltfiskrétt að spænskum sið þegar fjölskyldan safnast saman við laufabrauðsskurðinn.***

„Við höfum alltaf bacalhau í laufabrauðsveislunni,“ segir Kristjana brosandi og heldur áfram. „Það er misjafnt hvenær á aðventunni hún er og fer eftir ferðum fjölskyldunnar. Önnur dóttir mín er að koma heim frá Indlandi í kvöld, hin frá Mexíkó frá morgun svo nú fer að verða laufabrauðsfært! Við höfum verið saman í þessu systurnar tvær frá örófi alda og það er orðið ansi fjölmennt í kringum okkur. Hvor um sig á þrjú börn og makar þeirra mæta og öll barnabörnin til að skera út. Þetta eru milli 25 og 30 manns og ægilega skemmtilegt.“ Kristjana segir þær systur samt ekki hafa alist upp við laufabrauðið. „Við erum ættaðar að vestan og því er mikil hefð fyrir skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu. Þá eru oft um 30 manns hér líka. Á eftir borðum við spænskan eftirrétt sem Spánverjar kalla Flann. Vinkona mín sem er hússtjórnarkennari sagði mér eitt sinn að þessi réttur hefði verið prófstykki í skólanum en hefði yfirleitt fallið en ég var bráðung í mínu hjónabandi þegar ég byrjaði að búa hann til og var bara svo vitlaus að ég vissi ekki að það væri neinn vandi. Enda hefur hann alltaf lukkast.

Kristjana hefur þróað sína eigin bacalhau-uppskrift sem byggist á grilluðu grænmeti og steiktum saltfiski. Hún er fús til að deila henni með lesendum Fréttablaðsins og birtist uppskriftin hér á næstu opnu.

*gun@frettabladid.is*







Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal Mörkinni 1, 108 Reykjavík. Upplifið það nýjasta í innréttingum.

Opnunartími.
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Sími 515 0700
Óteljandi möguleikar

**Fiskur**
er hollur og góður matur. Það er alveg tilvalið að hafa fisk í matinn nokkrum sinnum fram að jólum þar sem kjötát er mjög mikið á flestum heimilum yfir hátíðirnar.



## KRONENBOURG:
### *Þreytt á sætum jólabjór?*




Kronenbourg er ljúfur bragðmildur og góður matarbjór, en ískaldur og sveittur er hann líka mjög svalandi. Ef fólk er orðið þreytt á sætum jólabjórum á aðventunni er Kronenbourg sannarlega góður valkostur! Þessi franski ljúfi bjór er nú á stórlækkuðu verði í tilefni þess að hann fæst nú í sex dósa pakkningu. Sex 500 ml dósir kosta 1.188 kr en einnig er hægt að fá sex 330 ml í gleri á 1.074 kr. Elegant og vandaður bjór fyrir fólk sem er ekki sama um hvað það lætur ofan í sig. Kronenbourg 1664 er langmest selda bjórtegundin í Frakklandi og annar mest seldi Premium bjór í Bretlandi en þar þykir það flott að drekka 1664. Þykir það mikið afrek hjá Frökkum að ná vinsældum í jafnrótgrónu bjórlandi og Bretlandi.

*Lækkað verð í Vínbúðum 179 kr. í 330 ml flösku og 198 kr. í 500 ml dós.*



Jón Kristinn kann vel að meta villibráðarkjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Framandi villibráð selst vel fyrir hátíðarnar

***Úrval af kjöti hér á landi er alltaf að aukast með innflutningi á ýmsum tegundum sem menn hafa hingað til aðeins fengið í framandi löndum eða bara lesið um.***

Jón Kristinn Ásmundsson, matreiðslumeistari hjá Nóatúni, er búinn að prófa að elda hinar aðskiljanlegustu tegundir sem nú má finna í frystiborðum verslana og jafnvel kæliborðum, svo sem kengúrukjöt, skógardúfur, hérahryggi, kanínukjöt, fasana, hjartarkjöt, lynghænur og akurhænur.

Hann lýkur lofsorði á allt þetta kjöt. Kveðst vera forfallinn villibráðarvinur sjálfur og viðurkennir að engin innflutt tegund nái fullkomlega bragði hinnar íslensku villibráðar, rjúpunnar, hreindýrsins og gæsarinnar. Þó finnst honum gaman að prófa eitthvað nýtt en telur hann að það gildi um Íslendinga alemmt? „Já, tvímælalaust. Flestir eru reyndar með nokkuð fastar matarhefðir á aðfangadagskvöld en þegar kemur að áramótunum eru menn mjög opnir fyrir tilbreytingu,“ segir Jón Kristinn. Hann segir hverja nýja kjöttegund hafa sérstakan karakter en þó eigi þær það sameiginlegt að vera safaríkar og bragðgóðar.

„Hérakjötið og hjartarlundirnar



Kengúrukjöt er engu öðru líkt, eins og sambland af nautakjöti og villibráð.

eru líkastar íslenskri villibráð á bragðið. Menn finna örlítið lyng- og berjabragð eins og menn eru yfirleitt að sækjast eftir. Sumar fuglategundir eru þó bragðmildar, svo sem akurhænurnar sem minna á kjúklingakjöt. Kanínukjöt er hvítt líka og kengúrukjötið er mjög sérstakt. Það ber villibráðarkeim en er svipað nautakjöti að ýmsu öðru leyti.“ Jón segir það aðeins bestu bitana af skepnunum sem fluttir eru inn, lundir, fillet og bringur.

En notar hann uppskriftir frá upprunalöndum kjötsins eða fer hann sínar eigin leiðir? „Ég þreifa mig áfram og nota íslenskt timían og aðrar íslenskar kryddjurtir, bláber og annað sem við notum með íslenskri villibráð. Sama er að segja um meðlætið, heimalagað rauðkál, rauðvínslagaðar perur og sultaðan rauðlauk. „Mér finnst það allt ómissandi, líka með þessum nýju tegundum.“

*gun@frettabladid.is*

## Kengúrufillet í villisveppasósu

UPPSKRIFT FRÁ JÓNI KRISTNI ÁSMUNDSSYNI, MATREIÐSLUMEISTA NÓATÚNS.

1 kg kengúrufillet
olía til steikingar
salt og pipar

**Sósan**
1/2 l villisoð (OSCAR)
Smjörklípa
1 dl púrtvín dökkt
1 peli rjómi
1 msk. bláberjasulta
25 g þurrkaðir villisveppir
salt og pipar
smjörbolla (hveiti 100g/smjör 75g)

Kjötið er brúnað á mjög heitri pönnu til að loka því og bakað í 140° heitum ofni í um 15-18 mín., eða þar til kjarnhiti mælist 59° með kjötmæli.

Sósan

Sveppirnir eru lagðir í bleyti þar til þeir verða mjúkir og þá eru þeir saxaðir og steiktir í smjörinu. Púrtvíninu, villisoðinu og sultunni er bætt út í og allt látið malla við hægan hita í 25 mínútur. Bætið þá rjómanum út í og þykkið.

**uppskrift }**

## Brúnaðar kartöflur

SYKURBRÚNAÐAR KARTÖFLUR ERU HEFÐBUNDIÐ JÓLAMEÐLÆTI.

1 kg kartöflur
2 dl sykur
25 g smjör
safi úr hálfri sítrónu
1 dl rjómi
örlítið vatn

Kartöflurnar eru soðnar í 20 mínútur. Sykurinn er brúnaður á pönnu (ekki brenndur), smjör og sítrónusafi settur út í og hrært í á meðan. Slökkt á hellunni og aðeins dokað við áður en rjómanum er hellt út í, í smá skömmtum og hrært í á meðan. Vatnið er sett síðast. Kartöflurnar eru flysjaðar, pannan hituð, kartöflunum velt í sykurbráðinni og látnar sjóða í henni um stund.

Sítrónusafinn og rjóminn gera það að verkum að sykurbráðin harðnar ekki og því þarf ekki að gera hana á síðustu stundu. Þar sem kartöflurnar eru hitaðar í sykurbráðinni er heldur ekki nauðsynlegt að þær séu heitar fyrir.

Þannig er hægt að undirbúa hvort tveggja fyrirfram.




**Ný sending af vínþrúgum**

áman
Skeifunni 11d
Sími 533 1020



**Réttir kvöldsins**
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

| | verð f/ einrétta | verð f/ þriggja rétta máltíð |
|---|---|---|
| **Forréttur** | | |
| **Humarsúpa** *m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði* | kr. 850 | |
| **Aðalréttir** | | |
| **Smjörsteiktur skötuselur** *m/ hvítvínssósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 2.950 | kr. 3.890 |
| **Lambafillet** *m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 2.980 | kr. 3.890 |
| **Nautalundir** *m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu* | kr. 3.150 | kr. 3.990 |
| **Eftirréttur** | | |
| Súkkulaðifrauð | kr. 690 | |

Tilboðin gilda öll kvöld — Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is





**Hátíðarkaffi**

Lokkandi ljúffengan hátíðarilm leggur frá þessari vönduðu blöndu sérvalinna úrvals kaffibauna.

Hátíðarkaffið er í fullkomnu jafnvægi, hefur fágað hunangsmjúkt bragð, mikla fyllingu og eftirkeim af ávöxtum og berjum.

Kaffiáhugafólk ætti ekki að láta þetta kaffi fram hjá sér fara. Kaffið er í frábæru jafnvægi, með meðal fyllingu og einstöku eftirbragði.

Njótið vel !

**Kaffihús:** Laugavegi 24, Smáralind
**Verslanir:** Kringlunni, Smáralind, Laugavegi 27, Suðurveri

TE & KAFFI







Litirnir eru jólalegir. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Óvenjulegt jólahlaðborð

***Maður lifandi er með ýmsa sérstaka rétti á sínu jólahlaðborði sem boðið er upp á í hádeginu í dag og á morgun.***



Karrí rækjuréttur

Þar sem Maður lifandi er matsölustaður þeirra sem einkum aðhyllast grænmeti og fisk á sinn disk er lítið um kjötmeti á jólahlaðborði hans. Þó er þar að finna grafið lamb. Þar eru hins vegar grænmetisréttir eins og jólahnetusteik, rósmarin kartöflubátar, sæt kartöflustappa, og rauðbeður í appelsínusósu. Af fiskréttum ber hæst sítrónumarineraða smálúðu og kókos- og karrírækjur. Það er einmitt síðastnefndi rétturinn sem hér birtist uppskrift af með hlýrri kveðju frá Helgu Mogensen í Manni lifandi.

**Thai karrí rækjuréttur**

1/2 smátt skorin púrra lífræn
100 ml olía rétt í botninn lífræn
2 msk broddkúmen
2 msk karrí
1/2 tsk cayennapipar
1 msk sojasósa lífræn
1 msk sæt chillisósa
handfylli af kóríander ferskum
1/2 blómkálshöfuð smátt skorið lífræn
2 msk sinnepsfræ
rifin engifer ca 2 cm lífræn

Byrjað er á því að hita olíuna örlítið, setja fræin og kryddin út í og steikja þau smá áður en púrra og blómkál er sett saman við. Hrært vel. Þegar grænmetið er orðið mjúkt koma rækjurnar og áfram er steikt í nokkrar mínútur.
Engiferinn kreistur saman við og saxaður ferskur kóríander er hrærður út í rétt áður en rétturinn er borinn fram.
Þessi réttur er góður einn og sér eða með heitu brauði og fersku grænu salati.

## uppskrift }

### Saltfiskur með glóðuðu grænmeti

UPPSKRIFT KRISTJÖNU SAMPER

**1,5 kg þykk og væn hnakkastykki af vel útvötnuðum saltfiski**
**6 stk. rauðar paprikur**
**3 stk. eggaldin**
**2 öskjur vel þroskaðir sherry-tómatar**
**6 stk. laukur**
**3 stk. púrra**
**2-3 stk. rauð chilli (má sleppa)**
**1/2 hvítlaukur**
**steinselja**
**jómfrúarólífuolía**
**hveiti og pipar til að velta fiskinum upp úr.**

Paprikur, eggaldin, laukur, púrra og chile er glóðað t.d. á gasgrilli þar til það er orðið alveg mjúkt og hýðið orðið svart, passið samt vel að það brenni ekki og munið að stinga í paprikurnar og eggaldinið áður en það er glóðað, því annars getur það sprungið á grillinu.
Allt sett hvert í sinn plastpoka og látið kólna þannig að hægt sé að meðhöndla það en þannig losnar hýðið einnig auðveldlega af, þegar grænmetið er afhýtt verið þá yfir sigti með skál undir til að missa ekki safann. Hvítlaukurinn og steinseljan er tætt saman í matvinnsluvél og soðið í u.þ.b. 1 dl af ólífuolíunni ( má alls ekki brúnast ) því næst er þessu hellt jafnt yfir grænmetið sem hefur verið skorið í ræmur og raðað fallega á pönnu eða í eldfast mót ásamt safanum.
Saltfiskurinn er pipraður og velt upp úr hveiti og snöggsteiktur við háan hita í ólífuolíu, raðað ofan á grænmetið og sherry-tómatarnir eru skornir í tvennt og snöggsteiktir með steinselju og smá salti í ólífuolíu og dreift yfir saltfiskinn sem settur er inn í ofn við 220°C í 20 mínútur, borið fram með heimabökuðu brauði eða ítölsku baguette.

# CARMEN: *Fimm ár í röð víngerð ársins í Chile*



Viña Carmen er eitt þekktasta vínfyrirtæki Chile og stendur á traustum grunni, stofnað árið 1850 af Christian Lanz, sem nefndi fyrirtækið í höfuðið á ástkærri eiginkonu sinni, Carmen. Árið 1992 var fyrirtækið endurbyggt og nýjum vínvið plantað með það í huga að ná fótfestu í útflutningi og í dag eru vín frá Carmen seld í yfir 50 löndum. Carmen hefur að mörgu leyti verið brautryðjandi í víngerð í Chile og hefur í fimm ár í röð verið kosin víngerð ársins í Chile.
Í vínbúðum fást fjölmörg vín frá Carmen. Grunnlínan kostar 1.090 kr. og fást vín úr þrúgunum chardonnay, carminére og cabernet sauvignon. Einng eru fáanleg reserve-vín, merlot sem kostar 1.390 kr. og cabernet sauvignon og carmenére cabernet sauvignon á 1.490 kr. Síðastnefnda vínið fékk í fyrra fimm stjörnur í einkunn í hinu virta tímariti Decanter en tímaritið var með sérstaka úttekt á vínum frá Chile.

## bragðlaukar }

### Vín ársins



Wine Spectator hefur valið vín ársins sem að þessu sinni er Insignia Napa Valley 2002. Víngerðarmaðurinn Joseph Phelps framleiðir vínið sem fékk 96 af hundrað í einkunn og sérlega góða umsögn.

### Jólamatur í Ikea

Hangikjöt er á boðstólum í matsölunni í Ikea fram að jólum. Boðið er upp á birkireykt hangikjöt með kartöflum, uppstúfi, rauðkáli og grænum baunum á tæpar 500 krónur og jólaölið góða og appelsínið er á tæpar hundrað krónur.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




birta
Alltaf á föstudögum



# 60%

Jarðarberjabakkinn í Nettó er á 60% afslætti, kostar nú 99 kr. en áður 259 kr.




FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 11. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Egils appelsín 2l | 99 | 159 | 50 | 40 |
| Cocoa puffs 553 gr | 195 | 295 | 353 | 35 |
| Coca cola 2L x4 jólabangsi fylgir með | 595 | 704 | 120 | 15 |
| Maxwell kaffi 500 gr | 198 | 348 | 396 | 45 |
| Mackintosh 1,64 kg + After Eight 200 gr | 1.649 | 1.895 | - | 15 |
| Cheerios 992 gr | 298 | 429 | 300 | 30 |
| Myllu heimilsbrauð | 99 | 149 | 99 | 35 |
| Klementínur 2,3 kg | 298 | 398 | 130 | 25 |
| Bananar | 95 | 149 | 95 | 35 |
| FK hamborgarhryggur úr kjötborði | 998 | 1.398 | 998 | 30 |
| FK Bayonne skinka | 898 | 998 | 898 | 10 |
| Fjallalambs frosið lambalæri | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Fjallalambs hangiframpartur úrbeinaður | 1.298 | 1.776 | 1.298 | 30 |
| Fjallalambs hangilæri úrbeinaður | 1.798 | 2.398 | 1.798 | 25 |

BÓNUS

Tilboðin gilda til 11. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Colgate rafmagnstannbursti | 499 | 799 | - | 40 |
| Veet háreyðingarsett | 599 | 899 | - | 35 |
| Gillette rakvél með batteríi | 998 | 1.198 | 959 | 15 |
| N.F. reyktur og grafinn lax | 959 | 1.439 | 358 | 35 |
| ribena sólberjasaft 1l. | 358 | 398 | 199 | 10 |
| Myllu marensbotnar | 199 | 229 | - | 15 |
| Kristjáns steikingarfeiti | 498 | 598 | 199 | 20 |
| Íslenskar Bónus piparkökur | 199 | 259 | 398 | 25 |
| Bónus hamborgarhryggur | 899 | 998 | 899 | 10 |
| Bónus Malt 500ml. | 69 | 79 | 138 | 15 |
| Bónus appelsín 2l. | 98 | 129 | 48 | 25 |
| K.F. Kofareyktur hangiframpartur | 595 | 699 | 595 | 15 |
| K.F. Kofareykt hangilæri með beini | 1.189 | 1.398 | 1.189 | 15 |




nettó

Tilboðin gilda til 11. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Hamborgarhryggur frá Norðlenska | 699 | 1.468 | 699 | 50 |
| Grísabógur reyktur | 499 | 669 | 499 | 25 |
| Hamborgarar 4 stykki með brauði | 399 | 549 | 399 | 30 |
| Frönsk sveitaskinka | 1.147 | 1.638 | 1.147 | 30 |
| Humar 500 gr blandaður | 499 | 799 | 499 | 40 |
| Humar 2 kg stór | 2.999 | 3.599 | 2.999 | 15 |
| Hindber 125 gr | 159 | 299. | 159 | 50 |
| Trönuber 340 gr | 159 | 299 | 159 | 50 |
| Bláber 125 gr | 199 | 399 | 199 | 50 |
| Jarðaber 200.gr | 99 | 259 | 99 | 60 |

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 13. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu Londonlamb | 1.199 | 1.499 | 1.199 | 20 |
| Bautab. Grísaofnsteik | 1.026 | 1.466 | 1.026 | 30 |
| Goða Dönsk lifrarkæfa 380 gr | 156 | 260 | 410 | 40 |
| Móa Kjúklingaleggir steiktir | 766 | 1.178 | 766 | 35 |
| Móa Gordon blue | 896 | 1.379 | 896 | 35 |
| Móa partí bollur | 766 | 1.178 | 766 | 35 |
| Mars, Twix, Snickers mini | 199 | 229 | 1005 | 15 |
| Maltersers in bag 300 gr | 299 | 399 | 997 | 25 |
| Charmin luxus wc pappír 32 stykki | 999 | 1199 | 31 | 15 |

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 14. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambageiri með fyllingu | 2.690 | 2998 | 2690 | 10 |
| Lambalæri kryddað með ferskum kryddjurtum | 1.398 | 1598 | 1398 | 15 |
| Grísarifjur (spare ribs) | 599 | 829 | 599 | 30 |
| Nóatúns ungnautahakk prepack | 779 | 1298 | 779 | 40 |
| Matfugl kjúklingamánar 300 gr | 349 | 499 | 1163 | 30 |
| Ora hátíðarsíld 500 gr | 399 | 429 | 798 | 10 |
| Nóatúns súkkulaði & myntukökur 450 gr | 359 | 599 | 798 | 40 |
| Nóatúns salthnetusmákökur 450 gr | 359 | 599 | 798 | 40 |
| Nóatúns jólabrauð | 150 | 299 | 150 | 50 |

Þín verslun

Tilboðin gilda til 9. desember

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Heill Kjúklingur ferskur | 398 | 669 | 398 | 40 |
| Hamborgarhryggur með beini | 990 | 1.571 | 1.257 | 40 |
| Londonlamb úrbeinaður frampart | 1.098 | 1.491 | 1.098 | 25 |
| Hangiframpart úrbeinaður kílóverð. | 1.259 | 1.726 | 1.259 | 30 |
| Hangiframpartur Sagaður kílóverð | 898 | 1.220 | 898 | 25 |
| Hangilæri úrbeinaður kílóverð | 1.790 | 2.430 | 1.790 | 25 |




# Þekktu fjármálin þín

***Eitt sem kortaviðskiptin kalla yfir okkur er að við sjáum verr hvað við erum að eyða í enda er auðveldara að rétta fram kortið en telja þúsundkallana upp úr veskinu.***



Fyrsta skrefið í átt að sparnaði er því að læra inn á fjármálin sín. Náðu í banka- og kortayfirlitin síðustu mánuði ásamt launaseðlum og reikningum. Hafðu reiknivél, blað og penna við höndina. Búðu til nokkra útgjaldaflokka sem einkenna daglega lífið þitt. Bílarekstur, matarinnkaup, skemmtanahald (barir, veitingastaðir, leigubílar), fatakaup, kósíkvöld (nammi, gos, DVD-diskar), áhugamálin, reikningar og þess háttar. Brjóttu fjármálin þannig upp í flokka svo að þú fáir betri yfirsýn yfir eyðsluna þína. Úr hverjum flokki ætti að koma heildartala og það er sú heildartala sem einbeitingin á að fara í að minnka. Berðu útgjöldin saman við launaseðilinn. Mismunurinn þar á milli er ekki upphæð sem þú þarft að vinna fyrir heldur upphæðin sem þú þarft að lækka útgjöldin um.

Flokkaðu niður á ný, innan hvers útgjaldaflokks, hvað kalla mætti nauðsyn og hvað kalla mætti óþarfa. Í matarflokknum til dæmis er auðséð að mjólk er nauðsyn en popp er meiri óþarfi. Í bílaflokknum er keyrsla milli A og B nauðsyn, en frá A og upp og niður Laugaveginn óþörf. Skoðaðu hvern flokk með gagnrýnum augum til að átta þig á neyslumynstrinu.

Flestir þeir sem eru að hefja sparnað falla í þá gryfju að byrja of stórt. Það er ekki auðvelt að breyta neyslumynstrinu sínu og því er best að fara hægt af stað. Byrjaðu á einum flokki og settu þér að markmiði að lækka útgjöldin í þeim flokki næstu tvo mánuðina. Leyfðu hinum flokkunum að eiga sig á meðan. Þegar þessi leið er farin, að einbeita sér að einum útgjaldaflokki í einu, fer „eyðslumeðvitundin“ í gang. Þá ertu meðvituð/meðvitaður um hvað þú ert að eyða í. Sértu búinn að telja saman 20 þúsund í krónur í leigubílakostnað yfir helgarnar þá þiggur þú frekar far, sé það í boði, og ferð hálftíma fyrr heim. Ef útreikningarnir sýna að þú eyðir 20 þúsund í hádegismat á hverjum mánuði gætir þú sparað nokkra aura með því að taka með þér nesti í vinnuna þótt það sé ekki nema einu sinni til tvisvar í viku. Þegar þú hefur náð að lækka einn útgjaldaflokkinn þá ræðstu á næsta og svo koll af kolli. Að ári liðnu er gott að gera aðra flokkun og endurskoða fjármálin upp á nýtt. Gullna reglan er að kaupa sér ekkert sem maður á ekki fyrir.

johannas@frettabladid.is

tilboð }

## Ævisögur á afslætti

ÆVISÖGUÁHUGAMENN DRÍFIÐ YKKUR AF STAÐ.

Nú eru bókabúðir Pennans og Máls & menningar búnar að skella sér í tilboðakapphlaupið og bjóða allt að 40 prósenta afslátt af ævisögum. Tilboðið gildir til og með 11. desember. Meðal þeirra ævisagna sem eru á 40 prósenta afslætti eru saga Danadrottningar, ævisaga Sigríðar Þorvaldsdóttur leikkonu, Péturs poppara, Rúnars Júlíussonar og fleiri. Aðrar bækur eru einnig á góðu verði. Einnig er kjörið að nýta sér fría heimsendingarþjónustu bókabúðarinnar sem boðið er upp á til áramóta.



# Úlpur á afslætti til jóla

***66° norður hvetur fólk til að klæða sig vel.***

Nú gefst útivistarfólki kostur á að kaupa sér góðar og vandaðar úlpur á fimmtán prósenta afslætti fram til jóla. Úlpurnar frá 66° norður eru löngu orðnar þekktar fyrir gæði og endingu og henta þær vel til hvers konar útivistar. Um að gera að grípa tækifærið hvort sem er til jólagjafa eða einkakaupa.



66° norður úlpa

tilboð }

## Ódýrt að senda jólapakkann

LANDFLUTNINGAR KOMA TIL MÓTS VIÐ SENDINGARÞÖRF LANDANS Í ÞESSUM MÁNUÐI.

Boðið er upp á að senda jólapakkann fyrir 490 krónur. Verðið gildir sama hvert á land sem er sent. Hámarksþyngd á pakka á þessu verði eru 30 kíló og hámarksstærðin á pakkanum má vera að 0,09 rúmmetrum, eða 45x45x45 sentimetrar. Landflutningar hafa einnig gott orð á sér fyrir að flytja matvæli sem eru góðar fréttir fyrir þá sem þurfa að senda hangikjötið milli landshluta.




# Temprakon hitajöfnunarsængin




## Sængin sem breytir öllu

Nýjar dúnsængur með byltingakenndu efni sem heitir Outlast®. Efnið var upphaflega þróað fyrir búninga geimfara NASA, geimvísindastofnunar Bandaríkjanna, og veitir einstaka hitajöfnun yfir nóttina.
Þegar líkaminn hitnar undir sænginni draga þúsundir Thermocules® (hitafrumur) í sig umframhitann og viðhalda þannig réttu hitastigi undir sænginni. Þegar líkamshiti lækkar síðan aftur, eftir að maður sofnar, losar sængin hitann aftur til baka til líkamans. Þetta ferli tryggir að sama, rétta, hitastigið helst allan tímann sem þú ert undir sænginni. Sængin er fyllt með 100% hreinum hvítum gæsadún frá Síberíu þar sem frost fer í -50°C.






TempraKon heilsukoddar í miklu úrvali. Fást fylltir með gæsadún, latex eða Tempur.



TempraKon yfirdýnan. Tilvalið fyrir heitfenga jafnt sem kulvísa.

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY






Jólagjöfin í ár

www.design.is @ 2005

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16
Sunnudag frá kl. 13-17



# NOTAÐAR VÉLAR



O&K L45,5
árg. '01
notkun 6.000 vst.



Hyundai W95
árg. '03
notkun 2.372 vst.



O&K RH 12,5
árg. '03
notkun 3.900 vst.



Komatsu PC 210
árg. '03
notkun 3.300 vst.



Hyundai 290LC
árg. '02
notkun 3.900 vst.



O&K MH Plus
árg. '90
notkun ca. 11.000 vst.




Lágmúla 9, 108 Reykjavík
S: 899 5549 / 892 3996.



**Jólagardínur** geta verið mjög sætar og á mörgum heimilum er jólaundirbúningurinn fyrst hafinn þegar búið er að setja þær upp. Jólagardínur er einfalt að sauma og efni í þær er hægt að fá í flestum vefnaðarvöruverslunum.















# Jóladúkar undir jólatréð

***Fleira er að finna undir jólatrénu en gjafirnar. Dúkurinn sem tréð stendur á hefur bæði fagurfræðilegt og hagnýtt gildi, sérstaklega ef tréð er lifandi og stendur á gólfteppi – fáa langar að vera enn að ryksuga upp greninálar í júlí.***



Þetta er nýjasta útfærsla Ásdísar Erlu Guðjónsdóttur af jólatrésdúk. Þessi er hannaður sérstaklega fyrir Bandaríkjamarkað, þótt ekki sé ólíklegt að hann höfði til Íslendinga líka.

Sumir eru með afar venjulega, ódýra áprentaða dúka sem hægt er að fá í verslunum eins og Rúmfatalagernum og Garðheimum.

Aðrir leggja mun meira upp úr þeim og búa til dúka sem endast áratugum saman, og geta jafnvel orðið skemmtilegir erfðagripir.

Bútasaumsdúkar eru bæði fallegir og skemmtilegir, og endast vel sem ættargripir. Quiltbúðin í Verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð á Akureyri selur afar falleg mynstur á innan við 1.000 krónur stykkið, en svo þarf að kaupa efnið sér. Bæði er verslunin með erlend mynstur og íslensk sem eru eftir Ásdísi Erlu Guðjónsdóttur.

Ásdís Erla hannar fjölmörg bútasaumssnið og rekur einnig vefverslunina www.fondur.is. Hún hefur hannað þrjú snið fyrir jólatrésdúka; tveir þeirra eru hefðbundnir dúkar sem settir eru undir tréð, en sá nýjasti er settur utan um fótinn.

„Það er hægt að setja hreindýradúkinn utan um fótinn því þannig eru þessir dúkar svo oft í Bandaríkjunum, en ég er nýfarin að flytja vörur út á þann markað,“ segir Ásdís Erla, sem selur sniðin á 895 krónur.

Eins er hægt að sauma út dúk og sækja þá myndirnar í ýmis jólablöð eða útsaumsbækur, eða klippa filtmyndir út og sauma á grófan striga eða líma á. Quiltbúðin selur auk þess bucilla-mynstur í jólatrésdúka, sem geta verið mjög skemmtilegir dúkar úr fílti með pallíettum og fleiru skemmtilegu.

Á hverju hausti halda margir aðilar námskeið í bútasaumi þar sem hægt er að læra að sauma dúk undir tréð, þó að flestum þeirra sé löngu lokið nú. En á næsta ári má alltaf skella sér á námskeið hjá Heimilisiðnaðarskólanum eða Föndur.is.



Sniðið að þessum fallega bútasaumsdúk, hannað af Ásdísi Erlu Guðjónsdóttur, fæst í netverslunninni www.fondur.is.



Quiltbúðin á Akureyri selur bútasaumssnið fyrir fallega jólatrésdúka.



Sniðið af þessum dúk fæst í Quiltbúðinni á Akureyri.












# Mín skoðun

**JÓLAKÖTTURINN TEKUR TIL MJÁLMS**

## Jólalestin kemur í kvöld

Nú hlustum við öll svo hýrleg og sæl, ekki nein köll því áðan barst frétt: jólalestin kemur í kvöld. Jólalestin, full af skemmtikröftum, dansandi björnum, tónlist, allskyns jólafólki og svo auðvitað... svörtum og göróttum drykk. Ég stóð lengi vel í þeirri meiningu að þessi drykkur væri sérstakur jóladrykkur, ég meina, hvað veit ég, sem á ekkert erindi í bæinn nema bara um þetta leyti árs, en er annars bara að lesa Cosmopolitan uppi í fjöllum á milli þess sem ég þræði tískusýningar og hanna mína eigin kattafatalínu. Ekkert réttlæti í því að hundar séu einu gæludýrin sem eru alltaf í dýrindispeysum á veturna. En ég veit semsagt eiginlega ekkert um það hvað þið eruð að gera á öðrum árstímum og mín vegna gætuð þið drukkið glæra eða gula drykki á sumrin, græna á vorin og bláa á haustin. Ég kom hins vegar óvenjulega snemma í bæinn í ár vegna þess hve jólin byrjuðu snemma og þá var þessi svartgörótti drykkur á allra vörum, glösum og hálsum. Svo þessi ágæta lest er ekki að koma í bæinn með neitt nýtt heldur bara meira kók, meira kók, meira kók. Drekkur fólk ekki nóg af kóki allt árið um kring án þess að þurfi að blekkja börn og fullorðna til að halda að það þurfi að drekka enn meira kók núna af því að það kemur með lest, sem er ekki einu sinni nein lest heldur bara margir vörubílar fullir af alveg eins kóki og hefur verið drukkið allt árið um kring? Ekki er það rautt á litinn eða grænt þó vissulega séu umbúðirnar eins á litinn og skartklæði útlenska jólasveinsins, ekki er það með grenibragði eða kanil eða engifer heldur bara sínu gamla kólabragði. Jólalestin kemur í bæinn, full af sama gamla kókinu sem allir eru búnir að vera að drekka allt árið og enginn munur á því núna og fyrr í haust.

Hnuss og fuss, má ég þá frekar biðja um syngjandi jólatré sem búið er til úr allskonar lituðu fólki sem syngur um ást og von.

Lifið heil.


Við kaup á ALNO eldhúsinnréttingu

Velur þú þér jólagjöf:



United -LTV27 27"
LCD Breiðtjaldssjónvarp
Verðmæti: kr.79.000,-

eða

Simens TK60001
Expresso kaffivél
Verðmæti: kr.75.054,-



Jólagjöfin afhendist í desember og eldhúsinnréttingin eftir eigin ósk á næsta ári. Tilboðið gildir til 20.desember 2005

Láttu þér líða vel með ALNO



PANORAMA
ELDHÚS • TÆKI • BAÐ • FATASKÁPAR
. . . . miðstöð innréttinga
Síðumúla 30 • 108 Reykjavík
s. 553 6400 • f. 553 6403 • panorama@panorama.is • www. panorama.is

OPIÐ
Virka daga kl. 10 - 18
Laugardaga kl. 11 - 14






Jólasveinahúfa m/bjöllu 0-3 ára 795 kr
Jólanáttgalli 0-12 mánaða 1.495 kr
Jólabangsi 995 kr

adams

Smáralind sími 517-5330 www.adams.is adams@adams.is






Jólasveinarnir koma kl. 11-15 til okkar á laugardag.

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT
KORNIÐ
BAKARÍ

Margar tegundir af gómsætum smákökum

Borgartún 29, 105 Rvk. • Hrísateigur 47, 105 Rvk
Hjallabrekka 2 • 200 Kóp.
Lækjargata 4 • 101 Rvk



Nýtt
ICETREND OUTLET
MIKIÐ AF ÞEKKTUM VÖRUM Á LÁGU VERÐI

NÝ LÍNA Á ÍSLANDI
Lill F
fyrir dömur

Leiðbeiningar
Síðumúli
Fellsmúli
ICETREND OUTLET

ATH! NÝR OPNUNARTÍMI:
MÁNUDAG – MIÐVIKUDAGS 11 – 18
FIMMTUDAG 11 – 21
FÖSTUDAG 11 – 18
LAUGARDAG 10 – 16
SUNNUDAG 10 – 16 (AÐEINS Í DESEMBER)



allt atvinna
Alla sunnudaga

**Jólatilboð**

20 % afsláttur af öllum dömu- og herrasloppum föstudag, laugardag og sunnudag

**GULLBRÁ,** Nóatún 17 s. 562-4217

**JÓLATILBOÐ**

**Merkt handklæði með upphafsstöfum eða nafni**

VERIÐ

Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is



**618-100** nýjast ELBA ofninn, hefur "pyrolitic" hreinsikerfi, hárnákvæman elektróniskan hitastilli og fullkomið kerfisval. Ofninum fylgir pizzasteinn.

Kerfisval:
- Ofnljós
- Blástur án hitunar (affrysting)
- Yfir- og undirhiti
- Heitur blástur (bakstur o.fl.)
- Grill (glóðarsteiking)
- Grillteinn (grillað á teini)
- Tvöfalt grill m/blæstri (pizza)
- "pyrolitic" hreinsikerfi,

Fullt verð kr. ~~99.900,-~~

Jólatilboðsverð kr. 69.990

(á meðan birgðir endast)

ELBA

ELDAVÉLAR - INNBYGGINGAROFNAR - RAF- OG GASHELLUBORÐ
ELDHÚSVIFTUR - VEGGHÁFAR - UPPÞVOTTAVÉLAR

**Ítölsku ELBA tækin eru falleg, fullkomin og vönduð. Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins.**

Friform

Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




Desember er mesti annatími hárgreiðslustofa því allir vilja líta snyrtilega út þegar haldin eru hátíðleg jól. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Jólaklippingin pöntuð í ágúst

***Hjá mörgum hárgreiðslustofum er allt orðið uppbókað fyrir jólin en þó má finna einn og einn lausan tíma á ýmsum stofum. Sumir panta tíma í jólaklippingu í ágúst.***

„Þetta er stærsti mánuður ársins hjá okkur. Núna eru sjö af tíu klippurum uppbókaðir og í vikunni fyrir jólin eru allir uppbókaðir. Ég hef verið í þessu í þrettán ár og þetta er alltaf svona," segir Kristján Kristjánsson, einn eigandi hárgreiðslustofunnar Rauðhetta og úlfurinn.

Svipaða sögu hafa flest allar stóru hárgreiðslustofurnar í Reykjavík að segja. Að sögn starfsmanns Mojo er byrjað að panta tíma í jólaklippingu hjá ákveðnum hárgreiðslumönnum í ágúst en á þeim bænum eru nú byrjaðir að myndast biðlistar. Hildur Árnadóttir einn eigandi Toni & Guy segir að það sé einnig allt uppbókað hjá þeim fyrir jólin og að sumir hárgreiðslumenn séu uppbókaðir með jafnvel þriggja mánaða fyrirvara.

Svavar Örn sem nýlega opnaði hárgreiðslustofuna Senter segir að allt sé löngu uppbókað hjá honum en einhverjir tímar séu lausir hjá öðrum á stofunni. „Fólk hefur verið að panta tíma mun fyrr en venjulega. Fólk er að verða mun varkárara og byrjar því að panta tíma mun fyrr. Þetta er samt mjög skemmtilegur tími og ég passa mig á því að kúnnarnir fái ekki minni tíma um jólin."

„Það er því ekki enn orðið vonlaust mál að fá sér sína jólaklippingu. Þeir sem enn hafa ekki pantað tíma ættu þó að fara að gera það því síminn stoppar ekki," segir Jón Atli hjá hárgreiðslustofunni Gel.

*steinthor@frettabladid.is*



Hárgreiðslustofan Gel stendur í stórræðum fyrir jólin eins og aðrar hárgreiðslustofur.
















## Verslun



**Nýtt!! Nýtt!!**
Venus erotic store. Var að lenda 10-16 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



Jóla og gjafavörur í miklu úrvali. Opið alla virka daga 10-18 og fimmtudaga frá 10-20 og laugardag 11-18. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.

## Ýmislegt

**Tímasetningar**
Hvað veit ég? Ég veit að draugavél flýgur til þeirra staða í heiminum, þar sem pyntingar eru leyfilegar við yfirheyrslur ...
**Margrét Lóa Jónsdóttir**
**Bókaútgáfan Salka**




## Jólaskemmtanir



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.



Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

## Hreingerningar




Tökum að okkur heimilis - flutnings - stigagangaþrif - teppahreinsun - bónvinnu og gluggaþvott. S. 846 0410 kl. 14, 892 9295.

**Heimilisþrif**
Tökum að okkur vikuleg heimilisþrif. Upplýsingar í síma 824 1455.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru s. 699 3301.

## Ræstingar




**Heildarlausn fyrir húsfélög og fyrirtæki**
Reglubundin þrif stigahúsa og fyrirtækja Gluggaþvottur, teppahreinsun, bónvinna. og fl. Húsfélagaþjónustan ehf s: 863 8855 husfelag@husfelag.is www.husfelag.is

Tökum að okkur ræstingar á stigagöngum og heimilum, erum vandvirkar. Uppl. í s. 865 8967.

## Bókhald

Reikningshald, skattskil, fjármálaþj, stofnun félaga. SMCO-Reiknishald og Ráðgjöf. S. 866 1605.

## Málarar

Stigahús - íbúðir - nýsmíði eða endurmálun. Föst verðtilboð. Arnar málarameistari. S. 893 5537.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Uppl. í s. 896 6148.

**Vantar þig málara?**
Get bætt við mig verkum, endurmálun á íbúðina, stigagangana eða gluggana. Örugg og vönduð vinna. Uppl. í s. 821 1333.

## Búslóðaflutningar




Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.




Handklæðaofnar í miklu úrvali
**Ofnasmiðja Reykjavíkur**

Glæsileg undirföt fyrir jólin frá Vanity Fair
**Persónuleg þjónusta.**

Ynja Hamraborg
Nýi kortadiskurinn kominn í verslandir.
**Landmælingar Íslands.**

Fékkst þú Fréttablaðið heim í morgun?
Ef ekki, láttu okkur vita í síma 550-5000.
**Fréttablaðið.**

Hanskar, hanskar.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Teinótt og einlit jakkaföt 19.900.
**Verslun Guðsteins, Laugavegi.**

Góðan daginn.
**Herrafataverslun Birgis.**

Flauelsbuxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Hefur þú heppnina með þér fyrir jólin?
**Jólahappaþrennan er komin á sölustaði.**

Gönguskór í jólapakkann.
**Útilíf.**

Öll verk á netinu.
**Galleri Lind, Bæjarlind.**
**Galleri-Lind.is**

Munið meðmælagönguna og útifundinn í dag
í tilefni af jólafríi þingmanna.
Gangan heldur af stað frá Hallgrímskirkju
klukkan hálf fimm og útifundurinn hefst klukkan fimm.l
Við mælum með einu samfélagi fyrir alla.
Ekkert um okkur án okkar.
Íslendingar, sýnum samstöðu.
**Öryrkjabandalag Íslands og Landssamband eldri borgara.**

Machintosh og jólatrésdúkur fylgir öllum jólatrjám fimmtudag til sunnudags.
**Blómaval.**

Jólin þín byrja í
**IKEA.**

Nú er rétti tíminn til að klára jólakortin
til vina og vandamanna.
30 prósent afsláttur af öllum jólakortum.
**Blómaval.**

Netverslun Tæknivals: tæknival.is
Opið allan sólahringin, netverslun Tæknivals. tæknival.is
**Tæknival.is**
**Frábær netverslun.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, grænmetisborgari, Grænmetisborgari.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Ókunám í fjarnámi.
**ekill.is**

Ránið eftir Gunnhildi Hrólfsdóttur
**Útgefandi.**

Glerslípivélar, glerskerar, bræðsluofnar.
**Gler-í-gegn.**

Bingó í kvöld. allir velkomnir.
**Vinabær.**

Fallegir kvenskór og töskur.
**Gull í grjóti, Skólavörðustíg.**

Buffpíta.
**Pítan Skipholti.**

Lene-Bjerre auglýsir!
20% afsláttur af jóladúkum og jólaskrauti.
**Lene-Bjerre, Bæjarlind 6.**

Auðvitað vilja börn bækur.
**Bókabúð Máls og Menningar..**

Afnemum virðisaukaskatt af öllum DVD-myndum.
**Hagkaup.**

Nýjasta plata Ragnheiðar Gröndal á 1699.
**Hagkaup.**

Opið í Elko til kl. 22 alla daga til jóla.
**Elko Smáratorgi og Skeifunni 7.**

Opið til 22 öll kvöld til jóla í Smáralind, Skeifu og Kringlu. Jólatré og kaupauki um helgina.
**Blómaval.**

Nýjasta plata Matta á 1699.
**Hagkaup.**

Ferðatöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**

Nýjasta plata Óskars Péturssonar á 1699.
**Hagkaup.**

Hamborgarabúlla_Tómasar, ekkert stress.
**Hamborgarbúlla Tómasar.**

Nýjasta plata Bergsveins á 1699.
**Hagkaup.**

Nýjasta plata Ellenar og KK á 1699.
**Hagkaup.**

Bingó í kvöld kl. 19:15.
**Vinabær, Skipholti 33**

Full búð af nýjum vörum.
Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Kvenskór og töskur.
**Gull í grjóti, Skólavörðustíg.**

Kjúklingapíta.
**Pítan Skipholti.**

Réttu stærðirnar.
**Belladonna.**

Hárspangirnar fást í
**Skarthúsinu Laugavegi.**

Rýmingasala.
**Villtar og vandlátar, Laugavegi 41**

Carters föt á litla barnið.
**Móðurást, Hamraborg.**

Auðvitað vilja börn bækur.
**Penninn-Eymundsson.**

Jólaóratoría Bachs
flutt í heild með barokkhljómsveit laugardag og sunnudag.
Aðeins þetta eina sinn.
**Hallgrímskirkja.is**

Glæsileg undirföt fyrir jólin frá Vanity-Fair. Persónuleg þjónusta.
**Ynja, Hamraborg.**

Handklæðaofnar í miklu úrvali.
**Ofnasmiðja Reykjavíkur.**

Allt til víngerðar.
**Áman.**

Frábærar! Húfur sem hlæja,
**Laugavegi 70.**

Jakkaföt
**Herrafataverslun Birgis.**

Opið laugardag
**Herrafataverslun Birgis.**

Fjölbreytt úrval.
**Gler-í-gegn.**

Jólahappaþrennurnar eru komnar á sölustaði.
Gleðileg jól.
**Happaþrennan.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni og næg bílastæði.
**Spöngin-Grafarvogi.**

Veldu góða skó.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Frábær þjónusta á skíðasvæðinu í Tindastól.
**Sauðárkróksbakarí, skagafjordur.is**

Jólavörur
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Opið til 22 til jóla.
**IKEA.**

Vertu þú sjálf.
**Vertu Belladonna.**

Glæsilegar konfektkörfur.
**Vínberið Laugavegi.**

Fartölvutöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**

100% ánægja- kynningarafsláttur í Útilífsbúðunum fram að áramótum á Adidas hlaupaskóm.
**Útilíf.**

North Face í jólapakkann.
**Útilíf.**

Nýtt kortatímabil.
Opið til 22.
**IKEA.**

Fjöldi nýrra platna á 1699.
**Hagkaup.**

Hamborgarabúlla Tómasar, glóðasteiktir búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Öll jólakort með 30 prósent afslætti.
**Blómaval.**

Verið velkomin í Spöngina.
Þægilegur verslunarkjarni fyrir jólin.
**Spöngin, Grafarvogi.**

Stígvél í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Gjafavörur.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Leðurkventöskur.
**Tösku- og hanskabúðin.**
Vandaðir ullarfrakkar 15.900

**Verslun Guðsteins, Laugavegi.**

Vertu Belladonna
**um jólin.**

Inniskór í úrvali.
**Iljaskinn Háaleitisbraut.**

Bingó í kvöld.
**Vinabær.**

Kalkúnapíta.
**Pítan, Skipholti.**

Alpahúfurnar fást í
**Skarthúsinu, Laugavegi.**

Fallegar jólagjafir fyrir litla krílið.
**Móðurást, Hamraborg.**

Ítölsk silkibindi 2.200
**Verslun Guðsteins, Laugavegi.**

Jólaskreytingar.
**Birkihlíð, Kópavogi.**

Húfur, vettlingar og treflar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Náttsloppar, náttföt, stakar náttbuxur.
**Verslun Gðsteins, Laugavegi.**

Leðurjakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Stakar buxur.
**Herrafataverslun Birgis.**

Glerlist.is
**Gler-í-gegn**

Opið til sex um helgar.
**IKEA.**

Jólin eru komin í frönsku búðinni. Opið frá kl. 10-22 í Kringlunni.
**Franska búðin du pareil au meme, Laugavegi og Kringlunni.**

Grænmetispíta.
**Pítan Skipholti.**

Stakir jakkar
**Herrafataverslun Birgis.**

Síðasti örugg skiladagur á jólapökkum til Evrópu
er þriðjudagurinn 13. desember. Komdu tímanlega með jólapakkann.
**Pósturinn.**

Löng, flott hálsmen og krossar.
**Skarthúsið, Laugavegi.**

Vegas, opið öll kvöld.
**Vegas.**

Hamborgarabúlla_Tómasar.
Förum Varlega.
**Hamborgarabúlla Tómasar.**

Vegas, skemmtilegur staður.
**Vegas.**

**Eitt símtal – meiri útbreiðsla – lægra verð**

Hringdu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á BLT (Bylgjunni, Létt og Talstöðinni) og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.

**KONUR HLUSTA**

**83% íslenskra kvenna undir fimmtugu stilla á Bylgjuna, Létt 96,7 eða Talstöðina á viku og heyra því samkeyrðar auglýsingar.**

**Auglýstu þar sem markhópurinn þinn er að hlusta - á þremur stöðvum í einu.**

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimil-id.dk 0045 24609552

**Gisting í Reykjavík.**
Hús með öllum búnaði. Heitur pottur. Uppl og pantanir í síma 588 1874 eftir kl.. 18:00. www.toiceland.net og travel@toiceland.net

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka Bifvélavirki**
Loftorka óskar eftir að ráða bifvélavirkja á verkstæði sitt. Leitað er eftir vönum manni með reynslu í viðgerðum vörubíla og vinnuvéla. Fyrirtaks vinnuaðstaða. Fæði á staðnum og heimkeyrsla. Einungis er leitað að manni með réttindi.
**Upplýsingar hjá Brynjólfi Brynjólfssyni verkstæðisformanni í síma 565 0876.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**Hagkaup Garðabær**
Okkur vantar öfluga einstaklinga til að vinna á kassalínunni hjá okkur á kvöldin og um helgar. Ef þig vantar vinnu þá er spurning og að hringja í hana Eyrúnu í síma 565-6400 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.




SUBWAY

**Subway opnar í Hamraborg**
Subway Hamraborg vantar fólk í kvöld og helgarvinnu. Vaktavinnu, sveiganlegur vinnutími.
**Umsóknir á öllum Subway stöðnum og á netinu subway.is.**

10-11 ...þegar þér hentar

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Áhugasamir geta einnig snúið sér til verslunarstjóra í verslunum okkar.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt störf er að ræða sem vaktstjórar og útimenn. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Áhugasamir geta einnig snúið sér til stöðvarstjóra í verslunum okkar.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

kynning ...sjáumst!

**Vegna aukinna verkefna**
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 898-9903. Einnig má senda umsóknir á thoranna@kynning.is eða á kynning@kynning.is

**Leikskólinn Blásalir Árbæ.**
Óskum eftir starfsmanni í 100% starf sem fyrst.
**Uppl. gefur leikskólastjóri Margrét í s 557-5720. Gsm 695-9796.**

Þarf ekki að huga því í tíma hvernig á að borga jólavísareikninginn. Ef þú hefur áhuga og 2 klukkutíma, hringdu þá í 699-1114

**Bónus-Tjarnavöllum-kassastarfsmaður.**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslun fyrirtækisins í Bónus að Tjarnarvöllum í Hafnarfirði. Áhugasamir geta sótt um í verslun eða á www.bonus.is

Óska eftir undirverktaka eða mannskrafti við uppsteypu á fjölbíli og geta byrjað STRAX, vinsamlega hafið samband í síma 8961074

**Just-Eat.is**
Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Múlakaffi leitar að starfsfólki í uppvask og eldhús. uppl. í síma 5536737

**Hrói Höttur**
Hringbraut. Óskar eftir starfsfólki í allar stöður. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Aldur 18 skilyrði. Fólk eldri en 30 ára sérstaklega velkomið. Uppl. í s. 849 4756 og umsóknareyðublöð á staðnum.

Starfsmenn vantar á bónstöð í hlutastarf í Desember. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 899 4443.

**Veitingahúsið Skólabrú**
Óskar eftir starfsmanni við uppvask. Uppl. hjá Hendrik í s. 562 4455.

**Komdu að vinna hjá okkur**
Óskum eftir vönum beitingamönnum sem allra, allra fyrst! Uppl. í síma 899 1667.

**Atvinna - Atvinna**
Deildarstjóra vantar í Rúmfatalagerinn Holtagörðum. Upplýsingar gefur Njáll í síma 820-8001

## Atvinna óskast

Get bætt við mig verkefnum í allri almennri trésmíði. Uppl. í s. 869 9633.

Húsasmíðmeistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 897 5347.

Er 21 árs kvk sem leitar að vinnu, helst skrifstofustarf, hef lokið skrifstofu-og rekstrarnámi í NTV en er til í að skoða allt. Uppl. í s. 848 6596 Karen.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Tímasetningar**
. og svertinginn kemur með töflurnar og dregur frá á sama tíma á hverjum morgni, ég fagna nýbúum; hef alltaf elskað lífið
**Margrét Lóa Jónsdóttir Bókaútgáfan Salka**

## Einkamál

ÆVILI AF SÖMU SAMBANDI
TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



DVD
MAZURKA
PA SENGEKANTEN
Allar rúmstokksmyndirnar
Eru loksins komnar á DVD
Frábært danskt grín og erótík
norskur og sænskur texti
1 stk. kr. 2990
allar 5 kr. 12.850

GRENSÁSVIDEO.IS
Grensásveg 24
Pantanasími 568 6635
Opið alla daga 15.00 – 23.30

**Tímasetningar**
... ég er gamall maður sem hefur yndi af bókum, ég fórnaði ást minni án þess að depla auga
**Margrét Lóa Jónsdóttir Bókaútgáfan Salka**

**Tímasetningar**
. og svertinginn kemur með töflurnar og dregur frá á sama tíma á hverjum morgni, ég fagna nýbúum; hef alltaf elskað lífið
**Margrét Lóa Jónsdóttir Bókaútgáfan Salka**

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Nýtt nýtt. Engin þarf að vera makalaus á Íslandi ! www.makalaus.is Partý og matarklúbur á síðunni.

**Símadömur óskast!**
Vegna mikillar aukningar leitar Rauða Togið samastarfs við "spennandi" símadömur. Frekari uppl. á vef, www.rauda-torgid.is (Atvinna í boði > Símadömur) og í s. 552-3349.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

Breyttur afgreiðslutími í Skaftahlíð 24

Virka daga kl. 8–18.
Helgar kl. 11–16.

Fíton/SÍA F014416

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
OG ER OPINN ALLA DAGA FRÁ KL. 8–22.

DV FRÉTTABLAÐIÐ VÍSIR

# UPPÁHALDSSTAÐURINN:
## *Breytilegur eftir aðstæðum*

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir á sér engan sérstakan uppáhaldsstað. Það er að segja, þeir eru það margir að hún getur ekki valið úr.

„Það er breytilegt og fer eftir tíma og aðstæðum hverju sinni," segir Ingibjörg Sólrún. „Til dæmis á föstudagskvöldum er sófinn heima hjá mér fyrir framan sjónvarpið í miklu uppáhaldi. Uppáhaldsstaðurinn á sumrin undanfarin ár hafa verið Hornstrandirnar. Og þessa dagana, þegar jólin færast nær, þá er nú eiginlega bara heimili mitt uppáhaldsstaðurinn, þar myndi ég helst vilja dvelja sem mest."



**HORNSTRANDIRNAR OG SÓFINN HEIMA HJÁ HENNI ERU TVEIR AF UPPÁHALDSSTÖÐUM INGIBJARGAR SÓLRÚNAR GÍSLADÓTTUR.**

## VISSIR ÞÚ

...að harðasta efni mannslíkamans er glerjungur?

...að táknið „að gefa fingurinn" er yfir 2.000 ára gamalt?

...að fyrstir til að gefa fingurinn voru Forn-Grikkir?

...að fyrstir til að gefa tvo fingur upp í loft voru Englendingar á miðöldum? Þetta gerðu þeir til að minna Frakka á yfirburði bogmanna sinna.

... að þegar Frakkar náðu Englendingum skáru þeir af þeim vísifingur og löngutöng?

...að handabandið er upprunnið á miðöldum en þá hristu menn hendur hvor annars til að fullvissa sig um að engin vopn væru falin uppi í ermum?

...að til að lyfta meðalmanni með helíumfylltum gasblöðrum (líkt og þeim sem fást á 17. júní) þyrfti um 5.100 blöðrur?

...að hraði byssukúlu, sem skotið er úr venjulegum riffli, er 840 m/s eða 3024 km/klst?

...að sé kúlunni skotið beint í loft upp kemst hún 2,4 km áður en loftmótstaða og þyngdarafl stöðva hana og hún tekur að falla?

...að það tekur kúluna 20 sek að komast í 2,4 km hæð?

...að á leiðinni til baka verður hraði kúlunnar ekki meiri en 70 m/s vegna loftmótstöðu?

# SJÓNARHORN



Keyrt undir regnboga á Lækjargötunni í morgunsárið. Ljósmynd/E.ÓL






57% 37% 20%

MEÐALLESTUR UNDIR 50 ÁRA

TÖLUR SKV. GALLUPKÖNNUN Í OKTÓBER 2005

# Varanlegt forskot

SAMKVÆMT GLÆNÝRRI KÖNNUN GALLUP HELDUR FRÉTTABLAÐIÐ YFIRBURÐUM SÍNUM Í LESTRI!

Íslenska þjóðin velur Fréttablaðið og er bilið langbreiðast meðal fólks undir 50 ára. Markaðskannanir sanna að fólk á þessum aldri stendur fyrir um 85% af einkaneyslu auk þess að vera líklegra til að láta kynningarefni hafa áhrif á kaup sín.

**Fréttablaðið er áhrifaríkasti auglýsingamiðillinn!**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn!

# Siðbót sjálfstæðismanns?

**UMRÆÐAN**
SKIPULAGSMÁL



**STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON**

Frambjóðandi í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík á dögunum lýsti því yfir að hann sæktist ekki eftir fjárstuðningi frá byggingaverktökum og gaf þar með í skyn að það gæti verið varasamt fyrir stjórnmálamann að taka við fé úr byggingabransanum. Það væri hins vegar í lagi að þiggja fé frá öðrum.

Af þessu tilefni er eðlilegt að fólk velti því fyrir sér hvað liggi að baki þegar aðrir frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins, þ.e. þeir sem ekki höfðu þennan fyrirvara á styrk frá byggingaverktökum, lýsa yfir skoðunum í skipulags- og byggingarmálum. Nú vil ég ekki halda því fram að fé sem fyrirtæki veita frambjóðendum í prófkjörsbaráttu móti skoðanir þeirra eða afstöðu í tilteknum málum. Yfirlýsing hins siðbætta sjálfstæðismanns er þó á sama meiði og margra annarra um að fjárstuðningur af þessu tagi geti sett stjórnmálamenn í vanda því það geta alltaf vaknað spurningar um heilindi. Og það er náttúrulega misskilningur hjá sjálfstæðismanninum að það sé eitthvað verra að taka við fé frá byggingaverktökum en einhverjum öðrum.

Þessi umræða á fyllilega rétt á sér. Borgarstjórn úthlutar ýmsu verðmætu til fyrirtækja í borginni. Það er ekki bara land til að byggja á, heldur er það aðstaða undir starfsemi af ýmsu tagi, ákvarðanir um skipulagsmál sem hafa veruleg áhrif á fyrirtæki og borgarbúa, starfsleyfi fyrirtækja og eftirlit með starfseminni, og kaup á ýmiss konar vörum og þjónustu fyrirtækja. Við þekkjum það af nýlegum fréttum erlendis frá að fjárframlög og hagsmunaþrýstingur geta haft skaðleg áhrif og einstaklingar hafa þurft að taka pokann sinn þegar upp hefur komist að peningarnir hafi haft óeðlileg áhrif. Það ber þó að undirstrika að það gilda mjög ákveðnar reglur um innkaup borgarinnar, um meðferð fjármuna og um það hvernig ýmsar ákvarðanir eru teknar.

Þær reglur sem segja til um hæfi eða vanhæfi sveitarstjórnarmanna til að taka ákvörðun í málum taka ekki beinlínis á því sem hér er rætt um. Fólk verður í raun að eiga þetta við samvisku sína. En það hlýtur að vera eðlileg spurning í framhaldi af orðum frambjóðanda Sjálfstæðisflokksins - og í raun eðlileg spurning almennt séð - hvort þeir sem hafa þegið fé frá byggingaverktökum verði ekki að víkja sæti þegar mál er varða umrædda verktaka eru til umfjöllunar í nefndum eða ráðum borgarinnar. Og þá hvort ekki sé rétt að fulltrúar víki almennt sæti ef mál er tengjast fyrirtækjum sem þeir hafa þegið fé frá eru til umfjöllunar.

Þetta hljóta að vera eðlilegar vangaveltur. Í framhaldi af því mætti spyrja hvort ástæða væri til að setja um þetta einhverjar sérstakar reglur, t.d. um það að frambjóðendur upplýsi um það hverjir hafi stutt þá fjárhagslega, ef um slíkt er að ræða, og í hve miklum mæli. Fyrirtæki eru rekin með hagnað að leiðarljósi og það má spyrja hvort þessir styrkir skapi þeim jafn mikinn arð og aðrir peningar. Af því leiðir að það hlýtur að vera eðlileg spurning hvort ástæða sé til að setja svona fjárstuðningi einhverjar skorður – og í það minnsta að hafa hann allan uppi á borðinu.

*Höfundur gefur kost á sér í þriðja sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

allt
jólin koma
Alla þriðjudaga
til laugardaga

Töfra
tæki
Magimix matvinnsluvélin
léttir þér lífið



vilborga@centrum.is

magimix

Magimix matvinnsluvélin er óvenjulega stílhreint, kraftmikið og endingargott töfratæki fyrir alla þá sem kunna að meta gæði og góðan mat. Vélin er sérstaklega auðveld í notkun og hárbeittir stálhnífar tryggja fullkominn skurð.

Verð frá: kr. 17.190 stgr.

GJAFABRÉF

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is



3
2
1

Einfaldleiki
fyrir þína afþreyingu

Bose 321 GSX: **Bose kynnir 321 GSX, nýtt DVD heimabíó**

Bose 321 GSX DVD heimabíó er fullkomin og notendavæn lausn til að njóta tónlistar og kvikmynda.

**Aðeins tveir litlir hátalarar til jafns við fimm**

Tveir litlir „Gemstone" hátalarar í broddi fylkingar og falinn „Acoustimass" magnari veita þér upplifun sem líkist hefðbundnu fimm hátalara heimabíókerfi. Munurinn er þó sá að þú ert laus við bakhátalara og snúrur í þá.

**Þinn eigin plötusnúður**

321 GSX er enn fremur búið uMusic sem er þinn eigin plötusnúður. Þú hleður tónlistinni af geisladiskunum, og geymir allt að 200 klst. af þinni tónlist. uMusic lærir á þinn smekk, veit hvað þér líkar og spilar það sem þú vilt heyra.

Með færri einingum og snúrum í lágmarki fellur Bose 321 GSX auðveldlega að þínu heimili.

uMusic
Intelligent Playback System

Kiktu í verslun Nýherja, Borgartúni 37,
og heyrðu hljóminn í Bose.

Opið alla virka daga frá 09:00 – 18:00
og á laugardögum frá 10:00 – 16:00.

BOSE
Better sound through research.

NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is


30–90%
3.270kr
Bókatíðindaverð 4.680,-
30%* afsláttur
5. sæti** Skáldverk
1.990kr
Bókatíðindaverð 2.990,-
33%* afsláttur
3. sæti** Almennt
Marenza Poulsen bakar og býður upp á heitt súkkulaði föstudag kl. 17-19 í Smáralind
2.980kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
2. sæti** Almennt
33%* afsláttur
Óttar Sveinsson áritar föstudag kl. 18 á Akureyri
6. sæti** Ævisögur
2.793kr
Bókatíðindaverð 3.990,-
30%* afsláttur
3.480kr
Bókatíðindaverð 4.980,-
30%* afsláttur
8. sæti** Almennt
3.140kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
30%* afsláttur
2 geisladiskar fylgja bó
2.74
Bókatíðindaverð
50%* afsláttur
3.244kr
Bókatíðindaverð 4.990,-
35%* afsláttur
1. sæti** Ævisögur
490kr
Bókatíðindaverð 4.490,-
90%* afsláttur
4.990kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
62%* afsláttur
1.950kr
Bókatíðindaverð 2.9
35%* afsláttur
* Afsláttur reiknast af Bókatíðindaverði.
** Samkvæmt sölulista Morgunblaðsins 29.nóv.-5. des. 2005.
Gildir til 12. desember eða á meðan birgðir endast.

# afsláttur af vinsælum bókum

## Allar nýjar bækur fást í Hagkaupum, yfir 400 titlar

**OPIÐ til kl. 22**
í Skeifu, Smáralind, Kringlu, Spöng og á Akureyri.




2.970 kr
Bókatíðindaverð 4.980,-
40%* afsláttur
Kristján Hreinsson áritar laugardag kl. 14-16 í Kringlunni sunnudag kl. 14-16 í Kringlunni




7.788 kr
Bókatíðindaverð 12.980,-
7. sæti** Almennt
40%* afsláttur




2. sæti Metsölulisti Hagkaupa
1.999 kr




2.480 kr
Bókatíðindaverð 4.280,-
42%* afsláttur
10. sæti** Ævisögur


3.980 kr
Bókatíðindaverð 5.990,-
3. sæti** Ævisögur
33%* afsláttur




3.130 kr
Bókatíðindaverð 4.480,-
30%* afsláttur
9-10. sæti** Skáldverk




1.743 kr
Bókatíðindaverð 2.490,-
30%* afsláttur




1.980 kr
Bókatíðindaverð 2.980,-
9-10. sæti** Barna
33%* afsláttur




1.736 kr
Bókatíðindaverð 2.480,-
30%* afsláttur
3. sæti** Barna
Bergljót Arnalds áritar laugardag kl. 15 í Smáralind




1.980 kr
Bókatíðindaverð 2.980,-
33%* afsláttur
Jón Víðis sýnir töfrabrögð laugardag kl. 13 í Kringlunni og kl. 16 í Smáralind sunnudag kl. 13 í Smáralind




1.743 kr
Bókatíðindaverð 2.490,-
2. sæti** Barna
30%* afsláttur
Kristín Helga og Guðrún árita laugardag kl. 13:15-14 í Smáralind og kl. 14:30-15:15 í Kringlunni

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Reykjavík, Selfoss og Héðinsfjarðargöng

UMRÆÐA
GANGAGERÐ

ALBERT JENSEN



*Hvað þarf mörg slys og skaðlegt umferðaröngþveiti til að opna augu ráðamanna fyrir nauðsyn lagfæringa? Hvergi er brýnni þörf að flýta framkvæmdum. Tvær akreinar í hvora átt með auðu svæði á milli, munu bjarga mannslífum fyrir utan allt hitt.*

Fyrir átján árum fór ég til silungsveiða með vinum á báti frá Siglufirði til Héðinsfjarðar. Frá botni fjarðarinns tekur við allmikill og lítt snortinn dalur með stóru vatni. Lítill skiki skilur á milli vatns og fjarðar. Öðrum megin veiðist silungur, hinum megin þorskur. Örfá eyðibýli eru í þessum fágæta dal, en þangað er aðeins fært sjóleiðis og gangandi og trúlega best að þannig fái það að vera sem lengst.

Nú hafa þingmenn fárra, fengið framgengt ranglátri og fljótfærnislegri milljarða gangagerð utan hringvegar. Leiðin milli gangaopanna lægi fyrir botni dalsins og þar með væri vernd fjalla og sjávar horfin. Það gæfi óupplýstum unglingum og andlega skertum ökuföntum fjór- og mótorhjóla tækifæri til að eyðileggja, en með ólíkindum er hvað mikið er til af þessari tegund umhverfisskemmdarvarga. Sorglegt er hve margir þingmenn láta sér á sama standa ógnvænlegt fjáraustur í ótímabærar framkvæmdir sjálfum sér til framdráttar.

Vitað er að ágreiningur er um þessi göng meðal íbúa svæðanna, því önnur leið er talin hagkvæmari. Barátta þingmanna fyrir byggðarlög sín um naumt fé til vegagerðar, virðist sjaldnast miðast við þjóðarhag. Allt sýnist snúast um að halda sæti sínu á þingi, hvað sem það kostar þjóðina. Mig undrar að á sama tíma og vanhugsuð ákvörðun um gerð Héðinsfjarðarganga er staðreynd, skuli ein fjölfarnasta leið landsins afskipt. Mér skilst að utan Reykjavíkur sé hvergi meiri umferð en á milli Selfoss og höfuðborgarinnar. Þeir skipta þúsundum sem fara daglega þar á milli, en um Héðinsfjörð færu sárafáir. Tíð slys og dauðsföll, urðu til að hálfopna augu ráðamanna fyrir þeirri staðreynd að vegurinn milli þéttbýlustu svæða landsins bar ekki umferðina. Selfoss hefur vaxið hraðar en nokkurn óraði fyrir. Það er staðreynd sem jafnvel grunnhyggnustu þingmenn eiga að gera sér ljósa. Hættulegir staðir eiga að hafa forgang umfram þá sem æskja aukinna þæginda. Óshlíðarvegur er stórhættulegur og svo er um fleiri skriðuvegi, en leiðin milli Reykjavíkur og Selfoss er ekki bara lífshættuleg, hún er fjölförnust. Flöskuhálsarnir sem valda daglegum töfum fyrir fólkið sem sækir vinnu á staðina, þreytir, pirrar og afleiðingarnar eru eftir því.

Hvað þarf mörg slys og skaðlegt umferðaröngþveiti til að opna augu ráðamanna fyrir nauðsyn lagfæringa? Hvergi er brýnni þörf að flýta framkvæmdum. Tvær akreinar í hvora átt með auðu svæði á milli, munu bjarga mannslífum fyrir utan allt hitt. Selfossbær er mest vaxandi staður landsins og einn af þeim sem mögulega geta leitt pólítíska spátrunga hjá sér. Það er nefnilega með ólíkindum hve margar óheillakrákur laðast að pólitík, en með þeim komast svona snarvitlausar framkvæmdir í gegn.

Orð mín eru fljót að sanna sig. Óhæf peð óhæfra stjórnálamanna, hafa þegar valdið þjóðinni hundruðum milljóna króna skaða með fyrirhyggjuleysi og vankunnáttu. Útboð í göngin sem hætt var við eftir að tilboð bárust, höfðu enga haldbæra fyrirvara. Vegna vanhæfra, dæmist þjóðin til að greiða hundruð milljóna fyrir ekki neitt. Pólitískur réttrúnaður má ekki hafa forgang umfram hæfni, eins og stjórnmálastarfsemin er alræmd fyrir.

*Höfundur er trésmiður.*

TÓNLISTARHÁTÍÐ Á JÓLAFÖSTU Í HALLGRÍMSKIRKJU 2005

JOHANN SEBASTIAN BACH

Jólaóratórían I-VI

BWV 248



*Fyrsti heildarflutningur á Íslandi með barokkhljóðfærum*

**Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran
**Sesselja Kristjánsdóttir** alt
**Eyjólfur Eyjólfsson** tenór
**Ágúst Ólafsson** bassi

**Schola cantorum**
**Alþjóðlega barokksveitin**
**frá Den Haag í Hollandi**

Stjórnandi: **Hörður Áskelsson**

**10. des.** Laugardagur kl. 17 — Kantötur I-III
**11. des.** Sunnudagur kl. 15 — Kantötur I-III
**11. des.** Sunnudagur kl. 18 — Kantötur IV-VI

**Miðaverð: 3000 / 2500 kr.** • Jólaóratóríutvenna (fyrir þá sem vilja heyra Jólaóratóríuna alla): 5000 kr.
Miðasala í Hallgrímskirkju • sími 510 1000

LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU

# Eitt samfélag fyrir alla

UMRÆÐAN
KJÖR ALDRAÐRA

ÞORLEIFUR GUNNLAUGSSON



*Samtök aldraðra og öryrkja hafa markað sér sess sem framsækin baráttusamtök Þau hafa iðulega dregið vagninn í baráttu láglaunafólks fyrir mannsæmandi kjörum. Þess vegna er mikilvægt að sem flestir taki höndum saman og mæti í meðmælagönguna.*

Átakshópur öryrkja, Öryrkjabandalag Íslands og Félag eldri borgara í Reykjavík og nágrenni efna til meðmælagöngu og útihátíðar í dag í tilefni þess að þá verður væntanlega síðasti starfsdagur Alþingis fyrir jól. Safnast verður saman á Skólavörðuholtinu við Hallgrímskirkju upp úr kl. 16.00 og haldið í skrúðgöngu niður Skólavörðustíg uns numið verður staðar á Austurvelli.

Það er hugur í fólki og til eftirbreytni að þessir tveir stóru hópar skuli sameina krafta sína og koma þannig tvíefldir til leiks.

**Aldraðir engu kraftminni en ungliðarnir**

Undirritaður var staddur á almennum fundi um kjara- og hagsmunamál eldri borgara fyrir stuttu og það verður að segjast eins og er að sá kraftur og sú samstaða sem finna mátti í troðfullum salnum fengi hvaða ungliðahreyfinu sem er til að blikna.

Það kemur mér ekki á óvart að þessari þróttmiklu hreyfingu með víðlíka samtökum öryrkja skuli hafa tekist að ná kjarabótum í formi eingreiðslna eins og samið var um á vinnumarkaði. Eindreginn brotavilji ríkisstjórnarinnar er hins vegar augljós og birtist m.a. í þeirri ákvörðun að láta þessar greiðslur sæta skerðingum hjá þessum hópum.

Aldraðir nálgast það að vera einn tíundi hluti þjóðarinnar og stór hluti þeirra sem og flestir öryrkjar mynda stærstan hóp þeirra sem mest eiga undir högg að sækja í samfélaginu. Sameiginlegur vandi er sá að tekjurnar eru undir mörkum þess að hægt sé að lifa mannsæmandi lífi og svo hinn að hið opinbera axlar ekki þá ábyrgð að skapa viðunandi aðstæður hvað varðar húsnæði og aðgengi. Lífeyrir almannatrygginga hefur ekki hækkað í samræmi við aðrar launahækkanir og skattbyrði á lægstu laun hefur stóraukist. Lægstu laun, sem fyrir nokkrum árum voru skattlaus, eru nú skattlögð þar sem skattleysimörkin hafa í raun lækkað.

Hér á höfuðborgarsvæðinu höfum við lengi mátt búa við langar biðraðir inn á öldrunarstofnanir og stofnanir fyrir fatlaða. Því miður höfum við líka þurft að horfa upp á mannréttindabrot þar sem brotið hefur verið á friðhelgi einkalífsins og lyf jafnvel notuð til að leysa félagslegan vanda. Ýmiss konar aðgengi er heft. Það gildir um sjónskerta jafnt sem heyrnarskerta. Hreyfihamlaðir mega búa við það að komast ekki inn í fjölmargar opinberar byggingar, hvað þá aðrar og svo mætti lengi telja. Þannig er mörgum fötluðum gert illkleift að leggja sitt af mörkum til samfélagsins og mikill mannauður fer til spillis.

**Of lág laun í umönnunargeira**

Aldraðir og öryrkjar hafa verið skildir eftir í hinu svonefnda góðæri undanfarinna ára. En það má reyndar segja um fleiri. Stór hluti fólks á vinnumarkaði þarf að sætta sig við mjög lág laun. Þetta hefur skapað það vandamál að gott fólk sem gjarnan vill starfa að aðhlynningu, sér sig tilneytt til að leita eftir störfum sem eru betur launuð. Skortur á fólki til að sinna öldruðum og öryrkjum er ekki síður tilfinnanlegur en hann er á leikskólum og frístundaheimilum sem menn hafa einkum beint sjónum sínum að að undanförnu. Til að mynda veldur mannekla því að ekki hefur reynst unnt að opna nýja og glæsilega álmu á Droplaugarstöðum nema að hluta til.

Það getur reynst erfitt að meta mikilvægi starfa. Hvor er til að mynda mikilvægari, manneskjan sem býr barnið undir framtíðina, sá sem kemur heim til alsheimersjúklingsins í hverju hádegi og hjálpar honum að borða eða hinn sem kann skil á vísitölum í kauphöll. Ég velkist ekki í vafa um svarið og held að innst inni séum við flest sammála um að vilja ekki mismuna umönnunarhópum í óhag. Það skortir hins vegar á að við sýnum þennan vilja okkar í verki.

Samtök aldraðra og öryrkja hafa markað sér sess sem framsækin baráttusamtök Þau hafa iðulega dregið vagninn í baráttu láglaunafólks fyrir mannsæmandi kjörum á undanförnum árum. Þess vegna er mikilvægt að sem flestir taki höndum saman og mæti í meðmælagönguna á fimmtudaginn og taki hátt undir kjörorð dagsins „ekkert um okkur án okkar“ og „Eitt samfélag fyrir alla“.

*Höfundur er formaður Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs í Reykjavík.*

## AF NETINU

### Framfarir

Hannes [Ottósson] lýsti hugdirfsku margra stórmenna við upphaf tuttugustu aldar þar sem fremstir fóru í flokki Hannes Hafstein og Einar Benediktsson. Frelsi og framfarir voru lykilhugtök í málflutningi Hannesar og mátti skilja það sem svo að þetta tvennt hafði gert Ísland að því lífsgæða stórveldi sem það væri í dag. Hugsjónir og framkvæmdir héldust í hendur, togarar stímdu á miðin, bændur hringdu á næsta bæ og bættar samgöngur skutu landsmönnum í gegnum kókaínæstar æðar þjóðarlíkamans. Það er hraði, það er bruni, já það eru framfarir! [...] Undir lok fyrirlestrarins var eina spurningin sem kom upp í huga mér þessi: „Hvað ertu að reyna að selja mér?“

**Jón Þór Pétursson á kistan.is**

### Enginn spyr

Leikhópurinn „Á senunni“ er mætur hópur, sem hefur skilað góðu verki, og kemur sterklega til greina þegar næst verður úthlutað styrkjum til frjálsra leikhópa. Og með Kolbrúnu Halldórsdóttur við stjórnvölinn má eflaust vænta enn einnar kraftmikillar sýningar hópsins.
Eru hér hagsmunaárekstrar? Enginn spyr að því. Enginn fréttamaður spyr Kolbrúnu hvort eðlilegt sé að hún, öflugur þátttakandi í starfi frjálsra leikhópa, sé sem þingmaður að æsa sig yfir framlögum til þeirra. Sem kannski er allt í lagi. Þingmenn eiga nefnilega að geta fjallað um mál þó hægt sé að benda á einhverja slíka hagsmuni sem þeir kunna að hafa af niðurstöðum. En það sem kannski er áhugaverðara er spurningin um það hvenær fréttamenn hafa áhuga á hagsmunatengslum og hvenær ekki.

**Vefþjóðviljinn á andriki.is**

### Húrra fyrir Þorgerði

Nýtt frumvarp um Ríkisútvarpið var samþykkt af þingflokkunum í gær og dregur nú aldeilis til tíðinda. [...] Án gríns þá minntu aðferðir innheimtunnar og rannsóknarvinnan á bak við hana á einhvers konar austur-evrópskan grínþátt eða Spaugstofuplott. Raftækjaverslanir voru skikkaðar til að senda innheimtudeildinni tilkynningu um sjónvarpskaup og þá tímaspursmál hvenær afnotagjaldatöffararnir fóru á stjá og bönkuðu upp á hjá fólki. Nú ef svo óheppilega vildi til að kveikt var á sjónvarpi með RÚV á var voðinn vís - börnin sátu grátandi með ásökunaraugun á foreldrum sínum sem rétt eins og óprúttnir glæpamenn höfðu ekki greitt af sjónvarpinu. [...] Húrra fyrir Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra!

**Dröfn Ösp Snorradóttir á tikin.is**

### Af hverju, Geir?

Afhverju er Geir H. Haarde utanríkisráðherra svona hundslappur gagnvart Bandaríkjamönnum varðandi fangaflugvélarnar sem hafa misnotað Ísland til að flytja meinta hermdarverkamenn til landa þar sem pyntingar eru notaðar við yfirheyrslur?
Afhverju leggur Geir H. Haarde ekki lóð Íslands á vogarskálar algildra mannréttinda með því að banna allt yfirflug og umferð um íslenska lögsögu af hálfu flugvéla sem liggja undir grun um að hafa stuðlað að brotum á alþjóðlegu banni við pyntingum?
Afhverju beitir Geir H. Haarde sér ekki fyrir að íslensk stjórnvöld framfylgi íslenskum hegningarlögum og hefji opinbera rannsókn á því hvort fangar hafi verið fluttir um íslenska lofthelgi?

**Össur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur/**

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



# Jólahelgi í Dýraríkinu

## 35% afsláttur af völdum vörum í öllum verslunum Dýraríkisins um helgina











## Jólatilboð 20% afsláttur*

fiskabúra, hamstrabúra og fuglabúra-pakkar með öllu sem til þarf

*gildir út desember





# DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668
Skútuvogi 16 (Blómavalshúsinu) s:5680020
Akureyri (Blómavalshúsinu) s:4612540
www.dyrarikid.is

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15 5.190 +0,57%**

**Fjöldi viðskipta:** 195
**Velta:** 2.057 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Fl Group** | +1,79% | **SÍF** | -0,96% |
| **Bakkavör** | +1,77% | **Atorka Group** | -0,85% |
| **Össur** | +1,33% | **HB Grandi** | -0,52% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 49,50 +1,00% ... Bakkavör 51,90 +1,80% ... FL Group 17,10 +1,80% ... Flaga 4,95 +0,00% ... HB Grandi 9,50 -0,50% ... Íslandsbanki 16,70 +0,00% ... Jarðboranir 24,10 +0,00% ... KB banki 663,00 +0,60% ... Kögun 60,00 +0,00% ... Landsbankinn 23,90 +0,00% ... Marel 64,60 +0,00% ... SÍF 4,14 -1,00% ... Straumur-Burðarás 15,60 +0,70% ... Össur 114,00 +1,30%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

**Lögmætir peningar**
„Lögmætir peningar eru áritaðir af Seðlabanka Íslands.“ Þannig hljóðaði auglýsing á Rás 2 í gær frá söluturninum Dalsnesti í Hafnarfirði. Þarna mun vera á ferðinni Sigurður nokkur Lárusson sem er einn af örfáum kaupmönnum sem tekur ekki við greiðslukortum og hefur lengi barist fyrir því að koma bankakerfinu í markaðsumhverfi. Þeir sem þekkja til verslunarreksturs komast fljótt að raun um að viðskiptahættir kortafyrirtækjanna eru ekki eins og í flestum samkeppnisgreinum. Til dæmis verður kaupmaður að taka við báðum kortategundum. Þóknun til kortafyrirtækja er reiknuð sem hlutfall af veltu ogverður þóknunin lægri eftir því sem velta eykst. Velta af VISA kortum nokkuð hærri en af Mastercard í flestöllum tilvikum. Hlýtur það að teljast sérkennileg samkeppni að minni aðilinn á markaði tekur hlutfallslega meira til sín en sá stærri. Getur þetta verið af því að bankarnir eiga kortafyrirtækin?



**Verðmætur Jón**
FL Group gerði nýja kaupréttarsamninga við helstu stjórnendur sína. Kaupérétturinn er á genginu 13,6 sem var útboðsgengi félagsins á dögunum. Hæsta kaupréttinn fær nýr kornungur framkvæmdastjóri hjá félaginu, Jón Sigurðsson. Hann fær kauprétt að 51,5 milljónum króna að nafnvirði. Það gerir 700 milljónir að kaupverði. Gengi bréfa FL Group hefur hækkað talsvert frá útboði og er gengishagnaður kaupréttarins um 160 milljónir króna. Slíkur réttur er hins vegar bundinn til langs tíma og því ekkert enn í húsi. Jón þykir afar snjall og er tilgangur samningsins auðvitað sá að hann fari hvergi.

## MARKAÐSPUNKTAR

Frank Reite, yfirmaður Íslandsbanka-samstæðunnar í Noregi, hefur tekið við stjórnarformennsku í BN bank í Þrándheimi. Jón Diðrik Jónsson gengur út úr stjórninni.

Samkvæmt breskum fjölmiðlum hefur Baugur Group verið orðaður við verslunarkeðjuna Woolworths en gengi félagsins hefur hækkað að undanförnu.

Actavis hlaut viðskiptaverðlaun Viðskiptablaðsins fyrir árið 2005. Blaðið valdi tískuverslunarkeðjuna Mosaic Fashions sem frumkvöðul ársins.

# Íslensk heimili rík

Í Morgunkorni Íslandsbanka segir að árið 2005 hafi verið gjöfult fyrir íslensk heimili. Kaupmáttur hafi farið vaxandi, atvinnuleysi minnkað, framboð af lausum störfum verið mikið, verð eigna hækkað, aðgangur að lánsfjármagni batnað og langtímavextir lækkað. Þar að auki hafi staðan verið góð í upphafi árs þegar meðal annars kaupmáttur og eignaverð var í sögulegu hámarki og atvinnuleysi hverfandi lítið. Allt ýtir þetta undir neyslu heimilanna sem hefur vaxið hröðum skrefum á árinu. Útlit er nú fyrir að vöxtur einkaneyslu verði sá mesti í ár síðan á ofþensluárinu 1987.

Þrátt fyrir að staðan sé góð eru hættur fram undan sem helst felast í líklegri lækkun krónunnar og hugsanlegri lækkun húsnæðisverðs á sama tíma. Að mati Íslandsbanka ber þó sterk staða heimilanna það með sér að þau ættu að geta staðið það af sér. ■



**EINKANEYSLA EYKST MEÐ BÆTTRI STÖÐU** Útlit er fyrir ða vöxtur einkaneyslu verði sá mesti í ár síðan á ofþensluárinu 1987.


AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.




Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.


# Skandia veifar hvíta fánanum

**Old Mutual tekst líklega að ná sænska stoltinu. Um 370 milljarða króna yfirtaka.**

„Stríðið er á enda,“ segir Hans-Erik Andersson, forstjóri Skandia, í viðtali við Dagens Industri og viðurkennir ósigur sinna manna í stjórn sænska tryggingafélagsins eftir nokkurra mánaða varnarbaráttu gegn yfirtökuáformum Old Mutual.

Talið er líklegt að Old Mutual hafi tryggt sér um 70 prósent hlutafjár í Skandia og muni hækka tilboð sitt til að fá það sem eftir stendur. Sænsku ríkislífeyrissjóðirnir myndu þá að öllum líkindum falla frá andstöðu sinni gagnvart yfirtökunni.

Í tilboðinu er hluthöfum Skandia boðið að skipta bréfum sínum fyrir bréf í Old Mutual auk peninga og hafa fjárfestar – einkum erlendir – nýtt sér þann markaðsbrest sem felst í því að ódýrara hefur verið að kaupa Skandia-bréf en hlutabréf í suður-afríska tryggingarfélaginu sem eru til kaups og sölu í kauphöllinni í London. Alls þarf Old Mutual að greiða um 370 milljarða króna fyrir Skandia.

Áður hafði stjórnarformaður Skandia lýst yfir að hann myndi fallast á boð frá Old Mutual upp á 50 krónur á hlut. Þar sem gengi Old Mutual hefur hækkað mikið undanfarnar vikur vantar ekki nema nokkra aura upp á að Old Mutal borgi hluthöfum Skandia í raun og veru 50 krónur.

Erlendir aðilar eru nú komnir með um 63 prósent hlutabréfa Skandia í sínar hendur.

Tilboð Old Mutual til annarra hluthafa í Skandia rennur út í næstu viku en það er háð því skilyrði að helmingur hluthafa gangi að því.

Allt bendir því til þess að níunda stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda falli inn í Old Mutual-samstæðuna sem er að stærstum hluta í eigu Suður-Afrikumanna. Straumur-Burðarás verður einnig meðal stórra eigenda í samstæðunni. - eþa




**OLD MUTUAL NÆR SKANDIA** Jim Sutcliffe og hans menn í Old Mutual hafa töglin og hagldirnir í yfirtökuslagnum um Skandia.

# Tólf milljarðar í krónubréfum

Þrír erlendir aðilar gáfu út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir samtals sjö milljarða króna á þriðjudaginn. Var tilkynnt um það eftir lokun markaða. Á miðvikudaginn voru skuldabréf fyrir tvo milljarða gefin út þegar Bandaríski þróunarbankinn bættist í hóp útgefanda. Um hádegi í gær var búið að gefa út skuldabréf fyrir tólf milljarða í þessari viku.
Er því skuldabréfaútgáfan erlendis komin á fullt aftur í kjölfar tilkynningar Seðlabankans um hækkun stýrivaxta á þriðjudaginn.

„Önnur ástæða sem nefnd hefur verið sem fyrirstaða fyrir útgáfu er tímabundin tregða í erlendri fjármögnun íslenskra banka, en sú leið virðist nú greið og kjörin enn hagstæð,“ sagði í morgunfréttum greiningadeildar Íslandsbanka.

Alls nemur erlend útgáfa krónubréfa nú tæpum 139 milljörðum króna. -bg






**DÝR MÁLMUR** Hin dýri málmur verður sífellt dýrari

# Metverð á gulli

Verð á gulli hefur ekki verið eins hátt í næstum 25 ár. Verð fór hæst í tæpar 34000 krónur únsan á mörkuðum í asíu. Helstu ástæður hækkandi gullverðs eru aukin eftirspurn eftir skartgripum og einnig eru uppi getgátur um að evrópskir og asískir seðlabankar muni auka gullforða sinn á í skiptum fyrir dollara. Sérfræðingar eru ekki á einu máli hvort gullverð muni haldast svo hátt. Þeir sem telja að það muni lækka á næstunni benda á að líklegt sé að stórir fjárfestar fari að innleysa hagnaðinn af hækkuninni og verð muni lækka í kjölfarið.

# Úrvalsvísitalan brátt fullskipuð

Aðeins fjórtán félög hafa myndað úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands frá því að Burðarás var afskráður í lok september með sameiningu við Straum og Landsbankann.
Tvisvar á ári eru fimmtán félög valin sem mynda úrvalsvísitöluna næsta hálfa árið. Við valið er tekið tillit til kauphallarviðskipta á tólf mánaða tímabili og markaðsvirðis félaga ásamt öðrum þáttum.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir að þegar eitt félag detti þá komi ekkert í staðinn fyrr en við næstu endurskoðun úrvalsvísitölunnar.

En er þörf á að breyta þessu í ljósi þess hve vægi úrvalsvísitölunnar er mikið á hlutabréfamarkaði? „Það er þess vegna sem við breytum ekki þessu fyrirkomulagi. Við teljum það vera eðlilega aðferðafræði að velja félögin með þessum hætti. Það skiptir minna máli þótt eitt fyrirtæki detti út heldur en að taka inn annað nýtt á biðtímabili. Annað myndi raska kerfinu.“

KB banki spáir því að þegar Kauphöllin kynnir breytingar á vísitölunni næstkomandi mánudag komi Atorka Group, Dagsbrún og Mosaic Fashions inn en HB Grandi og Jarðboranir falli út.

**NÝJA ÚRVALSVÍSITALAN SAMKVÆMT SPÁ KB BANKA**

Actavis
Atorka Group
Bakkavör Group
Dagsbrún
FL Group
Flaga
Íslandsbanki
KB bankiKögun
Mosaic Fashions
Landsbankinn
MarelSÍF
Straumur-Burðarás
Össur

Þar með verður úrvalsvísitalan fullskipuð á ný. - eþa

# Vísar aðdróttunum á bug

Ingólfur Helgason, forstjóri KB banka á Íslandi, vísar aðdróttunum Íbúðalánasjóðs, þess efnis að KB banki hafi reynt að hafa áhrif á verð skuldabréfa með viðskiptum sínum 22. nóvember síðastliðinn, alfarið á bug.

Hann segir að um eðlileg viðskipti sé að ræða sem hafi ekki á neinn hátt verið frábrugðin hefðbundnum viðskiptum með bréf sjóðsins. Verð í þeim viðskiptum sem KB banki var aðili að hafi endurspeglað að öllu leyti markaðsverð á þeim tíma sem þau fóru fram.

Stjórn Íbúðalánasjóðs hefur óskað eftir því að Fjármálaeftirlitið athugi viðskiptin með hliðsjón af lögum um verðbréfaviðskipti eða góðum viðskiptaháttum.



Sjóðurinn var með skuldabréfaútboð þennan dag sem um ræðir. Stjórnendur telja að KB banki hafi reynt að hafa áhrif á kjör Íbúðalánasjóðs með því að selja óvenjumikið magn skuldabréfa. Versni kjör Íbúðalánasjóðs þarf sjóðurinn að hækka vexti af íbúðalánunum sínum.

Ingólfur segir rétt að taka fram að ekkert erindi hafi borist til KB banka frá Fjármálaeftirlitinu vegna þessa máls.

-bg

**INGÓLFUR HELGASON** Vísar aðdróttunum Íbúðalánasjóðs á bug.

# Stofa verður banki

Verðbréfastofan hefur sótt um leyfi til að stunda fjárfestingarbankastarfsemi. Hefur slíkt verið í undirbúningi um nokkurn tíma og búist er við að leyfið verði veitt næstu daga.

Jafet Ólafsson, forstjóri Verðbréfastofunnar, segist geta boðið viðskiptavinum upp á fjölbreyttari þjónustu með þessu leyfi. Hann telur að öðru leyti ekki tímabært að tjá sig um málið fyrr en leyfið fæst.

Fjárfestingarbankar mega í raun stunda alla hefðbundna bankastarfsemi samkvæmt lögum. Þeir mega samt ekki taka við innlánum frá einstaklingum og fyrirtækjum. Er það meginmunurinn á fjárfestingarbanka og hefðbundnum viðskiptabanka.

Hingað til hefur þjónusta Verðbréfastofunnar byggst á ráðgjöf, eignastýringu og miðlun verðbréfa. Fyrirtækið var stofnað árið 1996. Samkvæmt heimasíðu eru hluthafar 65 og eigið fé 440 milljónir króna.

- bg



**JAFET ÓLAFSSON** Verðbréfastofan heldur áfram að auka umsvif sín.

## Hagvöxtur eykst

Útlit er fyrir að hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi hafi verið myndarlegur samkvæmt Morgunkorni Íslandsbanka. Aukning einkaneyslu og áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir stuðluðu meðal annars að því. Aukinn viðskiptahalli dró hins vegar úr hagvextinum. Líklegt er að vöxtur landsframleiðslu á þriðja ársfjórðungi í fyrra hafi verið jafnmikill eða meiri en á öðrum ársfjórðungi sem þá mældist 7 prósent. Íslandsbanki gerir ráð fyrir að í heild verði hagvöxtur ársins 2005 ríflega 6 prósent.

## Fá ekki „eu“ endingu

Aðilar utan Evrópusambandsins geta aðeins fengið „eu“ endingu að því tilskyldu að þeir séu með skráð vörumerki eða útibú innan ESB-landanna. Þessu hafa EES- og EFTA-ríkin mótmælt harðlega.

Evrópusambandið hefur hafið skráningu á lénum með „eu“ endingu. Búist er við hundruð þúsunda skráninga fyrstu dagana. Fyrstu fjóra mánuðina fá allir handhafar skráðra vörumerkja og fyrirtæki innan ESB að skrá sig fyrir „eu“ endingu og eftir þann tíma allir einstaklingar með lögheimili í Evrópusambandslöndunum. EFTA-ríkin hafa bent á að með útilokun frá „eu“ skráningu sé verið að mismuna fyrirtækjum og einstaklingum innan evrópska efnahagssvæðisins að innri markaðinum en í fyrstu grein EES-samningsins segir: „Markmið þessa samstarfssamnings er að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt evrópskt efnahagssvæði.“ Með upptöku „eu“ endingarinnar vonast Evrópusambandið til auka sölu á internetinu. Neytendur eiga að geta treyst fyrirtækjum sem enda á eu vegna þess að reglur um neytendavernd og ábyrgð söluaðila eru mjög strangar innan Evrópusambandsins.

## Sátt um Norse

Norskir fjárfestar hafa fallið frá kröfu um lögbann á sölu Norse Securities til Íslandsbanka. Nú stendur yfir áreiðanleikakönnun Íslandsbanka á Norse og er búist við að endanleg kaup geti gengið fljótt fyrir sig.

Greint var frá því í norskum fjölmiðlum á þriðjudaginn að stjórnarformaður B2 Holding hélt að hann væri í samningaviðræðum um kaup á Norse þegar það var skyndilega selt Íslandsbanka. Taldi hann það svik á samkomulagi og vandaði Stig Rognstad, forstjóra Norse, ekki kveðjurnar.

Íslandsbanki var ekki aðili að þessum deilum en upplýsti um málið með fréttatilkynningu til Kauphallar Íslands samdægurs. Samkvæmt upplýsingum frá bankanum nú hefur málið verið látið niður falla.

- bg



**EDITH SITWELL (1887-1964) LÉST ÞENNAN DAG.**

*„Ég hef þolinmæði gagnvart heimsku en ekki með þeim sem eru stoltir af henni.“*

**EDITH SITWELL VAR BRESKT SKÁLD OG GAGNRÝNANDI.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 9. DESEMBER 1992

# *Tilkynnt um konunglegan skilnað*

Á þessum degi árið 1992 tilkynnti breski forsætisráðherrann, John Major, um skilnað hinna konunglegu hjóna, Díönu prinsessu og Karls krónprins. Sagði ráðherrann að skilnaðurinn væri vinsamlegur. Tilkynningin kom fáum á óvart enda hafði slúðurpressan í Bretlandi velt því fyrir sér í mörg ár hvort hjónabandið stæði á brauðfótum. Díana og Karl höfðu þá eytt fríum hvort á sínum staðnum og ekki deilt herbergi í opinberum ferðum.

Brúðkaup Díönu og Karls árið 1981 var í meira lagi ævintýralegt og fylgdist um milljarður með athöfninni í 74 löndum. Brátt fór þó að halla undan fæti og eftir ellefu ár í hjónabandi skildu þau að borði og sæng en lögskilnaðurinn fór ekki í gegn fyrr en fjórum árum síðar. Þrátt fyrir að Díana missti konunglegan titil við skilnaðinn má segja að hún hafi verið prinsessa í huga og hjarta almennings allt þar til hún dó í bílslysi árið 1997.



**PRINSESSA Í HJARTA FÓLKSINS**

## MERKISATBURÐIR

**1749** Skúli Magnússon er skipaður landfógeti, fyrstur Íslendinga.

**1941** Kínverjar lýsa yfir stríði á hendur Þjóðverjum, Ítölum og Japönum.

**1956** Harmrafell, stærsta skip sem Íslendingar höfðu eignast, kemur til landsins.

**1982** Ásmundur Sveinsson myndhöggvari andast.

**1987** Intifada, uppreisn Palestínumanna gegn hernámi Ísraela, hefst á Gasasvæðinu.

**1990** Lech Walesa er kosinn forseti Póllands.

**2000** Gríðarlegt tjón verður þegar fiskvinnsluhús Ísfélags Vestmannaeyja brennur.

## ANDLÁT

**Karólína Margrét Sveinsdóttir Morrison**, Calgary, Kanada, lést sunnudaginn 4. desember.

**Sigríður Kristinsdóttir**, Aflagranda 40, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 4. desember.

**Magnús Kolbeinsson**, Stóra-Ási, Borgarfirði, lést á gjörgæslu Landspítala - háskólasjúkrahúss mánudaginn 5. desember.

**Ómar S. Zóphóníasson**, Fögruhlíð 5, Hafnarfirði, lést á heimili sínu mánudaginn 5. desember.

**Ingimar Sigurðsson**, Kópavogsbraut 1b, Kópavogi, andaðist á Landspítalanum við Hringbraut miðvikudaginn 7. desember.

## JARÐARFARIR

13.00 **Ása Eiríksdóttir**, Bræðraborgarstíg 31, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.

13.00 **Benedikt Björnsson** vélstjóri, Gnoðarvogi 72, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju.

13.00 **Karl Markús Bender** verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Guðrún Björg Methúsalemsdóttir**, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, áður til heimilis á Norðurgötu 42, Akureyri, verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Elínborg S. Hannesdóttir (Rósa)**, Vífilsstöðum, áður Rauðagerði 20, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

15.00 **Elín Sigurðardóttir**, Skipasundi 43, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju.

## AFMÆLI



Kirk Douglas leikari er 89 ára.



Hermann Gunnarsson skemmtikraftur er 59 ára.



John Malkovich leikari er 52 ára.



Björgvin Franz Gíslason leikari er 28 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1608** John Milton skáld



**1842** Pjotr Kropotkin rússneskur uppreisnarmaður

# Nóbelsverðlaun í Þjóðmenningarhúsi

Gljúfrasteinn stendur fyrir sýningu á morgun, í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík, í tilefni af því að fimmtíu ár eru liðin frá því að Halldór Laxness fékk Nóbelsverðlaunin í Stokkhólmi.

Meðal þess sem sýnt verður á sýningunni er kjóll Auðar Laxness sem hún klæddist við verðlaunaafhendinguna 1955, borðbúnaður frá Nóbelssafninu í Svíþjóð, mynd Ósvaldar Knudsen og Nóbelsverðlaunin sjálf. Dagskráin á morgun stendur frá 11.00 til 22.00 og kemur úrval listamanna þar fram. Þeirra á meðal má nefna Ragnhildi Gísladóttur, Davíð Þór Jónsson og KK. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra opnar sýninguna en síðasti dagskrárliðurinn heitir Unglingarnir í skóginum og hefst klukkan átta. Meðal annars flytur Böðvar Yngvi Jakobsson ljóð afturábak og Dóri DNA flytur rímur og rapp.

Þjóðmenningarhúsið verður opið upp á gátt allan laugardaginn og er aðgangur ókeypis.



**NÝ OG BETRUMBÆTT** Nýlega reis tæplega tíu þúsund fermetra viðbygging við Laugardalshöllina sem er nú alls 16 þúsund fermetrar.

**LAUGARDALSHÖLLIN:** Í FJÖRUTÍU ÁR

# Musteri tónleikanna

Í desemberbyrjun fyrir fjörutíu árum var Laugardalshöllin tekin formlega í notkun. Hún hefur síðan verið miðpunktur íþróttaviðburða, sýninga, tónleika og stórfunda auk þes að vera eitt helsta kennileiti Reykjavíkur.

Á þessum fjórum áratugum hefur hver stórviðburðurinn rekið annan í höllinni. Einn fyrsti slíki var árið 1968 þegar forsetaframbjóðendurnir báðir, Gunnar Thoroddsen og Kristján Eldjárn, héldu kosningafundi í Laugardalshöll fyrir troðfullu húsi. Í júní árið 1970 steig breska rokkhljómsveitin Led Zeppelin á svið. Hljómsveitin stóð þá á hátindi frægðar sinnar og þótti um skeið mælikvarði á gæfu ungs fólks í lífinu hvort það hefði komist á Zeppelin-tónleikana í Höllinni. Tónleikarnir voru þá hluti af fyrstu Listahátíð sem haldin var í Reykjavík.

Bobby Fischer var krýndur lárviði sem heimsmeistari í skák í Laugardalshöllinni í september árið 1972 og Benny Goodman, konungur sveiflunnar, og sextett hans léku í Laugardalshöll á Listahátíð 1976. Ein mesta rokkhátíð sem um getur hér á landi var haldin í höllinni í september árið 1983 en þá sneri Megas aftur eftir fjögurra ára hlé. Á Listahátíð 1986 komu nokkrar frægar hljómsveitir fram í höllinni á tveggja daga popphátíð. Þetta voru sveitirnar Stranglers, Madness, Fine Young Cannibals og Lloyd Cole and the Commotions. Leonard Cohen heillaði gesti hallarinnar með söng sínum árið 1988 og annar snillingur, Bob Dylan, gerði slíkt hið sama tveimur árum síðar.

Ekki aðeins tónlistarmenn hafa heiðrað höllina með nærveru sinni. Sjónvarpspredikarinn Benny Hinn hélt þar samkomu fyrir fullu húsi árið 1995 og sama ár fylltist höllin af alþjóðlegum handboltaköppum vegna heimsmeistarakeppninnar í handbolta.

Af öðrum eftiminnilegum hljómsveitum sem látið hafa tóna hljóma um höllina í gegnum tíðina má nefna Clash, Europe, Blur, Deep Purple, Fugees að ógleymdri hinni íslensku Sigur Rós en höllin er vart hætt að hljóma eftir nýlega tónleika þeirra. Þá hafa stórstjörnurnar Pavarotti, David Bowie, Lou Reed og Björk þanið raddböndin fyrir fullu húsi.

Nýlega reis 9.880 fermetra viðbygging við höllina sem nú er alls 16 þúsund fermetrar. Í höllinni nýju er ein fullkomnasta aðstaða fyrir frjálsar íþróttir, ráðstefnur, sýningar og ýmsa mannfagnaði. Það er því óhætt að ætla að Laugardalshöllin spili áfram stórt hlutverk í menningar- og íþróttalífi borgarinnar um ókomna tíð.



**KONUNGUR SVEIFLUNNAR** Benny Goodman spilaði fyrir fullu húsi í Laugardalshöllinni árið 1976.



**ZEPPELIN** Hljómsveitin Led Zeppelin var á hátindi frægðar sinnar þegar hún steig á svið í Laugardalshöllinni árið 1970.



*Okkar ástkæri,*

**Snorri Skaptason**

arkitekt,

lést 3. desember á heimili sínu í Kaupmannahöfn.

**Lone Ries,**
**Skapti Ólafsson**
**Stella Skaptadóttir**
**Sævar Skaptason**
**Steinn Skaptason**
**Kolbrún Gunnarsdóttir**
**Ólafur Elísson**
**Bryndís Óladóttir**
**og aðrir aðstandendur.**



**Ásdís Inga Jónsdóttir (Dísa)**

Hrauntungu 54 Kópavogi

*er fertug í dag 9. desember.*

Af því tilefni býður hún vinum og vandamönnum í kaffi í Gjábakka Fannborg 8, laugardaginn 10. desember kl. 15.




Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020**

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma **550 5000.**

# Fyrsti kossinn er orðinn langur ...






„Rokklífið á Íslandi er bara tilbrigði við Rúnar Júl". ***Bjartmar Guðlaugsson***

***Rúnar Júlíusson*** stendur á sextugu. Hann gekk í bítlahljómsveitina Hljóma úr Keflavík 18 ára, var kominn á toppinn nokkrum vikum síðar og hefur verið þar síðan. Við upphaf tónlistarferilsins stóð knattspyrnuferillinn sömuleiðis í blóma.

Í bókinni ***HERRA ROKK*** lítur Rúnar yfir tónlistarferilinn til þessa dags, rifjar upp gömul afrek af knattspyrnuvellinum og segir frá öðrum baráttumálum sínum svo sem því að halda lífi eftir að í ljós kom fyrir nokkrum árum að hann hafði verið með hjartagalla frá fæðingu.

Höfundur er ***Ásgeir Tómasson***, fréttamaður.







***Meðal þeirra sem segja frá:***
**Þorsteinn Eggertsson**
**Magnús Kjartansson**
**Magnús Torfason**
**Gerður G. Bjarklind**
**Hermann Gunnarsson**
**Ámundi Ámundason**
**Björgvin Halldórsson**
**Bjartmar Guðlaugsson**
**Óttar Felix Hauksson**
**Valgerður Sverrisdóttir**







***Hemmi Gunn:***
„Við Rúnar vorum andstæðingar inni á vellinum en samherjar á skemmtistöðum".



***Guðni Ágústsson, ráðherra:***
„Fyrstu minningar mínar um Rúnar Júlíusson eru 40 ára gamlar. Þá var ég staddur á Laugarvatni. Þar var Landsmót ungmennafélaga. Séníið úr Keflavík er að koma á lokuðum bíl inn á Landsmótið. Í lögreglufylgd. Glæsilegur maður, Rúnar Júlíusson. Líkur Þóroddi frá Þóroddsstöðum. Fullur af orku stóðhestsins stígur hann út. Það líður yfir ungu stúlkurnar sem snerta hann. Ég stend þarna 16 ára unglingur og horfi á þetta undur og er það ógleymanlegt. Ég geri mér grein fyrir því að ég hef hitt séníið úr Keflavík sem er að breyta Íslandi. Sem hefur tekið að sér að flytja hljóminn, röddina, heim. Sem gerir kröfur um frelsi æskunnar. Bítlarnir, Rolling Stones, Hljómar. Afl til æskunnar, til að gera uppreisn á heimilum. Það eru fjörutíu ár síðan ég upplifði þetta vor á Laugarvatni. Engin stúlka leit á mig. Allar elskuðu Rúnar Júlíusson."



Tindur
Bókaútgáfa
Símar: 660 4753 • 462 4250
www.tindur.is • tindur@tindur.is

# EMBRACING


HÁLSMEN • VISKA

- Saga Boutique, Keflavík
- Hjá Torfa gullsmíðaverslun, Laugavegi 71, Reykjavík

Umvafin Trú® Embracing Faith® © 2003 Brynja Sverrisdóttir Hönnun: Brynja Sverrisdóttir Ljósmyndir: N.Lapidari

# FAITH®




- Listasafn Íslands
- Gullauga, Ísafirði
- Gullsmiðir S & P, Akureyri
- brynja.com

Hluti af ágóða rennur til Amnesty International

BRYNJA.com

hzeta/EF003.03

# Ekkert blað í morgun?

**Hringdu í 550 5000 og láttu okkur vita.**

FRÉTTABLAÐIÐ

– stærsti fjölmiðillinn


## STUÐ MILLI STRÍÐA Kjöt og kransar

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** TEKUR ÆÐI



Dádýrakjöt og kengúrukjöt virðast vera að vinna sér sess sem venjulegur matur hér á landinu okkar þó að ekki séu mörg ár síðan þessar kjöttegundir þóttu ævintýralega framandi. Íslenska hópþjóðarsálin hefur hins vegar tekið þessum nýju kjöttegundum opnum örmum og ég hreinlega finn til vanmáttar minnar að hafa ekki gætt mér á kengúrukjöti.

Í jólaundirbúningi Íslendinga í eyðslukasti þá kemur svo skemmtilega í ljós hversu góð við erum í að taka æði. Ljósahringurinn frá Ikea kom til dæmis fyrst á markað í fyrra og seldist upp á sólarhring. Þess vegna voru pantaðir gámar af hringnum til lands í ár og sjá: Í gluggum um allan bæ hangir hringurinn og virðist jafnvel vera að ryðja aðventuljósunum út. Sem reyndar er gott og gegnheilt dæmi um íslenskt æði.

Ég hef aldrei talið mig sérstaka hópsál. En samt sem áður tek ég fullan þátt í þessum dillum. Búin að kaupa mér krans og ætla svo aldeilis að borða dádýr yfir hátíðirnar.

Jólin verða þó ekki flöt hjá mér. Flatskjár myndi reyndar smellpassa heima hjá mér. „Þeir fara svo vel á veggnum og myndgæðin eru ótrúleg,“ sagði mér sölumaður. En ég dreg línuna við æði sem kosta mörg hundruð þúsund. Þrátt fyrir staðfestu í sjónvarpsmálum er ég ekki alveg saklaus af tækjaæðinu, keypti mér DVD-tæki um daginn og ipod. Hvort tveggja er reyndar í umbúðunum enn þannig að ekki var raunveruleg þörf fyrir þessi tæki mikil á heimilinu.

Og þessi tæki í kössum ættu auðvitað að verða mér þögul áminning um að verja peningum betur en í kaup á óþarfa. Desember er auðvitað miklu betur varið í hópi góðra vina og fjölskyldu en á eyðsluflippi í verslunum. ■






# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott




## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 6 | 7 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 9 |
| 9 | 1 | 5 | 7 | 8 | 2 | 6 | 4 | 3 |
| 4 | 8 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 7 | 2 |
| 6 | 9 | 1 | 2 | 7 | 5 | 4 | 3 | 8 |
| 5 | 3 | 2 | 8 | 4 | 6 | 9 | 1 | 7 |
| 7 | 4 | 8 | 1 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 |
| 8 | 2 | 4 | 3 | 6 | 7 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 7 | 9 | 5 | 2 | 4 | 3 | 8 | 6 |
| 3 | 5 | 6 | 9 | 1 | 8 | 7 | 2 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 1 | | | | | | 8 | 3 |
| | 6 | | | | | | 1 | |
| | | 8 | 7 | | 1 | 2 | | |
| | | | 5 | | 6 | | | |
| | 2 | | 8 | | 4 | | 6 | |
| | | | 3 | | 2 | | | |
| | | 5 | 9 | | 3 | 4 | | |
| | 4 | | | | | | 9 | |
| 3 | 7 | | | | | | 2 | 1 |

ÖRYGGISKERFI FYRIR HEIMILIÐ
SECURITAS




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

**Kl. 20.00**
*Jólasýning Íslenskrar grafíkur verður opnuð í Grafíksafni Íslands, Tryggvagötu 17, hafnarmegin.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Skyndikynni með Gabríelu



Í hádeginu á föstudögum hefur Listasafn Reykjavíkur boðið gestum til skyndikynna við listamann í tengslum við sýninguna Aðföng Listasafns Reykjavíkur 2002-2005, sem nú stendur yfir í Hafnarhúsi. Í hádeginu í dag er það Gabríela Friðriksdóttir sem kynnir verk sitt á sýningunni fyrir gestum, en hún er ein þeirra listamanna sem safnið hefur keypt verk eftir á síðustu árum.

Kynning Gabríelu á verki sínu hefst klukkan tíu mínútur yfir tólf, stendur yfir í um það bil tuttugu mínútur en að henni lokinni býður kaffitería Hafnarhússins upp á léttan hádegisverð.

Alls hefur safnið eignast 390 verk á árunum 2002 til 2005 og eru þau eftir 83 listamenn. Eðli málsins samkvæmt er aðeins unnt að sýna brot af þessum verkum á einni sýningu, en þar á meðal er verk eftir Gabríelu sem nefnist Minnimáttarkenndarbakterían.

Fljótlega eftir áramótin, nánar tiltekið föstudaginn 13. janúar, verður síðan opnuð í Hafnarhúsinu sýning á verki Gabríelu, Versations Tetralogia, sem var framlag Íslands til Feneyjatvíæringsins fyrr á þessu ári. Sú sýning er fjölskrúðug innsetning sem samsett er úr málverkum, skúlptúrum, lágmyndum og fjórum myndbandsverkum, en þau eru unnin í samvinnu við Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson.

### > Ekki missa af ...

... sýningu **Þóru Sigurðardóttur** og **Anne Thorseth** sem lýkur um helgina. Sýningin nefnist „þinn staður - minn staður“ og er í Suðsuðvestur í Reykjanesbæ.



... tónlistarmanninum **Þóri** sem heldur stutta tónleika í Galleríi Humar eða frægð klukkan 18 í dag. Hann hefur nýverið sent frá sér hina margrómuðu breiðskífu Anarchists Are Hopeless Romantics.

... hinni árlegu **Jólasveiflu Kórs Bústaðakirkju** á sunnudagskvöldið með **Diddú** og **Guitar Islancio**. Að vanda verður fjölbreytt efnisskrá, jólalög, þjóðlög, negrasálmar, gospel og klassík.

# Kafar í söguna

„Þetta er mitt framlag til íslenskrar myndlistarsögu,“ segir Valgarður Stefánsson um bók sem hann sendi nýlega frá sér um sögu myndlistar á Akureyri.

Bók Valgarðs heitir Myndlist á Akureyri að fornu og nýju og er gefin út af bókaútgáfunni Hólum. Hún er ríkulega myndskreytt og dregur fram í dagsljósið ýmsa myndlistarmenn sem lítið hefur farið fyrir í myndlistarsögu hér á landi.

„Ég byrjaði eiginlega að safna heimildum í þessa bók fyrir fjörutíu árum. Þá fór ég á bókasafn og leitaði í blöðum að umsögnum um allar sýningar sem höfðu verið haldnar. Þá strax bjó ég mér til úrklippubók og hef síðan verið að klippa úr blöðum allar götur síðan.“

Hann segist reyndar í upphafi hafa notað þessar heimildir sínar í áróðursskyni, eins og hann orðar það, því á árunum upp úr 1970 stóð hann ásamt fleiri myndlistarmönnum á Akureyri í baráttu fyrir því að þar yrði komið upp almennilegri sýningaraðstöðu.

„Akureyringar voru lengi vel voðalega rígbundnir við natúralismann og landslagsmyndirnar og kölluðu allt annað bara arg og garg. Klessumálarar, eins og þeir voru kallaðir, voru ekkert velkomnir hérna.“

Valgarður rekur sögu myndlistar á Akureyri allt aftur til átjándu aldar, en fyrsta málverkasýningin var hins vegar ekki haldin á Akureyri fyrr en árið 1903. Hann segir sögu myndlistar á Akureyri hafa verið býsna gloppótta undanfarna öld.

„Stundum voru ekki haldnar sýningar árum og áratugum saman. Árið 1948 var síðan stofnaður myndlistarskóli á Akureyri þegar um þrjátíu manna hópur fékk til sín tvo kennara. Sá skóli starfaði tvo vetur en það var upphafið að mörgu sem hefur verið að gerast síðan, því ennþá eru menn sem gengu í þennan skóla að sýna hér á Akureyri.“



**VALGARÐUR STEFÁNSSON** Hefur grafið ýmislegt upp um sögu myndlistar á Akureyri.

# Sýna bak við bingó

„Við höfum verið þarna með vinnustofur síðan 2002 og höfum haldið sýningu árlega,“ segir Margrét M. Norðdahl, ein úr hópi ellefu myndlistar- og tónlistarmanna sem í kvöld opna sýningu í Skipholti 33b.

„Á opnuninni verða góðar veitingar og jólastemning og svo spila hljómsveitir og tónlistarmenn,“ segir Margrét. „Þetta verður kraftmikil og skemmtileg sýning, bæði í sameiginlegu rými og svo leyfum við fólki að kíkja líka inn á vinnustofurnar.“

Þau kalla sýningarrými sitt 33b og vísa þar bæði í húsnúmer, sjúkrahúsdeild og starfsmannaleigur. Húsnæðið er staðsett fyrir aftan hinn sívinsæla bingósal í Vinabæ, þar sem Tónabíó var í eina tíð.

Þátttakendur í sýningunni, auk Margrétar, eru þau Pétur Thomsen, Karen Ósk Sigurðardóttir, Arndís Gísladóttir, Sandra María Sigurðardóttir, Sigurður Breiðfjörð Jónsson, Steindór Ingi Snorrason, Arnar Ingi Hreiðarsson, Elísabet Stefánsdóttir og Hrund Jóhannesdóttir.

Opið verður í kvöld frá klukkan 20 til 23 og síðan um helgina frá 14 til 18.






**ALÞJÓÐLEGA BAROKKSVEITIN Í HAAG** Komin hingað til lands í þriðja sinn á einu ári til þess að spila Bach í Hallgrímskirkju.

# Jólaóratórían flutt í heild ásamt nýfundnu aríunni

**Jólaóratóría Bachs er sjaldnast flutt í heilu lagi, hvað þá með fullskipaðri barokkhljómsveit eins og gert verður í Hallgrímskirkju núna um helgina. Aukabónus á tónleikunum verður nýfundin aría eftir Bach sem hafði verið týnd í tæp 300 ár.**

„Þetta eru þrír tímar af stórkostlegri músík frá uppphafi til enda,“ segir Halldór Hauksson, einn af söngvurunum í kammerkórnum Schola cantorum. Kórinn flytur Jólaóratóríu Bachs í Hallgrímskirkju núna um helgina ásamt Alþjóðlegu barokksveitinni í Haag.

„Það er gaman að geta á einum degi heyrt alla óratóríuna á tvennum tónleikum því hún hljómar ekki oft hér á landi og hefur aldrei hljómað í heild sinni í flutningi barokkhljóðfæra.“

Alls verða þrennir tónleikar í Hallgrímskirkju um helgina. Á laugardeginum verða fyrstu þrjár kantötur óratóríunnar, af samtals sex, fluttar saman á tónleikum sem hefjast klukkan 17. Á sunnudeginum verða þessar þrjár fyrstu kantötur fluttar aftur klukkan 15, en síðan hefjast aðrir tónleikar klukkan 18 þar sem seinni helmingur óratóríunnar, síðustu þrjár kantöturnar, verða fluttar.

Einsöngvarar verða þau Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Sesselja Kristjánsdóttir alt, Eyjólfur Eyjólfsson tenór og Ágúst Ólafsson bassi.

Á laugardeginum fá tónleikagestir auk þess sérstakan bónus, því þá ætlar Hulda Björk Garðarsdóttir að syngja í upphafi tónleikanna aríu eftir Bach sem fannst núna í ár í Weimar í Þýskalandi.

„Þetta var alveg óþekkt verk og engar heimildir til um það, en allt í einu dúkkar það upp og menn gerðu sér grein fyrir því eiginlega samstundis að þetta væri klárlega eftir Bach. Það voru mikil tíðindi í tónlistarheiminum,“ segir Halldór, sem fékk tækifæri til að hlýða á þessa nýfundnu aríu frumflutta í Weimar í ágúst síðastliðnum.

„Okkur finnst gaman að bjóða upp á þetta sem forspil á fyrstu tónleikunum. Þetta er gríðarlega fallegt verk sem hann samdi tiltölulega ungur að árum, en það sýnir að hann var þá þegar búinn að ná upp þeirri tækni sem hann nýtti sér síðar meir, til dæmis við gerð Jólaóratóríunnar.“

Barokkhljómsveitin frá Haag er farinn að verða fastagestur hér á landi, því hún er að koma hingað til lands í þriðja sinn á einu ári. Hún flutti fyrri hluta Jólaóratóríunnar í Hallgrímskirkju fyrir ári og svo kom hún hingað í sumar til þess að taka þátt í flutningi Matteusarpassíunnar á sama stað.



**HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR** Syngur nýfundna aríu eftir Johannes Sebastian Bach ásamt því að syngja einsöng í Jólaóratóríunni á þrennum tónleikum í Hallgrímskirkju um helgina.

Hljóðfæraleikararnir hafa allir sérhæft sig í að leika á hljóðfæri frá barokktímanum, sem eru töluvert frábrugðin þeim hljóðfærum sem nú tíðkast mest.

„Munurinn er einkum sá að þau eru hljómminni og um leið kannski hljómléttari. Það er léttari bragur yfir slíkum hljómsveitum og það hentar ákaflega vel fyrir þessa músík sem er margrödduð þar sem raddirnar fléttast saman. Í þessari tónlist er minna um það að ein rödd sjái um laglínuna og svo séu bara hljómar undir í hinum hljóðfærunum. Þá er gott að geta heyrt vel í hverri rödd fyrir sig því vefurinn verður allur skýrari.“ ■

# TÓNLEIKATILBOÐ FROSTRÓSIR

## Íslensku dívurnar halda jólatónleika á morgun!







**MUNDU STÆRSTU JÓLATÓNLEIKA ÍSLANDSSÖGUNNAR Í HÖLLINNI ANNAÐ KVÖLD.**

**Enn til nokkrir miðar á aukatónleikana kl. 16:00 ...þú færð þá að sjálfsögðu í Skífunni!**

BaseCamp

**Úrvalið er í Skífunni!**

S·K·Í·F·A·N

...skemmtir þér ; )

**Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is**



BRYNDÍS JÓNA MAGNÚSDÓTTIR er ein fárra sem skrifa fyrir unglingana um jólin en bókin hennar, Er ég bara flatbrjósta nunna?, er komin í búðir.

# Unglingabækur ekki á hverju strái

„Er ég bara flatbrjósta nunna?“ er titillinn á unglingabók sem leynist í jólabókaflóði þessa árs. Bryndís Jóna Magnúsdóttir er höfundurinn og er þetta hennar fyrsta bók. „Þetta virðist vera eina íslenska dæmigerða unglingabókin sem kemur út um jólin þar sem hún tekur á samskiptum kynjanna en hinar eru einhvers konar ævintýrabækur. Mig hafði lengi langað að skrifa bók og var sjálf mjög hrifin af unglingabókum þegar ég var yngri,“ segir Bryndís, sem undrar sig á því hversu lítið er skrifað fyrir unglingana.

„Það er nóg framboð af tölvuleikjum og þess háttar en unglingabækur eru ekki á hverju strái. Ástæðan gæti haft eitthvað með aldur rithöfunda að gera og spurning hvort þeir treysti sér ekki til að skrifa um unglinga þegar svo langt er liðið síðan þeir sjálfir voru á þessum stað í lífinu.“

Bryndís er á lokaári í Kennaraháskóla Íslands og er 24 ára gömul. Bókin hennar fjallar um Júlíu, sem er að klára níunda bekk og er óskaplega skotin í Danna. „Rauði þráðurinn er samskipti þeirra tveggja og svo er spurningin bara hvort hann sé hið fullkomna kærastaefni. Inn í söguna spinnast svo samskipti við vinkonurnar og fjölskylduna. Ég hef reynt að skrifa bókina á hreinskilinn hátt og reyni að lýsa þeirri tilfinningu að vera unglingur,“ segir Bryndís Jóna, sem styðst nokkuð við reynsluna frá eigin táningsárum.

„Ég nota að einhverju leyti eigin minningar í söguna þó svo að ekkert atriði eða frásögn sé algjörlega sannsögulegt. Reynsla mín og samferðafólks míns litar þannig að vissu leyti söguna. Ég held að líf unglinga breytist ekki mikið með tímanum. Þessi kynferðislega spenna og forvitnin eru alltaf stór hluti af hugsunarhætti þeirra en það sem breytist hins vegar er tæknin og orðaforðinn. Klámvæðingin er svo það sem fer mest fyrir brjóstið á mér. Þó svo að ég vilji ekki predika yfir lesendum bókarinnar reyni ég að koma því að í sögunni að það getur enginn sagt manni hvað er rétt og hvað rangt þegar kemur að kynlífi. Titillinn á bókinni vísar að einhverju leyti í þessa kynlífspressu sem gegnsýrir orðið margt í samfélaginu okkar.“

Aðspurð hvort hún telji að bókin muni höfða til beggja kynjanna segir hún: „Aðalpersónan er náttúrlega stelpa og er skrifuð að mestu leyti frá sjónarhorni stelpu. Ég held hins vegar að strákar hafi alveg jafn gaman af bókinni því þarna fá þeir tækifæri til að skyggnast inn í hugarheim stúlkna.“





ÖSKUBUSKA

ÖSKUBUSKA - La Cenerentola eftir ROSSINI
Frumsýning sun. 5. feb. kl. 20
2. sýn. fös. 10. feb. kl. 20 – 3. sýn. sun. 12. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 19. feb. kl. 20
GJAFAKORT Í ÓPERUNA – jólagjöf sem gleður! Verð við allra hæfi.
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið

Salka Valka
Su 11/12 kl. 20 Mi 28/12 kl. 20

Woyzeck
Fö 9/12 kl. 20 Fi 29/12 kl. 21
Fö 30/12 kl. 21

Kalli á þakinu
Su 11/12 kl. 14 Má 26/12 kl. 14
Su 8/1 kl. 14

Brot af því besta!
Rithöfundar lesa úr nýjum bókum
Í kvöld kl. 20
Guðrún Eva Mínervudóttir, Hallgrímur Helgason, Hreinn Vilhjálmsson, Ingibjörg Hjartardóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórarinn Eldjárn
Léttur jóladjass og kaffihúsastemning.
Allir velkomnir. Aðgangur ókeypis

Leikhópurinn Perlan
Frumsýnir Jólasveinasögu í leikgerð eftir sögu Bergljótar Arnalds. Su 11/12 kl. 15. Miðaverð 1000 kr. Aðeins þessi eina sýning

Nýja svið/Litla svið

Lífsins tré
Su 11/12 kl. 20 Síðasta sýning!

Þrjár systur e. Tsjekhov
Nemendaleikhúsið, aðeins sýnt í desember
Í kvöld kl. 20 Lau10/12 kl. 20
Þr 13/12 kl. 20 Fö 16/12 kl. 20
Lau 17/12 kl. 20 Su 18/12 kl. 20

Manntafl
Mi 28/12 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður
Fi 29/12 kl. 20 AUKASÝNING
Fö 30/12 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar

Carmen frumsýnt í janúar 2006
Forsala laugardaginn 10/12
Miðaverð í forsölu 2.600, almennt miðaverð 3.600. Milli 14 og 16 verða sýnd atriði úr Carmen í forsal Borgarleikhússins. Kaffi og piparkökur í boði. Allir velkomnir.

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
EDITH PIAF
Aukasýning sun. 11/12 uppselt. Allra síðasta sýning.
HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Aukasýning lau. 10/12. Allra síðasta sýning.
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Sun. 15/1 kl. 14:00, sun. 22/1 kl. 14:00.
EDITH PIAF 1915-2005 - söngdagskrá á afmælisdegi Piaf
Mán. 19/12 kl. 21:00.
TÚSKILDINGSÓPERAN
Frumsýning mán. 26/12 uppselt, 2. sýn. þri. 27/12 örfá sæti laus, 3. sýn. mið. 28/12 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 29/12 örfá sæti laus. 5. sýn. fös. 30/12 örfá sæti laus.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Frumsýn. fim. 29/12 uppselt, fös. 30/12 örfá sæti laus, fös. 6/1, sun. 8/1.

LEIKHÚSLOFTIÐ/LEIKHÚSKJALLARINN
LEITIN AÐ JÓLUNUM
Lau. 10/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 uppselt, sun. 11/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, þri. 13/12 kl. 10:00 uppselt og kl. 11:15 uppselt, mið. 14/12 kl. 10:00 örfá sæti laus, fim. 15/12 uppselt, lau. 17/12 kl. 13:00 uppselt, kl. 14:15 uppselt og kl. 15:30 uppselt, sun. 18/12 kl. 14:00 uppselt og kl. 16:00 uppselt, fim. 22/12 kl. 13:00 uppselt, mið. 28/12 kl. 13:00 örfá sæti laus og kl. 17:00.

LEIKHÚSKJALLARINN
Í kvöld fös. 9/12 og 10/12 Jólahlaðborð Leikhúskjallarans. Örn Árnason, Bjargræðiskvartettinn og Kjallarabandið skemmta gestum. Uppselt.
Leikhúskjallarinn er opinn fyrir og eftir sýningar.
Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði og borðapantanir í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.












ÉG ER MÍN EIGIN KONA
fös. 09.12 örfá sæti laus
lau. 10.12 uppselt
sun. 11.12 laus sæti
fim. 15.12 laus sæti
fim. 22.12 laus sæti
GJAFAKORT - TILVALIN JÓLAGJÖF
MIÐASALA: www.midi.is og í Iðnó s. 562 9700
Landsbankinn er stoltur bakhjarl sýningarinnar. Landsbankinn

# HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

## Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 16.00 Altósaxófónleikararnir **Sigurður Flosason** og **Benjamin Koppel** frá Danmörku sameinast og takast á í Stúdentakjallaranum á tónleikum Djassakademíunnar sem haldnir eru í minningu Charlie Parker.

☐ 18.00 Ljúflingurinn **Þórir** verður með stutta tónleika í Gallerí Humar eða frægð í Smekkleysubúðinni, Laugavegi 59.

☐ 18.00 Hljómsveitin **NilFisk** frá Stokks-Eyrarbakka efnir til útgáfutónleika á Draugabarnum á Stokkseyri.

☐ 18.00 **I Adapt, Fighting Shit, Hrafnaþing, Hellvar, Finnegan, Hryðjuverk, Morðingjar, Terminal Wreckage** og **Múgsefjun** koma fram á þriðju Andspyrnuhátíð þessa árs, sem haldin verður í Tónlistarþróunarmiðstöðinni við Hólmaslóð 2.

☐ 20.00 **Kvennakór Kópavogs** og **Karlakór Kópavogs** halda jólatónleika í Digraneskirkju.

### OPNANIR

☐ 20.00 Jólasýning Íslenskrar grafíkur verður opnuð í Grafíksafni Íslands, Tryggvagötu 17, hafnarmegin. Þar sýna verk sín þau **Irene Jensen, Björg Þorsteinsdóttir, Friðrikka Geirsdóttir, Elva Hreiðarsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Bjarni Björgvinsson, Kristín Hauksdóttir, Ásrún Tryggvadóttir, Díana M. Hrafnsdóttir, Anna Snædís Sigmarsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Jón Reykdal, Gunnhildur Þórðardóttir, Daði Guðbjörnsson, Kristín Pálmadóttir, Kristjana F. Arndal** og **Rut Rebekka Sigurjónsdóttir**.

☐ 20.00 **Pétur Thomsen, Karen Ósk Sigurðardóttir, Arndís Gísladóttir, Sandra María Sigurðardóttir, Sigurður Breiðfjörð Jónsson, Steindór Ingi Snorrasons, Arnar Ingi Hreiðarsson, Margrét M. Norðdahl, Elísabet Stefánsdóttir** og **Hrund Jóhannesdóttir** sýna í 33b, sem er sýningarrými og vinnustofur myndlistamanna og tónlistamanna að Skipholti 33b. Opið verður um helgina frá 14 til 18.

### SKEMMTANIR

☐ 23.00 Hljómsveitin **Sixties** leikur fyrir dansi á Kringlukránni.

**hvar@frettabladid.is**





Classic ROCK SPORTBAR
Ármúli 5
Það er hljómsveitin **Pub-lick** sem mun spila um helgina föstudaginn 9 og laugardaginn 10
















**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

***Úlpa:*** *Attemted Flight By Winged Men,*
***Megasukk:*** *Hús datt,*
***Siggi Ármann:*** *Music For the Addicted,*
***Douglas Wilson:*** *Stuck in a World,*
***Kira Kira:*** *Skotta og Jólaskraut.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Reggí og hiphop í Sjallanum

Hljómsveitirnar Forgotten Lores og Hjálmar halda tónleika í Sjallanum á Akureyri á Laugardaginn. „Við hitum upp fyrir Hjálmana en þetta er í annað skipti sem við höldum tónleika saman,“ segir Benedikt Freyr Jónsson, plötusnúður í Forgotten Lores. „Það var svo mikið stuð síðast að við ákváðum að leiða hesta okkar saman aftur.“ Hljómsveitirnar spiluðu einnig á sama kvöldi á Airwaves og hafa báðar fengið sérlega góða dóma eftir síðastliðnar Airwaves-hátíðir.

„Tónleikarnir byrja á slaginu tólf á laugardaginn og það kostar eitthvað lítilsháttar inn. Við lofum alvöru jólastemningu og hver veit nema við tökum lagið saman í lok tónleikanna. Auk þess munum við flytja tvö ný lög sem við sömdum nýlega.“



**FORGOTTEN LORES** Halda tónleika í Sjallanum næsta laugardagskvöld ásamt Hjálmum.

Aðspurður hvað sé á döfinni hjá Forgotten Lores segir Benni: „Við verðum næst með tónleika 21. desember í Þjóðleikhúskjallaranum, þar verður mjög gott og kósí jólaglens. Svo ætlum við að nýta tímann vel í að taka upp en á næsta ári hyggjumst við gefa út bæði nýja plötu sem og tónleikaplötu þar sem við fáum fleiri tónlistarmenn til liðs við okkur.“

Að sögn Benna er þetta ekki í fyrsta sinn sem hljómsveitin leikur á Akureyri. „Við höfum spilað þarna sex eða sjö sinnum áður og það er mjög skemmtilegur hópur þarna sem fílar góða tónlist. Við vonum bara að sem flestir mæti og lofum flottri hiphop, funk og reggítónlist.“



### > Plata vikunnar...

**HJÁLMAR: HJÁLMAR**

*„Allir Hjálmarnir komast vel frá sínu á þessari samnefndri plötu sveitarinnar en stjarna Sigurðar Guðmundssonar skín þó skærast. Frábær plata sem allir ættu að eiga í safni sínu.“*

**BG**

## Nýr vindur í seglin

**[TÓNLIST]**
**UMFJÖLLUN**




**NEIL YOUNG: PRAIRE WIND**

**Niðurstaða:** Neil Young mætir af skurðborðinu með sína bestu plötu í áraraðir. Á Prairie Wind bætir hann perlum á festi sína og virðist búa yfir meiri andagift en á síðustu breiðskífum.

Fyrr á þessu ári komst Neil Young nærri því á fund skapara síns. Hann fór undir hnífinn en laga þurfti heilagúlp í haus hans og það var ekkert víst að hann myndi jafna sig almennilega ef hann myndi lifa af. Ég veit ekki nákvæmlega hvað þeir gerðu, en mig grunar að þeir hafi kannski fundið fínstillingartakka Youngs, því allt í einu er hann farinn að gera góða tónlist aftur.

Mig var farið að gruna að maðurinn væri orðinn það mikill hippi, að hann kærði sig kollóttan um hvort „utanaðkomandi aðilar“, það er hlustendur hans, gætu tengt sig við þau lög sem hann smíðaði með gítarnum sínum. Að minnsta kosti voru síðustu tvær plötur Are You Passionate? og Greendale mikil leiðindi. Ég velti því fyrir mér á þeim tíma hvort Neil væri orðinn það ríkur og frægur að hann væri bara umkringdur já fólki sem segði honum að allt hans glamur og gól væri meistaraverk.

En núna virðist Neil hafa fundið nýjan vind í seglin. Á Prairie Wind eru 10 lög, öll vel yfir meðallagi, nokkur gullfalleg og önnur sem standast samlíkingar við fallegustu perlur hans. Hljómur plötunnar er líka betri en áður, ekki jafn rosalega kæruleysisleg spilamennska og allt virðist falla betur saman.

Lögin The Painter, Falling Off The Face of the Earth, It´s a Dream og lokalagið When God Made Me eru himnesk. Eitt laganna er óður til Elvis Presley, eða öllu heldur hversu langt af sporinu hann fór áður en hann lést loksins á klósettinu. Mjög fyndinn og skemmtilegur texti og það er augljóst að honum og sveit sinni hefur þótt gaman að hljóðrita það lag.

Ég er ánægður að Neil Young hafi fengið að fresta fundi sínum eitthvað lengur, því núna fær hann nýtt tækifæri til þess að ylja okkur um hjartarætur með breiðskífum eins og þessari. Prairie Wind er hans besta plata í nokkur ár. Óli Palli er líklegast brosandi út að eyrum þessa dagana.

**Birgir Örn Steinarsson**






**NILFISK** Hljómsveitin samanstendur af þeim Jóhanni Vigni Vilbergssyni (söngur og gítar), Víði Björnssyni (gítar), Sveini Ásgeiri Jónssyni (trommur) og Sigurjóni Dan Vilhjálmssyni (bassi).

## Dans-gleði-bílskúrsrokk

**Fyrsta plata hljómsveitarinnar Nilfisk, Don´t Run After Your Own Apples, er komin út. Platan er níu laga og hefur verið í bígerð síðustu tvö ár.**

Að sögn Víðis Björnssonar gítarleikara eru bæði glæný lög og tveggja ára gömul lög á plötunni. Upptökur fóru fram í vor og kláruðust í haust. „Það hefur verið sagt við okkur að þetta sé dans-gleði-bílskúrsrokk og ég held að það sé bara besta lýsingin á plötunni,“ segir Víðir.

Hann viðurkennir að Nilfisk hafi tekið miklum breytingum síðan hún var stofnuð þann 10. mars 2003, en skömmu síðar hitaði hún upp fyrir Foo Fighters í Laugardalshöllinni. „Hún hefur gjörsamlega breytt um tónlistarstíl, enda geturðu alveg heyrt það ef þú hlustar á plötuna. Við ákváðum að leyfa þessum gömlu lögum að vera með,“ segir hann.

Lagið On Display af plötunni er til sölu á heimasíðunni Real Networks í Bretlandi sem tvær milljónir tónlistaráhugamanna skoða reglulega. Lagið hefur slegið í gegn á síðunni og er með fjórar stjörnur af fimm í einkunn, sem er sú hæsta á síðunni. Aðspurður segir Víðir að ýmislegt sé í pípunum varðandi frekari kynningu erlendis á næstunni. Sveitin mun spila í Danmörku næsta sumar og ætlar síðan að halda tónleika í Wisconsin í Bandaríkjunum en krakkar þaðan heimsóttu einmitt Stokkseyri, heimabæ Nilfisk, í sumar á sama tíma og góðvinir sveitarinnar, Foo Figters, voru í heimsókn. Fleiri tónleikar í Bandaríkjunum eru fyrirhugaðir á sama tíma.

Einnig mun Nilfisk líklega spila í Síberíu á næsta ári. „Það er maður á Stokkseyri sem á tvinnaverksmiðju sem ætlar að reyna að koma okkur að þar. Við munum örugglega spila á einhverjum sveittum börum. Síðan er ýmislegt fleira á döfinni sem er ekki hægt að segja frá núna,“ segir Víðir, þögull sem gröfin.

Hann segir að Nilfisk sé ennþá í sambandi við Foo Fighters. Af og til fái þeir tölvupóst frá hljómsveitarmeðlimum og nýlega báðu þeir um Nilfisk-boli fyrir rótarana. Einnig fékk rótarinn Shawn sendan til sín harðfisk sem hann ku vera alveg brjálaður í. Nýja platan verður síðan send út á næstu dögum. Þá geta Foo Fighters skorið úr um hvort Nilfisk hafi tekið einhverjum framförum síðan síðast.

Nilfisk heldur sína fyrstu útgáfutónleika vegna plötunnar á Skuggabarnum á Stokkseyri á föstudag klukkan 18.00. Síðar í mánuðinum verða síðan aðrir útgáfutónleikar í Reykjavík. Tónleikaferð um landið er svo fyrirhuguð í janúar.

**freyr@frettabladid.is**



JÓLAGJÖFIN Í ÁR
Ótrúlega magnað!
4.999 PSP LEIKUR
4.499 PSP LEIKUR
18 STRANGLEGA BANNAÐUR!
Þessi verður vinsæl í jólapakkann!
22.999
Þetta fylgir með PSP
• Taska
• Leðuról
• Headset
• 32 mb minniskort
• demo diskur og linsuklútur
SPILAÐU LEIKI • HORFÐU Á MYNDIR • HLUSTAÐU Á TÓNLIST • FARÐU Á NETIÐ
PSP LEIKIR
4.999
4.799
4.999
4.999
4.999
4.999
PSP MYNDIR
1.999
1.999
1.999
1.999
ER AÐ LENDA
BT
Einnig fáanlegt á PSP!
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

# FIMM FALDIR FJÁRSJÓÐIR

Kvikmyndaunnendur sem ekki kunna að meta galdrastráka á gelgjuskeiði, talandi ljón og risaapa sjá fram á mögur bíójól. Fréttablaðið fékk því sérfræðingana til að dusta rykið af fimm vanmetnum myndum sem vert er að spyrjast fyrir um á leigunni.





**Dagur Kári Pétursson - leikstjóri**
Ég hef horft á *Masculin Feminin* (1966) eftir Jean Luc-Godard oftar en tíu sinnum og í hvert skipti kemur það mér á óvart hvað hún er í raun leiðinleg. Samt er ég alltaf jafn staðráðinn í því að þetta sé mín uppáhaldsmynd þegar henni lýkur. Masculin Feminin er sjaldnast nefnd þegar höfuðverk Jean-Luc Godard eru talin upp og finnst mér hún vanmetin að því leyti.

Það sem heillar mig við myndina er tær frásagnagleði sem blandast ótrúlega heilbrigðu kæruleysi, jafnframt því sem myndin er uppfull af frábærum stíl. Sjaldan hefur tungumál kvikmyndarinnar verið jafn ferskt og saklaust og opið. Þessi kokkteill þykir mér vera eftirsóknarverður, auk þess sem að minn uppáhaldsleikari, Jean-Pierre Léaud, fer á kostum.



**Silja Hauksdóttir - leikstjóri**
*Living in Oblivion* (1995) fjallar um gerð lítillar, óháðrar kvikmyndar og allt það sem getur (og getur ekki) farið úrskeiðis. Leikstjórinn háir listræna baráttu við samstarfsfólk sitt: myndatökumann með brostið hjarta og lepp fyrir auga og aðstoðarleikstjóra sem á sök á hjartasárum myndatökumannsins, en er ástfangin á laun af Hollywood-leikaranum Chad. Það er ákveðin snilld í þessari mynd sem alltof fáir hafa notið. Fyrir utan það að vera óstjórnlega fyndin, er *Living in Oblivion* þétt ádeila á tilgerð og hégóma, sem birtist til dæmis í svart/hvítum og óhemju fyndnum draumasenum, þar sem dvergur baðaður í reyk, dansar í kringum epli ásamt brúðarklæddri aðalleikkonunni. Mér finnst ég oft hafa séð ámóta atriði í öðrum og meira metnum myndum (en síður skemmtilegum), þar sem slíkar draumasenur eru ætlaðar sem þungdramatísk alvara. *Living in Oblivion* er góð því hún gerir grín að klisjunum sem kvikmyndagerðarmenn með formúlufóbíu detta stundum í, sérstaklega þegar þeir vilja láta taka sig alvarlega eða jafnvel hátíðlega.



**Ágúst Guðmundsson - leikstjóri**
*Ingenjör Andrées luftfärd* (1982) eftir Svíann Jan Troell er afar metnaðarfullt verk. Grunnurinn er skáldsaga eftir Per Olof Sundman, sem aftur byggir á sönnum atburði þegar þrír menn fóru árið 1897 í loftbelg til að verða fyrstir manna til að komast á Norðurpólinn. Í stuttu máli sagt var loftferð þessi hið mesta feigðarflan og endaði með hægum dauða á ísauðninni - og við því á kvikmyndin það svar eitt að lýsa því á sem sannferðugastan hátt, sem hún og gerir svo vel að mér er það enn hugstætt tuttugu árum síðar. Það væri synd að gefa í skyn að *Ingenjör Andrées luftfärd* sé misheppnað listaverk en hún hlaut hins vegar ekki þá aðsókn sem vonir stóðu til og var talsvert langt frá því að njóta þeirra vinsælda sem Vesturfararnir eftir þennan sama leikstjóra hafði notið. Það liðu níu ár þangað til næsta leikna mynd kom frá Jan Troell.



**Heiða Jóhannsdóttir - kvikmyndagagnrýnandi**
Fyrsta dramatíska kvikmynd nýsjálenska leikstjórans Peters Jacksons, *Heavenly Creatures* (1994), er meistaraverk sem fallið hefur í gleymsku. Myndin er byggð á sannri sögu tveggja stúlkna sem bundust hugsjúkum vináttuböndum og brugðust við tilraun foreldra sinna til að stía þeim í sundur með morði.

Kate Winslet leikur aðra stúlkuna, Juliet Hulme, sem er í dag þekktur spennusagnahöfundur sem skrifar undir höfundarnafninu Anne Perry. Myndin býr yfir magnaðri blöndu óhugnaðar og tilfinningalegs innsæis og með henni sýndi Jackson (eftir að hafa reyndar sent frá sér hina frábæru kolsvörtu uppvakningagamanmynd *Brain Dead*), að þar færi mikill snillingur á sviði kvikmyndagerðar.



**Guðni Elísson - bókmenntafræðingur**
Kvikmynd Herks Harvey, *Carnival of Souls* (1962), er kannski ekki vanmetin lengur en um árabil var aðeins hægt að sjá hana sundurklippta á miðnætursýningum bandarísku sjónvarpsstöðvanna. Myndin var tekin á aðeins þremur vikum fyrir brot af þeim kostnaði sem venjulega er varið í gerð leikinna kvikmynda.

Þrátt fyrir takmarkaða dreifingu hefur hún haft gríðarleg áhrif á síðari tíma hryllingsmyndaleikstjóra, jafnt þegar kemur að sögufléttu, tökustíl og öðru. Hún sækir ýmis af áhrifum sínum til listrænu myndarinnar evrópsku og mætti jafnvel kalla hana listhrylling.

Myndin var nýlega gefin út af Criterion-útgáfunni bandarísku, stytt og svo í lengri leikstjóraútgáfu. Þetta er eina mynd Harveys.

# Fjórði hópurinn reynir fyrir sér í kvöld

Í kvöld á Stöð 2 ræðst hvaða tveir bætast í hóp þeirra sex sem þegar hafa tryggt sér farseðilinn í Smáralindina. Spennan stigmagnast eftir því sem sætunum fækkar. Kröfurnar aukast og engin mistök eru leyfð þegar komið er svona langt í keppninni. Dómnefndin hefur hingað til ekki hikað við að senda keppendum tóninn ef hún telur þá ekki vera að standa sig. En álit Bubba Morthens, Sigríðar Beinteinsdóttur, Einars Bárðarsonar og Páls Óskars Hjálmtýssonar, sem skipa dómnefndina nú sem endranær, þarf á engan hátt að endurspegla mat þjóðarinnar á frammistöðu keppendanna.

**IDOL 1** **Melkorka Edda Sigurjónsdóttir** Hin sautján ára gamla Melkorka Edda mun í kvöld flytja lagið I'm Outta Love með Anastaciu en Melkorka Edda kemur frá Hafnarfirði. Hún heldur mest upp á Bryan Adams og Christinu Aguilera en langar til að hitta Johnny Depp.

**IDOL 2** **Gunnar Már Jakobsson** Reykvíkingurinn Gunnar Már syngur Þú átt mig ein sem Vilhjálmur Vilhjálmsson gerði frægt á sínum tíma. Gunnar Már er 21 árs og vildi gjarnan heita Dirk Diggler ef hann fengi að skipta um nafn. Þótt lagið sé rólegt dreymir Gunnar um að verða söngvari í glysrokksveit.

**IDOL 3** **Ína Valgerður Pétursdóttir** Húsavíkurmærin Ína Valgerður Pétursdóttir ætlar að syngja Listen to Your Heart. Ína Valgerður er sautján ára. Hún mun eflaust ekki eiga í vandræðum með að heilla einn meðlim dómnefndarinnar því Ína Valgerður heldur mikið upp á Bubba Morthens en Eva Cassidy er líka í miklu uppáhaldi.

**IDOL 4** **Ágústa Ósk Óskarsdóttir** Ágústa Ósk er 26 ára gömul Reykjavíkurmær. Hún flytur lag Björgvins Halldórssonar, Loksins ég fann þig. Ágústa Ósk hræðist mest að bregðast þeim sem treysta henni best. Með þátttöku í Idolinu lætur hún æskudrauminn rætast.

**IDOL 5** **Guðbjörg Elísa Hafsteinsdóttir** Guðbjörg Elísa er 21 árs gamall Reykvíkingur og syngur Nothing Compares 2 U sem Sinead O'Connor gerði frægt á sínum tíma. Guðbjörg Elísa er í FÍH og hefur alltaf dreymt um að verða söngkona. Það breytti lífi hennar mest þegar hún fékk dóttur sína fyrst í fangið.

**IDOL 6** **Sigfús Ólafur Guðmundsson** Sigfús Ólafur er nítján ára drengur frá Neskaupstað. Hann flytur Tætum og tryllum eftir Stuðmenn. Sigfús Óláf hefur alltaf dreymt um að verða tónlistarmaður og finnst notaleg kvöldstund felast í vídeóglápi og gítarspili. Bono, söngvari írsku hljómsveitarinnar U2, er eftirlætið hans.

**IDOL 7** **Margrét Guðrún Gunnarsdóttir** Hin sautján ára gamla Kópavogsmær Margrét Guðrún syngur lagið Will You Still Love Me Tomorrow. Hún fluttist til Íslands eftir að hafa búið í Bandaríkjunum í sjö ár. Hana langaði alltaf til að verða dýralæknir. Sá draumur varð þó að engu því hún er með ofnæmi fyrir köttum.



**Melkorka Edda Sigurjónsdóttir 900 9001 sms 1918 idol 1**



**Gunnar Már Jakobsson 900 9002 sms 1918 idol 2**



**Ína Valgerður Pétursdóttir 900 9003 sms 1918 idol 3**



**Ágústa Ósk Óskarsdóttir 900 9004 sms 1918 idol 4**



**Guðbjörg Elísa Hafsteinsdóttir 900 9005 sms 1918 idol 5**



**Sigfús Ólafur Guðmundsson 900 9006 sms 1918 Idol 6**



**Margrét Guðrún Gunnarsdóttir 900 9007 sms 1918 idol 7**

# Er fasteignin þín að seljast?




## 35%

**Fasteignablað Fréttablaðsins**




## 20%

**Fasteignablað Morgunblaðsins**

# 80% fleiri lesa Fasteignablað Fréttablaðsins




Um 150.000 lesendur

Samkvæmt nýjustu fjölmiðlakönnun Gallup (okt. 2005*) nærðu til um **80% fleiri Íslendinga með fasteignablaði Fréttablaðsins** frekar en fasteignablaði Morgunblaðsins. Könnunin sýnir að meðal fólks á aldrinum 25 - 54 ára lesa **35% Allt – fasteignir**, sem berst **frítt með Fréttablaðinu** á mánudögum, á meðan einungis 20% lesa fasteignablað Moggans. Auglýsing í **Allt – fasteignum** birtist einnig í **heila viku á visir.is** í kaupbæti. Þegar horft er á allar staðreyndir málsins ætti að vera einfalt að sjá hvar borgar sig að kaupa fasteignaauglýsingu.

**Hvar birtist auglýsingin þín?**

**allt-fasteignir**

– mest lesna fasteignablaðið

Fíton/SÍA

# HVERNIG GETUR ÞÚ ORÐIÐ TREFILL Á FJÓRUM DÖGUM?

Treflar þessa lands eru orðnir langþreyttir á sífelldum árásum á sig. Þeir telja sig vera boðbera hinnar sönnu íslensku menningar og vilja leyfa öðrum að komast að viskubrunni sínum. Því hefur verið komið upp fjögurra daga námskeiði fyrir hnakka í tilvistarkreppu sem vilja komast í menningarelítu landsins.

## *tónlist er til að njóta en ekki til að dansa við*



Hnakkarnir geta kvatt þessa euro-trash tónlist sína og hljómsveitir á borð við Írafár eða Á móti sól. Til að útrýma þessum „viðbjóði“, eins og stendur í námskránni, hafa þrír kennarar verið fengnir til að kenna hópnum gott að meta. Atli Heimir Sveinsson fræðir hnakkana um ótrúlegan ævintýraheim klassískrar tónlistar og tónverk Jóns Leifs verða krufin til mergjar. Bundinn verður endi á þann misskilning að sígild tónlist sé eitthvað sem sjúkraþjálfarar noti í slökun. Fast á hæla Atla kemur Vernharður Linnet en hann heldur stutta tölu um djass og þá skemmtilegu menningu sem henni fylgir. Þar er hægt að sitja á bar og drekka bjór eða rauðvín og njóta góðrar tónlistar. Að lokum mun Einar Sonic, starfsmaður 12 Tóna, kynna alla þá popp- og rokktónlist sem enginn annar hefur heyrt af. Treflar verða alltaf að vera að uppgötva eitthvað nýtt í heimi tónlistarinnar.

## *útlit og helstu tískustraumar*

Ljóðskáldið Sigurður Pálsson hefur verið í fremsta flokki trefla undanfarin ár hvað föt og nýjustu tísku varðar. Hæverskur klæðaburður hans, sem er jafnframt ákaflega smart og laus við alla tilgerð, vekur athygli hvar sem hann drepur niður fæti. Á námskeiðinu „Klæddu þig eins og maður“ hendir hann hvítu hnepptu skyrtunum, skónum sem eru í sama lit og blazerjakkanum frá GK út á hafsauga. Við taka jarðlitaðar flauelsbuxur, skyrta og prjónajakki ásamt hatti sem er sérvalinn að ógleymdum síðum svörtum frakka.








## *menning og reykjavík*

Egill Helgason hefur sýnt það með pistlum sínum og skrifum að fáir eru jafn vel að sér í menningu þessa lands og hvað þurfi að bæta í henni. Kúrsinn „Reykjavík í nýju ljósi“ fer með hnakkana á staði sem þá hefur aldrei dreymt um að sjá. Litli ljóti andarunginn verður fyrir valinu sem hádegisverðarstaður og þaðan er haldið á Austurvöll þó hvorki sé sól né hiti, sem hnakkarnir héldu að væri frumforsenda þess að hanga þar. Listasafn Reykjavíkur auk bókabúðar Máls og menningar er meðal fjölmargra viðkomustaða í 101. Þetta er námskeið sem á eftir að breyta viðhorfi hnakka til miðborgarinnar og gera þá fráhverfa skemmtanalífi í Borg óttans en götur hennar hafa verið blóði drifnar og fullar af ölvuðum vitleysingum.



# *ferðalög á framandi slóðir*

Sigurður A. Magnússon er einhver fróðasti maður okkar Íslendinga um fjarlæg lönd og fögur höf. Það er nánast órjúfanlegur hluti af treflamenningu þessa lands að vera víðförull... eða vita í það minnsta deili á helstu höfuðborgum þessarar jarðar. Sigurður fræðir fáfróða hnakka um Grikkland enda er þar vagga vestrænnar menningar. Sigurður kynnir fyrir þeim staði sem eiga ekkert sameiginlegt með Ibiza, Mallorca eða Benidorm. Framandi matur verður á boðstólum allan tímann og hnökkum kennt að meta matartegundir eins og ólífur, fetaost og rauðvín. Sérstakur heiðursgestur verður Ingólfur Guðbrandsson, sem gefur hnökkunum innsýn í sín frægustu ferðalög.



# *Veiðimennska er ekki villimennska*

Sigmar B. Hauksson stendur fyrir einstöku námskeiði þar sem hann sameinar áhugamál og afþreyingu á þann hátt sem honum einum er lagið. Farið verður með hnakkana austur og þeim kennt að skjóta hreindýr. Útiverunnar verður notið með smá viskíi á pela. „Þolinmæði þrautir vinnur allar“ verða einkennisorðin því hnakkarnir læra að bíða í leyni svo tímum skiptir eftir rétta færinu. Þegar hreindýrið hefur verið fellt er það unnið og síðan slegið upp veislu þar sem þeir fá fyrsta flokks kennslu í meðhöndlun villibráðar. Þá verður einnig kennt á flugustöng og hvaða ár séu bestar á landinu. Sérstakir gestir verða þeir Pálmi Gunnarsson og Bubbi Morthens en þeir kenna réttu handtökin við fluguhnýtingar.



# *hvað áttu að lesa og hvað ekki?*



Það er fátt jafn mikilvægt í heimi trefla og að geta slegið um sig með tilvitnunum í helstu bókmenntaverk okkar tíma. Annar af fyrrverandi ritstjórum Sirkus, Sigtryggur Magnason, leiðir nemendur sína um heim bókarinnar og fræðir þá um helstu afrekin á því sviði. Hann les ljóð í upphafi dags sem hnakkarnir fá að túlka, hver með sínu nefi. Þá mun Sigtryggur einnig kenna lærlingum sínum hvernig eigi að koma hugsunum sínum niður á blað. Þetta verða þó ekki bara eilífir fyrirlestrar heldur yrðu bækur nýhilista á lesbókarskránni. Af erlendum skáldum væri Irvine Welsh fyrirferðarmikill og nemendur yrðu skyldaðir til að lesa Lolitu eftir Vladimir Nabokov auk hluta úr verkum Geoffreys Chaucer og Voltaire.













TÓNLIST JAN MAYEN

# Síðdegisrokk

Hljómsveitirnar Jeff Who?, Jan Mayen og Brain Police munu troða upp í tvígang á Gauki á Stöng í kvöld. Fyrri tónleikarnir hefjast rétt eftir kl. 17, þar verður ekkert aldurstakmark og aðgangseyrir verður 0 krónur. Tilvalið fyrir unga fólkið að sjá þrjú af betri rokkböndum Íslands ókeypis svona í miðjum próflestrinum til þess að fá smá birtu í skammdegið.

Um kvöldið verður svo allt gert vitlaust á Gauknum þegar þessi sömu þrjú bönd troða upp aftur. Þeir tónleikar munu hefjast þegar það fer að nálgast miðnætti og kostar 1000 krónur inn. Jeff Who? hefur leikinn, síðan kemur Jan Mayen og loks Brain Police sem er nýkomin úr vel heppnaðri tónleikaferð um Evrópu.

Jan Mayen-menn hafa setið sveittir við að semja efni á næstu plötu sína undanfarið og munu þeir leika eitthvað af nýja efninu á tónleikunum í bland við gamalt og gott. Jeff Who? sendi nýverið frá sér sína fyrstu plötu sem hefur fengið frábæra dóma og þá hitaði sveitin eftirminnilega upp fyrir Franz Ferdinand á tónleikum þeirra í Kaplakrika í sumar.




# Britney og Kevin sættast

Britney Spears hefur ákveðið að gefa eiginmanni sínum, Kvein Federline, annað tækifæri til þess að bjarga hjónabandi þeirra. Hin 24 ára Spears henti Federline út úr glæsivillu hennar á dögunum eftir heiftarlegt rifrildi. Britney ku hafa hótað Kevin skilnaði og Federline stormað út í bræðiskasti. Eftir rifrildið mikla flaug Britney til Las Vegas til þess að vera viðstödd Billboard-verðlaunaafhendinguna. Samkvæmt heimildum elti Federline hana til Vegas þrátt fyrir að Spears hefði neitað að tala við hann. Britney lét hins vegar ekki sjá sig á verðlaunahátíðinni og flaug heim til heimabæjar síns í Louisiana í staðinn. Eftir að hafa rætt málin við móður sína hélt söngkonan fræga heim á leið til Malibu þar sem Kevin beið eftir henni. Samkvæmt heimildarmönnum breska götublaðsins The Sun sættust þau að lokum við heimkomu Britneyjar. Nánir vinir leikkonunnar hafa sagt að ástæð-



BRITNEY SPEARS OG KEVIN FEDERLINE

an fyrir síendurteknum rifrildum Britneyjar við eiginmann sinn sé sú að hún eigi erfitt með að venjast móðurhlutverkinu og vilji haga lífi sínu eins og það var áður en hún varð ófrísk. ■

# Mariah tilnefnd til átta Grammy-verðlauna

Tilnefningar til hinna virtu Grammy-verðlauna voru opinberaðar í gær og er ljóst að söngkonan þokkafulla Mariah Carey er víst nokkuð sátt við sinn hlut. Hún er tilnefnd til átta verðlauna, þar með talið plötu ársins, fyrir Emancipation of Mimi, sem og lag ársins, We Belong Together. Þá eru tónlistarmennirnir



John Legend og Kanye West einnig tilnefndir til átta verðlauna. Þá eru Beyonce Knowles, Stevie Wonder og 50 Cent öll tilnefnd til sex verðlauna. Þeir listmenn sem tilnefndir eru til fleiri en einna verðlauna eru meðal annars Gwen Stefani, U2 og Bruce Springsteen. Þeir tónlistarmenn sem tilnefndir eru fyrir plötu ársins eru, auk Mariuh Carey, Paul McCartney fyrir plötuna Chaos and Creation in the Backyard, Love. Angel.Music.Baby með Gwen Stefani, How to Dismantle an Atomic Bomb með U2 og Late Registration með Kanye West. Þá er einnig vert að minnast á nýliða ársins en í þeim flokki eru tilnefndir listamennirnir John Legend, Fall Out Boy, Keane, Ciara og Sugarland.

# Tekur neikvæða umfjöllun nærri sér

Victoria Beckham segist taka neikvæða fjölmiðlaumfjöllun afar nærri sér en fjölmiðlarnir hafa til dæmis gagnrýnt hana harðlega fyrir holdafar hennar. „Fólk gleymir því oft að ég er manneskja. Ég er líka með hjarta og tilfinningar og verð oft mjög aum þegar fólk gagnrýnir mig,“ sagði vesalings Victoria. „Ég varð móðursjúk þegar ég grenntist mikið eftir að ég eignaðist börnin en læknirinn sagði þetta eðlilegt. Mamma grenntist mjög mikið eftir að hún eignaðist bróður minn svo þetta er greinilega arfgengt.“



## FRÉTTIR AF FÓLKI



Glamúrgellan Nicole Richie hefur afráðið að hætta við fyrirhugaða giftingu sína og plötusnúðarins DJ AM. Er ákvörðun þeirra sameiginleg og fylgja henni engin illindi að sögn heimildarmanna. Parið hafði opinberað trúlofun sína í febrúar eftir að hafa verið saman í eitt ár og flutti DJ AM inn til Nicole á heimili hennar í Beverly Hills. Nú hafa þau skilið að skiptum og er hann fluttur út.



Leikkonan unga Lindsay Lohan hefur viðurkennt að vera skotin í Angelinu Jolie. Lohan, sem hefur áður lýst því yfir að Brad Pitt hafi verið æskuástin sín, fullyrti á dögunum að henni þætti Angelina kynþokkafyllri en Brad í dag. „Hún er miklu flottari en hann. Ég hitti Brad einu sinni í frumsýningarteiti og hann vissi ekki einu sinni hver ég var,“ sagði leikkonan bitur í bragði.



Elizabeth Hurley hefur lýst því yfir að ekkert hjónaband sé fram undan hjá henni þrátt fyrir að breskir fjölmiðlar segi að einungis það sé tímaspursmál hvenær hún gangi í það heilaga. Heimildir hermdu að Hurley og kærasti hennar, Arun Nayer, hefðu tekið ákvörðun um að giftast á Indlandi í febrúar næstkomandi. Hurley segir það hins vegar uppspuna frá rótum. „Það er ekkert til í þessu. Sjáið bara hendina mína, enginn hringur,“ sagði fyrirsætan fyrrverandi.



Eva Longoria, sem leikur þokkagyðjuna Gabrielle Solis í Aðþrengdum eiginkonum, hefur sagt að hún vilji ekki enda eins og Jennifer Aniston, sem að hennar sögn fær bara hlutverk fallegra kvenna. „Ég vil leika hlutverk sem eru algjör andstæða við Gabrielle. Ég vil ekki vera þekkt fyrir að geta eingöngu leikið hlutverk þokkagyðjunnar. Jennifer Aniston verður alltaf þekkt fyrir að leika Rachel Green. Ég vil ekki enda þannig.“




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikkonan kynþokkafulla Uma Thurman hefur sagt að hún sé á höttunum eftir eiginmanni og líti á alla vænlega karlmenn sem mögulega „bráð“. Uma, sem hefur að undanförnu sést með hóteleigandanum og milljónamæringnum Andre Balazs, hefur nú lýst því yfir að hún sé laus og liðug. Þrátt fyrir það er hún í vanda með að ná sér í karlmann. „Hvernig fer fólk að þessu núna? það virðist verða erfiðara að ná sér í einhvern eftir því sem maður verður eldri.“



Rapparinn Eminem hefur lýst því yfir að hann sé byrjaður aftur með fyrrverandi eiginkonu sinni og þau séu jafnvel að íhuga að gifta sig aftur. Þessu lýsti hann yfir í viðtali á útvarpsstöð í Bandaríkjunum. Þá gaf hann einnig í skyn að hann væri mögulega að hætta í tónlistarbransanum. „Ég ákvað að kalla síðustu plötu mína Curtain Call vegna þess að það getur vel verið að ég sé að hætta í bransanum.“





Þokkagyðjan Jennifer Aniston hefur, að sögn áreiðanlegra heimilda, brennt brúðarkjólinn sem hún notaði þegar hún giftist Brad Pitt. Að sögn tímaritsins Grazia kveikti hún í kjólnum með viðhöfn að viðstödddum vinum. Bréf og myndir tengdar hjónabandinu fengu einnig að fjúka á eldinn. Brad Pitt og Jennifer Aniston skildu eins og kunnugt er í október síðastliðnum.

Ofurfyrirsætan Heidi Klum hefur verið kærð af tveimur tískuhönnuðum sem saka hana um að stela hugmynd þeirra að sjónvarpsþætti sem Klum framleiðir. Hönnuðirnir, Cynthia Rodriguez og Elizabeth Zwiebach, halda því fram að þeir hafi komið að máli við umboðsmann Klum og reynt að selja honum hugmyndina að þáttunum. Hann hafi ekki sagst hafa áhuga, en síðan hafi öllum að óvörum nákvæmlega eins þættir birst á skjánum þar sem Klum er aðalstjarnan. Klum og umboðsmaður hennar neita sök í málinu.



JARÐBORANIR
*Við opnum þér auðlindir*

TILBOÐ TIL HLUTHAFA JARÐBORANA HF.

Í kjölfar þess að Atorka Group hf. hefur eignast 56,25% hlutafjár í Jarðborunum hf. sem samsvarar 57,86% af virku hlutafé hefur stofnast skylda félagsins til að gera öðrum hluthöfum í Jarðborunum hf. yfirtökutilboð í aðra hluti. Tilboðið er gert með hliðsjón af VI. og VII. kafla laga nr. 33/2003 um verðbréfaviðskipti. Í kjölfar yfirtökutilboðs er stefnt að afskráningu Jarðborana hf. úr Kauphöll Íslands hf.

Tilboðshafar:
Öllum hluthöfum samkvæmt hlutaskrá Jarðborana hf. í lok dags 8. desember 2005 verður sent tilboðsyfirlit, eyðublað til samþykkis tilboði og svarsendingarumslag. Einnig er hægt að nálgast gögnin hjá umsjónaraðila, MP Fjárfestingarbanka hf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík, á heimasíðu MP Fjárfestingarbanka hf. www.mp.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands hf. á heimasíðu hennar, www.icex.is.

Tilboðsverð og greiðsluskilmálar:
Tilboðsverð er 25,0 kr. fyrir hverja krónu nafnverðs í Jarðborunum hf. Greitt verður fyrir hlutina með hlutum í Atorku Group hf. á genginu 6,0. Tilboðsverð og greiðsluskilmálar eru þeir sömu og í kaupum Atorku Group hf. á eignarhlut í Jarðborunum hf. þann 16. nóvember 2005 og er það hæsta verð sem Atorka Group hf. hefur greitt fyrir hluti í félaginu á undanförnum 6 mánuðum.

Gildistími tilboðsins:
Yfirtökutilboð þetta gildir *frá kl. 9:00 miðvikudaginn 14. desember 2005 til kl. 16:00 mánudaginn 16. janúar 2006.* Samþykki tilboðsins á sérstöku eyðublaði verður að hafa borist MP Fjárfestingarbanka hf. fyrir lok gildistímans.

Umsjónaraðili:
MP Fjárfestingarbanki hf., kt. 540599-2469, Skipholti 50d, 105 Reykjavík, sími 540 3200, www.mp.is, hefur umsjón með gerð tilboðsins fyrir hönd tilboðsgjafa.

MP FJÁRFESTINGARBANKI

ATORKA





## Jón Björgvin í jólafrí

Framarinn Jón Björgvin Pétursson leikur ekki handbolta á ný fyrr en í febrúar í fyrsta lagi en hann fór úr axlarlið í leiknum rosalega gegn Fylki.

**sport**

sport@frettabladid.is

JÓNA ARNAR MAGNÚSSON UM ÞORSTEIN INGVARSSON: ÞORSTEINN BÆTTI ÁTJÁN ÁRA GAMALT MET:

# *Gæti komist í fremstu röð á heimsvísu*

„Ég hef fylgst vel með Þorsteini og það er glæsilegt hjá honum að hafa bætt metið sem ég átti, en það var orðið átján ára gamalt. Ég hitti Þorstein fyrir nokkru síðan og lét hann hafa sérstaka þrístökksskó. Ég sagði honum að hann fengi skóna með því skilyrði að hann bætti Íslandsmetið, og nú hefur hann gert það,“ sagði Jón Arnar Magnússon, fyrrum tugþrautarkappi, en Bárðdælingurinn Þorsteinn Ingvarsson, sem er sautján ára, bætti fyrir skömmu Íslandsmet hans í þrístökki innanhúss um sjö sentímetra, en það er nú 14,45 metrar.

Jón Arnar Magnússon segir Þorstein hafa hæfileika til þess að komast í fremstu röð á heimsvísu. „Þorsteinn hefur tvímælalaust hæfileika til þess að komast í fremstu röð. Hann er óbeislaður orkubolti og með réttri þjálfun ætti hann að geta komist í fremstu röð á heimsvísu. Hann er ungur ennþá og eflaust eftir að bæta sig mikið á næstu árum.“




Jón Benonýsson, sem hefur þjálfað Þorstein frá unga aldri, segir það ekkert vafamál að Þorsteinn getið orðið einn besti lang- og þrístökkvari í heiminum. „Þorsteinn hefur haft það að markmiði síðan hann var níu ára gamall að verða besti langstökkvari í heiminum. Hann hefur gríðarlega mikla hæfileika frá náttúrunnar hendi og hann hefur að auki gott hugarfar sem mun hjálpa honum mikið við að ná eins langt og hann getur. Hann er samviskusamur og jarðbundinn, og það kemst í raun ekkert annað að hjá honum en íþróttir og skólinn, en hann er nemandi í Menntaskólanum á Akureyri. Gísli Sigurðsson og Unnar Vilhjálmsson eru að þjálfa hann á Akureyri og það getur aðeins gert honum gott.“

### > Tvö Íslandsmet

Jakob Jóhann Sveinsson setti Íslandsmet í 50 og 100 metra bringusundi á EM í 25 metra laug sem fram fer í Trieste á Ítalíu. Þrátt fyrir fína tíma komst Jakob í undanúrslit í hvorugu sundinu. Anja Ríkey Jakobsdóttir var 2/100 úr sekúndu frá eigin Íslandsmeti í 100 metra baksundi og Ragnheiður Ragnarsdóttir var einnig nálægt eigin Íslandsmeti í 100 metra skriðsundi.



HM í Þýskalandi:

## Dregið í riðla í kvöld

**FÓTBOLTI** Dregið verður í riðla fyrir heimsmeistaramótið í knattspyrnu, sem fram í Þýskalandi næsta sumar, í kvöld. Bein útsending verður frá drættinum klukkan 19.30 á sjónvarpsstöðinni Sýn.

Fyrirsætan Heidi Klum verður aðalkynnir kvöldsins en auk hennar munu margir frægir knattspyrnumenn koma fram á athöfninni.

Jürgen Klinsmann, landsliðsþjálfari Þýskalands, Carlos Alberto Parreira, þjálfari Brasilíumanna, og Franz Beckenbauer, forseti skipulagsnefndar heimsmeistarakeppninar, eru meðal þeirra sem munu ávarpa samkomuna. - mh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

DESEMBER

6 7 8 **9** 10 11 12

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 17.00 **ÍR** fær **Val** í heimsókn í DHL-deild karla í handbolta í Austurberg.

**SJÓNVARP**

- 17.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 17.30 **Motorworld** á Sýn.
- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.30 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 19.00 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
- 19.30 **HM 2006** á Sýn. Dregið í riðla fyrir HM í Þýskalandi.
- 21.00 **Enski boltinn** á Sýn. Leikur úr ensku 1.deildinni milli Stoke City og Leicester City.
- 22.45 **World Supercross 2005** á Sýn.
- 23.40 **World Poker Tour** á Sýn.

# Endurfæddur hjá Lyon

**Gerard Houllier segir norska landsliðsmanninn John Carew hafa alla burði til þess að komast í fremstu röð að nýju, en hann hefur leikið frábærlega í Meistaradeild Evrópu það sem af er.**

**FÓTBOLTI** Norski framherjinn John Carew hefur leikið frábærlega síðan hann gekk til liðs við Lyon í sumar en Gerard Houllier, knattspyrnustjóri Lyon, lagði mikla áherslu á að að fá Carew til Lyon. „Ég vissi alltaf að Carew gæti nýst Lyon vel. Hann er virkilega góður leikmaður sem erfitt er að leika gegn. Hann er líkamlega sterkur og góður markaskorari að auki.“

Carew hefur farið á kostum með Lyon í Meistaradeild Evrópu og hefur verið einn allra besti leikmaður Meistaradeildarinnar hingað til.

John Arne Riise, félagi Carew í norska landsliðinu, lýsir Carew sem vanmetnum leikmanni sem erfitt sé að reikna út. „Carew er óútreiknanlegur. Hann er með gríðarlega mikinn sprengikraft og sennilega líkamlega sterkasti framherji sem spilar í Meistaradeildinni. Það er afar ánægjulegt að hann sé kominn á fulla ferð að nýju.“

Carew hefur ekki verið áberandi í evrópskri knattspyrnu síðustu ár en hann þótti einn efnilegasti leikmaður Evrópu þegar hann sló í gegn með Rosenborg í Meistaradeildinni árið 2000, þá tvítugur að aldri.

Eftir þá frammistöðu var hann seldur til spænska stórliðsins Valencia og skoraði fjórtán mörk á sínu fyrsta tímabili, en Valencia komst í úrslitaleik Meistaradeildarinnar þetta ár en tapaði fyrir Bayern München.

Eftir tvö slök keppnistímabil,




**ENDURFÆDDUR** Norðmaðurinn John Carew hefur slegið í gegn í Meistaradeildinni í vetur og er orðinn einnheitasti framherjinn í Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

þar sem hann skoraði samtals aðeins níu mörk fyrir Valencia, færði hann sig til ítalska stórliðsins Roma.

Þar tókst Carew ágætlega upp, skoraði sex mörk í tuttugu leikjum, en ákvað þó að breyta til á nýjan leik og hélt til Tyrklands og lék þar með Besisktas.

Carew skoraði þrettán mörk í 24 leikjum með Besiktas og var kosinn besti leikmaður tímabilsins hjá félaginu. Gerard Houllier, knattspyrnustjóri Lyon, lét það verða sitt fyrsta verk hjá Lyon að kaupa Carew til félagsins og þurfti hann að borga tæpar átta milljónir evra, eða 570 milljónir íslenskra króna, fyrir að fá hann til félagsins.

Houllier segir frammistöðu Carew aðeins vera byrjunina á glæsilegum ferli hans hjá félaginu. „Ég gleðst yfir þessari mögnuðu byrjun hjá Carew. En ég er aftur á móti alveg viss um að stuðningsmenn Lyon hafa ekki séð það besta til Carew. Hann verður magnaður í framtíðinni.“

magnush@frettabladid.is

**FRAMMISTAÐA CAREW Í MEISTARADEILDINNI**

| | |
|---|---|
| **LEIKIR:** | 6 |
| MÍNÚTUR SPILAÐAR: | 416 |
| **MÖRK:** | 4 |
| MEÐALTALSSKOR Í LEIK: | 0,87 |
| **STOÐSENDINGAR:** | 2 |

Styrkur frá UEFA:

## Um 15 milljónir til FH og KR

**FÓTBOLTI** Knattspyrnusamband Evrópu, UEFA, lætur hluta af tekjum sínum vegna Meistaradeildar Evrópu fyrir keppnistímabilið 2004/2005, renna til félaga í öllum aðildarlöndum sínum. Ísland er þar engin undantekning en félögin í Landsbankadeildinni fá öll 1,33 milljónir íslenskra króna sem renna til eflingar starfs yngri flokka.

Að auki fá félögin sem eiga lið í Evrópukeppni töluverða peninga. KR fékk 13,1 milljón fyrir þátttöku sína og FH 13,6 milljónir, en þessar greiðslur fóru til félaganna í nóvember í fyrra.

ÍA fékk fékk svo 9,6 milljónir fyrir sína þátttöku, en allar þessar upphæðir greiðir UEFA vegna tekna af Meistaradeild Evrópu á síðasta ári.

Styrkirnir eru hugsaðir til þess að félögin geta bætt hjá sér knattspyrnustarfið fyrir yngstu iðkendurna. - mh

Jose Reina bjartsýnn:

## Getum náð Chelsea

**FÓTBOLTI** Spænski markvörðurinn Jose Reina gengur bjartsýnn inn í jólahátíðina ef eitthvað er að marka nýjustu ummæli hans. Hann trúir því nefnilega staðfastlega að Liverpool geti náð Chelsa í ensku deildinni.

„Það er erfitt að ná Chelsea en við munum reyna eins og við getum. Það er mögulegt að ná þeim ef við höldum áfram að spila eins og við erum að gera þessa dagana. Chelsea er verulega gott lið og sterkast í deildinni sem stendur en það er enn langt í land,“ sagði Reina sem hefur leikið mjög vel í vetur og haldið hreinu í síðustu níu leikjum Liverpool, sem er einum leik frá félagsmeti.

**Humar**
**Hörpudiskur**
**Kryddsíld**
**Saltsíld**
**Risarækjur**

Fiskbúðin Vör – Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Fiskbúðin Hafrún
Skipholti
Sími 553-0003

Jay Jay Okocha ákveðinn í að einbeita sér að Bolton:

# Ætlar að hætta með Nígeríu eftir Afríkukeppnina

**FÓTBOLTI** Nígeríski landsliðsmaðurinn Jay Jay Okocha hefur ákveðið að hætta að leika með landsliði Nígeríu eftir Afríkukeppninni lýkur en hún fer fram í janúar á næsta ári.

„Ég hef gefið eins mikið af mér til Nígeríu og ég get og mér finnst tímabært að hleypa yngri leikmönnum að,“ sagði Okocha þegar hann tilkynnti ákvörðun sína.

Jay Jay Okocha hefur oft á tíðum leikið frábærlega vel með landsliði Nígeríu en hann er þekktur fyrir að spila aldrei betur en á stórmótum, þar sem hann hefur oft sýnt skemmtileg tilþrif.

Okocha segir það hafa verið mikil vonbrigði að komast ekki á HM í Þýskalandi með Nígeríu.

„Ég var ákveðinn í því að hætta með landsliðinu eftir HM í Þýskalandi. En eftir að ljóst var að Nígería yrði með ákvað ég að það væri best fyrir mig að ljúka ferli mínum með landsliðinu eftir Afríkukeppnina. Ég tel Nígeríu vel geta unnið mótið og það er að sjálfsögðu mitt markmið,“ sagði Okocha, sem hefur verið í lykilhlutverki hjá Bolton síðustu ár en hann tók við fyrirliðabandinu af Guðna Bergssyni á sínum tíma. - mh



**JAY JAY OKOCHA** Okocha er einstaklega skemmtilegur leikmaður sem oft hefur glatt augað með fallegum tilþrifum, ekki síst á stórmótum með landsliði Nígeríu.

# Jólapakki




## Allir sem fá sér áskrift í desember fá jólapakka

- Einn mánuður frítt hjá Stöð2
- Fyrsti áskriftar mánuður frítt hjá BTnet
- 12.000 afsláttur af öllum tölvum í BT

## Kíktu í næstu BT verslun og fáðu þér áskrift!

BT

M.v. 12.mánaðra samning

BTNET

www.btnet.is.

# PÁLL SVEIK ÖLL LOFORÐ

**Atli Eðvaldsson, knattspyrnuþjálfari Þróttar, sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann greinir frá sinni hlið mála í samskiptum við Pál Einarsson, fyrrum fyrirliða liðsins. Yfirlýsing Atla, sem ber heitið „Páll Postuli?“, birtist hér að neðan í heild sinni en hún er tvískipt. Á vinstri síðunni fjallar Atli um fyrirliðann Pál Einarsson en hægra megin fjallar hann um leikmanninn Pál Einarsson.**



**EKKERT AÐ SKAFA UTAN AF ÞVÍ** Atli Eðvaldsson, þjálfari Þróttar, er ekki að skafa utan af því í yfirlýsingunni og vandar Páli Einarssyni, fyrrum fyrirliða Þróttar og leikjahæsta leikmanni félagsins, ekki kveðjurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í 10. umferð Íslandsmótsins í knattspyrnu, á sumri sem leið, tók ég við þjálfun mfl. Þróttar í knattspyrnu. Í lok keppnistímabilsins var gengið frá samningi við mig um áframhaldandi þjálfun liðsins til næstu þriggja ára. Síðustu daga hafa sprottið upp háværar deilur um brotthvarf fyrirliða liðsins, Páls Einarssonar, frá félaginu í kjölfar trúnaðarbrests sem upp kom á milli mín og fyrrnefnds leikmanns.

Í kjölfar hvarfs Páls Einarssonar úr mfl. Þróttar hef ég þurft að sæta mikilli gagnrýni úr ýmsum áttum. Þrátt fyrir miklar og tímafrekar tilraunir af minni hálfu til að eiga eðlileg og heiðarleg samskipti við Pál lyktaði málum með því að ég taldi að farsælast væri fyrir okkur báða og félagið að leiðir lægju í sundur.

Sjálfur hefur Páll ekki verið fús til að tjá sig um þau fjölmörgu atriði sem upp hafa komið í okkar samskiptum og mér hefur miður líkað. Síendurtekin agabrot urðu á endanum til þess að ég treysti mér ekki frekar til að vinna með honum.

Hér á eftir mun ég reyna að varpa ljósi á atburði síðustu mánaða og vikna sem að lokum leiddu til þeirrar niðurstöðu sem að ofan greinir. Ég tel mig knúinn til sagna vegna þeirrar hörðu og óvægnu gagnrýni sem ég hef mátt sæta síðustu daga frá Páli, fjölmiðlum og félagsmönnum Þróttar sem aðeins hafa fengið að sjá aðra hliðina á peningnum í þessu máli. Að sjálfsögðu eiga þeir heimtingu á heiðarlegu svari frá þeim aðila sem ber faglega ábyrgð á gengi og starfsumhverfi mfl. Þróttar.






### Fyrirliðinn Páll Einarsson

Ég veitti því fljótlega athygli eftir að ég hóf að stýra liði Þróttar að Páli skrikaði oft fótur og virtist ekki í góðu jafnvægi inni á velli. Þegar betur var að gáð komst ég að því að hann spilar aldrei á viðeigandi knattspyrnuskóm. Hann neitar að spila á grasskóm, þ.e. á skrúfutökkum, jafnvel þótt að aðstæður séu þannig að grasið sé rennandi blautt og hált sem svell. Ég hef ítrekað reynt að tala um fyrir Páli en hann lætur ekki segjast. Enda hafa ófáar rassadettur hans ekki bara kostað okkur mörk, held líka stig og fall um deild. Get ég því til stuðnings nefnt viðureign okkar við ÍBK í Keflavík þar sem við misstum unnin leik niður í jafntefli og tap okkar gegn ÍBV í Eyjum í leik upp á líf og dauða í deildinni. Er í lagi að líta fram hjá þessum „mistökum“ hans sem sjálfsögðum hlut? Hann er fyrirliðinn, sá sem leiðir liðið. Hvernig á ég að fara að því að biðja aðra leikmenn um að vera rétt búnir til fótanna þegar fyrirliðinn neitar að hlýða? Þessi sérviska léttir ekki mín störf.

Aftur að þessum örlagaríka leik í Vestmannaeyjum. Páll mætir óundirbúinn í þessa viðureign. Fyrir leik fara liðsmenn út og skoða aðstæður á Hásteinsvelli. Páll verður viðskila við hópinn og laumast í átt að Illugagötunni. Þar fer hann að troða í sig samloku og svaladrykk svo að lítið beri á tæpum einum og hálfum tíma fyrir leik. Er þetta fyrirmynd og leiðtogi? Ekki held ég að árangurs sé að vænta þegar svokallaðir kyndilberar ganga svona fram í þágu Þróttar. Það er ekki að fjölyrða um þennan leik. Hann tapaðist í grenjandi rigningu þar sem Páll, saddur og þungur, rann á bossann í malarskónum sínum þar sem hann ætlaði að taka við boltanum. Í staðinn hirti leikmaður Eyjamanna af honum knöttinn og hljóp upp völlinn óáreittur og skoraði.

Eftir að ljóst varð að ég yrði ráðinn þjálfari til næstu þriggja ára hjá Þrótti bauð ég Páli á kaffihús og fór í gegnum hugmyndir mínar um komandi vetur og þann starfsramma sem knattspyrnudeild Þróttar hafði komið sér upp til næstu ára. Eftir rúmlega tveggja klst. fund stóðum við Páll upp og hann tjáði mér í mín eyru að honum þætti þetta frábært og hann hlakkaði til að byrja að æfa. Eitthvað varð minna um efndir. Páll mætti ekki á sína fyrstu æfingu fyrr en í þriðju viku undirbúningstímabilsins þrátt fyrir loforð um annað. Bar hann fyrir sig, þegar á hann var gengið, að hann hefði alvarlega verið að hugsa um að leggja skóna á hilluna. Undarlegur þankagangur þar á ferðinni í ljósi þess að eftir að greint var frá að hann færi frá félaginu segir hann í fjölmiðlum að hann hyggist halda ótrauður áfram og eigi fullt erindi í úrvalsdeildina á komandi ári. Á leikmannafundi í annarri viku undirbúningstímabilsins lýsti hann því yfir í allra áheyrn að hann hygðist ekki byrja að æfa fyrr en næsta sumar ef því væri að skipta vegna einhverra orðahnýtinga í samningi hans við Þrótt sem mér er engan veginn kunnugt um. Enn og aftur fer fyrirliðinn á undan með heldur vafasömu fordæmi.

Í fjórðu æfingaviku Þróttar (2. æfingaviku Páls) þriðjudaginn 22. nóv. eftir hefðbundið útihlaup fer hópurinn saman í styrktarþjálfun. Ég tek eftir því að Páll er fjarverandi. Eftirgrennslan leiddi í ljós að hann hafði horfið á braut án frekari skýringa og án þess svo mikið sem kveðja. Við þjálfararnir létum kyrrt liggja. Okkur fannst þetta afar undarleg hegðun og ekki til eftirbreytni. Við aðhöfðumst þó ekki frekar að sinni.

Föstudagurinn 25. nóv. rennur upp. Æfingin er samskonar og á þriðjudeginum á undan þ.e. hlaup og styrktarþjálfun. Ég og aðstoðarþjálfari minn stöndum fyrir utan World Class í Laugum (Þróttur æfir þar) eftir hlaupið og ræðum þar við tvo stjórnarmenn knattspyrnudeildar Þróttar. Leikmenn fara niður og búa sig undir seinni hluta æfingarinnar. Dyr World Class opnast og út gengur Páll. Þegar Páll verður var við okkur reynir hann að snúa sér undan og komast hjá því að eiga við okkur orðastað. Aðstoðarþjálfari minn gengur að honum og biður hann um skýringu á ótímabæru brotthvarfi. Svarið var: „Ég æfi ekki meira í dag.“ Inntur frekari skýringa og svarið var það sama. Það var ekki fyrr en í þriðju tilraun að hann svaraði í hálfkæringi að hann væri að fara í jólahlaðborð.

Nú var ekki umflúið að taka á málum Páll Einarssonar. Ég boða til fundar og tilkynni stjórn Þróttar að samstarf okkar væri í uppnámi og að mér fyndist vinnusiðgæði hans algjörlega óviðunnandi. Ég tel það lágkúrulegsta sem hægt er að gera að laumast af æfingum í skjóli margmennis, World Class er vel sótt stöð, ekki bara einu sinni heldur tvisvar í sömu viku. Hve oft hefur fyrirliðinn gert þetta á sínum ferli? Raddir innan félagsins herma að þetta sé ekki fyrsta skiptið. Ég tjáði stjórn knattspyrnudeildar Þróttar að þolinmæði mín væri á þrotum. Öll þau loforð sem Páll hefur gefið mér, hefur hann svikið. Ég einfaldlega uni því ekki að menn fari á bak við mig. Virðing mín og starfsheiður eru að veði. Af verkum mínum verð ég dæmdur. Mín verk eru andvana fædd ef ég er með menn innanborðs sem svíkja mig, félaga sína og það félag sem ég er að reyna af bestu samvisku að byggja upp til frambúðar.

Aftur var kallað til fundar með mér, Páli og tveimur stjórnarmönnum sem komu nýir að málinu. Páll mætti á fundinn og var hneykslaður á því að hans mál hefðu verið rædd og hann skildi ekkert í okkur að þurfa að ræða hans persónu, þessa „mikla Þróttara“!!!

Ég bað Pál um skýringar á brotthvarfi hans af þessum tveimur æfingum. Hann sagði það hafa bara verið einu sinni, þ.e. á föstudeginum!! Ég spurði hann hvers vegna á föstudeginum? Hann sagðist hafa farið í jólahlaðborð. Hefði ekki verið eðlilegt að tilkynna mér það? Spyr ég. Hann glotti og sagðist alveg geta beðist afsökunar á þessu. Ég tjáði honum að þetta væri óafsakanleg og óforskömmuð framkoma. Honum fannst þetta lítið mál.

Þegar ég spurði hann um þriðjudaginn 22. nóv. Hvers vegna fór hann út af þeirri æfingu? Þá sagðist hafa æft á undan. Ég tjáði honum að ef tilfærslur með æfingatíma væru gerðar yrði það að vera með samþykki þjálfaranna. „Ég hélt ekki að það þyrfti,“ sagði „fyrirliðinn“ þrátt fyrir margendurtekin fyrirmæli þjálfara þar að lútandi á fundum sem Páll hefur setið.

Ég spurði hann hvort hann hefði farið í gegnum lyftingaprógrammið, sem tekur u.þ.b. klukkutíma að fara í gegnum þessa umræddu æfingu. „Fyrirliðinn“ Páll sagðist hafa gert það. Þá spurði ég hann hvort hann vissi að þegar gengið væri inn í World Class, þá skráir augnskanni niður klukkan hvað hann mætti og ég væri með útskrift sem sýndi að hann hefði mætt kl. 17.14 inn í World Class og síðan var hann sestur niður hjá okkur, sem biðum eftir hlaupunum kl. 17.40, sem þýðir að hann hefði ekki getað hafa farið í gegnum æfinguna. Enn alvarlegri er sú staðreynd að Páll laug að mér og þeim tveimur stjórnarmönnum sem fundinn sátu.

Ekki sýndi Páll svipbrigði né nokkra iðrun í þá átt að þetta skipti hann einhverju máli. Þarna fannst mér botninum náð og ég sagði við hann að ég gæti ekki unnið með manni með svona viðhorf. Ég tjáði honum að okkar leiðir myndu skilja og að það væri okkur fyrir bestu.

Páll lofaði að tala ekki um efni fundarins fyrr en stjórn félagsins hefði farið yfir málin. Það liðu síðan víst ekki nema um 15 mín. þar til fyrirspurn kom til formanns Þróttar, frá fyrrverandi þjálfar Þróttar Ásgeiri Elíassyni, þess efnis hvort Páll væri farinn og á lausu sem leikmaður. Páll lofaði síðan í annað skiptið að tjá sig ekki um málið að svo stöddu, að ósk stjórnar, en aftur og aftur hefur hann brotið þann trúnað. Páll skoraði síðan á mig í útvarpsþætti að segja frá minni hlið á þessu máli, sem ég hef nú gert.

Þetta eru mín síðustu orð í þessu máli. Ég á mína heitustu ósk að því sé lokið og við Þróttarar getum einbeitt okkur í friði að komandi verkefnum. Stjórn Þróttar hefur sýnt gríðarlegan styrk í þessari þraut og reynt allar leiðir til að miðla málum deiluaðilum og félaginu til heilla. Þetta var eldskírn fyrir stjórnarmeðlimi, en þegar tímar munu líða verður þetta reynsla sem þeir byggja á. Ég vona innilega að allir Þróttarar sameinist um þá niðurstöðu sem orðið hefur í þessu leiðindamáli. Einnig vil ég óska Páli gæfu, gengis og velfarnaðar í þeim verkefnum sem hann tekur sér fyrir hendu og fætur í komandi framtíð.

*Með vinsemd og virðingu Þrótti til handa.*
*Lifi Þróttur*
*Atli Eðvaldsson, þjálfari mfl. Þróttar*



**OF ÞUNGUR OG AGALAUS FYRIRLIÐI?** Atli Eðvaldsson ber Pál Einarsson þungum sökum og segir hann vera of þungan. Einnig talar Atli um agavandamál tengd Páli sem ekki séu til fyrirmyndar. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Atli Eðvaldsson um leikmanninn Pál Einarsson:

# Með bumbuna hangandi yfir buxnastrenginn

**Leikmaðurinn Páll Einarsson**
Ég hef hér stiklað á stóru um ástæður þess að þetta mál kom upp og endaði með þeim hætti sem raun er á orðin. Að lokum eru nokkrar tölfræðilegar staðreyndir um Pál sem leikmann sem vert er að velta fyrir sér.

Páll er á 34. aldursári sem er hár aldur fyrir knattspyrnumann. Hann er leikjahæsti maður Þróttar frá upphafi. Hann hefur leikið 362 leiki fyrir félagið. Þótt Páll sé leikjahæsti leikmaður Þróttar kemst hann ekki inn á lista yfir fimm leikjahæstu leikmenn Þróttar í efstu deild. Hann kemst ekki inn á topp fimm yfir markahæstu leikmenn Þróttar í efstu deild. (Sama heimild og að ofan)

Hann er ekki í líkamlega góðu ástandi og hefur langa meiðslasögu á bakinu. Hann er allt of þungur. Páll er rúmir 180 cm á hæð og vigtaðist þann 15. nóv. sl. rúm 92 kg, sem er allt of þungt fyrir miðjumann sem gefur sig út fyrir að vilja spila í efstu deild. Þetta er vandamál sem Páll hefur víst aldrei sýnt neinn vilja til að taka á. Fótboltamenn eiga ekki að vera með bumbuna hangandi yfir buxnastrenginn.

Páll hefur alið sinn leikferil í 1. deild. Þau þrjú leiktímabil sem hann hefur spilað í efstu deild hefur hann, sem fyrirliði, leitt lið sitt til falls. Hann hefur því minni leikreynslu í alvöru deild en margir knattspyrnumenn sem rétt eru skriðnir yfir tvítugt.

Páll er hægur miðjumaður. Slíkur maður verður að hafa afburða leikskilning sem er eitthvað sem ég hef ekki séð hjá Páli.

Viðhorf Páls til æfinga eru þess eðlis, eins og hann sjálfur hefur lýst í útvarpi, að hann lítur t.d. á grunnþjálfum í úthaldi og styrk, sem hann skortir sárlega, sem LEIÐINLEGA kvöð en ekki heilbrigða áskorun sjálfum sér og liði sínu til heilla. Fer hann fremstur meðal jafningja í þá átt að predika þessa skoðun sína sjálfum sér og liði sínu til miska. Þetta viðhorf hans kemur skýrt fram og ég tel þetta vera mjög óheilbrigð skilaboð sem hann er að senda niður og ala upp í yngri leikmönnum. Þeir yngstu eru farnir að bergmála þetta eftir honum.

Fyrirliði hefur leiðbeiningarskyldu sem hann má ekki misnota þótt hans persónulegu skoðanir fari ekki saman við skoðanir og fyrirmæli þjálfara. Hækkandi aldri fylgir oft virðing og völd. Síðarnefnda atriðið má ekki misnota sjálfum sér til heilla um leið og heildin þarf að gjalda dýru verði.

*Virðingarfyllst,*
*Atli Eðvaldsson, þjálfari mfl. Þróttar*



Páll Einarsson:

## Bíður með að tjá sig

**FÓTBOLTI** Fréttablaðið hafði samband við Pál Einarsson í gær og bauð honum að svara Atla Eðvaldssyni. Páll sagðist vilja sjá yfirlýsingu Atla í heild áður en hann myndi tjá sig.

REGATTA GREAT OUTDOORS TM

Frábært úrval af útivistar- og sportfatnaði á alla fjölskylduna

Opið virka daga 10 – 18, lau. 10 - 18, sun. 13 - 17

ÚTIVIST&SPORT
verslanir / hópa- og fyrirtækjaþjónusta

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550
Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

Aðrir sölustaðir:
Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400.
Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Þjálfari varaliðs Reading ánægður með Brynjar Björn Gunnarsson:

# Leggur sig alltaf allan fram

**FÓTBOLTI** Brian McDermott, þjálfari varaliðs Reading, hrósaði Brynjari Birni Gunnarssyni í hástert eftir að hann lék sinn fyrsta leik í langan tíma eftir meiðsli og skoraði eitt mark í 3-0 sigri á Crawley.

„Ég fylgdist með Brynjari Birni í landsleik Íslands og Svíþjóðar og þar sá ég hann leggja sig jafn mikið fram gegn Zlatan Ibrahimovic og hann gerði gegn Crawley. Hann gefur alltaf allt sem hann á í leikina og það er til fyrirmyndar. Hann er fljótur að aðlagast breyttum leikkerfum og það er alltaf hægt að búast við því að hann gefist aldrei upp.“

Mark Brynjars í leiknum var einkar laglegt. Hann fékk boltann töluvert fyrir utan teig, lék framhjá tveimur varnarmönnum og skaut svo hnitmiðuðu skoti neðst í markhornið hægra megin.

Meiðslin héldu Brynjari frá keppni allan nóvembermánuð en hann virðist nú tilbúinn í slaginn að nýju, en mikið leikjaálag er hjá félögunum á Englandi í desember. **- mh**


**BRYNJAR BJÖRN GUNNARSSON** Brynjar Björn er búinn að ná sér af meiðslunum og er nú tilbúinn í slaginn.

# Ég er að byggja upp nýtt lið í Manchester

**Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, neitaði að tjá sig um framtíð sína hjá félaginu eftir tapið gegn Benfica en sagðist vera að byggja upp nýtt lið. Þolinmæði stuðningsmannanna í hans garð er brátt á þrotum.**

**FÓTBOLTI** Mikil pressa er nú á Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóra Manchester United, en lið hans féll úr keppni í Meistaradeild Evrópu í fyrrakvöld.

Alex Ferguson segist enn hafa mikla trú á liði sínu. „Þó það séu gríðarleg vonbrigði fyrir alla sem að Manchester United koma að falla úr keppni er ég staðráðinn í að byggja upp lið sem á eftir að verða sigursælt. Manchester United hefur alltaf náð sér eftir að hafa lent í vandræðum og ég er sannfærður um að það eigi líka við nú. Ég er að byggja upp nýtt lið og það tekur alltaf tíma að endurnýja sigursæl lið.“

Ferguson var óánægður með spilamennsku sinna manna í leiknum gegn Benfica. „Við misstum boltann allt of auðveldlega frá okkur og það á ekki að þekkjast að lið sem hefur jafn góða leikmenn og Man. Utd. sé að gera svo mikið af klaufamistökum. En ég er þó ánægður með baráttuna og viljann sem allir sýndu í seinni hálfleik. Menn voru virkilega að leggja mikið á sig en þetta var svo sannarlega ekki okkar dagur.“

Manchester United tapar töluverðum tekjum á því að falla út úr keppni í Meistaradeildinni. Talið er að þetta geti kostað félagið allt að fimmtán milljónir punda en fjárhagsstaða félagsins er þrátt fyrir þetta mjög sterk.

Ljóst þykir nú að Alex Ferguson mun eiga í erfiðleikum með að fá til sín þá leikmenn sem hann hefði kosið í janúar, þar sem þeir sem efstir voru á óskalistanum vilja eflaust leika í Meistaradeildinni.

Mikið er rætt um hvað Glazer-fjölskyldan, sem á félagið, gerir í kjölfar þessa áfalls en samkvæmt yfirlýsingu fjölskyldunnar hafa þessi úrslit engin áhrif á langtímaáætlanir hennar.

„Úrslitin eru mikil vonbrigði en breyt engu um okkar áætlanir með félagið. Við erum enn í öðru sæti í deildinni og sýningin verður að halda áfram,“ sagði talsmaður fjölskyldunnar en hann neitaði að tjá sig um framtíð Ferguson hjá félaginu. **- mh, - hbg**


**ALEX FERGUSON** Ferguson á erfiða tíma fram undan en honum hefur þó oftar en ekki tekist að snúa gengi Manchester United til hins betra eftir erfiða tíma.

Michael Essien gæti fengið leikbann fyrir tæklinguna á Hamann:

# Kærður fyrir óíþróttamannslega framkomu

**FÓTBOLTI** Ganabúinn Michael Essien, leikmaður Chelsea, var í gær kærður af aganefnd Knattspyrnusambands Evrópu fyrir óíþróttamannslega hegðun en hann tæklaði Þjóðverjann Dietmar Hamann hjá Liverpool illa í hnéð í leik liðanna í vikunni. Atvikið fór framhjá dómara leiksins en náðist vel á myndbandi og aganefndin kærir Essien út frá myndbandsupptökunni.

„Það hefur enginn frá Chelsea rætt við mig og ég hef ekkert heyrt frá Essien,“ sagði Hamann, sem bíður enn eftir afsökunarbeiðni frá Ganabúanum en hann segir þetta vera ljótustu tæklingu sem hann hafi upplifað á ferlinum.

„Dómarinn dæmdi rétt á undan en það eru fjórir dómarar í teyminu og það er ótrúlegt að enginn þeirra hafi séð þetta atvik. Málinu er samt lokið hvað mig snertir. Ég ætla ekki að skipta mér meira af því.“

Þetta er önnur ljóta tæklingin sem kemur frá Essien í vetur en hann tæklaði Tal Ben Haim, leikmann Bolton, ansi hraustlega fyrr í vetur. **- hbg**


**MICHAEL ESSIEN** Gæti átt yfir höfði sér leikbann.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Arnar Gunnlaugsson:

# Búinn að skrifa undir

**FÓTBOLTI** Framherjinn Arnar Gunnlaugsson skrifaði í gær undir eins árs samning við uppeldisfélag sitt ÍA. Arnar lék síðast með ÍA árið 1997 en þá skoraði hann fimmtán mörk í sjö leikjum. Hann hélt síðan í atvinnumennsku til Englands.

Arnar hefur leikið með KR síðustu ár en náði sér aldrei almennilega á strik með Vesturbæjarfélaginu.

Hann hafði lofað því að enda ferilinn með ÍA og stóð við stóru orðin þegar hann skrifaði undir í gær. **- hbg**


**ALESSANDRO DEL PIERO** Búinn að skrá sig í sögubækurnar hjá Juve.

Alessandro Del Piero:

# Jafnaði markamet Juventus

**FÓTBOLTI** Mörkin tvö sem Alessandro Del Piero skoraði fyrir Juventus gegn Rapid Vín í Meistaradeildinni á miðvikudag nægðu honum til að jafna met Giampiero Boniperti sem markahæsti leikmaður allra tíma hjá ítalska félaginu.

Del Piero hefur nú skorað 182 mörk fyrir Juventus í öllum keppnum og þar af eru 127 í ítölsku úrvalsdeildinni. Boniperti skoraði aftur á móti 178 mörk fyrir Juve í deildinni.

„Hann er frábær leikmaður og einnig drengur góður,“ sagði Boniperti eftir leikinn en Del Piero mun væntanlega sitja einn að markametinu innan skamms. „Annars er ég þakklátur honum þar sem ný kynslóð er að kynnast mér út af metinu og það er ánægjulegt fyrir 77 ára gamlan mann,“ sagði Boniperti og Del Piero var hógvær. „Það er frábært að deila metinu með Boniperti enda hefur hann gert ótrúlega hluti fyrir okkar félag.“ **- hbg**

Leikur FH og ÍBV:

# Frestað aftur

**HANDBOLTI** Leik FH og ÍBV í átta liða úrslitum SS-bikars karla var frestað öðru sinni í gær en það gengur erfiðlega fyrir Eyjamenn að komast upp á fasta landið.

Þriðja tilraun til að spila leikinn verður gerð í kvöld og er stefnt á að hefja leik kl. 19.15. **- hbg**


**ALEX MCLEISH** Árangurinn í Meistaradeildinni bjargaði honum.

Alex McLeish:

# Áfram með Rangers

**FÓTBOLTI** Alex McLeish mun halda áfram að stýra liði Glasgow Rangers þrátt fyrir misjafnt gengi í vetur. Hann nýtur fulls stuðnings stjórnarformannsins David Murray.

„Við hittumst í dag og ég tel það best fyrir félagið að Alex stýri því áfram,“ sagði Murray. „Við stöndum í þessu saman og ég hef fulla trú á Alex og strákunum í liðinu.“ **- hbg**




# hjálpum þeim

„Hjálpum þeim" er söfnunarátak fyrir Hjálparstarf kirkjunnar vegna hamfaranna í Pakistan. Ný útgáfa af laginu er flutt af landsliði íslenskra tónlistarmanna.

Söluandvirði þessarar geislaplötu, utan við virðisaukaskatt, rennur óskipt til söfnunarátaksins.

DV hagar sagafilm

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I can get a good look at a T-bone by sticking my head up a bull's ass, but I'd rather take the butcher's word for it.“**

**Svar:** Tommy úr kvikmyndinni Tommy Boy frá árinu 1995

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Brynhildur Björnsdóttir lifir bernskudraumana í læknaþáttunum.

# *Læknir á lausum kili*



Þegar ég var lítil stúlka var ég harðákveðin í því að verða læknir. Ég er ekki alveg með það á hreinu af hverju, kannski af því að frændi minn er læknir, kannski af því að starfinu fylgdi mjög greinilegaur greindarstimpill, kannski vegna þess að rómantíkin sem fylgdi því að bjarga mannslífum hélst í hendur við raunsæið í því að láta eitthvað gott af sér leiða. Það tók hins vegar ekki nema eitt unglingssumar í skúringum á spítala til að leiðrétta margar af þessum hugmyndum mínum þó vissulega hafi það sumar bæði átt sínar rómantísku og raunsæu hliðar. Skömmu seinna smitaðist ég svo af ýmsum öðrum framtíðarstarfsbakteríum og læknadraumurinn gufaði upp. Það eina sem eftir lifir er ákveðin (og mörgum óskiljanleg) spenna og tilhlökkun þegar ég sé fram á að þurfa að fara til læknis eða á spítala og gríðarleg þörf sem nálgast fíkn til að horfa á allt það læknaefni sem ég mögulega kemst yfir í sjónvarpinu. Og af nógu er að taka. Læknanemarnir sem ætla aldrei að verða stórir í Nýgræðingum hafa glatt mig ótæpilega undanfarin misseri og ofurraunsæ sýnin á líf þeirra í þáttunum rímar stórvel við gömlu framtíðardraumana mína. Bráðavaktin er nokkuð á veg komin með sitt ellefta starfsár í sjónvarpi og þó hún nái aldrei aftur aftur sömu hæðum og þegar George Clooney prýddi starfsliðið er alltaf hægt að hafa gaman af tungutakinu og daglegum rekstri þessara gömlu kunningja. En aðalástæða þessara skrifa núna er auðvitað doktor Hús. Þrátt fyrir dálæti mitt á fyrrnefndum læknaþáttum (og fleiri sem ekki eru taldir hér) er ekkert líklegra til að fá mig til að sleppa öllum skyldum mínum við guð og menn en vikulegt samneyti við lækninn House og félaga hans. Sjálfsagt helgast þetta af ákveðnu ástfóstri sem ég bind líka við glæpasögur þar sem vinnuaðferðir þær sem viðhafðar eru í þattunum eru ekki ósvipaðar og hjá ýmsum nafntoguðum rannsóknarlögreglumönnum. En fyrst og fremst er það samt vegna persónu Húss læknis. Hann er nefnilega hárómantísk hetja, þjáður snillingur sem dragnast um með sína innri djöfla, er bæði einstaklega greindur, óbærilega fyndinn og alveg óþolandi. Læknir sem enginn vildi hitta í raunveruleikanum, en er holdgervingur læknadraumanna á skjánum.



▶ 22.15 *BÍÓ*

GAMLE MÆND I NYE BILER



▶ 20.00 *Börnin*

GALDRABÓKIN



▶ 22.40 *Drama*

WEEDS



▶ 21:20 *Raunveruleiki*

COMPLETE SAVAGES



▶ 22.45 *Vélhjól*

WORLD SUPERCROSS

## SJÓNVARPIÐ

**17.00** Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (8:24) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **17.55** Tobbi tvisvar (15:26) **18.20** Fjársjóðsleitin (3:6)

**18.50 Jóladagatal Sjónvarpsins – Töfrakúlan (9:24)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær**
**20.40 Napóleon og Samantha** (Napoleon and Samantha) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1972.
▶ **22.15 Gamlir menn á nýjum bílum** (Gamle mænd i nye biler) Dönsk gamanmynd frá 2002 um tvo menn sem reyna að ræna banka til að standa straum af lifrarígræðslu pabba annars þeirra og fósturpabba hins.
**23.50** Lara Croft – Grafarræninginn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 12 ára. e)

**1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** 1-800-Missing **11.00** Það var lagið

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Joey **13.35** George Lopez **14.00** Night Court **14.25** Fresh Prince of Bel Air **14.50** Apprentice 3, The **15.35** Entourage **16.00** Shin Chan **16.20** Beyblade **16.45** Froskafjör **16.55** Simpsons **17.20** Jesús og Jósefína (e) **18.05** Neighbours

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **20.00 Galdrabókin (9:24)**
**20.10 Arrested Development (18:22)** (Tómir asnar) (Best Man Fox The Gob)
**20.40 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – 4. hópur)
**21.30 Punk'd (4:16)**
**22.00 Idol – Stjörnuleit 3** (Stúdíó / NASA – Atkvæðagreiðsla um 4. hóp)
**22.25 Listen Up (8:22)** (Takið eftir) (Sweat Charity)
**22.50 Blue Collar TV (17:32)** (Grínsmiðjan) (Human Body) Bráðskemmtilegir grínþættir með stuðboltunum Jeff Foxworthy, Bill Engvall og Larry (Cable Guy).

**23.15** Attraction (Bönnuð börnum) **0.50** Edward Scissorhands (Bönnuð börnum) **2.30** Semper Fi **3.55** Do or Die (Stranglega bönnuð börnum) **5.20** Fréttir og Ísland í dag **6.50** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**

**19.00 Laguna Beach (10:11)** Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar og Sirkus er með ótakmarkaðanaðgang að 8 moldríkum ungmennum sem búa þar.
**19.30 Idol extra 2005/2006 Í**
**20.00 Sirkus RVK (6:30)** Sirkus Rvk er nýr þáttur í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar, þar sem hann tekur púlsinn áöllu því heitasta sem er að gerast.
**20.30 Joan Of Arcadia (23:23)** (Silence) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann.
**21.15 Bush's Brain** Frábær heimildarmynd sem hefur fengið verðskuldaða athygli.
▶ **22.40 Weeds (10:10)** (Godmother)

**23.15** Ford fyrsætukeppnin 2005 **23.45** HEX (10:19) **0.30** The Newlyweds (5:30) **0.55** Tru Calling (5:20)

## SKJÁREINN

**17.25** Cheers – 8. þáttaröð **17.50** Upphitun **18.20** Íslenski bachelorinn (e)

**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 Miss World: Karabískahafið** Hin árlega Miss World keppni verður haldin í Sanya í Kína í 55. sinn þann 10. desember næstomandi og mun Skjár Einn mun sýna beint frá keppninni.
**20.00 Spurningaþátturinn Spark – lokaþáttur**
**20.35 Charmed**
▶ **21.20 Complete Savages**
**21.45 Ripley's Believe it or not!**
**22.30 The Grubbs** Í Grubb-fjölskyldunni eru eintómir minnipokamenn, margar kynslóðir aftur í tímann.

**23.00** Battlestar Galactica – lokaþáttur **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** New Tricks (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e)

## SÝN

besta sætið

**17.00** Gillette-sportpakkinn **17.30** Motorworld **18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06) Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
**19.00 UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur) Fréttir af leikmönnum og liðum í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 HM 2006 – Dregið í riðla** (HM 2006 – Dregið í riðla) Bein útsending þegar dregið er í riðla fyrir HM 2006 í Þýskalandi. Nú ræðst hvaða lið mætast í riðlakeppni HM næsta sumar.
**21.00 Enski boltinn** (Stoke – Leicester) Útsending frá ensku 1. deildinni.
▶ **22.45 World Supercross GP 2004-05** (Sky dome)

**23.40** World Poker Tour 2 **1.10** HM 2006 – Dregið í riðla **2.40** Die Hard II (Stranglega bönnuð börnum)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Scooby-Doo **8.00** Town & Country **10.00** Blue Crush **12.00** Like Mike **14.00** Scooby-Doo **16.00** Town & Country **18.00** Blue Crush **20.00 Like Mike** (Eins og Mike) **22.00 Escape: Human Cargo** (Flótti: Mennskur farmur) Sjónvarpsmynd byggð á sönnum atburðum. Bönnuð börnum.
**0.00** Avenging Angelo (Bönnuð börnum) **2.00** The Man Who Wasn't There (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Escape: Human Cargo (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** 101 Most Shocking Moments in... **15.00** 101 Most Shocking Moments in... **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** 101 Most Shocking Moments in... **18.00** Kill Reality **19.00** E! News **19.30** The Soup UK **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Most Shocking Moments in... **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Pop Stars Gone Bad **23.00** Taradise **23.30** Taradise **0.00** E! News **0.30** The Soup UK **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Pop Stars Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00 Bolton – Arsenal** (e)
**19.00 Upphitun**
**19.30 Spurningaþátturinn Spark (e)** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
**20.00 Spurningaþátturinn Spark**
**20.30 Upphitun (e)**
**21.00 Að leikslokum (e)**
**22.00 Stuðningsmannaþátturinn Liðið mitt (e)**
**23.00** Upphitun (e) **23.30** Tottenham – Sunderland frá 3.12 **1.30** Dagskrárlok


ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ÍSLENSKT JÓLADAGATAL

Galdrabókin – alla daga til jóla á Stöð 2




GOTT FÓLK McCANN

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Bush's Brain — Sirkus **kl. 21.15**

### *Hver stjórnar Bandaríkjunum?*



Frábær heimildarmynd sem hefur fengið verðskuldaða athygli og vakið upp ýmsar spurningar um stjórnarfar Bush. Karl Rove er nánasti ráðgjafi George W. Bush og hefur hann nánast breytt stjórnmálaskoðunum Bandaríkjanna einn síns liðs. Karl Rove ætlaði frá því hann var lítill að verða forseti Bandaríkjanna en þegar hann kynntist Bush taldi hann að það væri auðkeyptari farmiði í Hvíta húsið svo hann kom honum til valda. Í myndinni er farið ofan í saumana á stjórn Bush og ýmislegt kemur þar upp úr krafsinu. Hver er það sem stjórnar Bandaríkjunum í raun?

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Úr alfaraleið Lewis **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.03** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

**22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00**

Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00**

Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**14.00** *Fréttir*

HRAFNAÞING

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið-fréttaviðtal **13.00** Íþróttaþáttur **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

**19.35** **Kvölddagskrá 19.40** Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn. **20.10** Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.

**21.55** **Kvölddagskrá** 19.40 Samantekt úr Fréttavaktinni frá því fyrr um daginn.20.10 Endurtekinn þáttur frá liðinni helgi.

**23.00** Endursýningar

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**

**12.15** Football: UEFA Champions League **13.15** Biathlon: World Cup Hochfilzen Germany **14.45** Skeleton: World Cup Igls **15.30** Football: UEFA Champions League **16.30** Swimming: European Championship Italy **18.00** Alpine Skiing: World Cup Aspen United States **19.15** Football: Top 24 Clubs **19.45** Football: UEFA Champions League **21.00** Strongest Man: Super Series Grand Prix USA **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** Xtreme Sports: X-games 05 **0.00** Adventure: Escape Special

**BBC PRIME**

**12.00** To the Manor Born **12.30** Dad's Army **13.00** Daniel Deronda **14.00** Teletubbies Everywhere **14.10** Bill and Ben **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Binka **14.30** Boogie Beebies **14.45** Fimbles **15.05** Tikkabilla **15.35** The Really Wild Show **16.00** How to Be a Gardener **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** The Life of Mammals **20.00** The Office **20.30** The Office **21.00** Lenny Henry in Pieces **21.30** The Way We Live Now **22.45** Black Cab **22.55** Black Cab **23.05** Cutting It **0.00** Blood of the Vikings **1.00** Journey of Life **2.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL**

**12.00** When Expeditions Go Wrong **13.00** Bear Evidence **14.00** Seconds From Disaster **15.00** Most Amazing Moments **16.00** Most Amazing Moments **17.00** When Expeditions Go Wrong **18.00** Explorations **18.30** Demolition Squad **19.00** Bear Evidence **20.00** Seconds From Disaster **21.00** Most Amazing Moments **22.00** Most Amazing Moments **23.00** When Expeditions Go Wrong **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Explorations **1.30** Demolition Squad

**ANIMAL PLANET**

**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Big Cat Diary **13.30** The Snake Buster **14.00** Killer Elephants **15.00** Animal Cops Houston **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** The Snake Buster **18.30** Monkey Business **19.00** Predators **19.30** Big Cat Diary **20.00** Britain's Worst Pet **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Predators **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Britain's Worst Pet **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** The Snake Buster

**DISCOVERY**

**12.05** Superfly **13.00** Rex Hunt Fishing Adventures **13.30** Hooked on Fishing **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Junkyard Wars **17.00** The Scrappy Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Biker Build-Off **22.00** Reel Race **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Hitler's Women






## HRÓSIÐ

*...fær hópur fólks frá Skákfélaginu Hróknum, Barnaheilli, Rauða krossinum og Kalak, vinafélagi Íslands og Grænlands, sem hélt til Grænlands á dögunum og færði grunnskólabörnum þar í landi skáksett, sælgæti og jóladagatöl.*

## REYKJAVÍKURNÆTUR HARPA PÉTURSDÓTTIR VILL ÁST Í PRÓFUNUM!

# Víti til varnaðar!

Einu sinni gerði ég þau reginmistök að hætta með kærastanum mínum nokkrum dögum áður en prófin byrjuðu. Þá komst ég að því að mun vænlegra hefði verið að halda bullinu mínu í skefjum í sirka tvær vikur og taka prófin með trompi. En þar sem ég get yfirleitt ekki beðið með svona hluti lét ég til skarar skríða og dembdi mér í breiköpp-ástarsorg samfara próflestrinum.

Þar sem ég stóð hörð á mínu sat ég ein heima með tárin í augunum og reyndi að sjá stafina á bókinni fyrir framan mig. Eins erfitt og það er að lesa flókna lagatexta tókst mér að flækja þá enn frekar með því að láta tárin leka ofan í bækurnar og með endalausum snýtingum. Ég get sagt ykkur að einbeitingin var nákvæmlega engin. Ég renndi augunum yfir heilu blaðsíðurnar af tormeltum texta og rak mig svo á það að ekkert af orðunum fór raunverulega inn í hausinn á mér. Ég var hreinlega undir árás lagaákvæða og skilgreininga á latneskum fræðihugtökum. Þetta stríð gat ómögulega endað vel.

Ég mætti auðvitað algerlega ósofin, með sokkin augu og hjartað í buxunum yfir því hversu illa undirbúin ég væri. Svo setti ég mig í stellingar og hellti mér í úrlausnina. Eftir að hafa sofið úr mér prófþynnkuna seinna um daginn áttaði ég mig á því að ég mundi eiginlega ekki eftir því að hafa leyst prófið. Þetta var allt í móðu og það eina sem ég gat gert var að biðja guð almáttugan um að laga svörin mín til svo ég næði. Þegar kom að því að fá einkunnina úr prófinu sat ég, eins og hver annar nemandi með forvitnisgáfuna í lagi, og ýtti á „refresh" takkann til að fá niðurstöðuna. Einhverra hluta vegna kom mín einkunn ekki inn á sama tíma og hinna. Ég fór auðvitað að örvænta og daginn eftir hringdi ég í öngum mínum í skrifstofu skólans til að heimta skýringu á þessari mismunun þeirra og persónuhatri.

Þá sagði konan mér að próf á minni kennitölu hefði ekki fundist og þau hefðu gert ráð fyrir að ég hefði verið lasin. Ég spurði mig auðvitað strax hvort mig hefði dreymt þetta allt saman og hvort ég hefði sofið yfir próftímann. Þá sagði hún mér að hins vegar hefði fundist próf á kennitölu manns sem væri alls ekki skráður í lagadeild skólans. Ég get svo svarið að hún sá mig roðna í gegn um símann þegar hún sagði mér kennitöluna. Það var kennitalan hans, míns fyrrverandi sem ég hafði kvittað á próförkina. Hann stóðst prófið með ágætum!

Með fyrri reynslu í farteskinu ráðlegg ég öllum þeim sem leggja stund á nám að hætta aldrei í sambandi á þessum viðkvæmu tímum og halda fast í knúsarann þangað til prófin eru búin.





**LÁRÉTT**
2 ófá 6 nafnorð 8 horfðu á 9 æxlunarkorn 11 tveir eins 12 aðfall 14 fet 16 gat 17 útsæði 18 drulla 20 til 21 tryggur.

**LÓÐRÉTT**
1 nýja 3 mannþyrping 4 plana 5 almætti 7 orðrómur 10 þrá 13 hluti verkfæris 15 ala 16 margsinnis 19 óreiða.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 mörg, 6 no, 8 sáu, 9 gró, 11 öð, 12 aðsog, 14 skref, 16 op, 17 fræ, 18 for, 20 að, 21 trúr.
**LÓÐRÉTT:** 1 unga, 3 ös, 4 ráðgera, 5 guð, 7 orðspor, 10 ósk, 13 orf, 15 fæða, 16 oft, 19 rú.



**SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR** Ferðin til Kenía var Sirrý minnisstæð en þátturinn hennar Fólk tók þátt í vel heppnaðri söfnun á vegum UNICEF.

## SIGRÍÐUR ARNARDÓTTIR: HÆTTIR Á TOPPNUM

# Nýr þáttur í bígerð

Fólk með Sirrý hefur undanfarin fimm ár verið einhver allra vinsælasti spjallþáttur í íslensku sjónvarpi. Núna finnst þáttastjórnandanum, Sigríði Arnardóttur, vera orðið tímabært að breyta til en síðasti Fólk-þátturinn fer í loftið 21. desember. „Ég trúi á fimm ára tímabil og að maður eigi að hætta á toppnum," segir Sirrý þar sem hún situr hólpin í húsnæði Skjás eins, nýsloppin undan slagveðrinu í Reykjavík. „Sjónvarpsstöðin er búin að biðja mig um að hanna nýja þætti og sjálf hef ég gengið með hugmynd að einhverju öðru í tvö ár," útskýrir hún en vill þó ekkert gefa upp hvað það sé. Á fjölmiðlamarkaði séu hugmyndir gull og hún liggi á þeim eins og ormur. „Samningaviðræður eru á viðkvæmu stigi."

Fólk með Sirrý hefur lengi verið eitt af flaggskipum Skjás eins og verið líkt við þátt Opruh Winfrey. Sirrý þykir vænt um þann samanburð og segir jafnframt að fjórar Eddutilnefningar sem þátturinn hafi hlotið séu sönnur á því að verið var að gera rétt. Þátturinn hefur þó aldrei hlotið þá ágætu styttu en Sirrý grætur það þurrum tárum.

Hún segir að það sé margt sem standi upp úr á þessum fimm árum og hún eigi erfitt með að taka eitthvað eitt út. Hún getur þó ekki komist hjá því að nefna ferð sem þátturinn fór til Kenía í samstarfi við UNICEF. „Það var frábært að fá síðan að taka þátt í vel heppnaðri söfnun á vegum samtakanna," bætir hún við. „Ég hef fengið allar stéttir í sófann til mín. Það hefur bæði verið fólk í gleði og sorg," útskýrir hún og bætir við að það hafi verið henni ómetanlegt að finna það traust sem áhorfendur og gestir hafi sýnt henni.

Sigríður hefur fengið hrós fyrir nálgun sína á erfiðum viðfangsefnum og henni hefur ekki verið neitt mannlegt óviðkomandi. Hún segir að þátturinn hafi verið frábær skóli. „Ég lifi mig mikið inn í hann og hef lært mjög mikið af þeim gestum sem hafa komið." Sirrý tekur þó fram að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvernig síðasta þættinum verði háttað því tveir valmöguleikar séu í stöðunni. „Annað hvort verður þetta hreinræktaður jólaþáttur eða við horfum um öxl og lítum yfir farinn veg. Báðir valkostirnir eru mjög góðir." freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hefur verið mikill gangur í miðasölunni á skemmtun tvíeykisins The Shneedles sem mun halda skemmtun á Íslandi þann 27. janúar. Miðasalan hófst fyrir viku og þá seldist helmingur þeirra miða sem í boði eru eins og skot. Nú eru innan við hundrað miðar eftir þannig að það fer hver að verða síðastur til þess að tryggja sér sæti á The Shneedles. The Shneedles er skipaður þeim Wolfe Bowart og Bill Robison sem blanda saman loftfimleikum, látbragðsleik og töfrabrögðum. Sýningin hefur farið sigurför um heiminn en kempurnar þykja um marg minna á Monty Python og Buster Keaton er fáránlegu gríni sínu. Sýningin byggir alfarið á látbragði þannig að hún hentar öllum aldurshópum vel.





Rithöfundurinn Þráinn Bertelsson ætlar að halda til í bókaverslunni Eymundsson í Austurstræti í dag, morgun og á sunnudag. Þar mun hann árita sakamálasöguna sína, Valkyrjur, og hann mun einnig lesa upp úr bókinni og afgreiða í versluninni. Þráinn er í miklum ham þessa dagana og ætlar einnig að nota tímann til þess að spjalla við gesti og gangandi um sakamálasögur og allt annað milli himins og jarðar. Þetta ætti að vera mörgum kærkomið þar sem Þráinn er fjölfróður, viðræðugóður og þykir í ofanálag vera með skemmtilegri mönnum. Þráinn mætir til leiks klukkan 15.30 alla dagana og verður á staðnum til 18.30. - þþ









# Eyðir áramótunum á Íslandi

Það fór sjálfsagt ekki framhjá neinum að bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Quentin Tarantino tók ástfóstri við land og þjóð þegar hann staldraði við á Íslandi í nokkra daga í nóvember. Hann lýsti því yfir áður en hann hvarf af landi brott að hann myndi snúa aftur við fyrsta tækifæri. Hann mun að öllum líkindum koma hingað fyrr en nokkurn grunaði þar sem hann hefur uppi áform um að eyða áramótunum á Íslandi.

Heimsóknina réttlætir hann með eins kvölds kvikmyndahátíð þar sem hann mun sýna þrjár kvikmyndir úr einkasafni sínu í kvikmyndahúsi í Reykjavík. Það má ætla að félagi Tarantinos, leikstjórinn Eli Roth, hafi kveikt í kappanum en Eli eyddi síðustu áramótum í Reykjavík og skemmti sér konunglega. Það hefur heyrst að Tarantino muni koma hingað með fríðu föruneyti og að fjórir heimsfrægir einstaklingar verði í föruneyti hans án þess þó að það sé komið á daginn hverjir þeir eru. Leikarinn Michael Madsen, sem fór með hlutverk í fyrstu mynd Tarantinos, Reservoir Dogs, hlýtur samt að vera efstur á lista yfir grunaða enda Madsen þekktur fyrir aðdáun sína á íslensku brennivíni.

Eli Roth hefur að sjálfsögðu mikinn áhuga á að fylgja Tarantino til landsins en þar sem hann frumsýnir hryllingsmyndina Hostel í Bandaríkjunum 6. janúar verður hann sennilega að neita sér um önnur áramót á Íslandi. Tarantino sjálfur mun fljúga beint til New York 2. janúar til þess að kynna Hostel, sem hann framleiðir ásamt öðrum.



**QUENTIN TARANTINO** Myndirnar verða sýndar í einum sal, þannig að það er ljóst að það verður slegist um miðana.

# JÓLAGJÖFIN Í ÁR

## ER **LENGSTI** DVD DISKUR SEM GEFINN HEFUR VERIÐ ÚT Á ÍSLANDI




SAMTALS TÆPLEGA 4 KLST. AF FRÁBÆRU GRÍNI OG GLENSI.

**160 MÍNÚTUR AF AUKAEFNI**

Brot úr Extreme sýningunni (30 mín) • Brot úr Stöðvar 2 sýningu í Iðnó (11 mín) • Sjónvarpsauglýsingarnar (2 mín)
Baksviðs í viðtölum, þ.á.m. hjá Strákunum (27 mín) • Brot úr landsbyggðarsýningum (15 mín) • 5 skólar heimsóttir (18 mín)
Brot af því besta frá sýningum á Broadway í september 2004 (57 mín) • Ljósmyndasafn

Splunkuný og áður óséð heimildarmynd um ótrúleg ævintýri fyndnasta gríndávalds heims á Íslandi. Brot af því besta úr sýningum hans hérlendis og viðtöl við fjölmarga Íslendinga sem tekið hafa þátt í sýningunum, um hvernig lífsreynsla það er að verða að stjörnu, koldáleidd uppi á sviði fyrir framan fjölda fólks. Auk þess yfir tveir tímar af krassandi og áður óséðu aukaefni.



BT

FÁANLEGUR Í VERSLUNUM BT UM LAND ALLT.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









**BAKÞANKAR**

**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**

## *Skera niður, ekki upp*

Eins og heilbrigðisráðherra virðist ófjörlegur eru alveg makalausar afleiðingar af veru hans í embætti. Maðurinn, sem er með visjón um hátæknisjúkrahús, hefur sameinað alla spítalana í Reykjavík með þeim afleiðingum að við rekum dýrasta sjúkrahús í Evrópu. Hagræðingin hefur mistekist og í stað þess að setjast niður til að athuga hvað fór úrskeiðis er kontrólið á bullinu bara hert. Það er full vinna að fylgjast með sjónarspilinu enda stöðugt verið að ráða nýja fyrrverandi hitt og þetta til þess að finna leiðir til að skera niður og undirbúa komu spítalahimna framtíðarinnar á grundvelli hátækniguðspjallsins.

**ÞEGAR** niðurstöður rannsókna, óhagstæðar stórvaldinu, eru birtar eru fræðimenn sagðir skrökva. Þegar læknar skirrast við að loka stofum sínum vegna þess að þeir eiga enga möguleika innan spítalans til að sinna sjúklingum sínum eru þeir reknir. Enda, hvaða meinloka er það hjá nýreknum yfiræðaskurðlækni að halda að hann hafi verið ráðinn á spítalann til þess að sinna sjúklingum? Hann var ráðinn til að skera niður, ekki upp. Og það er bara til ein leið til að losna við fólk sem er slíkir bjálfar að verða veikt í trássi við við stefnu skrifræðisvaldsins. Hún er sú að skera það niður. Það er gert við riðufé.

**AÐRIR** læknar hljóta að láta sparkið sem yfiræðaskurðlæknirinn fékk verða sér víti til varnaðar. Það er hollast fyrir þá að gleyma læknaeiðnum sem þeir sóru, láta kjurt að ansa búksorgum sem fólk er að rogast með, fá sér þess í stað penna og blað og hefja skýrslugerðir, sem eru eina raunhæfa læknisfræðin sem fundin hefur verið upp.

**Í** heimi hátækniguðspjallsins verða hefðbundnir læknar með alls konar samúðar-issjú settir í úreldingu sem væntanlega verður stýrt af nýrri hægri hönd stórvaldsins, nokkrum don Alfredo Skransalí. Róbottar munu sjá um vinnu þeirra. Slíkir eru ekki þjakaðir af umhyggju og samúð, þurfa ekki vaktaskema og laun. Það verður jú að vera til einhver peningur handa síbólgnandi skrifræðisbákninu sem liggur nú þegar eins og kjarnorkuský yfir heilbrigðiskerfinu. ■












